

ÁSLAUG SNORRADÓTTIR

*Svífur um á hamingjuskýi úr marengs*

• matur • helgin

**ALLT** Í MIÐJU BLAÐSINS



FRIÐRIKA GEIRSDÓTTIR

*Er hún sjálf í sjónvarpinu*

Föstudagur

FYLGIR BLAÐINU Í DAG


Kjúklingabringur
30% afsláttur um helgina
Þín verslun
Þín verslun Vesturbergi · Kassinn Ólafsvík · Þín verslun Melabúðin · Kostur Njarðvík · Þín verslun Seljabraut



# FRÉTTABLAÐIÐ

PITT

11. desember 2009 — 293. tölublað — 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


## FÖSTUDAGUR



### Verðlaun fyrir stuttmynd

Pétur Már Pétursson hlaut þriðju verðlaun í norrænu kvikmyndasamkeppninni REClimate.

TÍMAMÓT 50

### Skemmtileg krónumynd

Garðar Stefánsson hagfræðingur vinnur að heimildarmynd um íslensku krónuna ásamt Atla Bollasyni.

FÓLK 90



### Svartur á leik

Þorvaldur Davíð Kristjánsson er Stebbi psycho.

FÓLK 90



### Haukar enn taplausir

Haukar unnu öruggan sigur á Akureyri í N1-deild karla í gær.

ÍÞRÓTTIR 86

## VEÐRIÐ Í DAG




**Vætusamt sunnan- og vestanlands** í dag verður strekkingur eða allhvasst víða sunnan- og vestanlands en hægari vindur annars staðar. Víða rigning eða súld en þurrt að mestu norðan- og norðaustantil.

VEÐUR 4



**Í SÁTT OG SAMLYNDI** Selirnir í Húsdýragarðinum kippa sér ekkert upp við nærveru Hilmars Össurarsonar búfræðings, sem sinnti þeim í gær, enda löngu orðnir vanir samvistum við starfsmennina í garðinum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Veita ekki álit á Icesave og stjórnarskrá

**Tveir fyrrverandi hæstaréttardómarar veita ekki álit á Icesave og stjórnarskrá. Óvíst hvort Geir Haarde og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir koma fyrir þingnefnd.**

**STJÓRNMÁL** Ekki kemur til þess að hæstaréttardómararnir fyrrverandi, Guðrún Pétursdóttir og Pétur Kr. Hafstein, veiti Alþingi lögfræðiálit um hvort Icesave-frumvarpið standist ákvæði stjórnarskrár.

Samkomulag er milli stjórnar og stjórnarandstöðu um tiltekið verklag við meðferð Icesave-málsins. Lögfræðiálitið er hluti af því. Leitað var til Guðrúnar og Péturs þar sem hvorugt hefur látið í ljós skoðun sína á málefninu – öfugt við marga lögspekinga.

Bæði hafa hafnað málaleitan þingsins. Pétur staðfesti það í samtali við Fréttablaðið en vildi ekki skýra málið frekar. Guðrún sagði hins vegar að aldrei hefði komið til greina af sinni hálfu að taka verkið að sér. „Ég hafði aldrei heyrt neitt um þetta fyrr en ég heyrði fréttir í útvarpinu og hafði ekki hugsað mér að taka þetta að mér. Þetta er ekki hrist fram úr erminni,“ sagði Guðrún í samtali við blaðið.

Reynt er að fá aðra lögspekinga til verksins. Einnig er reynt að fá bresku lögfræðistofuna Mishcon de Reya til að segja álit sitt á tilteknum lagaatriðum samninganna við Breta og Hollendinga. Beðið er svars um hvort stofan vilji taka það að sér. Samningur þar um er háður tíma og kostnaði. Einnig er til skoðunar að leita sérfræðiálits á efnahagslegum þáttum málsins.

Ætlunin er að þrjár fastanefndir þingsins fái afmörkuð úrlausnarefni til meðferðar. Stjórnarandstæðingar vilja að Geir H. Haarde og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir komi fyrir utanríkismálanefnd. Árni Þór Sigurðsson, formaður nefndarinnar, segir óvíst hvort af því verði. Nefndin hafi raunar ekki fengið málið formlega til meðferðar. Fari svo yrði það rætt. „Verði það niðurstaðan að óska eftir að þau komi eða skili einhverju skriflegu þá yrði það væntanlega gert. En í fljótu bragði átta ég mig ekki nákvæmlega á hvað ætlunin er að þau leiði fram.“ - bþs

Höfundur Da Vinci lykilsins:

### Rennir hýru auga til Íslands

**DÆGURMÁL** Rithöfundurinn Dan Brown útilokar ekki að leita sér að efniviði í nýja skáldsögu á Íslandi. Hann segir að norrænar sagnir séu ríkar af efniviði sem táknfræðingurinn Robert Langdon hefði örugglega áhuga á að kynna sér.

- sjá síðu 60


EINFALT að skila og skipta!
Yfir 50.000 vöruliðir í úrvali allt árið
Skilamiði
Þessi vara er keypt í Hagkaup og fæst skilað eða skipt.
Skilafrestur bóka 11. jan. 2010
HAGKAUP Ein ferð betra verð
50 ára HAGKAUP fyrir Íslendinga í 50 ár

Kafbátur mánaðarins • desember
6 tommu bátur 379 krónur
Túnfiskbátur
SUBWAY

OPIÐ TIL 22 TIL JÓLA
Verið velkomin!
Smáralind

**SPURNING DAGSINS**



*Matthías, bjóðið þið líka upp á pakkaferðir?*

„Já, en bara jólapakkaferðir.“

Flugfélagið Iceland Express býður viðskiptavinum sínum upp á jólaskemmtun um borð í vélum sínum fram að jólum. Matthías Imsland er forstjóri Iceland Express.

Búið er að dómtaka sakamál vegna líkamsárásar á unga stúlku í Heiðmörk í vor:

# Þrjár stúlkur játuðu árás í Heiðmörk

**DÓMSMÁL** Þrjár sautján ára stúlkur játuðu fyrir dómi í fyrradag að hafa ráðist á fjórðu stúlkuna í Heiðmörk í apríl á þessu ári. Vegna skýlausra játninga stúlknanna var málið í kjölfarið dómtekið og má búast við dómi á næstu vikum.

Málið vakti mikla athygli þegar það kom upp á sínum tíma. Systir stúlkunnar sem ráðist var á lýsti hroðalegum líkamlegum sem andlegum áverkum sem stúlkan bar, eftir að ekið var með hana nauðuga frá heimili hennar upp í Heiðmörk og gengið þar í skrokk á henni.

Ákæra á hendur stúlkunum var þingfest í Héraðsdómi Reykjaness á miðvikudag. Þinghaldið var lokað en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var þeim öllum gefin að sök minni háttar líkamsárás; tveimur fyrir að hafa kýlt stúlkuna ítrekað með krepptum hnefa og þeirri þriðju fyrir að hafa slegið stúlkuna í hnakkann með flötum lófa þegar komið var inn í bíl að hinum barsmíðunum loknum.

Þær játuðu sök fyrir dómi og var málið í kjölfarið dómtekið.

Engin skaðabótakrafa fylgdi ákærunni, en á sínum tíma sagði systir stúlkunnar að fjölskyldan myndi ekki sætta sig við neinn málamyndadóm og að farið yrði í einkamál við stúlkurnar ef dómurinn yrði of vægur að þeirra mati. **- sh**



**Í HEIÐMÖRK** Málið vakti óhug þegar það kom upp. Svo virðist sem stúlkurnar hafi verið að hefna sín vegna ummæla sem þolandinn lét falla um ástalíf einnar þeirrar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Tímaritið Nýtt líf:

# Jóhanna valin kona ársins

**FÓLK Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra er kona ársins að mati tímaritsins Nýs lífs.**

**Í umsögn blaðsins segir að ritstjórn þess hafi fljótt komist að einróma niðurstöðu um valið. Óháð allri pólitík sé Jóhanna fyrirmynd kvenna sem vilji láta til sín taka. Frá lýðveldisstofnun hafi sennilega enginn stjórnmálamaður staðið frammi fyrir jafn ögrandi verkefni og hún geri nú. Komin á sjötugsaldur ætli hún að sýna í verki að kona geti axlað þá ábyrgð sem starfinu fylgi.**

**Jóhanna fékk afhent málverk eftir listakonuna Ásdísi Spanó við tilefnið í gær. - þeb**

Karlkyns-saumaklúbbur:

# Fagna litlu jólunum saman

**FÓLK** „Það verður að hugsa fyrir því að allir fái að upplifa jólin, segjum við fjölskyldumennirnir með talsverðum hroka,“ segir Böðvar Þórisson, forstjóri hjá Emmessís. Böðvar er meðlimur í saumaklúbbi sem er skipaður um tuttugu karlmönnum. Hópurinn stundar útivist, heldur saman upp á litlu jólin og skiptist á jólagjöfum. Nokkrir meðlimanna eru einhleypir.

Saumaklúbburinn var stofnaður fyrir tveimur áratugum og hittast meðlimirnir á hverjum þriðjudegi. „Við nefndum þetta saumaklúbb í þeim tilgangi að fá betri helmingana til að gútera hittinginn, og það hefur gengið eftir í tilfelli flestra okkar,“ segir Böðvar Þórisson.

**- kg /** **sjá Allt í miðju blaðsins**

Nýtt tölublað Samtóns:

# Tónlistarlífið í víðum skilningi

**TÓNLIST Nýtt blað, Hljómgrunnur, fylgir Fréttablaðinu í dag en í því er fjallað um tónlist í landinu í sem víðustum skilningi orðsins, svo sem tónleika og viðburði úr tónlistarlífinu. Útgefandi og ábyrgðaraðili blaðsins er Samtónn, samtök hinna ýmsu félaga tónlistarrétthafa, höfunda, flytjenda og útgefenda. Er þessu fylgiriti Fréttablaðsins ætlað að koma út á um það bil mánaðarfresti næsta árið.**






**BÖRN AÐ LEIK** Leikskólar Reykjavíkurborgar eru 79 talsins, auk 19 einkarekinna leikskóla. Alls eru um 8.200 reykvísk börn á leikskóla. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Leikskólastjórar múlbundnir af borginni

**Sviðsstjóri leikskólasviðs hefur bannað leikskólastjórum í Reykjavík að tjá sig á neikvæðum nótum við foreldra um fyrirhugaðan niðurskurð. Mega ekki heldur áframsenda eða hengja á veggi fundarboð frá hagsmunasamtökum foreldra.**

**MENNTAMÁL** Leikskólakennurum í Reykjavík hefur verið meinað að áframsenda á stjórnir foreldrafélaga fundarboð frá hagsmunasamtökum foreldra leikskólabarna. Þeir mega heldur ekki hengja upp veggspjöld frá samtökunum þar sem slíkir fundir eru auglýstir, né tala á neikvæðum nótum um fyrirhugaðan niðurskurð hjá leikskólum borgarinnar.

Sviðsstjóri leikskólasviðs borgarinnar hefur í tvígang síðustu daga sent leikskólastjórum í borginni tölvupóst með fyrirmælum um þetta. Í þeim er talað um að hvers kyns áróður sé bannaður í leikskólum. Neikvæð umræða um niðurskurðinn falli undir þá skilgreiningu.

Heimildir Fréttablaðsins herma að töluverðrar óánægju gæti meðal leikskólastjóra vegna þessara fyrirmæla.

Hagsmunasamtökin Börnin okkar, samtök foreldrafélaga leikskóla hafa einkum haft uppi varnaðarorð vegna niðurskurðaráforma á leikskólasviði, líkt og sérstakur starfshópur sem myndaður hefur verið um að andmæla hugmyndunum.

Fundurinn sem ekki mátti auglýsa fór fram í Miðbæjarskólanum í gærkvöldi. Þar upplýstu fulltrúar leikskólasviðs og leikskólaráðs borgarinnar foreldra um niðurskurðaráformin og gerðu þeim grein fyrir hvernig til stæði að ná fram þeim 400 milljóna sparnaði sem stefnt er að.

Auglýsinga- og umræðubannið var einnig tekið til umræðu á fundinum. Fundurinn var ekki yfirstaðinn þegar Fréttablaðið fór í prentun í gærkvöldi og því náðist hvorki tal af fulltrúum hagsmunasamtakanna, né sviðsstjóra leikskólasviðs eða formanni leikskólaráðs vegna málsins.

Hagsmunasamtök foreldra hafa ítrekað lýst yfir óánægju með að skera skuli niður um 5,57 prósent á leikskólasviði á næsta ári. Hafa þeir krafist þess að sviðinu verði hlíft við hagræðingu því börnin eigi að vera fremst í forgangsröð borgarinnar. **stigur@frettabladid.is**

Listi yfir skuldatryggingarálag:

# Venesúela gæti farið á hliðina

**VIÐSKIPTI** Skuldatryggingarálag ríkisins rauk upp um sextán prósent í gær og stóð í 441 stigi undir lok dags, samkvæmt upplýsingum Credit Market Analysis (CMA). Álagið fór yfir fjögur hundruð stig í byrjun mánaðar í kjölfar fregna af fjárhagsvandræðum fyrirtækjasamstæðu furstadæmisins í Dúbaí.

Ísland er í sjöunda sæti á lista CMA yfir þau lönd sem talin eru í mestri hættu á þjóðargjaldþroti.

Samkvæmt listanum eru mestar líkur á þjóðargjaldþroti Venesúela, eða rúm sextíu prósent. Skuldatryggingarálag landsins er 1.355 stig, sem er nokkru meira en var hér áður en bankarnir fóru á hliðina. **- jab**

Fjárlagafrumvarpið:

# Út og aftur inn í fjárlaganefnd

**ALÞINGI Meirihluti fjárlaganefndar ákvað í gær að vinnu við fjárlagafrumvarpið væri lokið og tók það út úr nefndinni. Var það gert í andstöðu við stjórnarandstöðuna sem taldi það enn óklárað.**

**Guðbjartur Hannesson, formaður fjárlaganefndar, sagði í samtali við Fréttablaðið í gær að líklega yrði frumvarpið tekið aftur inn í nefndina í dag, þegar umfjöllun efnahags- og skattanefndar um tekjuöflun ríkisins væri lokið.**

**Vonast hann til að önnur umræða fjárlaga geti farið fram á mánudag eða þriðjudag. - bþs**

**FJARSKIPTI**

## GSM í Arnkötludal

Og fjarskipti hafa fengið heimild til að setja upp tvo átta metra háa staura undir búnað til þess að veita farsímaþjónustu á syðri hluta nýja vegarins um Arnkötludal milli Steingrímsfjarðar og Reykhólasveitar.




Heildarkröfur í þrotabú Glitnis nema 3436 milljörðum króna:

# Hafna öllum bónuskröfum

**VIÐSKIPTI** Alls var 8.685 kröfum lýst í þrotabú Glitnis. Heildarupphæð þeirra er 3.436 milljarðar króna.

Allra stærstu kröfurnar koma frá erlendum fjármálafyrirtækjum um heim allan. Íslenskir bankar og fjármálafyrirtæki gera einnig háar kröfur í búið. Þannig gerir skilanefnd Landsbankans samtals um 143 milljarða króna kröfu, skilanefnd Kaupþings hátt í 80 milljarða kröfu, Exista rúmlega 50 milljarða kröfu og Íslandsbanki krefst 22 milljarða.

Ekki er mikið um launakröfur í búið, enda hafa laun að mestu verið greidd. Nokkrir úr framkvæmdastjórn bankans gera þó launakröfur en þeim hefur verið hafnað sem forgangskröfum. Öllum kröfum um greiðslu á bónus eða kaupauka hefur verið hafnað með vísan til þess hversu lök afkoma bankans var. **- sh**

## UPPGJÖRI BJARNA VIÐ GLITNI LOKIÐ

Samkvæmt kröfuskrá bankans gerir Bjarni Ármannsson, fyrrverandi bankastjóri, og félag í hans eigu 4,2 milljarða króna kröfu í búið. Samkvæmt tilkynningu frá slitastjórn bankans var hæsta krafan, upp á 3,9 milljarða, í kröfuskránni fyrir mistök. Krafan hafði þegar verið gerð upp.

Þá hafa Bjarni og Glitnir gert með sér samkomulag um að Bjarni endurgreiði þrotabúinu 650 milljónir sem er jafngildi yfirverðs í hlutabréfaviðskiptum hlutafélaga í eigu Bjarna við Glitni. Bjarni hefur áður endurgreitt 370 milljóna króna starfslokasamning sinn. Þá hefur Bjarni ákveðið að falla frá öðrum kröfum á bankann, samtals 273 milljónum króna.




**BJARNI** Gamli bankastjórinn gerði samkomulag um að endurgreiða 650 milljónir í þrotabúið.

# JÓLAGJAFIR

## Tax free af smáraftækjum og leikföngum

**Örbylgjuofn**
20 ltr, 800W
1840909
**9.590** ~~11.995~~

**Pizzaofn**
1000W, snúnings-platti, 4 stillingar
1840935
**15.990** ~~19.995~~

**Brauðvél**
Unold, 750 - 1000 gr
1841103
**15.990** ~~19.990~~

**Kaffivél**
Senseo
1840911
**14.990** ~~18.995~~

**Súkkulaði-bræðslupottur**
Unold
1807500
**4.990** ~~6.349~~

**Blandari**
Bomann, 700W, m/glerkönnu
1850033
**7.950** ~~9.949~~

**Kleinuhringjajárn**
Bomann
1840839
**3.990** ~~4.990~~

**Vöfflujárn**
Unold, 1200W
1841101
**4.790** ~~5.990~~

BLACK & DECKER
**Handryksuga**
NV2400N
1805248
**5.980** ~~7.479~~

**Álfaprinsessur**
5857612
**639** ~~799~~

**Eldhússett**
5857624
**1.599** ~~1.999~~

**Kubbar**
5857647
**2.399** ~~2.999~~

**Kubbar**
5857645
**639** ~~799~~

**Kubbar**
5857633
**479** ~~599~~

## NÝTT
Sódavatnsvél
Litir: rautt, svart, hvítt, silfur og stál

**Kynningarverð**
verð frá
**14.995**

Wasser Maxx
Þýsk gæðavara, falleg hönnun og frábært verð.
Sjá nánar á www.husa.is

blómaval

# Jólatré
## TAX FREE

HÚSASMIÐJAN

**JÓLATRÉ**
sölustaðir Blómavals
SKÚTUVOGUR
GRAFARHOLT
SELFOSS
AKUREYRI
DALVÍK
EGILSSTAÐIR

Kaupið jólatrén snemma
Í fyrra seldust þau upp!

Jólastjarna
**799**

Með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Gildir meðan birgðir endast.
Að sjálfsögðu stendur Húsasmiðjan skil á virðisaukaskatti til ríkissjóðs.

## GENGIÐ 10.12.2009

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 124,01 | 124,61 |
| Sterlingspund | 202,23 | 203,21 |
| Evra | 182,71 | 183,73 |
| Dönsk króna | 24,547 | 24,691 |
| Norsk króna | 21,615 | 21,743 |
| Sænsk króna | 17,523 | 17,625 |
| Japanskt jen | 1,4036 | 1,4118 |
| SDR | 197,30 | 198,48 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 235,612

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Útflutningsálag felur í sér mismunun að mati framkvæmdastjóra LÍÚ:

# Brýtur í bága við samninga

**SJÁVARÚTVEGUR** Friðrik J. Arngrímsson, framkvæmdastjóri LÍÚ, segir nýjar reglur sjávarútvegsráðherra um fimm prósenta álag á fiskútflutning brot á samningi Íslands og ESB um bættan markaðsaðgang fyrir sjávarafurðir. Þá megi leiða að því líkur að þær feli í sér tæknilegar viðskiptahindranir sem gangi í berhögg við EES-samninginn um fríverslun með sjávarafurðir til aðildarríkja ESB. Einnig feli ákvörðunin í sér mismunun á milli útgerða eftir því hvar þær ráðstafi sínum afla.

Að sögn Friðriks eru reglurnar brot á samningi á milli Íslands og ESB um bættan markaðsaðgang fyrir sjávarafurðir en í kjölfar þess samnings var þáverandi útflutningsálag, sem var tíu prósent, afnumið hinn 1. september 2007.



**FRIÐRIK J. ARNGRÍMSSON** Útvegsmenn mótæla 5% útflutningsálagi harðlega. Þeir telja að um mismunun á milli útgerða sé að ræða auk þess sem um samningsbrot sé að ræða.

„Þar sem þetta ákvæði beinist aðeins að fiski sem seldur er ísaður á markaði erlendis má einnig leiða að því líkur að hér sé verið að beita tæknilegum hindrunum til þess að draga úr þeim viðskiptum. Það stangast á við bókun 9 við EES-samninginn um fríverslun með fisk og aðrar sjávarafurðir til aðildarríkja ESB.“

Friðrik segir ólíðandi fyrir útvegsmenn að standa frammi fyrir því aftur og aftur að settar séu reglur sem mismuni útgerðum. - shá

Brutust inn á Hvolsvelli:

## Létu greipar sópa í Björkinni

**DÓMSMÁL** Tveir karlmenn hafa verið dæmdir í þriggja og fjögurra mánaða fangelsi, skilorðsbundið, fyrir innbrot og þjófnað úr söluskálanum Björkinni á Hvolsvelli. Þar stálu þeir tóbaki, áfengi, snyrtivörum, úrum, rafhlöðum og sælgæti fyrir ríflega 589 þúsund krónur. Einnig skiptimynt úr sjóðsvélum og spilakössum að áætluðu verðmæti 236 þúsund. Annar mannanna var dæmdur fyrir líkamsárás í Héraðsdómi Suðurlands fyrr á árinu. Samkvæmt upplýsingum frá Interpol í Varsjá í Póllandi eiga ákærðu báðir einhvern sakarferil þar í landi. -jss

Tvítugur ökufantur:

## Handtekinn eftir eftirför

**LÖGREGLUMÁL** Tvítugur ökufantur var handtekinn á Ártúnshöfða í fyrrinótt eftir að lögreglan hafði veitt honum eftirför.

Pilturinn hafði verið staðinn að hraðakstri á Miklubraut við Skeiðarvogsbrúna en bíll hans mældist þar á 114 kílómetra hraða og var að auki nær ljóslaus. Pilturinn virti ekki stöðvunarmerki lögreglu heldur jók hraðann. Í Ártúnsholti sá ökufanturinn að sér, nam staðar, yfirgaf bílinn og hélt fótgangandi á móts við lögregluna. Hann var handtekinn og færður á lögreglustöð. Þrátt fyrir ungan aldur hefur hann alloft áður verið tekinn fyrir umferðarlagabrot. - jss

Lögreglan í Kópavogi:

## Elti bílþjóf uppi

**LÖGREGLUMÁL Lögreglan elti bílþjóf uppi í Kópavogi um miðjan dag í fyrradag. Hann hafði stolið bíl í bænum en viðkomandi hefur áður gerst sekur um nytjastuld.**

**Þjófurinn, karlmaður á þrítugsaldri, var ekkert á því að láta lögregluna handtaka sig og tók til fótanna eftir að hafa yfirgefið bílinn. Hann var hins vegar fljótt hlaupinn uppi og sömuleiðis karlmaður á svipuðum aldri, sem var með honum í hinum stolna bíl. Báðir voru fluttir á lögreglustöð og síðan vistaðir í fangageymslunni.** - jss

### LÖGREGLAN

**Féll niður af vinnulyftu**

Karlmaður á fertugsaldri slasaðist illa þegar hann féll nokkra metra niður af vinnulyftu í miðborginni í fyrrinótt. Hann var fluttur á slysadeild og reyndist meðal annars höfuðkúpubrotinn.

# Fiskvinnslur í hættu ef ákvörðun stendur

**Hráefnisskortur ógnar atvinnu fiskvinnslufólks hjá tugum fyrirtækja. Samtök fiskframleiðenda og útflytjenda gagnrýna ráðherra hart fyrir að falla frá hugmyndum sem áttu að tryggja aukinn aðgang að hráefni á mörkuðum.**

**SJÁVARÚTVEGUR** „Á þetta útspil ráðherrans lítum við innan samtakanna mjög alvarlegum augum. Það stefnir í að fjölmargir missi vinnuna vegna þess að svo til ekkert hráefni berst inn á fiskmarkaðina og leigumarkaðurinn er frosinn,“ segir Jón Steinn Elíasson, formaður Samtaka fiskframleiðenda og útflytjenda.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar var boðað að knýja ætti á um frekari fullvinnslu sjávarafla hérlendis. Jón Bjarnason sjávarútvegsráðherra boðaði að vigta skyldi allan fisk hérlendis og þannig fengju landvinnslur aðgang að hráefni á fiskmarkaði sem annars er flutt beint út. Nú hefur verið fallið frá þessum hugmyndum. Fimm prósenta útflutningsálag verður þó reiknað á útfluttan fisk frá áramótum, sem dregst frá aflamarki útgerðar sem flytur út til að ná fyrrgreindum markmiðum.

„Þetta álag kemur ekki til með að skipta neinu máli. Ef þetta hefði átt að hafa áhrif á útflutninginn hefði álagið þurft að vera tíu til fimmtán prósent, þá myndi það skipta útgerðina einhverju máli,“ segir Jón Steinn.

Jón Steinn segir að fjörutíu fiskverkanir víða um land treysti nær alfarið á hráefniskaup á fiskmörkuðum. Framtíð allra þessara fyrirtækja séu í hættu ef hráefnisskortur verði viðvarandi. Þetta þýði bara eitt: „Hjá nokkrum þessara fyrirtækja eru rúmlega hundrað starfsmenn og mörg hafa um fimmtíu manns. Ef ekki verða breytingar af hálfu ráðuneytisins stefnir það öllum þessum fyrirtækjum í hættu.“ Jón Steinn telur að það sama megi segja um starfandi fiskmarkaði.



**FULLVINNSLA** Fjölmörg fyrirtæki treysta á hráefniskaup á fiskmarkaði. Framboðið er hins vegar lítið. Myndin tengist efni fréttarinnar ekki beint. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> Það stefnir hér í að fjölmargir missi vinnuna vegna þess að svo til ekkert hráefni berst inn á fiskmarkaðina og leigumarkaðurinn er frosinn.
>
> **JÓN STEINN ELÍASSON**
> FORMAÐUR SAMTAKA FISKFRAMLEIÐENDA OG ÚTFLYTJENDA

Sjávarútvegsráðherra telur að fimm prósenta útflutningsálag muni jafna aðstöðu á milli íslenskrar fiskvinnslu og þeirra sem flytji út. Markmiðið sé að tryggja atvinnu; fiskaflinn verði unninn hér á landi og virðisaukinn verði eftir í landinu. Hins vegar segir í tilkynningu frá ráðuneytinu að reynist aðgerðin ekki ná tilætluðum árangri muni ráðuneytið „án alls vafa grípa til frekari ráðstafana í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar“.

Það sem ýkir vandann sem kominn er upp hjá fiskvinnslunum sem treysta á markað er að lítið sem enginn fiskur berst til fiskmarkaða frá þeim fimmtíu til sjötíu útgerðaraðilum sem hafa byggt upp útgerð sína að hluta til af leigumarkaðinum. Eftir niðurskurð aflaheimilda er framboð á leigumarkaði horfið. Afli þessara útgerða berst því ekki á fiskmarkaði eins og tíðkaðist.

svavar@frettabladid.is

Bjartsýnn verktaki á Dalvík:

## Byggja upp á brunarústum

**BYGGINGARIÐNAÐUR Verktakafyrirtækið Tréverk hefur keypt samkomuhúsið Bergþórshvol, sem gjöreyðilagðist í bruna á Dalvík í lok október. Þetta kemur fram á fréttavefnum nordurlandid.is. Rífa á húsið og byggja þar nýtt og hefjast framkvæmdir við það um mitt næsta ár.**

**„Björn Friðþjófsson, framkvæmdastjóri Tréverks, segir það vissulega mikla bjartsýni að ráðast í byggingu nýrra íbúða í ríkjandi árferði, en fyrirtækið sjái tækifæri á Dalvík. Þar sé næg atvinna fyrir hendi en skortur á íbúðarhúsnæði,“ segir á nordurlandid.is** - gar

Sveitarfélagið Garður:

## Kaupir Útskála af kirkjunni

**GARÐUR** Bæjarstjórnin í Garði hefur samþykkt að ganga til samninga við kirkjuráð um kaup á landi Útskála í Garði. Hefur bæjarstjórnin falið bæjarstjóra og byggingafulltrúa Garðs, ásamt lögfræðingi bæjarins, Ásbirni Jónssyni, að ganga frá kaupunum, að því er fram kemur á vef Víkurfrétta.

Kaupverð kirkjujarðarinnar er 90 milljónir króna og er framlag úr Framtíðarsjóði Garðs. Stefnt er að undirritun kaupsamnings hinn 15. desember.

### DÓMSTÓLAR

**Sló á handarbök**

Ríflega tvítugur maður hefur verið ákærður fyrir brot gegn valdstjórninni. Honum er gefið að sök að hafa ráðist með ofbeldi á lögreglumann við skyldustörf við English Pub í Austurstræti fyrir rúmu ári, fyrst slegið hann á handarbak vinstri handar og síðan á handarbak hægri handar.






## VEÐURSPÁ



**Soffía Sveinsdóttir** Veður-fréttamaður

**HLÝINDI** Veðrið í dag og um helgina verður keimlíkt. Það verður hlýtt í veðri, suðvestlægar áttir með rigningu eða súld sunnan- og vestanlands en fremur þurru veðri norðan- og norðaustantil. Heldur dregur þó úr vindi og úrkomu á sunnudaginn.



Á MORGUN 5-10 m/s, Hvassast á Snæfellsnesi.

SUNNUDAGUR Fremur hægur vindur um allt land.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 19° |
| Basel | 10° |
| Berlín | 3° |
| Billund | 6° |
| Eindhoven | 10° |
| Frankfurt | 7° |
| Friedrichshafen | 2° |
| Gautaborg | 6° |
| Kaupmannahöfn | 6° |
| Las Palmas | 23° |
| London | 9° |
| Mallorca | 17° |
| New York | 0° |
| Orlando | 18° |
| Ósló | 2° |
| París | 9° |
| San Francisco | 13° |
| Stokkhólmur | 3° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.




## MARRAKESH KJÚKLINGALUNDIR fyrir 4

*að hætti Rikku*

- 1 msk ólífuolía
- 30 g möndluflögur
- 700 g kjúklingalundir
- 1 stór laukur, sneiddur
- 1 tsk ferskt engifer
- 1 tsk kóríanderduft
- ¼ tsk saffrankrydd
- ¼ tsk svartur pipar
- ½ tsk salt
- 1 tsk turmeric
- 1 kanilstöng
- 200 ml vatn
- 10 gráfíkjur, skornar í fjóra bita
- rifinn börkur af 1 appelsínu
- 1 msk appelsínusafi
- ½ tsk kanill
- 1 msk hunang
- 5 þurrkaðar aprikósur, skornar í bita
- ¼ tsk múskat
- handfylli af söxuðu fersku kóríander
- 1 msk sesamfræ

Hitið olíuna á pönnu og steikið möndlurnar þar til þær verða brúnar. Bætið kjúklingnum og lauknum út í og steikið í þar til kjötið er brúnað. Setjið engifer, kóríanderduft, saffran, pipar, salt, turmeric og kanilstöng út í, bætið vatninu saman við og látið malla í 15-20 mínútur. Bætið öllu nema kóríander og semsafræum út í og látið malla áfram í 10 mínútur. Stráið kóríander og semsafræum yfir og berið fram með hrísgrjónum eða cous cous.

KKal: 383/ 20% RDA
Prótín: 29 g/ 54%RDA
Fita: 20 g/ 40% RDA
Kolvetni: 22 g/ 9% RDA
Járn: 2.5 mg/ 14% RDA
Trefjar 5.5 g/ 22% RDA

* Ráðlagður dagskammtur (RDA) er miðaður við 2.000 hitaeininga orkuþörf.




**Kjúklingabringur**




**Tindafjalla hangikjöt**




**Ungnautahakk**
Nautaat




**Lambalæri**
frosið




*Bragðmikið sjávarfang í úrvali*

Humar frá vinnslustöðinni í Vestmannaeyjum

























24 Hagkaup **OPIÐ** ALLAN sólarhringinn Skeifan & Garðabær

Gildir til 13. desember á meðan birgðir endast.

50 ára HAGKAUP fyrir Íslendinga í 50 ár

**KJÖRKASSINN**



*Sækir þú jólatónleika?*

| | |
|---|---|
| Já | 31% |
| Nei | 69% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ættu alþingismenn að fá frí milli jóla og nýárs?*

Segðu skoðun þína á visir.is. vísir

**Loftslagsráðstefnan í Kaupmannahöfn**

Sautján hundruð vísindamenn senda yfirlýsingu á loftslagsráðstefnuna:

# Hlýnun jarðar er af manna völdum

**KAUPMANNAHÖFN, AP** Sautján hundruð vísindamenn í Bretlandi sendu frá sér yfirlýsingu í gær, þar sem þeir segjast sannfærðir um að sterk vísindaleg rök séu fyrir því að hlýnun jarðar sé af mannavöldum.

Þeir vilja þar með draga úr efasemdum um vísindalegt gildi staðhæfinga um orsakir hlýnunar jarðarinnar. Yfirlýsingin kemur í beinu framhaldi af þeim efasemdum sem kviknuðu eftir að tölvuskeyti nokkurra breskra vísindamanna var lekið til fjölmiðla, en í þeim skeytum kemur fram að vísindamennirnir hagræddu niðurstöðum rannsókna sinna á efninu.

Á loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Kaupmannahöfn er enn verið að reyna að ná samkomulagi um aðgerðir gegn hlýnun. Meðal þess sem helst strandar á er fjárhagsaðstoð til þróunarríkja, sem á að hjálpa þeim til að leggja sitt af mörkum til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.

Auðkýfingurinn George Soros ávarpaði ráðstefnuna í gær og segir að þeir tíu milljarðar dala, sem fyrirhugað er að auðugu ríkin leggi hinum fátækari til næstu fjögur árin, dugi engan veginn til þess að brúa bilið. „Ég held að það sé að verða ljóst í samningaviðræðunum að bilið á milli þróaðra ríkja og þróunarríkja í þessu máli geti gert út af við ráðstefnuna.“ - gb



**GEORGE SOROS** Segir loforð auðugu ríkjanna um fjárhagsaðstoð ekki nægja. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Kirkjan semur við bílaumboð:

## Fá frían Toyota í hjálparstarfið

**FÉLAGSMÁL Hjálparstarf kirkjunnar fær endurgjaldslaus afnot af Toyota Hiace-sendibifreið næsta árið samkvæmt samkomulagi við umboðið sem gengið var frá á miðvikudag.**

**„Bifreiðin verður notuð til almennra snúninga í fjölþættu hjálparstarfi á vegum kirkjunnar og kemur sér sérstaklega vel nú fyrir jólin þegar mest er að gera,“ segir í tilkynningu.**

**„Undirbúningur fyrir sameiginlega jólaúthlutun Hjálparstarfs kirkjunnar, Mæðrastyrksnefndar Reykjavíkur og Reykjavíkurdeildar Rauða kross Íslands er í fullum gangi. Mörg fyrirtæki, samtök og einstaklingar hafa lagt úthlutuninni lið og fjölmargir sjálfboðaliðar taka þátt,“ segir jafnframt í tilkynningunni.**

- gar

Umboðsmaður Alþingis:

## Bendir Hreyfingarfólki á stjórnarskrána

**STJÓRNSÝSLA** Umboðsmaður Alþingis hefur fjallað um kvartanir Jóhanns Ágústs Hansen og 25 annarra, þar á meðal allra þingmanna Hreyfingarinnar, um að Steingrímur J. Sigfússon hafi gerst brotlegur við reglur um þrískiptingu valds. Fólst það, að þeirra mati, í aðkomu hans að Icesave-málinu bæði sem ráðherra og þingmaður.

Í stuttu máli benti umboðsmaður kvartendum á stjórnarskrána þar sem gert er ráð fyrir að ráðherrar séu jafnframt þingmenn.

Að því búnu sagði hann utan síns verksviðs að fjalla um kvörtunina. - bþs

# Segir sjóðinn arf frá gömlum tíma

**Félagsmálaráðherra sér ekki rök fyrir tilvist Tryggingasjóðs sjálfstætt starfandi einstaklinga, sem annast atvinnuleysisbótagreiðslur til bænda, smábátasjómanna og vörubílstjóra. „Arfur frá gömlum tíma,“ segir Árni Páll Árnason.**

**ATVINNULEYSI** „Ég sé engin sérstök rök fyrir því að halda þessum sjóði sérgreindum frá Atvinnuleysistryggingasjóði. Það er eðlilegt að við séum með eitt og sama kerfið fyrir alla landsmenn,“ segir Árni Páll Árnason félagsmálaráðherra, um Tryggingasjóð sjálfstætt starfandi einstaklinga.

Sá sjóður var settur á fót 1997 og falið að halda sérstaklega utan um atvinnuleysisbótarétt bænda, smábátasjómanna og vörubílstjóra.

Sjóðurinn greiddi 14 einstaklingum 8,7 milljónir í bætur á síðasta ári, eins og fram kom í Fréttablaðinu á föstudag. Hann er fjármagnaður af tryggingagjaldi stéttanna þriggja, sem nam alls 15 milljónum króna á árinu 2008. Kostnaður við rekstur hans nam 3,3 milljónum króna. „Þetta er arfur frá gömlum tíma,“ segir Árni Páll.

Félagsmálanefnd Alþingis hefur nú til umfjöllunar frumvarp frá Árna Páli um endurskoðun ýmissa ákvæða í atvinnuleysislöggjöfinni. „Ég hef þegar beint því til nefndarinnar að kanna þetta mál og hvort ekki sé rétt að nota tækifærið og sameina þennan sjóð Atvinnuleysistryggingasjóði,“ segir Árni Páll. „Ég hef talað fyrir því að hér sé eitt kerfi fyrir alla.“

Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga starfar í þremur deildum, einni fyrir bændur, annarri fyrir smábátasjómenn en þeirri þriðju fyrir vörubifreiðastjóra. Þegar lög um sjóðinn voru sett vorið 1997 kom fram hjá nefnd sem samdi frumvarpið að skoðaðir hefðu verið möguleikar á að setja á laggirnar einn sjóð fyrir alla sjálfstætt starfandi einstaklinga en niðurstaða nefndarinnar hefði orðið sú að stofna einungis sjóð fyrir þá sjálfstætt starfandi einstaklinga „sem tilheyra þeim samtökum sem áttu fulltrúa í nefndinni“.

Á þeim tíma voru um 20.000 sjálfstætt starfandi einstaklingar í landinu; um 5.500 þeirra tilheyrðu þeim hópum sem fengu aðild að Tryggingasjóðnum. Við álagningu skatta á þessu ári greiddu 19.266 einstaklingar tryggingagjald, samkvæmt upplýsingum frá Ríkisskattstjóra.

Ekki fengust upplýsingar um hve margir þeirra eru bændur, smábátasjómenn og vörubifreiðastjórar. Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins hefur smábátasjómönnum og vörubifreiðastjórum, fækkað talsvert á síðustu árum, eftir því sem hlutafélögum hefur fjölgað.

peturg@frettabladid.is



**SJÁLFSTÆÐIR** Sérstakt atvinnuleysistryggingakerfi hefur verið rekið fyrir smábátasjómenn, vörubílstjóra og bændur, sem eru með eigin rekstur. Sjóðurinn hefur verið fjármagnaður af tryggingagjaldi þessara stétta.

Hæstiréttur fjórfaldar sekt:

## Milljón fyrir trúnaðarbrot

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur þyngdi í gær dóm yfir Jafeti Ólafssyni, fyrrverandi framkvæmdastjóra VBS fjárfestingarbanka, fyrir trúnaðarbrot. Jafet var dæmdur til að greiða eina milljón í sekt en héraðsdómur hafði áður dæmt hann til að greiða 250 þúsund krónur.

Jafeti var gefið að sök að rjúfa trúnað við Geir Zoëga með því að láta lögmanninn Sigurð G. Guðjónsson hafa upptöku að samtali sínu við Geir. Geir hafði þá nýlega ákveðið að hætta við að selja félagi Sigurðar hlut sinn í Tryggingarmiðstöðinni, en Jafet var milligöngumaður í kaupunum. Sigurður taldi að yfirtökuskylda hefði myndast og lét Jafet hann hafa upptökuna því til stuðnings. - sh



**JAFET ÓLAFSSON**

Jafnréttisráð ályktar:

## Skerðing mun bitna á öllum

**FÉLAGSMÁL Jafnréttisráð hefur sent frá sér ályktun þar sem varað er við þeim hugmyndum sem fram hafa komið um skerðingu fæðingarorlofs. Þar segir að stytting fæðingarorlofs um einn mánuð muni bitna á öllum hlutaðeigandi, konum, körlum og ekki síst börnum. Mest skerðist þó hlutur einstæðra mæðra og barna þeirra í þeim tilfellum þar sem faðir nýtir ekki rétt sinn.**

**Ef boðaðar breytingar ná fram að ganga er það alvarlegt bakslag í jafnréttisbaráttunni, að mati ráðsins. Jafnréttisráð skorar á ríkisstjórnina að leita allra annarra mögulegra leiða til að mæta slæmri stöðu með þessum hætti.**

- shá



# Allt fyrir svefninn!

YFIRDÝNA INNIFALIN

GÓÐ KAUP

DREAMZONE™

STÆRÐ: 90 X 200 SM.

**23.900,-**

**BASIC B20 boxdýna**
Nú með tvöföldu gormakerfi og yfirdýnu. Góð dýna, miðlungsstíf með 115 BONELL gormum pr. m² í efra lagi og 150 gormum í neðra lagi. Vönduð yfirdýna innifalin í verði. Stærð: 90 x 200 sm. Verð án fóta.

SPARIÐ 20.000 KRÓNUR

Good Night Sleep quality since 1966

STÆRÐ: 120 X 200 SM. ÁÐUR 79.900,-

**59.900,-**

**GOOD NIGHT SLEEP dýna**
Mjög góð og vönduð dýna sem vert er að fjárfesta í. Stærð: 120 x 200 sm. Fætur fylgja með.

GÓÐ KAUP

SÆNG + KODDI

**4.990,-**

**THERMO LUX sæng og koddi**
Thermosæng og koddi á frábæru verði. Sængin er fyllt með 2 x 550 g. af sílikonhúðuðum holtrefjum og koddinn er 500 gr. Sæng: 140 x 200 sm.

høie The Way we live in Scandinavia

SPARIÐ 2.000 KRÓNUR

SÆNG ÁÐUR: 9.990,-

**7.990,-**

**HØIE EXCLUSIVE sæng**
Lúxus thermosæng sem má þvo. Mjúkt og þægilegt áklæði. Sængin er saumuð saman úr tveimur sængum þannig að hitaeinangrandi loftrúm myndast á milli þeirra. Sæng: 140 x 200 sm. áður **9.990,-** Nú **7.990,-** Sæng: 140 x 220 sm. **11.900,-** Sæng: 200 x 220 sm. **19.900,-** Koddi: 50 x 70 sm. **4.990,-**

SPARIÐ 2.990 KRÓNUR

SÆNG OG KODDI ÁÐUR: 11.980,-

**8.990,-**

**KRONBORG LUX andadúnssæng**
Gæðasæng fyllt með andadúni og smáfiðri. Bómullaráklæði og snúrukantur. Þyngd: 900 gr. Má þvo við 60°C. Sæng: 140 x 200 sm. **7.990,-** Sæng: 140 x 220 sm. **9.990,-**

høie The Way we live in Scandinavia

22% AFSLÁTTUR

SÆNG ÁÐUR: 12.900,-

**9.990,-**

**HØIE GREENFIRST thermosæng**
Sérlega góð sæng fyllt með 3D holtrefjum sem eru um helmingi léttari en venjulegar trefjar. Því er tvisvar sinnum meira magn af holtrefjum í þessari sæng en flestum öðrum. Kemur í veg fyrir að rykmaurar og aðrar bakteríur safnist saman. Áklæði er úr bómull. Sæng: 140 x 200 sm. áður **12.900,-** Nú **9.990,-**

RINGSTED DUN

SPARIÐ 5.000 KRÓNUR

SÆNG ÁÐUR: 24.900,-

**19.900,-**

**RINGSTED DUN ROYAL gæsadúnssæng**
Virkilega mjúk og góð sæng fyllt með gæsadúni og gæsafiðri. Sængin er með áklæði úr 100% bómullarcambric og hvítum snúrukanti úr satíni. Sængin er saumuð í 4 x 6 sm. ferninga. Sængurtaska fylgir. Sæng: 135 x 200 sm. áður **24.900,-** Nú **19.900,-** Koddi: 50 x 70 sm. **6.990,-**

GOTT TILBOÐ!

CERTIFIED SPACE TECHNOLOGY

SÆNG ÁÐUR: 36.900,-

**28.900,-**

**TEMPRAKON gæsadúnssæng**
Temprakon heldur stöðugum og réttum líkamshita yfir alla nóttina. Temprakon er uppbyggt úr byltingarkenndu efni sem heitir Outlast®. Temprakon dúnsæng stærðir: 135 x 200 sm. áður **36.900,-** Nú **28.900,-** 200 x 220 sm. **42.900,-** Temprakon dúnkoddi 50 x 70 sm. **9.990,-**

NELL SÆNGURVERASETT **2.990,-**

INNA SÆNGURVERASETT **1.290,-**

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
www.rumfatalagerinn.is

INTIMATES SÆNGURVERASETT **3.990,-**

AILI SÆNGURVERASETT **1.990,-**

## VEISTU SVARIÐ?



*1 Hvað heitir hönnuður íslenska stólsins Bessa, sem notaður er á loftslagsráðstefnunni í Kaupmannahöfn?*

*2 Hversu gamalt er piparkökuhúsið sem prýðir stofuna í Laxholti í Borgarfirði?*

*3 Hver er forsætisráðherra Grikklands?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 90

Straumur segir Magnús Þorsteinsson ljúga til um greiðasemi við Björgólf Thor:

# Rannsaka hvort Magnús talaði af sér

**VIÐSKIPTI** Ummæli Magnúsar Þorsteinssonar fyrir dómi í síðustu viku hafa leitt til þess að Fjármálaeftirlitið hyggst rannsaka það hvort stjórnendur Straums Burðaráss hafi brotið lög um verðbréfaviðskipti þegar bankinn lánaði Magnúsi tæpan milljarð til að kaupa hlut í Icelandic Group.

Straumur Burðarás lánaði fjárfestingarfélagi Magnúsar 930 milljónir árið 2005 til að kaupa fimm prósenta hlut í Icelandic Group. Magnús skrifaði upp á sjálfskuldarábyrgð vegna lánsins í fyrra. Hann varð gjaldþrota í maí.



**MAGNÚS ÞORSTEINSSON** Skuldamál þrotabús Straums gegn Magnúsi er nú fyrir dómi á Akureyri. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Aðalmeðferð í skuldamáli þrotabús Straums gegn Magnúsi fór fram í Héraðsdómi Norðurlands eystra í síðustu viku. Þar sagðist Magnús hafa skrifað upp á ábyrgðina af greiðasemi við Björgólf Thor Björgólfsson, þáverandi eiganda Straums. Þannig myndi Björgólfur komast undan yfirtökuskyldu á félaginu.

Standist sú fullyrðing var líkast til um sýndarviðskipti að ræða og mun Fjármálaeftirlitið nú rannsaka það.

Straumur Burðarás sendi frá sér yfirlýsingu vegna málsins í gær og segir Magnús ljúga. Fullyrðingar hans séu ósannar og fjarstæðukenndar og honum haldlausar til varnar í málaferlunum við Straum. Honum beri, eins og öðrum, að gangast við skuldbindingum sínum og persónulegum ábyrgðum. **- sh**

Mál starfsmanna Kaupþings:

# Álit skattstjóra birt á næsta ári

**SKATTUR** Bindandi álit Ríkisskattstjóra um skattalega meðferð mála starfsmanna Kaupþings, sem fengu fellda niður persónulega ábyrgð af lánum vegna kaupa á hlutabréfum í bankanum, mun liggja fyrir á næsta ári.

Skúli Eggert Þórðarson ríkisskattstjóri segir við Fréttablaðið að ekki reyni á niðurstöðuna fyrr en næsta ár, þegar gjöld verða lögð á vegna 2009.

Stjórn Kaupþings ákvað í september 2008 að takmarka ábyrgð á viðskiptunum við verðmæti bréfanna sjálfra, eða annarra trygginga sem voru lagðar fram við kaupin í sumum tilvikum. **- pg**



**HJÖRLEIFUR GUTTORMSSON** Stingur upp á nafni fyrir skaga.

Eyjafjörður og Skjálfandi:

# Hjörleifur vill Flateyjarskaga

**LANDAFRÆÐI Sveitarstjórn Grýtubakkahrepps í Eyjafirði ræddi á fundi sínum á mánudag um nafn á skagann milli Eyjafjarðar og Skjálfanda.**

**„Hjörleifur Guttormsson hefur unnið að því að hann kallist Flateyjarskagi," segir í fundargerð sveitarstjórnarinnar sem fór yfir ýmis gögn varðandi nafn á skagann á fundi sínum á Grenivík. Flatey er í Skjálfandaflóa. Samþykkt var að fara fram á við örnefnanefnd að nafnið Flateyjarskagi verði ekki staðfest fyrr en fyrir liggi afstaða sameiginlegrar nefndar Grýtubakkahrepps og Þingeyjarsveitar um nafngift skagans.** **- gar**

Loftslagsráðstefnan:

# Kertaljósavaka á Lækjartorgi

**LOFTSLAGSMÁL** Kertaljósavaka verður haldin á Lækjartorgi kl. 17.30 á morgun til að krefjast þess að bindandi samkomulag náist á loftlagsráðstefnunni í Kaupmannahöfn, sem nú stendur yfir.

Attac á Íslandi skipuleggur vökuna í Reykjavík. Flutt verður ávarp og lesin skilaboð til samningsaðila í Kaupmannahöfn. Dúettinn Piknikk tekur lagið.

Á laugardag verða 2.000 kertaljósavökur í sama skyni um allan heim. Ein þeirra verður í Kaupmannahöfn. **- pg**

# Adakris er orðinn stærsti verktaki Reykjavíkurborgar

**Reykjavíkurborg hefur greitt fyrirtækinu Adakris 385 milljónir í ár, mest allra verktaka. Fyrirtækið er nýtt á Íslandi og fær ekki fyrirgreiðslu í bönkum. Þarf oftar en ekki að staðgreiða vörur. Er að hálfu litháískt.**

**REYKJAVÍK** Litháíska verktakafyrirtækið Adakris hefur fengið 385 milljónir greiddar frá Reykjavíkurborg á árinu, en Malbikunarstöðin Höfði, opinbert fyrirtæki, hefur fengið næst mest, 263 milljónir.

Blaðið hefur fengið yfirlit frá borginni yfir þau fimm fyrirtæki sem mestar fjárhæðir hafa fengið frá borginni á ári hverju síðustu þrjú ár. Tölurnar eru lægri í ár en árin á undan. Þannig fengu Heimir og Þorgeir rúmar 568 milljónir árið 2008 og Eykt 503 milljónir árið 2007.

Ekki er mikið um nýframkvæmdir hjá borginni þessa dagana og verkefni Adakris, við Sæmundar- og Norðlingaskóla, voru ákveðin fyrir bankahrun. Því má ætla að tölur um heildargreiðslur til verktaka á næsta ári verði enn lægri.



**ÁGÚST ALFREÐ SNÆBJÖRNSSON**

Þegar tilkynnt var um að litháískt fyrirtæki fengi þessi tvö stóru verk á krepputímum vakti það nokkra umræðu. Rætt var um að illt væri að láta erlenda verka- og iðnaðarmenn hafa þessi störf. Nær væri að láta innlend fyrirtæki sjá um þetta. Framkvæmdastjóri Samiðnar sagði borgina hafa „ákveðið að flytja 120 ársverk í byggingariðnaði úr landi". Hann efaðist um að Adakris færi eftir íslenskum reglum.

En reyndin hefur verið sú eftir gjaldeyrishrun að ódýrara er að greiða íslensk laun en evrópsk. Um 92 prósent starfsmanna Adakris eru Íslendingar og útlendingarnir hafa verið búsettir á landinu í mörg ár, að sögn Ágústs Snæbjörnssonar, sem á helmingshlut í fyrirtækinu.



**SÆMUNDARSKÓLI RÍS** Skólinn er nefndur eftir Sæmundi fróða og á samkvæmt útboðslýsingu að vera 5.800 fermetar með íþróttahúsi. Áætlaður kostnaður árið 2007 var 1,6 milljarðar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Planið var að vera með okkar eigin starfsmenn sem eru Litháar flestir. Svo kom hrunið og eftir það fannst okkur að pólitískt, siðferðilega og efnahagslega væri besta lausnin að hafa Íslendinga í vinnu. Við munum áfram hafa eins marga Íslendinga og hægt er. Þetta er ekki útlenskara en það," segir hann.

Ágúst tekur undir að það kunni að hafa unnið gegn fyrirtækinu að vera með erlendar rætur. Jafnvel hafi verið talað um að endurskíra fyrirtækið upp á íslensku.

Fyrirtækið fær enn ekki fyrirgreiðslu í bönkum, „ekki einu sinni fimm þúsund kall í yfirdrátt og engar verktryggingar heldur," segir Ágúst.

Adakris versli mikið við íslenskar verslanir og heildsala en þurfi að staðgreiða vörurnar.

Ágúst segist halda að Adakris sé eina fyrirtækið á Íslandsmarkaði með öll gæðavottorð og ISO-staðla skráða.

Fyrir utan borgarverkefnin sér Adakris um alla innanhússmíði í nýbyggingu Háskólans í Reykjavík.

Fyrirtækið var stofnað 1965 sem ríkisfyrirtæki í Litháen og einkavætt 1993. **klemens@frettabladid.is**




# KJÓSTU

## VERKEFNI Í ÞÍNU HVERFI

Nú fer hver að verða síðastur að taka þátt í kosningunni um forgangsröðun smærri nýframkvæmda og viðhaldsverkefna í hverfum borgarinnar á heimasíðu Reykjavíkurborgar **www.reykjavik.is/kjostu**

Kosningin er bindandi og sá verkefnaflokkur sem verður fyrir valinu í hverju hverfi fer á fjárhagsáætlun fyrir árið 2010 og koma verkefnin úr þeim flokki til framkvæmda.

Þetta nýmæli við gerð fjárhagsáætlunar var samþykkt í borgarstjórn og er tilraunaverkefni sem gerir íbúum kleift að hafa bein áhrif á nýtingu fjármuna í nærumhverfi sínu.

*Kosningu lýkur 14. desember*




Íbúum býðst einnig að fara á bókasöfn og þjónustumiðstöðvar í sínu hverfi og fá aðstoð við að kjósa. Auk þess er hægt að leita til þjónustuvers Reykjavíkurborgar í síma 4 11 11 11.

*Nýttu tækifærið og kjóstu!*

**Forgangsraðað er í þremur verkefnaflokkum:**

- **a) Leikur og afþreying**
- **b) Samgöngur**
- **c) Umhverfi og útivist**

Reykjavíkurborg




Enginn hefur enn greinst með árlega inflúensu hér á landi:

# Mikið dregið úr svínaflensu

**HEILBRIGÐISMÁL** Mikið hefur dregið úr svínainflúensunni, að því er fram kemur hjá sóttvarnalækni.

Í síðustu viku greindist samtals 101 einstaklingur með inflúensulík einkenni samkvæmt skráningu heilbrigðisþjónustunnar. Tilfellum fækkaði bæði á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni.

Frá 29. júní til 6. desember höfðu greinst 9.733 einstaklingar með inflúensulík einkenni, þar af voru 4.453 karlar og 5.280 konur.

Fram til 6. desember höfðu greinst 700 einstaklingar hér á landi með staðfesta svínainflúensu á veirufræðideild Landspítala. Frá 23. september til 6. desember voru um 180 einstaklingar lagðir inn á sjúkrahús með grun um inflúensu eða staðfesta svínainflúensu.

Langflestir voru lagðir inn á Landspítala eða um 130, þar af voru 20 einstaklingar lagðir inn á gjörgæsludeild.

Tveir hafa látist af völdum staðfestrar svínainflúensu, 18 ára stúlka og 81 árs karlmaður. Stúlkan lést 19. október og maðurinn lést 20. nóvember en bæði voru með alvarlega undirliggjandi sjúkdóma.

Það sem af er hausti hefur enginn greinst með árlega inflúensu. -jss


**LANDSPÍTALI** Samtals 130 höfðu verið lagðir inn á Landspítala í byrjun desember vegna svínaflensunnar.



**FRÁ DANÍELSSLIPP** Mennirnir tveir fundust látnir í bíl við Daníelsslipp árið 1985. Rannsókn leiddi í ljós að dánarorsök mannanna var koloxíðeitrun. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

# Féllu fyrir eigin hendi

**Samkvæmt niðurstöðu réttarmeinafræðinga féllu tveir menn, sem fundust látnir í Daníelsslipp árið 1985, fyrir eigin hendi. Þeir létust úr koloxíðeitrun samkvæmt blóðrannsókn. Engir áverkar fundust á mönnunum við krufningu.**

**LÖGREGLUMÁL** Tveir menn sem fundust látnir í Daníelsslipp við Mýrargötu í Reykjavík í mars 1985 féllu fyrir eigin hendi.

Þetta er niðurstaða réttarmeinafræðinga sem rannsökuðu þetta mál hartnær 25 árum eftir að mennirnir fundust. Samkvæmt rannsókn þeirra var um sjálfsvíg að ræða og létust mennirnir tveir úr koloxíðeitrun sem staðfest var með blóðrannsókn.

Engir áverkar sem valdið hefðu meðvitundarleysi hafi fundist við krufninguna og því benti ekkert til annars en að mennirnir hafi verið með meðvitund í bílnum þar til þeir urðu koloxíðeitrun að bráð.

Rannsókn réttarmeinafræðinganna fór fram í kjölfar erindis aðstandenda mannanna til ríkissaksóknara. Ættingjarnir mannanna höfðu krafist þess með bréfi til ríkissaksóknara í nóvember 2008 að fram færi rannsókn á andláti þeirra og viðbrögðum embættis ríkislögreglustjóra eftir að aðstandendur höfu athugun sína á málavöxtum, eins og rakið hefur verið í fjölmiðlum.

Rannsókn lögreglunnar á sínum tíma beindist að því hvort mennirnir féllu fyrir eigin hendi, eins og aðstæður bentu til á vettvangi, og að dánarorsök væri koloxíðeitrun frá útblæstri bifreiðar sem lík mannanna fundust í.

Ríkissaksóknari leitaði eftir því að réttarmeinafræðingur færi yfir krufningarskýrslur, ljósmyndir og önnur gögn og léti í ljós álit á dánarorsök mannanna eftir því sem unnt væri, hartnær 25 árum seinna. Að þessari athugun komu tveir réttarmeinafræðingar sem báðir hafa áralanga reynslu á sviði réttarmeinafræði.

Það er niðurstaða ríkissaksóknara að ekkert tilefni sé til að kveða á um rannsókn á viðbrögðum embættis ríkislögreglustjóra við málaleitan ættingja um aðgang að gögnum málsins eða á vinnubrögðum við rannsókn lögreglunnar á vettvangi og aðgerðum hennar í kjölfarið á sínum tíma.

Fram kom í fréttum Stöðvar 2 í gær að aðstandendur mannanna ætla sjálfir að rannsaka dauðsfallið. jss@frettabladid.is

Neytendastofa segir óréttmætum viðskiptaháttum og villandi auglýsingum beitt:

# Banna símareiknivél hjá Tali

**NEYTENDUR** Reiknivél sem Tal setti upp á heimasíðu sinni og ætluð var til að bera saman verð á þjónustu Tals og annarra símafyrirtækja hefur verið bönnuð af Neytendastofu.

Síminn kærði reiknivél Tals til Neytendastofu á þeim grundvelli að sá samanburður sem reiknivélin gæfi væri rangur. Neytendastofa komst að þeirri niðurstöðu að reiknivélin gæfi villandi upplýsingar á margan hátt.

„Samanburðarreiknivél Tals gerir ávallt ráð fyrir að neytendur séu með alla þjónustu sína hjá Tali, það er net-, heimasíma- og farsímaþjónustu. Er sú þjónusta kölluð „Allur pakkinn“. Upplýsingar um að samanburðurinn sé háður því skilyrði koma ekki fram fyrr en í lok samanburðarins. Ætli neytandi því eingöngu að bera saman notkun á farsíma mun hann ekki fá raunsanna mynd af kostnaði hjá Tali þar sem mánaðargjald Tals kemur ekki til samanburðar,“ segir meðal annars í ákvörðun Neytendastofu.

„Getur stofnunin fallist á með Símanum að samanburðurinn sé sérstaklega villandi þar sem neytendur notast við upplýsingar af raunverulegum símreikningi og því sé látið í veðri vaka að niðurstöður samanburðarins séu réttar þar sem þær séu byggðar á tæmandi upplýsingum um notkun hvers og eins notanda,“ segir einnig í ákvörðun Neytendastofu, sem bannað hefur reiknivélina og auglýsingar um hana í óbreyttri mynd. - gar


**HERMANN JÓNASSON** Forstjóri Tals sem Neytendastofa segir hafa gefið rangan samanburð á verði símaþjónustu með reiknivél á heimasíðu sinni. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Álit umboðsmanns Alþingis:

## Lyfjagjaldskrá ekki lögmæt

**STJÓRNSÝSLA** Setning heilbrigðisráðherra á gjaldskrá Lyfjastofnunar var ekki í samræmi við lög, samkvæmt áliti umboðsmanns Alþingis þar sem ekki lágu nægilega traustir útreikningar að baki gjaldskránni.

Kvartað var til umboðsmanns yfir gjaldskránni, meðal annars því að einstaka kostnaðarliðir hafi ekki verið reiknaðir út með traustum og vönduðum hætti.

Umboðsmaður taldi sig ekki hafa forsendur til að fullyrða hvort gjöldin hefðu verið ákvörðuð of há, þar sem útreikningar ráðuneytisins hefðu ekki verið fullnægjandi. - bj

Mæta á tekjusamdrætti í Garðabæ með sparnaði og hagræðingu hjá stofnunum:

## Þjónusta ekki skert og öll störf varin

**GARÐABÆR** Grunnþjónusta verður ekki skert, gjaldskrár hækka ekki og öll störf verða varin, samkvæmt fjárhagsáætlun Garðabæjar fyrir næsta ár. Mæta á fyrirséðum samdrætti í tekjum með sparnaði og hagræðingu í rekstri stofnana.

Gert er ráð fyrir að tekjur dragist saman um 7-8 prósent á milli ára og að útsvarstekjur verði tæplega 3,6 milljarðar. Áætlanir gera ráð fyrir rekstrarafgangi upp á 67 milljónir króna.

Í frétt á heimasíðu Garðabæjar kemur fram að skuldastaða bæjarins sé góð og að nánast allar skuldir séu í íslenskum krónum. Langtímaskuldir nema um 2,1 milljarði.

Til stendur að greiða niður skuldir um 340 milljónir á næsta ári. Framkvæma á fyrir um 450 milljónir án lántöku.

Hvorki stendur til að hækka útsvarshlutfallið, en það er 12,46 prósent, né fasteignagjöld.

Auka á fjárveitingar til barna- og unglingastarfs og lögbundinna verkefna um félagslegt öryggi og velferð.

Halda á áfram þeim aðhaldsaðgerðum sem gripið var til á þessu ári og er ekki talin þörf á sérstökum aðgerðum þar til viðbótar. Í þeim fólst meðal annars lækkun launa stjórnenda. Verða þau óbreytt út næsta ár.



**FRÁ GARÐABÆ** Útsvar í bænum verður óbreytt á næsta ári.

Í fjárhagsáætluninni var tekið mið af áherslum þeim sem lagðar voru til grundvallar á opnum íbúafundi. - bþs

Albanskur maður í Bretlandi:

## Með byssu við heimili Blairs

**BRETLAND Maður vopnaður skammbyssu með hljóðdeyfi var handtekinn við heimili Tonys Blair, fyrrverandi forsætisráðherra Bretlands, við Connaught Square í London, fyrr í vikunni. Vegfarendur veittu manninum athygli og tilkynntu lögreglu um hann. Þegar lögregla kom á staðinn mætti hún manninum, sem er af albönskum uppruna, og kvaðst hann hafa fundið byssuna í ræsinu. Maðurinn var handtekinn og reyndist byssan hlaðin. Hann er enn í haldi lögreglu sem bíður eftir niðurstöðum úr fingrafara- og DNA-rannsókn. Lögregla segir Blair aldrei hafa verið í hættu.** - asg

Sparnaður í brunavörnum:

## Vill vita um flugöryggið

**REYKJAVÍK Borgarfulltrúi Samfylkingar vill vita hvað eigi að koma í staðinn fyrir núverandi fyrirkomulag brunavarna á Reykjavíkurflugvelli, en Flugstoðir hafa boðað að setja á stofn sinn eigin viðbragðshóp í stað slökkviliðsmanna.**



**DAGUR B. EGGERTSSON**

**Borgarfulltrúinn, Dagur B. Eggertsson, segir þetta vekja spurningar um hvort flugvöllurinn ætli að reiða sig á viðbúnað slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins áfram, án þess að greiða fyrir „þann viðbúnað sem nauðsynlegur er vegna reksturs flugvallar inni í miðri borg“. Um þetta lagði Dagur fram fyrirspurn í níu liðum í borgarráði í gær.** - kóþ

Stjórn Samorku:

## Mótmælir nýjum sköttum á orku og vatn

**ORKUMÁL** Stjórn Samorku, samtaka orku- og veitufyrirtækja, mótmælir ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að leggja nýja skatta á raforku og heitt vatn, skatta sem draga munu úr lífsgæðum landsmanna og samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs, eins og segir í tilkynningu frá samtökunum. Þá segir að nýju skattarnir dragi úr gegnsæi verðlagningar á raforku og heitu vatni.

„Aldrei hafa áður verið lagðir beinir skattar á raforku eða heitt vatn hér á landi. Frumvarpið vísar til „umhverfis- og auðlindaskatta“, en fjallar um hvorugt, heldur er þetta einfaldlega skattur á orkunotkun landsmanna, til tekjuöflunar í ríkissjóð,“ segir í tilkynningu frá Samorku.

Eldri borgari í Danmörku:

## Lumbraði á hnífamanni

**DANMÖRK Tæplega sjötugur íbúi í Frederiksberg á Sjálandi kom í veg fyrir rán á heimili sínu á miðvikudagskvöld og stökkti ræningjanum á flótta.**

**Þegar dyrabjöllu mannsins var hringt stóð þar fyrir utan stórvaxinn maður með hníf sem hann otaði að íbúanum. Sá nýkomni ætlaði svo að ryðja sér leið inn í íbúðina en þá sló gamalmennið hann í brjóstið og stuggaði við honum.**

**Ræninginn lagði til mannsins með hnífnum og veitti honum skeinu á höfuðið en forðaði sér við svo búið á hlaupum og hefur lögregla ekki fundið hann enn.** - asg






**MÓTMÆLI Í BANGKOK** Þessi kona mætti með mynd af Thaksin Shinawatra, fyrrverandi forsætisráðherra Taílands, á mótmælafund stuðningsmanna hans í Bangkok. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ekki útilokað að kröfuhafar Straums fái allt að áttatíu prósent krafna til baka:

# Tvö fyrirtæki verða til úr einu

**VIÐSKIPTI** Fjárfestingarbankinn Straumur hefur selt eignir fyrir 247 milljónir evra, jafnvirði um 45 milljarða króna, frá lokum mars til septemberloka. Þar af fóru 183 milljónir evra í greiðslu skulda. Þetta kom fram á fundi með kröfuhöfum bankans í fyrradag.

Þar kom sömuleiðis fram að eignir Straums námu rúmum 1,4 milljörðum evra í septemberlok. Þær eru að nær öllu leyti erlendar, þar á meðal er CB Holding, eigandi enska úrvalsdeildarliðsins West Ham. Kröfur í bú bankans nema 1,8 milljörðum evra. Forsvarsmenn Straums segja forgangskröfur verða greiddar að fullu en rúmur helmingur almennra krafna. Ekki er útilokað að heimtur nemi allt að áttatíu prósentum í heildina.



**FYRRVERANDI FORSTJÓRI** Búist er við að tvö fyrirtæki rísi úr rústum Straums snemma á næsta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Fréttablaðið greindi frá því í sumar að gangi nauðasamningar eftir verður Straumi skipt upp í tvö fyrirtæki. Að því er enn stefnt. Annars vegar verður stofnaður fjárfestingarbanki undir nýju nafni, sem verður í eigu kröfuhafa, og eignarhaldsfélag sem muni sjá um eignir og skuldir núverandi fyrirtækis. Reiknað er með að um helmingur eigna í eignastýringu bankans verði eignir og kröfur eignarhaldsfélagsins. Búist er við að starfsmenn beggja fyrirtækja verði um 63 talsins, þar af fjörutíu hjá bankanum, sem fær nýtt nafn. Ljóst þykir að fjölga þarf hjá Straumi en starfsmenn eru nú 45 talsins. **- jab**

Tvennt ákært fyrir fjársvik:

## Sviku út á stolið kort

**DÓMSMÁL Tvítug kona og karlmaður á þrítugsaldri hafa verið ákærð fyrir að stela debetkorti og svíkja vörur fyrir þúsundir króna út á það.**

**Kortinu stálu hjúin í starfsmannaaðstöðu Mjólkursamsölunnar á Selfossi. Þau sviku síðan út á hið illa fengna kort í verslunum Nóatúns, Bónuss og Europris á Selfossi.**

**Í málinu er gerð krafa fyrir hönd Bónuss og Léttkaupa ehf. þess efnis að hjúin greiði skaðabætur sem nema verðmæti þess varnings sem þau sviku út úr viðkomandi verslunum.**

**- jss**




# Samfylkingin ein skilar á réttum tíma

**Frestur flokka og frambjóðenda til að skila gögnum til Ríkisendurskoðunar rann út í gær. Gögnin innihalda upplýsingar um fjármál tengd stjórnmálastarfi nokkur ár aftur í tímann. Nærri 180 skiluðu. Verri heimtur en vonast var til.**

**STJÓRNMÁL** Hátt í 180 tilkynningar frá frambjóðendum og flokkum höfðu borist Ríkisendurskoðun að loknum skrifstofutíma í gær, þegar frestur stjórnmálamanna og -flokka til að skila margvíslegum upplýsingum um fjármál sín síðustu árin rann út.

Samfylkingin var eini flokkurinn sem skilaði upplýsingum um fjárhag sinn, en Framsóknarflokkurinn hafði boðað að upplýsingar bærust. Ekkert hafði heyrst frá öðrum flokkum.

Flokkar og frambjóðendur hafa verið beðnir um að skila upplýsingum um öll bein framlög, sem nema 300 þúsund krónum eða meira. Þeir sem eru undir þessu marki sleppa með að skila einfaldri yfirlýsingu um það. Enginn er þó skyldugur til að greina frá fjármálum sínum aftur í tímann, heldur segir í lögunum að Ríkisendurskoðun birti upplýsingarnar að ósk frambjóðanda.

Stjórnmálaflokkar eiga að skila inn fjárhagslegu yfirliti um tímabilið 2002 til 2006.

Frambjóðendur í forvali eða prófkjöri til alþingis- eða sveitarstjórnarkosninga sem buðu sig fram árin 2006 og 2007 eiga einnig að skila upplýsingum.

Þá skulu frambjóðendur til embættis formanns eða varaformanns innan flokkanna frá 2005 til 2009 gera grein fyrir sér.

Ríkisendurskoðun á að birta upplýsingarnar fyrir lok ársins.

Lárus Ögmundsson, skrifstofustjóri hjá Ríkisendurskoðun, heldur utan um þessi mál þar á bæ. Hann hefur ekki fengið upplýsingar frá öllum flokkum um heildarfjölda frambjóðenda á þessum árum, það er hversu hátt hlutfalli þessar 180 tilkynningar sem borist hafa Ríkisendurskoðun samsvara. Vonast hafi verið eftir betri heimtum.

„Við höfum engar upplýsingar um heildarfjöldann. Við erum bara verkfæri til að taka þær saman,“ segir hann. Ríkisendurskoðun sé ekki ætlað að sannreyna þessi gögn frekar en önnur gögn frá stjórnmálamönnum.

„Þetta var dauft framan af en svo lifnaði nú yfir þessu síðustu dagana,“ segir hann. Mest hafi verið skilað inn af yfirlýsingum um að frambjóðandi hafi verið með framlög undir 300 þúsundum.

Lárus bendir á að margir kunni að eiga erfitt með að gera grein fyrir framlögum aftur í tímann. Ekki sé víst að allir hafi haldið utan um slík gögn.

Stofnunin mun taka við gögnum áfram næstu daga, vilji fleiri láta birta um sig upplýsingar.

**klemens@frettabladid.is**



**KJÖRKASSINN** Stjórnmálamenn eru flestir búnir að skila inn fjárhagsupplýsingum vegna síðustu alþingiskosninga. Nú er mælst til þess að þeir og flokkarnir skili svipuðum upplýsingum allt aftur til ársins 2002. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN






**MÖGNUÐ SPENNA. SANNUR ATBURÐUR – EINSTAKT AFREK**

Fimmtán breskir sjómenn berjast fyrir lífi sínu undir klakabrynjuðu Látrabjargi. Þeir eiga aðeins eina von – að íslenskir bændur á nálægum bæjum bjargi þeim … með því að síga með frumstæðum búnaði niður flughált og himinhátt bjargstálið.

# BARÁTTA UPPÁ LÍF OG DAUÐA Í ÞRJÁ SÓLARHRINGA

**„Óttari Sveinssyni tekst að segja (söguna) á listilegan hátt“ … „hröð og spennandi, afar vel skrifuð“**

**„Allar hafa (Útkallsbækurnar) vakið mikla athygli og notið mikilla og verðskuldaðra vinsælda … að mínu mati er þessi hin besta þeirra allra“**

***Jón Þ. Þór, rithöfundur og sagnfræðingur, DV, 2.12***

★★★★½



Útkallsbækur Óttars Sveinssonar hafa verið í efstu sætum metsölulistanna í hálfan annan áratug og hafa verið gefnar út víða um heim. Lesendur gleyma sér í spennandi frásögn - þar sem höfundurinn og söguhetjurnar lýsa sönnum atburðum.

**1. sæti**
Bónus verslanir
ALMENNT EFNI

ÚTKALL
Sími 562 2600





# Millý og Mollý



Vinkonurnar sem börnin þekkja úr sjónvarpinu




Vinsælu sögurnar um **Millý og Mollý** hafa allar boðskap:

- Hamingja
- Stundvísi
- Ólíkar fjölskyldur
- Náttúran

og nú

- Kærleikurinn

ÚTKALL
Sími 562 2600


# hér kemur DODDI

**Doddi er líka til á DVD og pússlbók**




**Tvær nýjar bækur eru komnar í Doddabóka-seríunni vinsælu**

**Einstaklega litríkar bækur**

www.DODDI.is

ÚTKALL
Sími 562 2600


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
Holta Bringur
1698 KR.KG
HOLTA FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
Holta Bitar
498 KR.KG
HOLTA BLANDAÐIR KJÚKLINGABITAR
698 KR.STK
STEIKTUR HEILL MATFUGLS KJÚKLINGUR
TILBÚINN- ÞARF AÐEINS AÐ HITA !
BÓNUS Kjúklingur Bringur
1598 KR.KG
BÓNUS FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
Holta VÆNGIR
259 KR.KG
HOLTA FERSKIR KJÚKLINGAVÆNGIR
539 KR.KG
BÓNUS FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR
SS
BIRKIREYKT ÚRBEINAÐ
LAMBAHANGIKJÖT 30% AFSLÁTTUR
NORÐLENSKA FJALLAHANGIKJÖTIÐ
Á FRÁBÆRU VERÐI Í BÓNUS
BIRKIREYKT HANGIKJÖT
1664 KR.KG
SS ÚRB. HANGIFRAMPARTUR
MERKT VERÐ 2378 KR.KG. 30% AFSLÁTTUR
2239 KR.KG
SS ÚRB. HANGILÆRI
MERKT VERÐ 3198 KR.KG. 30% AFSLÁTTUR
Fjalla HANGIKJÖT
1887 KR.KG
ÚRB. HANGILÆRI
1320 KR.KG
ÚRB. HANGIFRAMPARTUR
Appelsín
159 KR.FL
BÓNUS APPELSÍN
2 LTR.
norðanfiskur Lax
1598 KR.KG
1598 KR.KG
N.F ÍSLENSKUR LAX REYKTUR OG GRAFINN
298 KR. 900g
BÓNUS FORSOÐNAR
ÍSLENSKAR KARTÖFLUR 900G
98 KR.STK
MYLLU HEIMILISBRAUÐ 385G
98 KR.
Laufa-brauð
989 KR.PK
KRISTJÁNS LAUFABRAUÐ ÓSTEIKT
20 STK
ÚTIKERTI
298 KR.STK
ÍSLENSK ÚTIKERTI
JÁRNADÓS TVÆR TEG.
139 KR.KG
SÉRVALDAR ÍSLENSKAR KARTÖFLUR Í LAUSU
GULLAUGA OG RAUÐAR
BÓNUS BÝÐUR BETUR
VISA
VERÐTILBOÐIN GILDA FRÁ FÖSTUDEGI - SUNNUDAGS


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓN
KS
FROSIÐ LAMBAKJÖT
SLÁTRUN 2009
1398
KR.KG
KS FROSINN LAMBAHRYGGUR 1. FLOKKUR
2998
KR.KG
KS FROSIÐ LAMBAFILLET
1138
KR.KG
KS FROSIÐ LAMBALÆRI
1. FLOKKUR
TÍU SÖLUHÆSTU
JÓLABÆKURNAR Í BÓNUS
1 SVÖRTU LOFT ARNALDUR INDRIÐASON
2 VIGDÍS, KONA VERÐUR FORSETI
3 STÓRSKEMMTILEGA STELPUBÓKIN
4 SÖKNUÐUR, VILHJÁLMUR VILHJÁLMSSON
5 ÚTKALL ÓTTAR SVEINSSON
6 HORFÐU Á MIG YRSA SIGURÐARDÓTTIR
7 LOFTKASTALINN SEM HRUNDI
8 KARLSVAGNINN KRISTÍN MARJA BALDURSD.
9 HJARTSLÁTTUR SÉRA HJÁLMAR JÓNSSON
10 EF VÆRI ÉG SÖNGVARI
Gestgjafinn
heimalagaðar
300 kr. lækkun
Gestgjafinn
Jólablað 995 kr.
Gríms Plokkfiskur
398
KR.STK
GRÍMS PLOKKFISKUR
TILBÚINN- ÞARF AÐEINS AÐ HITA !
Grænmetisbuff
998
KR. 1 KG.
NF GRÆNMETISBUFF 1 KG.
TILBÚIN- ÞARF AÐEINS AÐ HITA !
NÓA Konfekt
2498
KR.KS
NÓA KONFEKT 1 KG.
Kjarna
DJÚPSTEIKINGARFEITI
2,5 kg
1298
KR.STK
KJARNA STEIKINGARFEITI 2,5 KG
ÞESSI GAMLA GÓÐA.
Jóla Kúttersíld
498
KR.STK
KÚTTER JÓLASÍLD 540G
789
KR. 2.3 KG
Robin
ROBIN KLEMENTÍNUR 2,3 KG 789 KR.
HINAR EINU SÖNNU JÓLAKLEMENTÍNUR
Quality Street
1398
KR.
MACKINTOSH 900g
Egils
Jólaöl
OG APPELSÍN
129
KR.DS
EGILS JÓLAÖL
500ML
Egils MALT APPELSÍN
139
KR.DS
EGILS MALT OG
APPELSÍN 500ML
Coca-Cola Coca-Cola Coca-Cola Coca-Cola
JÓLA JÓLA
Coke kippur 6 fl. x 2 ltr.
Venjulegt-Light-Zero og
4dósir Víking jólaöl í kaupbæti.
Verðmæti kaupauka ca 460 kr.
SAMTALS: 14 LTR.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
VISA
VERÐTILBOÐIN GILDA FRÁ FÖSTUDEGI - SUNNUDAGS



**OBAMA Í ÓSLÓ** Norðmenn eru ósáttir við að Bandaríkjaforseti hafi ekki séð ástæðu til að þiggja matarboð Haralds Noregskonungs, eins og löng hefð er fyrir í tengslum við afhendingu friðarverðlauna. NORDICPHOTOS/AFP




# Segir stríð vera nauðsyn

**Barack Obama Bandaríkjaforseti tók við friðarverðlaunum Nóbels í gær, fáeinum dögum eftir að hafa ákveðið að senda fleiri hermenn til Afganistan.**

**NOREGUR** „Trúin á það að friður sé æskilegur dugar sjaldnast til þess að öðlast hann,“ sagði Barack Obama Bandaríkjaforseti þegar hann tók við friðarverðlaunum Nóbels í Ósló.

„Ofbeldislaus hreyfing hefði ekki getað stöðvað hersveitir Hitlers. Samningaviðræður geta ekki sannfært leiðtoga Al Kaída um að leggja niður vopn,“ sagði Obama.

Hins vegar viðurkenndi hann að stríð hefði alltaf óbærilegan kostnað í för með sér. „Engu skiptir hvernig stríð er réttlætt, það er alltaf ávísun á mannlegan harmleik.“

Hann dró heldur ekkert undan þegar hann minntist á hermennina, sem hann hefur nýlega ákveðið að senda til Afganistans: „Sumir þeirra munu drepa, sumir verða drepnir.“

Hins vegar lagði hann áherslu á að reyna þyrfti allar aðrar leiðir áður en gripið væri til þess ráðs að fara í stríð. Áður en Obama mætti til verðlaunaafhendingarinnar sagðist hann telja að margir aðrir ættu þau frekar skilið en hann sjálfur.

Norðmenn voru margir hverjir ósáttir við að Obama skyldi ekki hafa þegið matarboð hjá Haraldi Noregskonungi, eins og löng hefð er fyrir þegar friðarverðlaun Nóbels eru afhent.

Hann brá einnig út af ýmsum öðrum venjum, sem fylgt hafa verðlaunaafhendingunni áratugum saman. Hann efndi ekki til blaðamannafundar, bauð ekki upp á sjónvarpsviðtal og kom hvorki fram á friðarsamkomu barna né tónleikum, eins og fyrri verðlaunahafar hafa gert. Hann mætti heldur ekki í kvöldmat með norsku Nóbelsverðlaunanefndinni og fór ekki að skoða sýningu sem sett hefur verið upp honum til heiðurs.



**VERÐLAUNIN AFHENT** Obama tekur við friðarverðlaunum Nóbels úr hendi Thorbjörns Jaglands, formanns norsku Nóbelsnefndarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

> Ofbeldislaus hreyfing hefði ekki getað stöðvað hersveitir Hitlers.
>
> **BARACK OBAMA**
> FRIÐARVERÐLAUNAHAFI NÓBELS

„Af öllu því sem hann hefur afboðað tel ég verst að hann skuli afboða hádegisverð með konunginum,“ sagði Siv Jensen, leiðtogi norska Framfaraflokksins, í viðtali við dagblaðið Verdens Gang.

Samkvæmt skoðanakönnun blaðsins telja 44 prósent Norðmanna Obama hafa sýnt dónaskap með því að setjast ekki að snæðingi með Haraldi konungi.

Í Stokkhólmi fór einnig fram Nóbelsverðlaunahátíð í gær þar sem afhent voru verðlaun í bókmenntum, efnafræði, eðlisfræði, læknisfræði og hagfræði.

**gudsteinn@frettabladid.is**



# KOMDU NÚNA!

# JÓLATILBOÐ
## Á ÞRÝSTIJÖFNUNARHEILSURÚMUM

## AF SÉRSTÖKUM ÁSTÆÐUM GETUM VIÐ BOÐIÐ ÖRFÁ RÚM Á SANNKÖLLUÐU KREPPU VERÐI!

**41% AFSLÁTTUR!**



**AC12 ÞRÝSTIJÖFNUNAR-HEILSURÚM**
- Lagar sig að líkamanum
- Veitir fullkomna slökun
- Engin hreyfing milli svefnsvæða
- Hefur óviðjafnanlega þyngdardreyfingu
- Kemur líkamanum í rétta stellingu til hvíldar
- Þarf ekki að snúa
- 10 ára ábyrgð

**AC12 ÞRÝSTI-JÖFNUNARRÚM**
(Queen size 153x203)
Verð 236.340 kr.
**NÚ 139.440 kr.**

**AC-9 ÞRÝSITIJÖFNUNAR-HEILSURÚM**
- Lagar sig að líkamanum
- Veitir fullkomna slökun
- Einginn hreyfing milli svefnsvæða
- Hefur óviðjafnanlega þyngdardreyfingu
- Kemur líkamanum í rétta stellingu til hvíldar
- Þarf ekki að snúa
- 10 ára ábyrgð

**AC9 ÞRÝSTI-JÖFNUNARRÚM**
(Queen size 153x203)
Verð 186.340 kr.
**NÚ 128.575 kr.**



**31% AFSLÁTTUR!**

ARGH!!! 081209

**rekkjan**
HEILSURÚM

Rekkjan ehf ·· Suðurlandsbraut 48 (Bláu húsin í Faxafeni) ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is ·· Opið virka d. 10–18 og lau 11–16



**FJÖLDAMORÐUM MÓTMÆLT** Íbúar á Filippseyjum efndu til mótmælafundar í höfuðborginni Manila gegn fjöldamorðum sem framin voru í landinu nýverið. Mótmælendurnir héldu á 57 gervilíkkistum, jafnmörgum þeim sem myrtir voru. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Útpörun Sivjar Friðleifsdóttur á móti Helga Hjörvar í atkvæðagreiðslu vekur athygli:

# Pörunin stangast á við lög um þingsköp

**ALÞINGI** Útpörun Sivjar Friðleifsdóttur Framsóknarflokki í atkvæðagreiðslunni um Icesave-málið á Alþingi á þriðjudag hefur vakið athygli. Var útpörunin viðhöfð þar sem Helgi Hjörvar Samfylkingunni, nýkjörinn forseti Norðurlandaráðs, var ytra í embættiserindum.

Þessi aðferð, að para út þingmann í atkvæðagreiðslu þegar þingmaður úr andstæðri fylkingu er fjarverandi, snýst um að jafna út valdahlutföll milli stjórnarliða og stjórnarandstöðu. Hefur hún verið viðhöfð um árabil en farið nokkuð hljótt.

Gunnar Bragi Sveinsson, formaður þingflokks Framsóknarflokksins, segir að Samfylkingin hafi leitað til framsóknarmanna og í ljósi hefðarinnar hafi þeir brugðist vel við.

Í lögum um þingsköp segir að þingmanni sé skylt að vera viðstaddur og taka þátt í atkvæðagreiðslu nema hann hafi lögmæt forföll. Fjarvist Sivjar á þriðjudag er því, strangt til tekið, brot á þingsköpum.



SIV FRIÐLEIFSDÓTTIR



HELGI HJÖRVAR



GUNNAR BRAGI SVEINSSON

Gunnar Bragi segir þetta vissulega rétt en bendir á að þessi háttur hafi verið viðhafður áratugum saman. Sé hann ekki fyrir hendi þurfi flokkar að kyrrsetja þingmenn sem annars sinntu mikilvægum erindum í útlöndum. - bþs

Ómannaður smákafbátur:

# Fór yfir Atlantshaf án vélarafls

**VÍSINDI** Ómannaður smákafbátur, smíðaður af Bandaríkjamönnum, hefur skilað sér til Baiona á Spáni eftir rúmlega 7.400 kílómetra siglingu þvert yfir Atlantshafið. Báturinn lagði upp í siglinguna í apríl og var 221 dag á leiðinni. Hann gengur ekki fyrir neinu vélarafli heldur er eingöngu knúinn áfram af hafstraumum.

Eina orkan sem hann notar er til að breyta stöðu stýrisugga sinna og færa sig þannig milli strauma, en til þess hefur hann rafhlöður. Þetta er í fyrsta sinn sem tekst að senda ómannaðan kafbát þessa vegalengd en tilraun sem gerð var í fyrra mistókst. - asg

Framkvæmdir í Hríseyjarvita:

# Fjarskiptatæki á friðlýstum vita

**HRÍSEY Siglingastofnun heimilaði uppsetningu fjarskiptabúnaðar utan á Hríseyjarvita, sem er friðlýstur, að því er fram kemur á vefnum nordurlandid.is.**
**Í sumar vakti Íslenska vitafélagið athygli Húsafriðunarnefndar á þessu, en Hríseyjarviti er einn af sjö vitum sem voru friðlýstir árið 2003.**

**Húsafriðunarnefnd óskaði eftir því við Siglingastofnun, sem á vitann, í september síðastliðnum að búnaðurinn yrði fjarlægður hið fyrsta, en það hefur enn ekki verið gert.**

**Á nordurlandid.is er haft eftir Hermanni Guðjónssyni siglingamálastjóra að búnaðurinn verði fjarlægður af húsinu í vor og þá verði búið að finna aðra lausn. Væntanlega verði sett upp mastur í nágrenni við vitann.**

Europol handtekið 115 kynferðisbrotamenn:

# Barnaklámshringur upprættur

**HOLLAND** Evrópska lögreglan Europol hefur greint frá því að tekist hafi að uppræta barnaklámshring á Netinu. Kennsl hafa verið borin á fimm fórnarlömb, börn á aldrinum fjögurra til tólf ára. Einnig hafa verið borin kennsl á 221 kynferðisafbrotamann, og 115 hafa nú þegar verið handteknir.

Brotamennirnir voru handteknir við húsleitir í Austurríki, Belgíu, Bretlandi, Búlgaríu, Kanada, Danmörku, Frakklandi, Þýskalandi, Ungverjalandi, Litháen, Lúxemborg, Möltu, Hollandi, Póllandi, Rúmeníu, Slóvakíu, Slóveníu, Spáni og Sviss. Ekki hefur verið greint frá því hvenær handtökurnar áttu sér stað. Rannsókn málsins hefur tekið tvö ár og var það sérdeild austurrísku lögreglunnar sem leiddi rannsóknina. Sérdeildin fann barnaklámshópa sem höfðu notfært sér netþjón sem var hýstur þar í landi til þess að dreifa barnaklámi.

Brotamennirnir grunuðu hafa mjög mismunandi bakgrunn, en greint hefur verið frá því að einhverjir þeirra hafi verið kennarar eða í öðrum störfum tengdum börnum.

Europol hefur fram til þessa aðstoðað við að uppræta 23 alþjóðlega barnaklámshringi og borið kennsl á um 1.600 kynferðisbrotamenn. - þeb



**Á NETINU** Nær 80 prósent barna og unglinga sögðust helst spila leiki á Netinu samkvæmt könnun SAFT. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Nota Netið helst til leikja

**Nær 80 prósent barna og unglinga sögðust helst vera í leikjum á Netinu í nýrri könnun SAFT. Tæp 70 prósent barna telja foreldra sína þekkja mikið eða nokkuð mikið til tölvuleikjanna sem þau spila.**

**TÖLVUR** Nær 80 prósent barna á aldrinum níu til sextán ára sögðust helst vera í leikjum þegar þau eru á Netinu að því er fram kemur í nýrri könnun. Samfélag, fjölskylda og tækni, vakningarátak um örugga netnotkun barna og unglinga (SAFT), stóð fyrir könnuninni sem gerð var síðastliðið vor. Sambærileg könnun var gerð fyrir þremur árum og sögðust þá ríflega 80 prósent barna helst vera í leikjum þegar þau væru á Netinu. Tæp 70 prósent þátttakenda í könnuninni sögðu foreldra sína þekkja mikið eða nokkuð mikið til þeirra leikja sem þau spila á Netinu.

„Það er ánægjulegt að foreldrar eru farnir að þekkja leiki sem börnin spila í auknum mæli en áður,“ segir Guðberg K. Jónsson, verkefnastjóri hjá SAFT. Hann segir mikilvægt að foreldrar viti að mikið sé til af góðum tölvuleikjum sem séu gagnlegir og fræðandi. „Við bendum foreldrum á að skoða aldursmerkingar á tölvuleikjum sem keyptir eru handa börnum og sömuleiðis að fylgjast með leikjum sem börn eru í á Netinu.“ Guðberg segir að á heildina litið séu niðurstöður könnunarinnar jákvæðar. Meðal annars kemur fram í henni að meirihluti barna spilar tölvuleiki í innan við klukkustund þegar spilað er á Netinu, 65 prósent spila ein þegar þau eru á Netinu, 26 prósent með fjölskyldu og vinum í sama herbergi og 24 prósent með fjölskyldu og vinum á Netinu. 15 prósent spila við fólk í útlöndum sem þau þekkja ekki.

Einnig var gerð könnun á meðal foreldra um hversu mikið eftirlit er haft með tölvuleikjanotkun barna þeirra.

51 prósent foreldra sagðist hafa frekar mikið eftirlit með tölvuleikjanotkun barna, 28 prósent sögðust hafa mjög mikið eftirlit með henni, 17,5 prósent höfðu ekki mikið eftirlit og 3,4 prósent ekkert. Hefur þeim foreldrum sem hafa lítið eða ekki mikið eftirlit með tölvuleikjanotkun barna fjölgað um rúm þrjú prósent frá árinu 2007.






# ÞRJÁR SJÓÐHEITAR!




**Glæsileg bók um eitt helsta undrið í náttúru Íslands.**

**Fjallað er um á annað hundrað laugar um allt land, náttúrulaugar og manngerðar laugar.**

**Nauðsynleg handbók fyrir alla sem ferðast um Ísland.**

Víst er að mikill fengur er að þessari bók og mun hún örugglega njóta mikilla vinsælda meðal baðþyrstra Íslendinga um ókomin ár ... Hér er nú fyrst kominn lykillinn að íslenskum náttúrulaugum sem einhverjir hafa án efa beðið eftir líkt og ég.

*– Ingi F. Vilhjálmsson DV*

## 2. PRENTUN VÆNTANLEG!

★★★★

Við lestur „Kvosarinnar“ er eins og maður sé að gera hið ómögulega: að finna bloggsíðu sem skrifuð hefur verið á árunum 1980-82. Fann Flosi upp bloggið? Hann fann allavega upp áramótaskaupið! Blessuð sé minning þessa mikla snillings!

*– Bergur Ebbi Benediktsson, Midjan.is*

Alvaran verður fljótt leiðinleg ef hún er ekki krydduð með dálitlum húmor. Og gaman verður sömuleiðis leiðigjarnt ef það skýtur engri rót í alvöru lífsins. Mér þykir þessi bók skemmtilegust fyrir þá sök að hér er hvorutveggja blandað saman.

*– Erlendur Jónsson, Mbl.*

## 2. PRENTUN VÆNTANLEG!







## Hin klassísku ævintýri um Bakkabræður

Bakkabræður hafa heldur betur slegið í gegn fyrir þessi jól enda er öllum börnum nauðsynlegt að kynnast þessum einstöku bræðrum.

Kristín Arngrímsdóttir myndskreytti bókina.

## 2. PRENTUN VÆNTANLEG!

**SKRUDDA**
Eyjarslóð 9 – 101 Reykjavík
s. 552 8866 – skrudda@skrudda.is
www.skrudda.is

Skilamiði
Þessi vara er keypt í Hagkaup og fæst skilað eða skipt.
Skilafrestur bóka 11. jan. 2010
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

# Allar nýjar bækur fást í Hagkaup, yfir 600 titlar

Allir titlar fást í Smáralind, Kringlu, Holtagörðum og Skeifu, minna úrval í öðrum verslunum

## Einfalt að skila og skipta!




30%* afsláttur
TILBOÐ 4.190
Leiðb. verð 5.990,-




3. sæti** Skáldverk
35%* afsláttur
TILBOÐ 3.690
Leiðb. verð 5.690,-




35%* afsláttur
TILBOÐ 3.690
Leiðb. verð 5.680,-




30%* afsláttur
TILBOÐ 4.540
Leiðb. verð 6.490,-




30%* afsláttur
TILBOÐ 3.980
Leiðb. verð 5.690,-




7. sæti** Skáldverk
35%* afsláttur
TILBOÐ 3.690
Leiðb. verð 5.680,-




10. sæti** Skáldverk
30%* afsláttur
TILBOÐ 3.840
Leiðb. verð 5.490,-




6. sæti** Ævisögur
30%* afsláttur
TILBOÐ 4.890
Leiðb. verð 6.990,-






30%* afsláttur
TILBOÐ 3.460
Leiðb. verð 4.950,-




30%* afsláttur
TILBOÐ 3.840
Leiðb. verð 5.490,-




30%* afsláttur
TILBOÐ 3.840
Leiðb. verð 5.490,-




4. sæti** Skáldverk
35%* afsláttur
TILBOÐ 3.560
Leiðb. verð 5.480,-




35%* afsláttur
TILBOÐ 3.230
Leiðb. verð 4.980,-



* Afsláttur reiknast af almennu verði eða leiðbeinandi verði.
** Samkvæmt metsölulista mbl. 6. desember

Gildir 11.-13. desember

# 30-70% afsláttur
## af vinsælum bókum

**OPIÐ TIL 22:00**
ÖLL KVÖLD til jóla




1. sæti** Skáldverk
30%* afsláttur
TILBOÐ 3.950
Leiðb. verð 5.690,-




30%* afsláttur
TILBOÐ 13.290
Leiðb. verð 18.999,-




35%* afsláttur
TILBOÐ 3.240
Leiðb. verð 4.999,-




35%* afsláttur
TILBOÐ 3.880
Leiðb. verð 5.980,-




35%* afsláttur
TILBOÐ 3.560
Leiðb. verð 5.480,-




35%* afsláttur
TILBOÐ 3.890
Leiðb. verð 5.990,-




35%* afsláttur
TILBOÐ 3.890
Leiðb. verð 5.990,-




3. sæti** Ævisögur
35%* afsláttur
TILBOÐ 3.690
Leiðb. verð 5.690,-

Áritun laugardag 12. des.
Kringlunni kl. 14:00




35%* afsláttur
TILBOÐ 3.890
Leiðb. verð 5.990,-

Áritun laugardag 12. des.
Smáralind kl. 14:00
Áritun sunnudag 13. des.
Kringlunni kl. 15:00




70%* afsláttur
TILBOÐ 600
Alm. verð 1.999,-




30%* afsláttur
TILBOÐ 2.080
Leiðb. verð 2.990,-

EINNIG TIL Á HLJÓÐBÓK




35%* afsláttur
TILBOÐ 3.560
Leiðb. verð 5.490,-




30%* afsláttur
TILBOÐ 2.300
Leiðb. verð 3.290,-




1. sæti** Barnabækur
30%* afsláttur
TILBOÐ 3.490
Leiðb. verð 4.990,-




SÖGUHETJAN MÆTIR Í ÁRITUNINA
30%* afsláttur
TILBOÐ 2.300
Leiðb. verð 3.290,-

Áritun laugardag 12. des.
Smáralind kl. 14:00
Garðabæ kl. 15:00

50 ára HAGKAUP fyrir Íslendinga í 50 ár



**HALLGRÍMSKIRKJA** Kirkjan er vel upplýst í skammdeginu. Nú styttist í að kirkjuklukkur hennar taki upp á því að spila jólalög. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**LAUGAVEGUR** Búðargluggar við Laugaveg, líkt og annars staðar, eru nú fullir af jólaskrauti. Þetta hreindýr prýddi glugga einnar verslunarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**STRANDGATAN** Jólastemningin er mikil í Hafnarfirði, og þessi leikskólabörn nutu ljósanna og annarra skreytinga á göngu sinni um Strandgötuna. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Ljósum skreyttir bæir á jólunum

Höfuðborgarsvæðið skartaði sínu fegursta í veðurblíðunni í gær og ljósmyndarar Fréttablaðsins voru á ferðinni í Reykjavík og Hafnarfirði.


## STAÐREYNDIR UM DAGBLAÐALESTUR



ÍSLENDINGAR YNGRI EN 60 ÁRA VERJA LENGRI TÍMA Á VIRKUM DÖGUM TIL AÐ LESA SÍÐUR FRÉTTABLAÐSINS EN SÍÐUR MORGUNBLAÐSINS.



ÍBÚAR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU YNGRI EN 60 ÁRA SEM BÚA Á ÁSKRIFTARHEIMILUM MORGUNBLAÐSINS LESA FREKAR FRÉTTABLAÐIÐ.

Heimild: Lestrarkönnun Capacent maí-okt 2009.




Allt sem þú þarft...

LAMBAKJOT.IS

# Lambalæri

## – MEÐ RAUÐVÍNSPERU & KARTÖFLUGRATÍNI



Íslenska lambakjötið er einstakt. Það býr yfir öllum kostum gæðamatvöru, svo náttúrulega villt, hollt og ljúffengt. Láttu hugarflugið og lambakjötið dansa saman og sigurstundirnar í eldhúsinu verða margar, þegar hefðir og nýjustu straumar töfra fram nákvæmlega þá stemmningu sem þú vilt.



Lambalæri • 1 dl romm • 400 g hrásykur • 2 stk lime • 1 lítill ananas • 4 - 5 msk kókosmjöl
Rífið limebörk útí kókos og saxið myntu útí. Nuddið saman. Skerið ananas smátt og bakið í ofni í 25 mínútur á 150°C svo hann verði sætari. Lagið lög úr bræddum hrásykri, rommi og limesafa. Smyrjið lærið með leginum og kryddið með salti og pipar. Látið liggja í 2 klst. Bakið lærið í ofni við 160°C í 60 - 70 mín. Takið það út, hellið soðinu í pott. Látið kjötið hvíla í 20 mínútur. Hitið ofninn í 220°C. Smyrjið þá lærið aftur með leginum og bakið í 10 - 15 mín. Berið þá löginn aftur á lærið og stráið ananas, myntu og kókos yfir.

**Kartöflu- og sveppagratín**

6 bökunarkartöflur • 2 box sveppir • 2 skarlottulaukar • 4 hvítlauksrif • 1 búnt steinselja • 500 ml rjómi
Skrælið og skerið kartöflur niður í teninga, forsjóðið. Sneiðið sveppi og steikið í smjöri ásamt söxuðum hvítlauk og skarlottulauk. Kryddið með saxaðri steinselju, salti og pipar. Hellið rjómanum út á, setjið í eldfast mót og bakið í 15 - 20 mín við 170°C.

**Rauðvínssoðnar perur**

6 perur • 1 flaska rauðvín • 100 g sykur • 1 kanilstöng • 1 myntugrein • 1 negulnagli
Sjóðið allt saman og setjið svo afhýddar perurnar út í og eldið að suðu í u.þ.b. 20 mín. Kælið í vökvanum.

**Sósa**

Skerið gulrót, lauk og blaðlauk jafnt niður og steikið í potti með olíu og smjöri. Hellið soðinu af lærinu út í og sjóðið nokkra stund. Sigtið, bætið soðinu af perunum við. Sjóðið niður um 2/3. Þeytið smjör út í og kryddið með salti og pipar.

H:N markaðssamskipti / SÍA

Lambakjöt
NÁTTÚRULEGA ... SAFARÍKT

## „ORÐRÉTT“

### Skera bara nógu mikið niður í staðinn

**„Ég er ekki sammála því að Reykjavíkurborg eigi að fara út í skattahækkanir.“**

JÓRUNN FRÍMANNSDÓTTIR, FORMAÐUR VELFERÐARSVIÐS.
**Fréttablaðið 10. desember**

### Traustur

**„Menn voru á sínum tíma að hugsa um samvinnu við Kínverja þar sem ætlunin var að fara á svig við dýraverndunarlög. Ég stoppaði það.“**

BJÖRN HALLDÓRSSON, FORMAÐUR SAMBANDS LOÐRDÝRABÆNDA.
**Morgunblaðið, 10. desember.**

# tilveran
*nær og fjær*

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA:** ÓTTAR FELIX HAUKSSON FRAMKVÆMDASTJÓRI

## *Boðar heiðursgest á nýársgleði*

„Ég er rétt í þessu á jólaföndri Samtaka flytjenda og hljómplötuframleiðenda,“ segir Óttar Felix Hauksson, tónlistarmaður og framkvæmdastjóri Zonet. Hann segist óðum að komast í jólaskapið.

„Ég er búinn að renna í gegnum þessi árlegu bókatíðindi og plötutíðindi til að skoða hvað mér þykir vænlegt að gefa,“ segir Óttar. Hann segir mjög gott úrval af bókum og diskum þetta árið, og lítið vandamál að finna góðar gjafir fyrir vini og ættingja.



„Þessa dagana er ég annars mest að stússast í jólaútgáfunni fyrir Zonet,“ segir Óttar. „Við sjáum um útgáfu og dreifingu á mynddiskum og geisladiskum. Það sem mér finnst mest gaman að eru nýjar Stiklur frá Ómari Ragnarssyni og Út og suður með Gísla Einarssyni.“

Óttar hefur einnig nóg að gera við æfingar með hljómsveitinni Pops. Hljómsveitin mun halda hefðbundna nýársgleði ‘68-kynslóðarinnar á Kringlukránni á nýársdag. Þar munu snillingar á borð við Gunnar Þórðarson og Magga Kjartans skemmta gestum, auk Óttars sjálfs, en sérstakur heiðursgestur mun einnig stíga á svið. Það er enginn annar en stórsöngvarinn Engilbert Jensen sem ætlar að taka nokkur vel valin lög með Pops.

Eftir áramótin setur Óttar svo stefnuna á afslöppun í suðrænni sól, eins og eflaust fleiri sólþyrstir Íslendingar.

## FRÓÐLEIKUR
### JÖRFAGLEÐI

■ Jörfagleði nefndist árlegur vikivakadansleikur sem haldinn var á jólum í Haukadal í Dalasýslu í lok 17. aldar og snemma á þeirri átjándu. Þar var mikið fjör eftir því sem heimildir greina og hefur gleðinni verið líkt við reif-dansleiki nútímans. Kirkjunnar menn og embættismenn voru ekki mjög hrifnir af þessum samkomum sem fólk sótti langt að. Á síðustu gleðinni er sagt að 19 börn hafi komið undir. Jóni Magnússyni, sýslumanni í Dalasýslu, tókst að banna Jörfagleði fyrir fullt og allt í upphafi átjándu aldar. Hann missti embættið skömmu síðar, hlaut dóma fyrir lögbrot og dó í fátækt. Var mál manna að þar hefði huldufólk átt hlut að máli og staðið með vinnufólki móti yfirstéttinni.

Heimild: Vísindavefurinn.



**E-TÖFLUR** Hollenskur maður segir 2.400 e-töflum hafa verið stolið frá honum fyrir skemmstu og leitar lögreglan nú að þjófunum.

## Leita að horfnum e-töflum

Lögreglan í Amsterdam rannsakar nú meintan þjófnað á 2.400 e-töflum.

Eigandi taflnanna tilkynnti um þjófnaðinn til lögreglu vegna þess að hann taldi um 40 þeirra vera eitraðar. Hann segist hafa safnað töflunum um tveggja áratuga skeið og þeim hafi verið stolið þegar brotist var inn til hans á dögunum.

Lögreglan telur að manninum sé alvara en ekki sé hægt að ganga úr skugga um það. Þá er ekki ljóst hvort maðurinn verði ákærður fyrir eiturlyfjaeignina þar sem eiturlyfin eru horfin.

**- þeb**

# Playmókallar Íslands í þrjátíu ár

**Þeir eru kallaðir Playmokallarnir innan leikfangageirans og fengu á dögunum viðurkenningu frá framleiðanda þessara vinsælu leikfanga.**

„Það má segja að þetta hafi verið viðurkenning fyrir störf okkar fyrir Playmobil,“ segir Reynir Arnar Eiríksson sem ásamt Guðmundi bróður sínum tók við sérstökum heiðursbikar frá framleiðanda Playmobil.

Fjölskylda Péturs og Guðmundar hefur verið í verslunarrekstri frá árinu 1939. Þá stofnaði faðir þeirra fyrirtæki og hóf sölu leikfanga – mitt í erfiðu umhverfi efnahagskreppu. Þegar fram liðu tímar tóku bræðurnir við rekstrinum ásamt Grétari bróður sínum en hann er nú látinn.

Reynir segir að þegar þeir Eiríkssynir sáu um rekstur leikfangaverslunarinnar Liverpool hafi þeir keypt umboðið fyrir Playmobil af Böðvari Valgeirssyni, forstjóra ferðaskrifstofunnar Atlantik. Þetta var fyrir þrjátíu árum. Eins og allir vita hefur Playmobil allar götur síðan staðið traustum fótum í barnaherbergjum landsins.

Og nú stendur hinn þýski framleiðandi Playmobil fyrir því að heiðra bræðurna enda mun salan á Íslandi vera meðal þess mesta sem gerist í nokkru landi miðað við höfðatölu. „Hér á landi eru bræðurnir oft nefndir Playmokallarnir innan leikfangageirans,“ segir í tilkynningu þar sem bræðrunum er þakkað fyrir áratuga viðskipti.



Verslunin Liverpool var seld fyrir margt löngu og bræðurnir hafa selt Playmobil síðan gegnum heildsölu sína Eiríksson sf. Þriðja kynslóðin í ættinni rak hins vegar Leikbæ þar til sú verslun var seld.

„Við er komnir á aldur og erum búnir að selja heildsöluna. Nú erum við bara á hliðarlínunni,“ segir Reynir sem aðspurður kveður helstu breytingarnar sem orðið hafa á leikföngum í áranna rás vera þá að nú séu þau miklu vandaðri og fjölbreyttari en áður. „Ég fékk aldrei útlend leikföng af því að það voru innflutningshöft. Ég öfundaði alltaf börn sjómanna og flugmanna því þau fengu alltaf miklu meira af leikföngum. Eina sem ég var ánægður með í barnæsku var vörubíll úr tré sem var smíðaður af berklasjúkum smið á Reykjalundi.“

Reynir segir alla stórfjölskylduna hafa lagt hönd á plóg og allar kynslóðir þannig kynnst betur. Starfsferill þeira bræðra hafi verið skemmtilegur. „Það er alltaf gaman að selja ungu kynslóðinni. Maður þarf að vera barn í hjarta til að selja leikföng.“

**gar@frettabladid.is**




**EIRÍKSSYNIR** Bræðurnir Guðmundur og Reynir Arnar Eiríkssynir (th.) fengu sérstakan bikar frá framleiðanda Playmobil fyrir traust viðskipti í þrjá áratugi. Í bikarnum eru Playmokallar frá ýmsum tímum.

**Fagor** þvottavél



PIPAR\TBWA • SÍA

A Orkunýtni
A Þvottahæfni
A Þeytivinda

Fagor þvottavél
3F-1614
1400 snúninga þeytivinda. 6 kg hleðsla.
Tímaseinkun. Stillanleg vinda. 32 cm hurðarop.
**Jólatilboð 89.900**
Verð kr. 99.900

RÖNNING

Reykjavík · Skútuvogi 1 · Sími 562 4011
Akureyri · Draupnisgata 2 · Sími 460 0800
Reyðarfjörður · Nesbraut 9 · Sími 470 2020
Reykjanesbær · Hafnargata 52 · Sími 420 7200



**MENNT ER MÁTTUR** Starfsmenn HB Granda eru frá mörgum þjóðlöndum. Hér eru Litháar á námskeiði. MYND/HB GRANDA

HB Grandi stendur fyrir námskeiðum fyrir starfsfólk um gæðamál í fiskvinnslu:

# Kennt á níu tungumálum

HB Grandi stendur þessa dagana fyrir námskeiðum fyrir starfsfólk sitt í fiskvinnsluverum fyrirtækisins í Reykjavík og á Akranesi. Á námskeiðunum er farið yfir meðhöndlun á hráefni, hreinlæti, umgengni og þrif og þess freistað að bæta gæði afurða og fyrirtækisbrag.

Námskeiðin, sem haldin eru í samstarfi við rannsóknarstofuna Sýni, hófust í síðasta mánuði og þeim lýkur fyrir áramót. Að sögn Bergs Einarssonar, verkstjóra gæðamála hjá HB Granda, verða námskeiðin alls fjórtán talsins. Þar af eru þrjú haldin á Akranesi. Í Reykjavík eru þátttakendur alls 135 og eru námskeiðin haldin á níu tungumálum: íslensku, ensku, taílensku, pólsku, litháísku, víetnömsku, kínversku, portúgölsku og tagalog. Þátttakendur í námskeiðunum á Akranesi eru fjörutíu talsins og þar verður kennt á íslensku og pólsku.

Farið er yfir ýmsa mikilvæga þætti á sviði fiskvinnslunnar eins og örverufræði, krossmengun og matarsjúkdóma. Þá eru starfsmenn markaðsdeildar HB Granda með kynningu á helstu mörkuðum og flutningsleiðum félagsins. **- shá**

# HIMNESKUR SKÁLDSKAPUR OG FRÁBÆRT AFREK!

DYNAMO REYKJAVÍK




**HARMUR ENGLANNA** EFTIR **JÓN KALMAN**



## „HIMNESKT" *

„Frásagnartækni Jóns Kalmans nær hér hæstu hæðum ... frásögnin hrífur í sjálfri sér, og grípur lesandann með."
– Gauti Kristmannsson, Víðsjá

★★★★★
*Steinunn Inga Óttarsdóttir
Morgunblaðið

„Snilldarverk"
– Kolbrún Bergþórsdóttir
Kiljan

ÍSLENSKU BÓKMENNTAVERÐLAUNIN
TILNEFNING
1989 · 2009




**GÓÐI ELSKHUGINN** EFTIR **STEINUNNI SIGURÐARDÓTTUR**

„Einstakur höfundur."
– Le Monde

„Vermir sál á köldum degi."
– Gunnþórunn Guðmundsdóttir
bokmenntir.is

## „MERGJAÐUR SKÁLDSKAPUR"

„Þetta er blátt áfram bráðfalleg saga um ást og aðskilnað, um endurfundi og óendurgoldna ást, um móðurást, um ofurást og um eirðarlausan ferðamann sem þráir að verða hamingjumaður ... mergjaður skáldskapur."
– Þröstur Helgason, Víðsjá






**MYND AF RAGNARI Í SMÁRA** EFTIR **JÓN KARL HELGASON**



## „FRÁBÆRT AFREK"

„Jón Karl hefur unnið frábært afrek með þessari **bráðskemmtilegu og upplýsandi** bók, sem er einsog rússíbanareið um íslenskt menningarlíf – og mannlíf – fram eftir 20. öld. Hann brýtur upp hið staðnaða ævisagnaform, og **setur ný og í hæsta máta fersk viðmið.**"
– Hrafn Jökulsson, Viðskiptablaðinu

„**Snjöll og bráðskemmtileg** mynd af örlátasta og óútreiknanlegasta frumkvöðli bókmennta og lista á Íslandi."
– Jóhannes Nordal

ÍSLENSKU BÓKMENNTAVERÐLAUNIN
TILNEFNING
1989 · 2009

„Ákaflega fín bók um sterka, flotta og minnisstæða karaktera. **Sönn ánægja** að lesa hana."
– Kolbrún Bergþórsdóttir, Kiljunni

„Tekst aðdáunarlega vel að skila mannlýsingunni."
– Páll Baldvin Baldvinsson, Kiljunni

BJARTUR
www.bjartur.is

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**Fjöldi viðskipta:** 22 **Velta:** 66,4 milljónir

**OMX ÍSLAND 6** 796 **+0,25%**

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **ÖSSUR** | +0,72% | **ICELANDAIR G.** | -3,95% |
| **MAREL** | +0,63% | | |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Atlantic Petroleum 166,00 +0,00% ... Bakkavör 1,55 +0,00% ... Føroya Banki 132,00 +0,00% ... Icelandair Group 3,65 +0,00% ... Marel 63,40 +0,63% ... Össur 140,00 +0,72%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn…*

### Tveir kreppufræðingar

Paul Krugman, sem hlaut Nóbelsverðlaun í hagfræði í fyrra, segir margar leiðir færar gegn kreppunni og áhrifum hennar. Krugman, sem jafnframt er ofurbloggari og dálkahöfundur bandaríska stórblaðsins The New York Times, segir í vef sínum í fyrradag óþarfa að kafa í gömul rit eftir réttum leiðum þar eð margir hafi fjallað um málið upp á síðkastið, ekki síst um viðbrögð bandaríska seðlabankans gegn kreppunni á þriðja áratug síðustu aldar. Krugman mælir sérstaklega með ritgerð blogg- og kreppufræðabróður frá miðju síðasta ári, hagfræðingsins Gauta B. Eggertssonar, sem starfar hjá bandaríska seðlabankanum í New York. Skrif Gauta um aðgerðir gegn núverandi kreppu hafa nokkrum sinnum verið uppspretta eldheitra umræðna á bloggi Krugmans.





### Ýmislegt til dundurs

Krugman notar orðið „yeoman“ í umfjöllun sinni um Gauta. Orðið var í grófum dráttum notað um fólk af miðstétt í Bretlandi á sautjándu og átjándu öld sem hafði tíma til að sinna hugðarefnum sínum þegar færi gafst. Önnur merking á við um þá sem hafa komist í fremstu röð. Gauti segir í bloggfærslu sinni frá í fyrradag hvað hann hafi verið að dunda upp á síðkastið. Dútlið er ritgerð á sérfræðisviði hans, um aðgerðir bandaríska seðlabankans gegn kreppum. Niðurstaða hennar er sú í grófum dráttum að kaup seðlabanka á illseljanlegum eignum geti haft jákvæð áhrif á hagkerfið þegar beiting á stýrivöxtum er ekki möguleg, svo sem þegar þeir eru komnir niður að núlli líkt og vestanhafs. Væru vextir hærri og hefðbundin stjórntæki seðlabankans virkt væru áhrifin minni.

## Frekari lækkun vaxta nauðsyn

„Stýrivaxtalækkun Seðlabankans er mjög jákvætt skref og gefur góð fyrirheit um það sem koma skal,“ segir Finnur Oddsson, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands.

Hann bætir við að lækkun vaxta nú komi skemmtilega á óvart þar sem gengi krónunnar hafi ekki styrkst frá síðustu vaxtaákvörðun og verðbólga lækkað minna en væntingar voru um.

„Það er nauðsynlegt fyrir atvinnulífið hér að vextir lækki enn meira þar sem himinhár fjármagnskostnaður er að sliga mörg fyrirtæki í dag auk þess sem hátt vaxtastig dregur úr fjárfestingu í atvinnulífinu,“ segir Finnur. **- jab**

# Kippur í bílasölu ytra

**Sala á nýjum bílum tók stökk í Asíu í síðasta mánuði. Vísbendingar eru um að kreppunni sé að ljúka þar.**

Sala á nýjum bílum hjá þýska bílaframleiðandanum Audi var 8,9 prósentum betri um allan heim í nóvember en á sama tíma í fyrra. Þetta kemur fram í gögnum fyrirtækisins í vikunni. Heildarsala á fyrstu ellefu mánuðum ársins dróst saman um 5,4 prósent milli ára.

Svipuðu máli gegnir um aðra bílaframleiðendur en Bayerische Motoren Werke, sem framleiðir bíla undir merkjum BMW, segir bílasölu hafa aukist um tólf prósent frá í fyrra.

Markaðir í Asíu hífa meðaltalið upp hjá báðum fyrirtækjum, ekki síst í Kína, en þar tvöfaldaði BMW söluna. Þá var salan góð á Indlandi, í Suður-Kóreu og í Singapore, auk Brasilíu og Kanada. Rúmlega hundrað prósenta aukning var í sölu á bílum undir merkjum Audi í Hong Kong.

Stefan Bratzel, yfirmaður bílgreinarannsókna við vísindaháskólann í Bergisch Gladbach í



**SLAKAÐ Á VERKSMIÐJUNNI** Sala á nýjum bílum víða um heim hefur aukist upp á síðkastið. Fréttablaðið/AP

Þýskalandi, segir í samtali við Bloomberg-fréttastofuna, að úr gögnum um bílasölu megi lesa að neytendur séu víða að nýta sér aðgerðir stjórnvalda sem eiga að leiða til þess að keyra hagkerfi heimsins upp úr kreppunni. Þótt kippur hafi komið í söluna kunni þetta að vera tímabundið ástand og geti dregið úr bílasölu fljótlega á næsta ári. Þó megi reikna með að Kína haldi meðaltalinu uppi eitthvað lengur. **- jab**

# Vilja draga úr methalla vestanhafs

Ríkisstjórn Bandaríkjanna segir útlit fyrir að fjárútlát hins opinbera vegna neyðarbjörgunarsjóðs ríksins fyrir fyrirtæki í kröggum (Tarp-sjóðurinn), verði helmingi lægri en gert var ráð fyrir.

Tarp-sjóðurinn var settur á laggirnar í stjórnartíð George W. Bush, fyrrverandi forseta Bandaríkjanna, í október í fyrra eftir mikið karp og kaupir hann eignir fyrirtækja í skiptum fyrir eiginfjárframlag fyrir allt að sjö hundruð milljarða dala.

Fyrirtæki sem sóttu sér fé í sjóðinn hafa greitt til baka 71 milljarð dala. Timothy Geithner, fjármálaráðherra Bandaríkjanna, sagði í síðustu viku mögulegt 175 milljarðar dala verði komnar til baka í lok næsta árs. Gangi það eftir kunna heildarútgjöld stjórnvalda nema 341 milljarði dala, eða rétt rúmum helmingi af áætluðum útgjöldum.

Bloomberg-fréttastofan segir nú deilt um það á Bandaríkjaþingi hvað skuli gera við féð sem



**NANCY PELOSI** Bandarískir þingmenn deila nú um það hvað skuli gera við það sem standi út af bandaríska Tarp-björgunarsjóðnum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

standi út af fjárhagsáætlu. Bandarískir öldungadeildarþingmenn úr röðum Repúplikana segja stjórnvöld hafa gert nóg til að styðja við fjármálafyrirtæki. Nú sé röðin komin að því að vinna á fjárlagahallanum, sem hefur aldrei verið meiri.

Nancy Pelosi, forseti fulltrúadeildar Bandaríkjaþings, sagði í síðustu viku hluta sjóðsins kunna að verða nýttan til að styðja við lítil fyrirtæki. **- jab**

### HVAÐ GERA VEXTIR SEÐLABANKANS?

**Stýrivextir**

Stýrivextir seðlabanka eru þeir vextir sem bankinn notar til að hafa áhrif á markaðsvexti og gang efnahagslífsins, hvort heldur er til að hraða á vexti þess eða draga úr þenslu. Seðlabankar eiga í ýmsum viðskiptum við önnur innlend fjármálafyrirtæki, sérstaklega innlánsstofnanir, sem fjármagna rekstur sinn í viðskiptum við Seðlabankann. Stýrivextir geta haft talsverð áhrif á fjármögnunina sem skilar sér út í markaðsvexti. Þá kunna þeir að hafa áhrif á gjaldmiðla og verðbólgu. Nokkuð er síðan Seðlabankinn lýsti því yfir að í kjölfar falls bankanna í fyrrahaust urðu stýrivextir hér óvirkt stjórntæki.

**Innlánsvextir**

Eftir fall bankanna fengu innlánsvextir Seðlabankans aukið vægi í umræðunni. Þessir vextir taka náið mið af stýrivöxtum, líkt og tekið er til orða á Vísindavef Háskóla Íslands. Segja má að innlánsvextirnir hafi tekið við af stýrivöxtum svo lengi sem bankarnir geta ekki fjármagnað sig með viðskiptum við Seðlabankann. Þetta eru samkvæmt orðanna hljóðan vextir á innlánsreikningum bankastofnana á lausu fé, sem þeir binda í Seðlabankanum. Þeir slá því taktinn fyrir vaxtakjör í bankakerfinu með áhrifaríkari hætti en stýrivextir um þessar mundir.

# Slökunin jafngildir hálfu prósentustigi

**Seðlabankinn lækkaði lítillega vexti í gær. Krónan hefur haldist stöðug og erfiðara að fara í kringum gjaldeyrishöft en áður. Ár eða áratugi getur tekið gjaldmiðil að ná jafnvægi eftir hrun. Gert er ráð fyrir hægum bata krónu eftir mitt næsta ár.**

Ákvörðun peningastefnunefndar Seðlabanka Íslands um vaxtabreytingar er í samræmi við fyrri yfirlýsingar um hægfara tilslökun peningalegs aðhalds. Þetta sagði Már Guðmundsson seðlabankastjóri þegar vaxtaákvörðun bankans var kynnt í gærmorgun.

„Ég tel að þetta sé varleg lækkun. Við metum sem svo að þetta jafngildi slökun í peningalegu aðhaldi í kringum 0,5 prósentustig,“ sagði Már.

Peningastefnunefnd ákvað að lækka vexti á viðskiptareikningum innlánsstofnana um 0,5 prósentustig í 8,5 prósent. Þá var ákveðið að Seðlabankinn myndi áfram efna til útboða á innstæðubréfum til 28 daga með 9,75 prósenta hámarksvöxtum, en í því er sögð felast 0,5 prósentustiga lækkun hámarksvaxta innstæðubréfa. Vextir á lánum gegn veði til sjö daga verða lækkaðir um 1,0 prósentustig í 10 prósent og daglánavextir um 1,5 prósentustig í 11,5 prósent.

Í yfirlýsingu peningastefnunefndar kemur jafnframt fram að gengi krónunnar hafi í meginatriðum haldist stöðugt með takmörkuðum inngripum Seðlabankans og engum frá byrjun nóvembermánaðar. „Þéttari reglugerð, aukið eftirlit og virkari framfylgd reglna hafa leitt til þess að erfiðara er að fara í kringum gjaldeyrishöftin en áður.“

Í máli Más kom fram að afar erfitt væri að spá fyrir um þróun



**SKUGGABANKASTJÓRN?** Már Guðmundsson seðlabankastjóri (í miðið) kynnti ákvörðun peningastefnunefndar um vexti á fundi í bankanum í gærmorgun. Honum á hægri hönd situr Arnór Sighvatsson aðstoðarseðlabankastjóri og á vinstri hönd Þórarinn G. Pétursson, aðalhagfræðingur bankans. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

gengisins og rifjaði hann upp gamalt tilsvar frá því að hann var sjálfur aðalhagfræðingur bankans í þá veru að gæti hann spáð fyrir um gengið þá væri hann ekki í starfi heldur ríkur maður á sólarströnd.

Þórarinn G. Pétursson aðalhagfræðingur vísaði í spá bankans um að gengi krónu gagnvart evru myndi haldast nálægt 180 krónum fram á mitt næsta ár, en færast svo hægt nær 170 krónunum.

Forsvarsmenn bankans voru þó sammála um að gengið gæti haldist veikt lengi vel, jafnvel gæti tekið ár eða áratugi fyrir gjaldmiðil að ná jafnvægisgengi eftir hrun.

Arnór Sighvatsson aðstoðarseðlabankastjóri áréttaði að óvissa væri um endanlega skuldastöðu þjóðarinnar, jafnvel þó svo að draga megi bankana frá og hrein skuldastaða þá í raun betri en fyrir hrun, um 38 prósent af landframleiðslu. „Á hinn bóginn verður einhver hluti af þessu skuldir hins opinbera sem er aftur verra,“ sagði hann og kvað samband skulda þjóða og gengis gjaldmiðilsins afar flókið.

olikr@frettabladid.is

### EKKI DJÖRF ÁKVÖRÐUN

„Því verður varla haldið fram að djörfung einkenni þessa ákvörðun peningastefnunefndar Seðlabankans. Engu að síður tel ég þetta merkilega niðurstöðu,“ segir **Þórður Friðjónsson**, forstjóri Kauphallarinnar, sem jafnframt á sæti í Skuggabankastjórn Markaðarins.



Hann bendir á að í ákvörðuninni felist áherslubreyting í þá veru að horft sé í meiri mæli en áður til þess að styðja við efnahagslífið í stað aðhalds og horft til innlendra aðstæðna fremur en að láta stjórnast af gengisótta.

„Þetta tel ég tímabært og mikilvægt – og boða umtalsverða lækkun stýrivaxta á næstu mánuðum. Eins og verðlags- og efnahagshorfur eru nú metnar sýnist mér óvarlegt að hafa stýrivexti hærri að meðaltali en svona sex til sjö prósent á fyrri hluta komandi árs og fimm til sex prósent á þeim seinni, nema eftirspurn færist umtalsvert í aukana á ný,“ segir Þórður.

### SVIGRÚM TIL FREKARI VAXTALÆKKANA

„Aðgerðir bankans nú eru ótvíræð slökun á peningalegu aðhaldi öfugt við þau misvísandi skilaboð sem fólust í vaxtaákvörðun nóvembermánaðar,“ segir **Ingólfur Bender**, forstöðumaður greiningar Íslandsbanka. Hann á jafnframt sæti í Skuggabankastjórn Markaðarins. „Ég er afar sáttur við lækkunina og tel að hún hafi átt fullan rétt á sér en gengi krónunnar hefur haldist nokkuð stöðugt frá síðasta fundi nefndarinnar og verðbólgan hjaðnað. Lækkunin er hins vegar umfram væntingar líkt og greina mátti á viðbrögðum skuldabréfamarkaðarins í gær þar sem krafa ríkisbréfa lækkaði nokkuð kröftuglega. Í ljósi væntinga um að krónan ætti áfram að haldast nokkuð stöðug og verðbólgan að hjaðna frekar þá tel ég að gott svigrúm verði til frekari vaxtalækkana á næstunni og að bankinn komi til með að stíga næsta skref í því lækkunarferli strax í upphafi næsta árs,“ segir hann.



### ENGIN STRAUMHVÖRF

„Ákvörðun Seðlabankans sýnist hófleg og varfærin og verður að teljast innan eðlilegra marka við ríkjandi aðstæður,“ segir **Ólafur Ísleifsson**, lektor við Háskólann í Reykjavík og meðlimur í Skuggabankastjórn Markaðarins.



Hann bætir við að niðurstaðan komi ekki á óvart í ljósi fyrri ákvarðana og álits AGS að skilyrði fyrir lækkun vaxta hafi batnað enda fari verðbólga lækkandi og því hljóti vextir að fara sömu leið.

„Þessi ákvörðun felur ekki í sér straumhvörf heldur áfanga á langri leið. Hún gefur fyrirheit um að framhald verði á lækkun vaxta sem enn eru langt ofan við núll til tveggja prósenta stýrivexti í nágrannalöndunum. Vöxtum verður að koma niður á skaplegt stig til að blása lífslofti í atvinnufyrirtækin og reisa við efnahag þjóðarinnar,“ segir Ólafur.

**Nikon**

*At the heart of the image*

# FULLKOMIN JÓLAGJÖF

**TILBOÐ!**
**MEÐ ÖLLUM**
**NIKON D5000**
FYLGIR NÚ
**SB-400 FLASS SKIP**
**Í KAUPBÆTI.**
(VERÐMÆTI 34.995 KR.)









## NIKON D5000 REC

Færðu sjálfum þér og öðrum nýtt sjónarhorn á lífið með Nikon D5000 – myndavél með stillanlegum LCD-skjá og HD hreyfimyndatöku! Fullkomin jólagjöf fyrir fjölskylduna.

Nikon SCHOOL INTRO

**Nýjung á Íslandi!**
**Nikon skólinn**
Innifalið í kaupunum er 2,5 klst. byrjendanámskeið á D-SLR (verðmæti: 12.000 kr.).

**SÖLUAÐILAR**

**Heimilistæki** – Suðurlandsbraut 26, 108 Reykjavík – 5691500 – www.ht.is
**Sjónvarpsmiðstöðin** – Síðumúla 2, 108 Reykjavík – 5689090 – www.sm.is
**Beco** – Langholtsvegur 84, 104 Reykjavík – 5333411 – www.beco.is
**Fotoval** – Skipholt 50b, 105 Reykjavík – 5539200 – www.fotoval.is

**www.nikon.is**

Mynd: Morten Rygaard

Tilboð gildir 26. nóvember til 31. desember eða meðan birgðir endast.

# Europris

ÓDÝRT FYRIR ALLA!

# Allt fyrir



**2599**
**ÞVOTTAGRIND**
• 16 m snúrur



**2999**
**VIFTUOFN**
• 2000 W



**12.990**
**GRJÓNASEKKUR**
• Úr gallaefni



**400 gr**

**299**
**PIPARKÖKUR**
• 400 gr



**699**
**JÓLAGLÖGG**
• 500 ml
• Glöggblanda, kr 599



**99**
**KERTI - 30 CM**
• Rautt



## LIFANDI TRÉ

***Sala á lifandi trjám er hafin í Europris***

*Salan er á eftirtöldum stöðum: Fiskislóð, Korputorgi, Dalvegi, Tjarnarvöllum og á Selfossi*



**2490**
**SERÍA Á JÓLATRÉ**
• 20 ljósa



**100 í pk**

**399**
**SPRITTKERTI**
• 100 í pk

Tilboðin gilda á meðan birgðir endast

# jólin



FRÁ **199**

**GJAFAPAPPÍR**

- Mikið úrval



**21** ltr

**8990**

**STÁLPOTTUR**

- 21 ltr





**400** ml

**249**

**FABULOUS FRUIT SJAMPÓ**

- 400 ml





**2,3** kg

**599**

**ÞVOTTAEFNI**

- 2,3 kg





**4** kg

**699**

**HRÍSGRJÓN - JASMIN**

- 4 kg



**8990**

**KOLLUR / FÓTSKEMILL**

- 50x50x45 cm
- Brúnn



**499**

**ÚTIKERTI**





**899**

**SÓLBLÓMAFRÆ**

- 2,5 kg



**14,4** volt

**3990**

**HLEÐSLUBORVÉL**

- 14,4 V
- Auka rafhlaða, kr 2990



pr. stk **1990**

**BANGSAR**

- 30 cm, margar gerðir



pr. stk **489**

**FYRIR FERÐALAGIÐ**

**www.europris.is**

Fiskislóð / Korputorgi / Dalvegi, Kópavogi / Tjarnarvöllum 11, Hafnarfirði / Austurvegi, Selfossi / Baldursnesi 8, Akureyri

**FRÉTTASKÝRING:** Einhliða upptaka evru

# Tekist á um einhliða upptöku evrunnar

**Þótt umræður um krónuna og upptöku evru hafi fallið í skuggann af endalausu þjarki um Icesave undanfarnar vikur er málið síður en svo útrætt. Bloggfærsla Vilhjálms Þorsteinssonar athafnamannsins um einhliða upptöku evru hefur vakið mikla athygli, og ekki síður fjörlegar umræður sem skapast hafa á síðu hans í kjölfarið. Fréttablaðið fékk leyfi til að birta útdrátt af umræðunum.**



**EVRAN Í FORGRUNNI** Risavaxið evru merki stendur fyrir framan Evrópska seðlabankann í Frankfurt í Þýskalandi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**Vilhjálmur Þorsteinsson:** Í tilefni af umræðu um Daniel Gros, bankaráðsmann í Seðlabanka Íslands, leitaði ég mér upplýsinga um einliða upptöku evru í Svartfjallalandi í upphafi árs 2002. Gros mun hafa komið að því verkefni sem ráðgjafi. Þeir sem helst hafa talað fyrir einhliða upptöku evru á Íslandi hafa nefnt þetta fordæmi til vitnis um að einhliða upptaka sé ekki mikið mál, hana megi „klára á einni helgi“ og svo framvegis.

En þegar málið er skoðað betur kemur í ljós að aðstæður Svartfellinga voru allt aðrar en hér. Grundvallarmunurinn er sá að þýska markið var í reynd gjaldmiðill Svartfellinga, en serbneski dínarinn var notaður í undantekningartilvikum. Einhliða upptakan var því ekki meiri einhliða upptaka en svo, að gerður var samningur við þýskan banka um að taka við þýsku mörkunum og láta evrur í staðinn, sem hann fékk svo aftur hjá Evrópska seðlabankanum (ECU) sem hluta af almennri upptöku evru og útskiptingu þýska marksins.

Þetta er nákvæmlega það sem myndi gerast á Íslandi ef við gengjum í Evrópusambandið (ESB) og tækjum upp evru: íslenskar krónur yrðu þá teknar til baka inn í Seðlabanka Íslands og alvöru evrur látnar í staðinn í boði ECB.

### Tímabundið brjálæðiskast

Án stuðnings ECB yrðu ekki fyrir hendi neinar alvöru evrur til að skipta krónum í, nema þá í mesta lagi seðlum og mynt sem er hverfandi hluti peningamagns í umferð, rétt rúm eitt prósent. Einhliða upptöku-menn hafa reyndar

> **Vilhjálmur Þorsteinsson**
> Seðlabankinn gæti, í tímabundnu brjálæðiskasti, kosið að bjóða landsmönnum að skipta íslenskum „evrum“ í alvöru evrur, á meðan gjaldeyrisforði hans entist.

uppi áform um að deila í allar rafrænar krónur með 180 eða einhverri álíka tölu og kalla niðurstöðuna „evrur“. En þær „evrur“ væru ekki alvöru evrur útgefnar af ECB og með samsvörun í innistæðu íslenska Seðlabankans í ECB, heldur bara tölur á blaði sem Íslendingar streittust við að kalla „evrur“. Enginn annar myndi nota það nafn yfir fyrirbærið né taka það gilt sem eitthvað annað en íslenskar krónur með viðhengdu almennu broti.

Seðlabankinn gæti, í tímabundnu brjálæðiskasti, kosið að bjóða landsmönnum að skipta íslenskum „evrum“ í alvöru evrur, á meðan gjaldeyrisforði hans entist. En um leið og forðinn væri uppurinn, sem myndi gerast á fyrsta sólarhringnum þar sem allir vissu að ekki væru til alvöru evrur fyrir öllum íslensku „evrunum“, þá væri leiknum lokið. Forðinn búinn og þeir sem ekki náðu að skipta íslensku „evrunum“ sætu eftir með sárt ennið og verðlausan pappír – og ekki fullir þakklætis gagnvart þeim stjórnmálamönnum sem bæru ábyrgðina á dellunni.

**Heiðar Guðjónsson:** Svartfellingar hefðu tekið upp evru ef hún hefði verið til. Hún var einungis til sem reiknieiningin ECU, en ekki sem seðlar og mynt á þessum tíma. Þýski seðlabankinn hjálpaði Svartfellingum að taka upp evru, því þeir létu þá hafa þýsk mörk sem síðan sjálfkrafa var skipt yfir í evrur um leið og fyrsti dagur nýs árs kom og skipt var út myntum þeirra landa sem tóku upp evru á fyrsta degi. Þetta er því rangt hjá þér Vilhjálmur, og þú átt að vita það.

### Platevrur í Kaliforníu?

Það er aumt að þú skulir viljandi ákveða að afbaka sannleikann í umfjöllun þinni um bankakerfið. Eru evrur í Kaliforníu, sem er fimmta stærsta hagkerfi heims, bara platevrur því þeir eiga engan seðlabanka? Heldur þú að peningur í sjálfu sér hafi einhver verðmæti? Þeir eru ekkert annað en skuldaviðurkenningar um afhendu verðmæta.

Sumir vilja mæla heiminn í tommum, aðrir í sentrimetrum. Það breytir ekki stærð hlutanna hvort er gert. Á nákvæmlega sama hátt geta innistæður í bönkum verið mældar í hvaða einingu sem er, svo lengi sem báðir samningsaðilar eru því samþykkir.

Með því að taka upp einhliða aðra mynt er hægt að afnema verðtryggingu, lækka vexti um 70 prósent eða meira í einni svipan, afnema fjármagnshöftin hraðar en ella, laða til landsins fjármagn, minnka óvissu í viðskiptum og eyða verðbólguáhættu.

Krónan lagaði ekki samkeppnishæfni Íslands þegar hún féll, heldur gerði hún fyrirtæki og almenning fátæk, eða gjaldþrota. Hagkerfið hefur dregist saman um um það bil sjö prósent á skömmum tíma, mælt í krónum. Mælt í alþjóðlegum peningum, hefur hagkerfið dregist saman um 60 prósent. Á meðan eru skuldirnar óbreyttar, því enginn vildi taka lán í krónum á okurvöxtum, heldur aðeins í verðtryggðum krónum og erlendri mynt.

> **Heiðar Guðjónsson:**
> Sumir vilja mæla heiminn í tommum, aðrir í sentrimetrum. Það breytir ekki stærð hlutanna hvort er gert. Á nákvæmlega sama hátt geta innistæður í bönkum verið mældar í hvaða einingu sem er, svo lengi sem báðir samningsaðilar eru því samþykkir.

### Best varða bankakerfi í heimi

Til viðbótar vil ég nefna að eina landið sem stóð af sér gjaldeyrishrunið 1997 í Suðaustur-Asíu var Hong Kong. Hong Kong er með myntráð og þar hafa þeir engin fjármagnshöft en ekki heldur eigin peningastefnu. Þeir hafa tekið upp amerískan dollar í gegnum myntráðið. Þar í landi er seðlabankinn með um 25 prósent af öllum innistæðum í varasjóði til að mæta hugsanlegu bankaáhlaupi. Þetta er fjórfalt það sem gerist í Bandaríkjunum, en þriðjungur af forðanum sem bankinn hafði áður þegar um fljótandi gjaldmiðil var að ræða með öllu því óráði sem af hlaust.

Íslenski Seðlabankinn er með um 440 milljarða forða og grunnmynt kerfisins er 83 milljarðar samkvæmt tölum bankans. Hann myndi því eiga eftir 360 milljarða, eða meira en 25 prósent af öllum innistæðum í landinu sem myndi gera Ísland að best varða bankakerfi í heimi. Þessu til viðbótar hefur Seðlabanki Íslands öll lán Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) á línunni, vel yfir 600 milljarða króna, og þá er kerfið varið meira en 75 prósent, og Ísland hefði gulltryggt bankakerfi, það tryggasta í heimi. Með slíkt kerfi yrði fjárstreymi til landsins, en ekkert bankaáhlaup. Ef áhlaup ætti sér stað væri ekkert mál að mæta því. AGS er samþykkt þessari leið. Þá þyrfti ekki að verja þessum lánum í að reyna að fleyta haftakrónunni aftur. Þá væri hægt að komast í sóknarstellingar frekar en að vera í varnarbaráttu í áratugi.

**Vilhjálmur:** Ég er ekki að afbaka neinn sannleika, bara að segja hann eins og hann er. Eins og fram kemur í frétt BBC fengu Svartfellingar farma af evrum senda frá Þýskalandi, sem þeir keyptu fyrir þýsku mörkin sem þeir áttu áður. Hvort ECU var tímabundin millieining í þessum viðskiptum skiptir ekki máli efnislega. Þeir áttu gjaldmiðil sem var skiptanlegur í evru í boði ECB og nýttu sér það. Þess vegna er þeirra staða allt önnur en okkar, sem erum með óskiptanlegan gjaldmiðil – íslensku krónuna.

Evrur „í Kaliforníu“ eru ekki „í Kaliforníu“ nema þá sem seðlar og mynt. Ef þú ert Kaliforníubúi og átt evrur á bankareikningi, þá eru þær skuld viðkomandi banka við þig, en evrurnar fær bankinn upphaflega frá einhverjum aðildarbanka ESCB kerfisins. Allar evrur eru á endanum hýstar í ECB – alveg eins og allar krónur eru á endanum hýstar í Seðlabanka Íslands, hvort sem með þær er sýslað í Kaliforníu, Cambridge eða á Kópaskeri.

### Íslenskar „evrur“ ekki gjaldgengar

Íslenskar krónur sem Seðlabanki Íslands deilir í með 180 og kýs að kalla „evrur“, eru ekki í þessari keðju – þær eru ekki hýstar á reikningi í aðildarbanka ECB. Þær eru því ekki gjaldgengar í greiðslukerfum og eru ekkert annað en krónur undir nýju nafni.

Ég er sammála um brýna nauðsyn þess að Ísland taki upp aðra mynt, og alla kosti þess, en tel að það verði að gerast á réttan og viðeigandi hátt: með alvöru upptöku evru og útskiptingu krónu í boði ECB. Annað er bara óraunhæf spilaborg sem getur ekki gengið í praxís.

**Heiðar:** Í fyrsta lagi stóð alltaf til

> **Andri Haraldsson:**
> Ef það er raunverulegur áhugi fyrir að meta þessa hugmynd um einhliða upptöku evru gæti svona verkefni leyft öllum að fara í gegnum ferlið án þess að þurfa að leggja að veði hag landsins, og með tiltölulega ódýrum hætti.

að taka upp evru hjá Svartfellingum og það gerðu þeir einhliða, um það er ekki deilt. Síðan hafa aðrar þjóðir einnig gert þetta einhliða, til dæmis El Salvador á nokkrum vikum, Ekvador yfir helgi og svo mætti áfram telja. Lengst er síðan Panama gerði þetta, árið 1905.

Evrurnar sem eru í eign íslensku bankanna eða Seðlabankans eru nákvæmlega eins og evrurnar sem einhver á í USA, eða annars staðar. Ísland er því ekki með neinar platevrur. Nettó gjaldeyrisforði Seðlabankans er eign hans, en ekki lán. Hann dugar mörgum sinnum fyrir skiptunum. Þá þarf ekki að draga á AGS-lánin en með því að hafa þau á hliðarlínunni, ódregin, er búið að búa til tryggasta bankakerfi í heimi.

Það þarf einungis að skipta um grunnmynt í kerfinu. Grunnmynt í íslenska kerfinu er 80 milljarðar. Það hefur Seðlabankinn fimmfalt í forða sínum í dag. Það sem eftir stendur, má nota í að verja kerfið og þá þarf ekki að taka frekari lán. Heildarkerfið er þar með evruvætt. Það talar enginn um ítalskar eða írskar evrur í dag, og ekki myndi nokkur maður tala um íslenskar evrur sem eitthvað veit um bankaviðskipti.

Menn tala fjálglega um lánveitanda til þrautarvara, en hann er alltaf ríkið, ekki seðlabankinn,

FRAMHALD Á SÍÐU 32

## RÖKRÆÐA UM EINHLIÐA UPPTÖKU EVRU



**Vilhjálmur Þorsteinsson** athafnamaður er stjórnarformaður tölvufyrirtækisins CCP og fyrirtækisins Verne Holding, sem hyggst reisa gagnaver hér á landi.



**Heiðar Guðjónsson** hagfræðingur starfar í Zürich í Sviss, en var áður framkvæmdastjóri hjá Novator í London.



**Andri Haraldsson** er framkvæmdastjóri tölvufyrirtækisins Understand Corporation í Washington DC í Bandaríkjunum.



# Þægindin í fyrirrúmi

## Í DÖNSKU GÆÐARÚMUNUM FRÁ PASSION

Ef þú vilt þægindi og góða hvíld eru rúmin frá Passion góður kostur fyrir þig. Passion framleiðir afar vönduð rúm og eru þau tvímælalaust með bestu rúmakaupunum í dag. Dýnan býður upp á tvo stífleika sem þú getur alltaf breytt á einfaldan hátt. Hægt er að velja um sjö tegundir fóta og fimm mismunandi áklæði á rúmin. Þá er hægt að velja þrjár tegundir af yfirdýnu, latex-, þrýstijöfnunar- eða svampdýnu. Passion rúmin koma í ýmsum stærðum.

PASSION

DÖNSK HÖNNUN · DÖNSK GÆÐI

Þráðlaus fjarstýring með barnalæsingu fylgir Passion rúmunum og kraftmiklir en hljóðlátir rafmagnsmótorar gera það að verkum að Passion rúmið færist mjúklega og hljóðlega í hvaða stöðu sem þú velur.



**Troðfull búð af jólatilboðum!**



**Frábærir tungusófar í miklu úrvali á frábæru verði, þrír litir í boði, alklæddir leðri. Hægt er að velja um vinstri eða hægri tungu, margar stærðir.**




Serta®

**Komdu í heimsókn og skoðaðu 2010 módelin frá Serta og leyfðu þér að dreyma um góðan svefn.**

**Allt að 35% kynningarafsláttur**



# LÚR
BETRI HVÍLD

**LÚR - BETRI HVÍLD** • HLÍÐASMÁRA 1 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 554 6969 • FAX 554 3100 • HEIMASÍÐA: WWW.LUR.IS • NETFANG: LUR@LUR.IS

## FRÉTTASKÝRING: Einhliða upptaka evru

FRAMHALD AF SÍÐU 30

eins og dæmi frá Evrópu og Bandaríkjunum sanna.

**Vilhjálmur:** Punkturinn með pistlinum hjá mér var að benda á að Svartfjallaland er ekki fordæmi fyrir okkur, eins og haldið hefur verið fram í umræðu. Það sem Heiðar er að tala um er tilraun sem mér vitanlega hefur hvergi verið reynd og er í rauninni eitt stórt plat að því leyti að ekki er um að ræða einhliða upptöku alvöru evru heldur einhvers sem menn kjósa að kalla evru. Síðan er vonin sú að fólk „kaupi“ platið í nægilega miklum mæli til að það fljóti í einhvern tíma í það minnsta.

**Heiðar:** Aftur ferðu með rangt mál Vilhjálmur. Þegar ég er nýbúinn að telja upp mörg ríki þar sem einhliða upptaka hefur heppnast stórvel segir þú að þetta sé tilraun sem hvergi hafi verið reynd. Það er ekki hægt að ræða með rökum við menn sem eru blindir á allt annað en pólítískt ætlunarverk sitt; að koma Íslandi í ESB.

Ég hef ekkert á móti ESB, en menn eiga að fara þangað á tveimur fótum og leita að samningi, ef vilji er fyrir hendi, en ekki fjórum. Ef aðalástæðan er að fá fyrirgreiðslu hjá ESB er betra heima setið en af stað farið.

### Evrur, krónu og skeinipappír

Vilhjálmur kýs að kalla allar evrur sem ekki eru í evrulöndum sem platevrur. Þegar menn skilja ekki einföldustu uppbyggingu bankakerfa er hægt að kalla alla peninga plat, nema þá sem hönd á festir, seðla og mynt. Allir hlutir hafa verð. Verði í evrum, krónum, skeinipappír og ýmsu öðru. Það er ekkert vandamál að setja evruverð á krónueignir.

Til Íslands hafa komið þeir sem hafa framkvæmt einhliða upptöku upp á síðkastið, Manuel Hinds, yfirmaður hjá AGS sem einn sá fyrir hrun Sovétríkjanna þar á bæ og framkvæmdi skiptin í El Salvador.



**VEGIÐ OG METIÐ** Möguleikar á einhliða upptöku evru hafa verið í umræðunni hjá fólki hér á landi lengi. NORDICPHOTOS/GETTY

**Vilhjálmur Guðjónsson:**
Ég er sammála um brýna nauðsyn þess að Ísland taki upp aðra mynt, og alla kosti þess, en tel að það verði að gerast á réttan og viðeigandi hátt: með alvöru upptöku evru og útskiptingu krónu í boði ECB. Annað er bara óraunhæf spilaborg sem getur ekki gengið í praxís.

Alonzo Perez sem framkvæmdi skiptin hjá Ecuador, og starfar nú hjá London School of Economics, og Daniel Gros, sem var einn af arkitektum evrópska myntsamstarfsins og framkvæmdi skiptin fyrir Svartfellinga.

**Andri Haraldsson:** Heimurinn hefur áður reynt fastengingu gjaldmiðla og stundum hefur það virkað þegar ein þjóð festir gengi sitt við annan gjaldmiðil, og stundum ekki.

Það sem Heiðar hefur verið að tala um er að ganga skrefinu lengra en að bara festa gengið við einhvern gjaldmiðil – hann vill í raun byggja nýjan gjaldeyrisforða í erlendri mynt, og lifa svo og hrærast í þeirri mynt. Það þýðir um leið að íslenski seðlabankinn sem úrræði hættir að vera til. Það þýðir líka að fjárfestingar á Íslandi verða verðlagðar með öðrum hætti. Á endanum myndum við ætla að fjármagnsflæði til og frá Íslandi myndi stjórnast af ytri þáttum með meiri hætti en nú er.

### AGS mælir með einhliða upptöku

Vandamálið sem Vilhjálmur bendir á er raunverulegt og engin leið að horfa framhjá því. Væri mat Seðlabankans krónunni í óhag þegar krónunum væri skipt í evrur væri í raun verið að stela peningum af almenningi. Ef það væri evrum í hag myndi gjaldeyrisforðinn hugsanlega tæmast.

**Heiðar:** AGS er ekki svartsýnni en svo á einhliða upptöku að sjóðurinn mælti sérstaklega með henni í skýrslu í vor fyrir ríki í Austur-Evrópu. AGS hefur sagt á fundum á Íslandi að þeir myndu ekki setja sig upp á móti slíku. Lánin þeirra væru því enn til staðar, en óþregin. Gjaldeyrisforði, og varaforði banka, er þannig stærð að svo lengi sem menn telja hana duga, er hún óþörf. Á sama hátt ef menn telja forðann of lítinn, er sama hvernig hann er nýttur, þá verður alltaf áhlaup.

**Andri:** Ég held ég skilji það sem þú segir sem svo: skipt er nægilega hratt um gjaldmiðil og ekki lagt í langtíma aðlögunarferli með skiptingu á krónum í evrur,

**Andri Haraldsson:**
Væri mat Seðlabankans krónunni í óhag þegar krónunum væri skipt í evrur væri í raun verið að stela peningum af almenningi. Ef það væri evrum í hag myndi gjaldeyrisforðinn hugsanlega tæmast.

þá leysist vandamálið vegna þess að það myndast ekkert tækifæri til að stunda skortsölu í krónum – þær væru einfaldlega ekkert til. Og vegna þess að svo mikill hluti peningamagnsins er bundinn verður ekkert uppnám. Fólk fer bara að nota evrur. Ég er ekki viss um að þetta sé rétt, en látum það standa.

En hvað með bankastarfsemi? Hvað með lán sem eru í krónum? Hvað með þau peningamarkaðstæki sem Ísland hefur notað í gegnum gengisfellingar til að draga úr neyslu? Það sem ég sé ekki að fullu útskýrt er hvernig þetta muni hjálpa eða hindra fyrirtækin og fólkið í landinu.

**Vilhjálmur:** Þegar ég segi að þetta hafi hvergi verið reynt, þá á ég við einhliða upptöku með þeim hætti sem þú lýsir – ekki til að mynda það sem var gert í Svartfjallalandi, sem var allt annað. Í þeim dæmum sem þú nefnir þá voru stórir hlutar hagkerfanna þegar komnir í aðra mynt í reynd og miklu minni stabbi af gömlu myntinni sem þurfti að verja með varasjóðum. Í íslenska dæminu miklu er upphæð kviks fjármagns miklu stærri hlutfallslega miðað við gjaldeyrisvarasjóðinn, sérstaklega ef verið er að tala um nettósjóðinn.

### Hvatt til hraðupptöku evru

AGS mælti ekki með einhliða upptöku evru í Austur-Evrópu með þessum hætti sem hér er lýst, heldur hvatti ESB til að skoða hraðupptöku alvöru evru í þessum ríkjum, sem er einmitt það sem ég vildi gjarnan sjá á Íslandi.

**Heiðar:** Í apríl lak skýrsla AGS til Financial Times. Þar var mælt með einhliða upptöku evru ef ekki fengist fyrirgreiðsla hjá ECB.

Allt þetta tal um lánveitanda til þrautarvara er sérkennilegt. Seðlabanki Íslands var enginn lánveitandi til þrautarvara. Hann dró úr peningamagni í umferð þegar mest á reyndi, í krónum, og útvegaði engan gjaldeyri. Eins er ECB enginn lánveitandi til þrautarvara, heldur ríkin í hverju landi, sem ekkert seðlaprentunarvald hafa.

Þú heldur því síðan fram að Ísland sé ekki þegar búið að kasta krónunni, líkt og önnur lönd hafa sagt skilið við sínar myntir og svo tekið upp einhliða aðrar. Hvernig útskýrir þú þá að 90 prósent íslenska bankakerfisins voru í annarri mynt en krónu? Íslenskt atvinnulíf bar ekki krónuna og vildi því frekar notast við aðra mynt, þannig varð til fjármálakerfi og skuldbindingar í allt annarri mynt en Seðlabankinn réði yfir. Þegar svo er komið er langhreinlegast að taka upp þá mynt sem flestir notast við í fjármögnun sinni.

Með því að skipta út grunnmyntinni er gengisáhættu eytt. Með því lækka vextir og verðbólga hverfur. Með því eykst aðgangur að fjármagni svo um munar og hægt er að lyfta fjármagnshöftum.

Í dag eru tvær leiðir til að skipta út grunnmynt. Annars vegar pólitísk leið sem er að sækja um aðild að myntsamstarfi, og hins vegar markaðsleið, sem er hreinlega að nota þá fjármuni sem til staðar eru og skipta út myntinni einhliða. Pólitíska leiðin tekur um áratug, lengur ef IceSave verður samþykkt, en hin tekur nokkrar vikur.

**Vilhjálmur:** Í frétt Financial Times um skýrslu AGS varðandi hraðupptöku evru í Austur-Evrópu kemur fram að þar var um að ræða evruupptöku í samvinnu við ECB en án þess að ríkin fengju sæti í bankaráði bankans og án þess að uppfylla Maastricht-skilyrðin.

### Ekki á vetur setjandi

Alvöru evruvæðing er góð, en „evruvæðing“ þar sem íslenskar krónur eru skírðar nýju nafni er ekki á vetur setjandi og lokar valkostum okkar til framtíðar.

**Heiðar:** Ég hef persónulega rætt við yfirmann stækkunarmála EMU, Massimo Suarvi, í Brussel. Hann segir að ESB myndi aldrei styðja einhliða upptöku, en það væri lítið sem þeir gætu gert á móti henni.

Michael Emmerson, fyrrverandi ráðuneytisstjóri „fjármálaráðuneytis“ ESB og einn af arkitektum regluverks fjármálamarkaðarins hjá ESB, skrifaði grein í Fréttablaðið þar sem hann sagði að ESB myndi aldrei styðja þetta opinberlega, en ekki heldur geta neitt gert í málunum.

Eftir að hafa rætt við yfirmann lagastofnunar ESB er alveg kristaltært að það er ekkert í EES-samningnum sem bannar okkur að gera þetta og ekkert sem heimilar riftun ESB ef Ísland tekur upp evru einhliða. Það er engin „alvöru“ og „plat“ evruvæðing. Munurinn er bara sá hvort farin er markaðsleið, sem tekur nokkrar vikur, eða stjórnmálaleið sem tekur meira en áratug.

**Heiðar Guðjónsson:**
Í dag eru tvær leiðir til að skipta út grunnmynt. Annars vegar pólitísk leið sem er að sækja um aðild að myntsamstarfi, og hins vegar markaðsleið, sem er hreinlega að nota þá fjármuni sem til staðar eru og skipta út myntinni einhliða.

**Andri:** Ég er ekki viss um að nokkur geti með einföldu móti lýst hér öllum kostum og göllum þessarar hugmyndar. Það helgast fyrst og fremst af því að það eru ýmis útfærsluatriði sem skipta miklu máli og að til að skilja þessi atriði þarf að sannreyna þau í dýnamísku umhverfi þar sem aðilar kerfisins bregðast við ákvörðunum.

Það er til einföld aðferðarfræði sem myndi hjálpa til við þetta. Í stað fyrirlestra og orðræðu til að sannfæra fólk væri hægt að nota vel reynda aðferðarfræði sem byggist á því að hópur fólks sem hefur ákveðnar vinnureglur og skyldur kemur saman. Fyrst er tryggt að allir skilji hvernig verkefnið fer fram. Svo eru settar af stað ákveðnar aðstæður sem á að bregðast við. Sérfræðingar og þátttakendur gefa síðan upplýsingar um hvernig þeir myndu bregðast við breyttri stöðu. Þannig myndast mjög góður grunnur um hvernig svörunin yrði í raunveruleikanum – og ekki síst hvað þarf að gera til þess að hægt sé að hafa getur ýtt af stað keðjuverkandi mistökum.

Ef það er raunverulegur áhugi fyrir að meta þessa hugmynd um einhliða upptöku evru gæti svona verkefni leyft öllum að fara í gegnum ferlið án þess að þurfa að leggja að veði hag landsins, og með tiltölulega ódýrum hætti.

**Heiðar:** Ég er algerlega sammála þessari hugmynd. Þá gæti Samfylkingin líka afsannað að þeim sé meira umhugað um ESB en hag almennings. Charles Goodhart og Charles Wyplosz, sem eru fremstu peningahagfræðingar Evrópu, væru örugglega tilbúnir að leggja hönd á plóg. Svo væri hægt að nota Daniel Gros, sem er sérfræðingur í framkvæmdinni og er hér hvort eð er reglulega að leggja Seðlabankanum heilt til.




FRÉTTASKÝRING
BRJÁNN JÓNASSON
brjann@frettabladid.is



KRISTINN E. HRAFNSSON



LISTAVERKABÓK Á HEIMSMÆLIKVARÐA

CRYMOGEA
– fegurðin býr í bókum

Barónsstíg 27 | 511 0910 | crymogea@crymogea.is | www.crymogea.is



Mikið úrval ljósa
Fabienne
Picasso
Las Vegas
Mysinge
Loke
Auriga
Modular
Las Vegas
Aves
Catwalk
Nikita
Selene
Msraf002
Anastasia
Tosca
Aves
Aves
Msraf017
Comforty
Twin
Opið laugardag 11:00 - 16:00 & sunnudag frá 13:00 - 16:00
Rafkaup
Ármúla 24 • S: 585 2800
www.rafkaup.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Bölmóður, bjartsýni, raunsæi:

# Guðinn í vélinni

JÓN KALDAL SKRIFAR

Undanfarið ár hefur gengisfall ýmissa orða og hugtaka jafnvel verið enn brattara en varð á krónunni í fyrra. Orð sem áður voru dýr, til dæmis, svik, landráð og þjóðargjaldþrot, er nú farið með sem hvert annað klink í umræðunni. Fyrir vikið er þunginn farinn úr þeim.

Viðbrögð gífuryrðakónganna hafa verið að gefa enn meira í og tvinna saman enn fleiri stóryrði. Afleiðingin er að orðin fölna enn frekar og missa lit sinn. Þetta er heldur dapurleg misnotkun á tungumálinu.

Ekki eru skilaboð þeirra sem hæst láta síður sorgleg. Ef mark er á þeim takandi á Ísland sér tæpast viðreisnar von.

Ýmsar af svakalegustu svartsýnisspánum og digrustu yfirlýsingunum hafa komið frá tiltölulega þröngum hópi þingmanna þjóðarinnar. Þar hafa farið fremstir í flokki tveir ónefndir þingmenn Framsóknarflokksins, við getum kallað þá Bölmóð og Dómsdag. Það verður áhugavert verkefni fræðinga framtíðarinnar að bera saman spádóma þeirra og veruleikann að nokkrum árum liðnum.

Væntanlega eru það svartsýnismönnunum vonbrigði að hér hefur margt farið betur en óttast var. Samdráttur í landsframleiðslu er minni en reiknað var með á árinu, færri eru atvinnulausir og spáð er tveggja til þriggja prósenta hagvexti á næstu árum.

Þetta þýðir þó hreint ekki að við séum komin fyrir horn. Áframhaldandi erfiðleikar eru við sjóndeildarhringinn og þeir munu ekki gufa upp.

Of margar hugmyndir eru á kreiki um að til séu einhverjar töfralausnir sem geta leyst vanda þjóðarinnar nánast á einu augnabliki. Flatar allsherjarafskriftir lána, umsókn um aðild að Evrópusambandinu, einhliða upptaka annars gjaldmiðils en krónunnar, að hafna Icesave-ábyrgðinni og leggja fyrir dómstóla; þetta eru nokkur dæmi um það sem má líkja við bið eftir Guðinum í vélinni, deus ex machina, sem kom svífandi úr rólu niður á sviðið í grískum harmleikjum og leysti úr vanda sögupersónanna þegar öll önnur ráð voru á þrotum.

Þessi bið er sú tegund af bjartsýni sem er á hinum endanum við bölmóðinn. Hvort tveggja er án jarðtengingar við raunveruleikann.

Bjartsýni sem byggir á bláeygri trú á að allt verði betra á morgun eða hinn er oftast gagnslítil og getur verið beinlínis háskaleg því hún hefur gjarnan í för með sér vonbrigði þegar ekkert breytist.

Sú gerð af bjartsýni sem dugar betur er að temja sér að líta sæmilega jákvætt á tilveruna. Og þar er af nægu að taka.

Þrátt fyrir þrönga stöðu er hér enn mjög öflugt samfélag, með sterkt mennta- og velferðarkerfi. Skuldastaða þjóðarbúsins er vel viðráðanleg og í raun betri en fjölmargra annarra Evrópulanda þegar til lengri tíma er litið. Þar vegur hvað þyngst geysilega sterk staða lífeyrissjóðanna og jákvæð aldurssamsetning þjóðarinnar. Ísland er yngsta þjóð Evrópu og því í verulega betri málum en til dæmis Frakkland, Ítalía og Grikkland, þar sem fleiri munu þiggja lífeyri en verða á vinnumarkaði árið 2020. Það mat er reyndar hvorki byggt á bölmóði né bjartsýni heldur raunsæi.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

Ný og persónuleg jógastöð

Opnunartilboð
15%
afsláttur af öllum kortum

Hot jóga
Hatha Jóga
Byrjendanámskeið
Meðgöngujóga námskeið

Stakur tími 1.500 kr.
Mánaðarkort 9.265 kr.
3 mánaðakort 20.315 kr.
6 mánaðakort 30.600 kr.

**Byrjendanámskeið 12.665 kr.**
**Meðgöngujóga námskeið 9.265 kr.**

Innifalið í kortum eru allir opnir tímar ásamt þeirri þjónustu sem boðið er upp á í Veggsport.

JÓGA Stúdíó

Stórhöfði 17 (gengið inn um Veggsport)
Sími: 695 8464 og 772 1025
www.jogastudio.org

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Spunameistararnir

Vinsælt er í umræðum um pólitík að uppnefna andstæðinginn, hvort sem hann er raunverulegur eða ímyndaður. Náhirð er dæmi um það, Baugsmiðlar og -pennar líka. Fyrir nokkrum árum var farið að tala um spunameistara í stjórnmálum. Þótti snjallt að sæma tiltekið fólk slíkri nafnbót enda er spuni heldur leiðinlegt fyrirbrigði. Einar K. Guðfinnsson grípur til spunameistarabrellunnar í pistli á síðunni sinni í vikunni. „Þar voru mættir í hliðarsali, spunameistararnir úr Samfylkingunni, sem alltaf eru álengdar, þegar mikið liggur við og hugsjónamál Samfylkingarinnar, ESB og Icesave eru til umræðu,“ skrifar Einar. Spunameistararnir meintu voru Hrannar B. Arnarsson, aðstoðarmaður forsætisráðherra, og Einar Karl Haraldsson, upplýsingafulltrúi forsætisráðuneytisins.



### Spunameistararnir

Einu sinni var Einar K. ráðherra. Hann hafði aðstoðarmann að nafni Björn Friðrik Brynjólfsson. Ætli Einar hafi litið á hann sem spunameistara? Eða á það bara við um aðstoðarmenn Samfylkingarráðherra? Björn Friðrik vinnur nú í forsætisráðuneytinu.



### Beðið eftir svari

Dagur B. Eggertsson hefur í tvígang óskað eftir svörum um hvort breytingar sem fyrirhugaðar eru á starfsemi slökkviliðs á Reykjavíkurflugvelli ógni öryggi vallarins. Þeirri spurningu hefur þegar verið svarað á Alþingi. Það gerði Kristján Möller samgönguráðherra en breytingarnar eru gerðar á vegum Flugstoða, undirstofnunar ráðuneytis hans. Í sparnaðarskyni. Nei, sagði Kristján, öryggi er ekki ógnað. Nú er bara að bíða eftir svari borgarinnar um sama mál. Gæti hún komist að hinu gagnstæða? Hvað gerir Dagur þá?

bjorn@frettabladid.is

# Álver sem umhverfisvernd



LOFTUR GUTTORMSSON

**UMRÆÐAN** | Stóriðja og umhverfismál

Erna Indriðadóttir, starfsmaður Alcoa á Reyðarfirði, birti grein í Fréttablaðinu 2. des. síðastliðinn undir fyrirsögninni „Ástæðulaus ótti“. Hér andmælir hún tveimur atriðum í grein sem ég birti hér í blaðinu 26. nóv. Ég sé ástæðu til að gera nokkrar athugasemdir við staðhæfingar Ernu.

### Meginþættir í hrunadansinum

Í greininni hélt ég því fram að virkjunin við Kárahnjúka og bygging Fjarðaáls á Reyðarfirði árin 2002–2007 hefði átt þátt í að skapa það „ástand, með ofþenslu og hávaxtastefnu, sem endaði í hrunadansinum“ 2008. (LG, 26. nóv.). Erna viðurkennir að framkvæmdirnar eystra hafi „haft einhver áhrif á þensluna sem hér varð …“ en vill gera minna úr áhrifunum en efni standa til. Að mínum dómi var hér um einn af fjórum meginþáttunum í hrunadansinum að ræða.

Þótt skilja megi annað af máli Ernu var það ekki ætlun mín í umræddri grein að vega áhrif stórframkvæmdanna á Austurlandi á móti öðrum áhrifaþáttum hrunadansins. En í þessu sambandi nefnir Erna réttilega „byltingarkenndar breytingar á fjármálakerfinu“, öðru nafni einkavæðingu bankanna, sem hleypti m.a. af stað byggingarbólunni.

Sem aðra helstu efnahagslega áhrifaþætti vil ég svo nefna markaðsvæðingu fiskveiðiheimildanna og þá óhemju skuldsetningu sem fylgdi útrásinni margumtöluðu.

### „Íslenska ákvæðið“ beita fyrir fjárfesta

Hitt atriðið í grein minni, sem Erna andmælir, varðar tengsl íslenska undanþáguákvæðisins frá mengunartakmörkunum Kyoto-bókunarinnar við stórframkvæmdirnar eystra. Erna heldur því fram að í þessari undanþágu („íslenska ákvæðinu“) hafi falist „viðurkenning á því að Íslendingar standa fremstir meðal þjóða í notkun endurnýjanlegrar orku“.

Þetta er fjarri réttu lagi. Undanþágan, sem fékkst samþykkt á elleftu stundu á þingi um loftslagssamninginn í Marrakesh 2001, hafði ekkert með stöðu Íslands í mengunarmálum að gera. Íslendingar voru þá þegar í meðallagi meðal iðnríkja hvað varðar losun gróðurhúsalofttegunda. Þáverandi ríkisstjórn Davíðs Oddssonar var andvíg aðild Íslands að Kyoto-bókuninni nema undanþága fengist fyrir losun frá stóriðju hérlendis.

Með tilkomu Reyðaráls og Norðuráls í Hvalfirði erum við komin í tölu þeirra fimm ríkja sem menga mest, með 17 tonna losun á hvern íbúa. Undanþáguákvæðið – það að fá ókeypis losunarkvóta fyrir gróðurhúsaloft – var hugsað af hálfu stjórnvalda sem beita fyrir stóriðjufyrirtæki og „vælt út“ með vísan í smæð landsins.

### Margtuggin klisja

Að hætti stóriðjusinna reynir Erna loks að réttlæta áframhaldandi álvæðingu með vísan til þess að „losun koltvísýrings á Íslandi frá vatnsaflsvirkjun og framleiðslu eins álvers [sé] átta sinnum minni en frá sambærilegri framleiðslu til dæmis í Kína þar sem rafmagnið er framleitt með mengandi kolum.“

Þessi margtuggna klisja gengur ekki upp því að Kyotobókunin frá 1997 byggir á því að iðnríkin, sem Ísland tilheyrir, fari ekki fram úr ákveðnu losunarhámarki (reyndar með undanþágum sem varða m.a. kaup og sölu á kvóta milli landa). Skiptir þá ekki máli af hvaða rótum mengunin er runnin. Viðleitni alþjóðasamfélagsins, sem yfirstandandi loftslagsráðstefna í Kaupmannahöfn er ávöxtur af, beinist að því að takmarka enn frekar losun gróðurhúsalofts og fá þróunarríkin til að stefna að sama marki. Verkefni Íslendinga er að draga úr mengun af starfsemi hérlendis en ekki auka hana.

Erna gefur í skyn að Ísland sé næsta einstakt að því leyti að það geti boðið álframleiðendum upp á endurnýjanlega orku en vitaskuld eru víða um heim starfræktar álverksmiðjur sem kaupa orku frá vatnsaflsstöðvum. Þeim fylgja náttúruspjöll sem þjóðir í okkar heimshluta hafa beitt sér gegn með góðum árangri en íslensk stjórnvöld víluðu ekki fyrir sér með því að ráðast í Kárahnjúkavirkjun.

Stóriðjusinnar á Íslandi vilja nú að höggvið verði í sama knérunn og landinu þar með mörkuð enn meiri sérstaða að þessu leyti. En fyrir framtíðarhagsmuni lands og þjóðar, ekki síst möguleika á fjölbreyttu atvinnulífi, skiptir meginmáli að áformin um tvö risaálver í viðbót og stækkun hins þriðja nái ekki fram að ganga.

*Höfundur er prófessor emeritus við HÍ.*

# Ný sérkennslustefna leikskóla

**UMRÆÐAN**

Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir skrifar um leikskólamál



ÞORBJÖRG HELGA VIGFÚSDÓTTIR

Forgangsmál í leikskólum borgarinnar er að hvert barn fái þjónustu við sitt hæfi. Ef grunsemdir vakna um að sérkennslu sé þörf er strax sett af stað athugun í leikskólanum og starfsfólk hefur tafarlaust vinnu með barninu. Þetta er svokölluð snemmtæk íhlutun en hún miðar að því að skólinn grípi inn í strax og grunsemdir vakna um þroskafrávik. Í nýrri stefnu leikskólasviðs um sérkennslu, sem leikskólaráð samþykkti á fundi sínum í haust, er þetta markmið staðfest enda er það mikilvægt til að ná árangri með börnum sem þurfa stuðning.

Í stefnunni kemur fram að við hvern leikskóla borgarinnar verði ábyrgðarmaður sérkennslu og lögð áhersla á að einstaklingsnámskrá verði gerð fyrir öll börn sem þarfnast sérkennslu. Stefnt er að fjölgun leikskóla með sérhæfða þekkingu vegna þjónustu við börn með fötlun en þeir eru nú tveir í Reykjavík. Sérhæfðu leikskólarnir eiga að vera í fararbroddi við þekkingaröflun á sínu sérsviði og miðla þekkingu. Áhersla er lögð á að efla markvisst samstarf leik- og grunnskóla og stuðla þannig að meiri samfellu á milli þeirra. Þá er lagt til að settur verði á stofn upplýsingavefur sem haldi utan um og miðli hugmyndum og leiðum sem notaðar eru í sérkennslu og að sérhæft námsgagnasafn til útláns verði hjá sérkennsluráðgjöfum. Einnig er lagt til að hafið verði tilraunaverkefni vegna langveikra barna með heimsóknum barna og kennara heim til barns. Á næstu árum er stefnt að því að byggð verði upp breiðari þekking á þjónustumiðstöðvum og sérfræðingar fengnir úr fleiri faggreinum, s.s. talmeinafræðingar og iðjuþjálfar, svo börn með mikil þroskafrávik fái samþætta aðstoð.

Stefna leikskólasviðs um sérkennslu er aðgengileg á vef borgarinnar (www.leikskolar.is) og þar geta forráðamenn aflað sér upplýsinga um hver réttur barna þeirra er og hvernig fjármagni er úthlutað. Sérkennsla er hluti af þeirri grunnþjónustu sem borgarstjórn vill tryggja og því er mikilvægt að allar reglur séu skýrar og tryggi jafnræði í þjónustu milli barna.

*Höfundur er borgarfulltrúi.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*











**1.999 kr.**
~~2.399 kr.~~
**Söngvaseiður**
Úr söngleik

**1.999 kr.**
~~2.499 kr.~~
**Berndsen**
Lover in the dark

**2.999 kr.**
~~3.599 kr.~~
**DVD Atvinnumennirnir okkar**

**1.999 kr.**
~~2.499 kr.~~
**BB & Blake**

# Taktvisst og myndrænt á frábæru tilboði

**15-30% afsláttur**

## Mikið úrval af nýrri tónlist og frábærum kvikmyndum












**1.899 kr.**
~~2.299 kr.~~
**Bloodgroup**
Dry Land

**1.999 kr.**
~~2.499 kr.~~
**Sigurður Flosason**
Það sem hverfur
Ragnheiður Gröndal og
Egill Ólafsson syngja

**1.999 kr.**
~~2.499 kr.~~
**Hjálmar**
IV

**1.999 kr.**
~~2.499 kr.~~
**Kimono**
Easy Music for Difficult People












**2.399 kr.**
~~2.899 kr.~~
**DVD Stúlkan sem lék sér að eldinum**

**2.499 kr.**
~~2.999 kr.~~
**DVD Draumalandið**

**1.879 kr.**
~~2.699 kr.~~
**Lady & Bird**
La Ballade Of Lady & Bird

**2.499 kr.**
~~2.999 kr.~~
**Ellen Kristjánsdóttir**
Draumey

**Tilboð gildir til og með 13.12.09**

Eymundsson.is

**Eymundsson**
*Bóksali frá 1872*

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

# Börn og velferð í forgangi

**UMRÆÐAN**
Jórunn Frímannsdóttir skrifar um velferðarmál


JÓRUNN FRÍMANNSDÓTTIR

Velferðarsviði Reykjavíkurborgar verður ekki gert að skera niður í útgjöldum á næsta ári, heldur er hækkun á ramma sviðsins. Þannig vill meirihluti Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks standa vörð um börn og velferð á því erfiða ári sem framundan er. Það er hins vegar eðlilegt og ábyrgt að ætlast til þess að sviðið skoði vandlega rekstur sinn, beiti ríku aðhaldi og forgangsraði, frá verkefnum sem ekki teljast til grunnþjónustu og yfir í verkefni þar sem þjónusta hefur aukist eða er líklegt að muni aukast. Slík forgangsröðun er eðlilegt verkefni allra einstaklinga, fyrirtækja og stofnana í því árferði sem nú ríkir.

Borgarfulltrúarnir Björk Vilhelmsdóttir og Þorleifur Gunnlaugsson, fulltrúar Samfylkingar og Vinstri grænna í borgarstjórn, gera fjárhagsáætlun Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar að umtalsefni í grein og viðtali í Fréttablaðinu í vikunni. Þar gera þau bæði athugasemdir við að meirihlutinn er ekki tilbúinn að hafa forgöngu um að hækka framfærslustyrki til einstaklinga á fjárhagsaðstoð. Í þessu sambandi vil ég sem formaður Velferðarráðs borgarinnar benda á það að Reykjavík er langstærst sveitarfélaga og við ákvörðun grunnfjárhæðar fjárhagsaðstoðar hefur borgin fylgt leiðbeinandi viðmiðum félagsmálaráðuneytisins. Ráðuneytið hefur það hlutverk að leggja heildarlínur fyrir sveitarfélögin varðandi félagsþjónustu og viðmið fjárhæða í þeim efnum.

Ráðuneytið hefur enn sem komið er ekki gefið til kynna að það muni leggja til hækkun á framfærslustyrk. Þvert á móti virðast áherslur þess fyrst og fremst liggja í að herða reglur til að lækka kostnað ríkisins, þ.m.t. hvað varðar atvinnuleysisbætur. Tillögur sem nú eru uppi um herðingu reglna munu óhjákvæmilega leiða til útgjaldaaukningar hjá sveitarfélögunum. Það er óásættanlegt að ríkið velti á þennan hátt vandanum yfir á sveitarfélögin, sem nú þegar glíma við að finna leiðir til að mæta auknum álögum ríkisins vegna skattahækkana.

Meirihluti Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks telur að það sé ekki kostur í þeirri stöðu sem borgin og íbúar hennar standi frammi fyrir núna að hækka skatta enn frekar á íbúana. Þvert á móti eigum við að leita leiða til að styðja við íbúana til að sem flestir geti komist í gegnum vandann af sjálfsdáðum. Jafnframt að tryggja öryggisnetið fyrir þá íbúa borgarinnar sem glíma við mesta erfiðleika vegna efnahagsvandans. Það öryggisnet tryggjum við best til frambúðar með því að sýna ábyrga og trausta fjármálastjórn.

Það er skiljanlegt að borgarfulltrúarnir Björk Vilhelmsdóttir og Þorleifur Gunnlaugsson séu í vanda. Áherslur meirihluta Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks í frumvarpi að fjárhagsáætlun borgarinnar eru skýrar, þær að standa vörð um þjónustu við þá sem mest þurfa á henni að halda. Á meðan standa þeir flokkar sem borgarfulltrúarnir tilheyra, Samfylkingin og Vinstri græn, fyrir tillögum á Alþingi sem fyrir nokkrum árum síðan hefðu talist fáheyrðar af þeim flokkum sem telja sig til félagshyggju.

*Höfundur er borgarfulltrúi.*

# Sparnaður í frjálsri upplýsingatækni

**UMRÆÐAN**
Tryggvi Björgvinsson skrifar um notkun hugbúnaðar hjá hinu opinbera


TRYGGVI BJÖRGVINSSON

Í Fréttablaðinu miðvikudaginn 9. desember birtist grein um mögulega notkun frjáls og opins hugbúnaðar hjá ríkinu og sparnað sem af því hlýst. Greinina má rekja til fyrirspurnar sem Birgitta Jónsdóttir flutti í þinginu en í greinarbútnum er einnig rætt við Halldór Jörgensson, framkvæmdastjóra Microsoft á Íslandi. Halldór kallar eftir nánari upplýsingum um málið enda rétt hjá honum að þörf sé á ítarlegri greiningu. Fjármálaráðuneytið hefur, samkvæmt þingskjalinu og fréttinni, nú þegar áttað sig á þörfinni og vinnur að ítarlegri kostnaðargreiningu.

Niðurstaða þeirrar greiningar ásamt vinnu ráðuneyta um kosti og galla frjáls og opins hugbúnaðar verður forvitnilegt og gott innlegg inn í þessa umræðu.

Aftur á móti óska ég þá eftir ítarlegri upplýsingum frá Halldóri. Hann segir að leyfisgjöld séu samkvæmt þeirra útreikningi að meðaltali 7,5 prósent af heildarkostnaði. Það er eflaust rétt í einhverjum tilfellum þó svo að rannsókn frá árinu 2005 á rafrænni stjórnsýslu Evrópuríkja, rannsókn sem var fjármögnuð af Evrópusambandinu, sýndi fram á að um 20 prósent af heildarkostnaði væru leyfiskostnaður. Því má ætla að rafræn stjórnsýsla á Íslandi geti sparað allt að 20 prósent með því að nota frjálsan og opinn hugbúnað. Rannsóknin tekur það fram að þessi hlutur sé mun hærri en 5-10 prósenta hluturinn sem áætlanir um eignarhaldskostnað gefa til kynna og Halldór virðist vísa til. Rannsóknin, sem byggist á mælingum frekar en áætlunum, tekur það aftur á móti fram fram að 20 prósenta hluturinn samræmist niðurstöðum annarra rannsókna.

Halldór nefnir einnig réttilega að mestur kostnaður sé í rekstri, innleiðingu og ýmsum verkefnum og véfengir sparnað Þjóðleikhússins sem nefndur er bæði í þingskjalinu og fréttinni. Ég er ekki í stöðu til að tjá mig um mál Þjóðleikhússins og samning þess við innlent hugbúnaðarfyrirtæki um þjónustu en í raun má búast við, samkvæmt fyrrgreindri rannsókn á stjórnvöldum Evrópuríkja, að rekstrarkostnaðurinn muni lækka við notkun frjáls og opins hugbúnaðar.

Þá ályktun má draga af niðurstöðum rannsóknarinnar sem segja að umsjónarmenn frjálsra og opinna hugbúnaðarkerfa anni um 35 prósentum fleiri tölvum en umsjónarmenn ófrjálsra hugbúnaðarkerfa.

Raunveruleg dæmi styðja rannsóknirnar. Franska lögreglan, sem hefur í heildina um 90 þúsund tölvur, ákvað árið 2004 að hefja innleiðingu á frjálsum og opnum hugbúnaði og hefur í dag, að eigin sögn, sparað í kringum 50 milljónir evra. Samkeppnin mun snúast um innlenda þjónustu á frjálsum hugbúnaði, sem er öllum aðgengilegur, og lögmál markaðarins um framboð og eftirspurn mun knýja fram lægri þjónustu- og innleiðingarkostnað.

Rannsóknir og raunveruleg dæmi sýna að á endanum náist fram sparnaður.

Þeim sparnaði er náð að hluta til vegna lægri leyfisgjalda þar sem frjáls og opinn hugbúnaður er annað hvort ókeypis eða ódýrari, að hluta til sökum lægri þjónustukostnaðar þar sem innlend þekking myndast og umsjónarmenn tölvukerfa geta annað fleiri vélum. Auk þess má einnig búast við lægri vélbúnaðarkostnaði því samkvæmt svari fjármálaráðherra, með tilvitnun í Verkmenntaskólann á Akureyri, er hægt að endurnýta eldri tölvur og nýta vélbúnaðinn lengur. Á heildina litið er frjáls hugbúnaður fýsilegri kostur núna og í framtíðinni.

Það er ódýrara að vera sjálfbær.

*Höfundur er formaður Félags um stafrænt frelsi á Íslandi.*

# Ábending til fulltrúa hluthafa

**UMRÆÐAN**
Hulda Ragnheiður Árnadóttir skrifar um hættu á sviksemi


HULDA RAGNHEIÐUR ÁRNADÓTTIR

Þegar uppgangur er í efnahagslífinu hættir stjórnum og stjórnendum fyrirtækja til að gleyma sér við stækkun og þenslu fyrirtækja og huga ekki nægilega að innra skipulagi. Áhættumat og innri ferlar í fyrirtækinu fá ekki nauðsynlega athygli og hagsmunir hluthafa eru ekki hafðir að leiðarljósi.

Þegar þrengir að í samfélaginu koma afleiðingar af ófullnægjandi innra skipulagi í ljós. Fréttum af sviksemi og óheiðarleika rignir yfir landsmenn. Fyrirtæki voru einfaldlega ekki að sinna innra eftirliti nægilega vel og áhugi á vörnum gegn sviksemi var ekki nægilega mikill. Fram til þessa hafa stjórnendur og eigendur fyrirtækja ekki tryggt að mikilvægum eftirlitsþáttum sé sinnt með fullnægjandi hætti.

Mikilvægt er að fulltrúar hluthafa átti sig á því að nú eru enn meiri líkur en nokkru sinni fyrr á því að starfsmenn og stjórnendur misnoti aðstöðu sína innan fyrirtækja og stofnana. Með yfirtöku bankanna á fjölmörgum fyrirtækjum hafa stjórnendur og starfsmenn fjarlægst hina raunverulegu eigendur. Með versnandi persónulegum aðstæðum, launalækkunum, reiði í garð stjórnvalda og fleiri samfélagslegum þáttum minnkar tryggð starfsmanna við fyrirtækin í landinu.

Tími til að efla innra skipulag, innra eftirlit og innri endurskoðun er núna. Líkur eru á að sparnaður í innra eftirliti og endurskoðun á innra skipulagi komi fyrirtækjunum fyrr eða síðar í koll.

Í kenningum um sviksemi í fyrirtækjum er „sviksemisþríhyrningurinn“ vel þekktur. Hann samanstendur af þremur þáttum sem taldir eru þurfa að vera til staðar til að sviksemi eigi sér stað: Þrýstingur, réttlæting og tækifæri.

- Þrýstingur skapast af persónulegum aðstæðum starfsmanna. Á einstaklingurinn við fjárhagsvanda að stríða? Eru veikindi eða önnur utanaðkomandi áföll að íþyngja starfsmanninum eða nánustu fjölskyldu hans?
- Réttlæting starfsmanns fyrir svikseminni byggir á hans viðhorfum til fyrirtækisins, stöðu hans innan þess og siðferðiskennd viðkomandi starfsmanns. Finnst honum hann eiga inni hjá fyrirtækinu vegna þess að launin séu hvort eð er of lág? Hefur hann aðstöðu til að fá „lánaða“ peninga eða vörur sem síðan dregst að skila og verður á endanum ómögulegt að skila til baka?
- Tækifærin eru á valdi stjórnenda í fyrirtækinu. Hvaða aðgerðir eru innan fyrirtækisins til að koma í veg fyrir að starfsmaður hafi tækifæri til að viðhafa sviksemi? Hvernig tryggir stjórn fyrirtækisins hagsmuni hluthafa?

Hlutverk þeirra sem fara með umboð hluthafa í fyrirtækinu er að útiloka að tækifæri til sviksemi séu fyrir hendi innan fyrirtækisins. Þó að starfsmanninn vanti peninga og telji sig eiga þá skilið, er útilokað að honum takist að komast yfir þá ef innra eftirlit er fullnægjandi.

Til að útrýma tækifærum til sviksemi þarf að skilgreina áhættur í starfseminni með formlegum hætti. Áhættugreining er grundvallaratriði til að hægt sé að koma á skilvirku innra eftirliti. Til að hagsmunir hluthafa séu tryggðir þurfa óháðir aðilar að meta hvort innra eftirlit og aðgreining starfa við bókhald sé fullnægjandi. Einnig getur innri endurskoðun tekið til fjölda annarra þátta í starfseminni eins og fylgni við lög og reglur, áreiðanleika upplýsingakerfa og starfsmannahald.

Stjórnarmenn ættu að athuga að nú er tími nýrra viðhorfa og raunverulegra aðgerða. Í lögum um hlutafélög segir að stjórn skuli sjá til þess að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna félagsins. Stjórn þarf jafnframt að vera þess fullviss að upplýsingar sem unnið er með á borði stjórnar séu réttar og að starfsemi fyrirtækisins í samræmi við samþykktir stjórnar. Það er full ástæða til að hvetja alla stjórnarmenn og fulltrúa hluthafa til að kynna sér mikilvægi innri endurskoðunar og ganga úr skugga um að þeir séu tilbúnir til að axla þá ábyrgð sem þeim hefur verið falin sem fulltrúum hluthafa fyrirtækja og félaga.

*Höfundur er Msc. í alþjóðabankastarfsemi og fjármálum og starfar við innri endurskoðun hjá Rýni ehf.*




VÍSIR.IS
„...ég sá það á vísi“

VAKA-HELGAFELL
www.forlagid.is

# Fimm vikur á toppnum

★★★½

„Svörtuloft er besta og skemmtilegasta bókin sem Arnaldur hefur sent frá sér um árabil.“
Þórarinn Þórarinsson / DV

★★★★

„... enginn kemst með tærnar þar sem hann hefur hælana.“
Árni Matthíasson / Morgunblaðið

★★★

„Meitluð og þaulhugsuð saga ...“
Páll Baldvin Baldvinsson / Fréttablaðið




Heildarlisti 09.12.2009
1. Sæti
METSÖLULISTI EYMUNDSSON



**Fjárkúgun, hrottaleg árás, handrukkari á flótta, ógæfumaður sem á harma að hefna: Lögreglan á Hverfisgötu á leik.**

## Gagnrýnendur og lesendur eru á einu máli!

ARNALDUR INDRIÐASON, meistari íslensku glæpasögunnar, bregst ekki lesendum í þéttri og nístandi frásögn af misgjörðum og ófyrirséðum afleiðingum.

# Þjóð meðal þjóða

**UMRÆÐAN**
Svandís Svavarsdóttir skrifar um loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Kaupmannahöfn



SVANDÍS SVAVARSDÓTTIR

Augu heimsins beinast nú að loftslagsráðstefnunni í Kaupmannahöfn þar sem fram fer fimmtánda aðildarríkjaþing loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna. Mismiklar vonir eru bundnar við niðurstöðu fundarins en þó má segja að allir séu sammála um mikilvægi þess að þjóðir heims komi að samkomulagi þar sem allir taki að sér skuldbindingar til að snúa við válegri þróun í loftslagsmálum. Allir þurfa að koma að samningaborðinu, bæði stór og smá ríki, til að leggja sitt að mörkum. Ísland vill vera fullgildur þátttakandi að samningaviðræðunum, sýna ábyrgð og vera raunverulega þjóð meðal þjóða. Þannig skiptir þátttakan máli fyrir sjálfsmynd og ásýnd Íslands í samspili við aðrar þjóðir og á alþjóðavettvangi.

Ísland er nú aðili að loftslagssamningi Sameinuðu þjóðanna og um leið Kýótó-bókuninni við hann. Markmið þessara samninga beggja er að hægja á styrkaukningu gróðurhúsalofttegunda í andrúmloftinu svo koma megi í veg fyrir hættulega röskun á loftslagskerfinu af manna völdum. Ísland nýtur aukinna heimilda til að losa koldíoxíð vegna hins svonefnda íslenska ákvæðis Kýótó-bókunar sem samþykkt var árið 2001. Ákvæðið, sem er háð skilyrðum, er bundið við losun vegna nýrrar stóriðjustarfsemi eða stækkunar starfandi stóriðjufyrirtækja.

Ísland er bundið ýmsum fleiri reglum hvað losun gróðurhúsalofttegunda varðar. Til að mynda erum við aðilar að viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir sem er hluti af EES-samningnum en að því verður vikið síðar.

### Nýjar áherslur

Tímamót urðu í loftslagsstefnu landsins 29. maí 2009 þegar lagt var til að draga úr losun um a.m.k. 15% til 2020 miðað við árið 1990. Í fyrsta sinn lýstu íslensk stjórnvöld því yfir á alþjóðavettvangi að þau væru tilbúin að taka á sig skuldbindingar um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.

Ísland er sjálfstæður aðili í loftslagssamningunum, á meðan ríki ESB semja þar sem heild. Ísland hefur sett fram markmið um 15% samdrátt í losun til 2020, sem er annað markmið en ESB hefur kynnt. Hins vegar er ljóst að Ísland þarf að stilla saman strengi við ESB í loftslagsmálum út af þeirri einföldu staðreynd að Ísland verður virkur hluti af viðskiptakerfi ESB um losunarheimildir árið 2012 samkvæmt EES-samningnum. Þá mun stór hluti losunar Íslands falla undir samevrópskar reglur og við verðum að taka tillit til þess. Ísland hefur því vakið máls á þeim möguleika að landið taki á sig sameiginlegar skuldbindingar með ESB í nýjum alþjóðasamningi og ESB hefur tekið vel í þá málaleitan.

*Til að snúa vörn í sókn þarf að auka umtalsvert fræðslu, þekkingu og umræðu um loftslagsmál. Hver einasti maður þarf að leggja sitt af mörkum. Við megum engan tíma missa.*

### En hvað með stóriðjuna?

Losun frá stóriðju mun falla undir viðskiptakerfi ESB árið 2013, samkvæmt EES-samningnum. Þá verða stóriðjufyrirtæki að fá heimildir til losunar úr samevrópskum potti, sem mun dragast saman um 21% í heild til ársins 2020. Heimildum er útdeilt beint til fyrirtækjanna og Ísland mun í raun hafa lítil afskipti af þeirri úthlutun. Ef Ísland tekur á sig sameiginlegt markmið með ESB gagnvart nýju loftslagssamkomulagi verður losun héðan í raun tvískipt.

Annars vegar er losun sem fellur undir þetta samevrópska kerfi, frá stóriðju og flugi, og sú losun er ekki bókfærð hjá einstökum ríkjum. Hins vegar þurfum við að draga úr losun frá öðrum sviðum – frá samgöngum, sjávarútvegi, landbúnaði o.s.frv. – um líklega rúmlega 20% frá 2005 til 2020. Ef hér kemur ný stóriðja þarf hún að afla sér heimilda innan viðskiptakerfis ESB og stjórnvöld koma þar ekki nærri.

Þetta er lagalega staðan, en svo er annað mál hvort við teljum æskilegt að auka hér enn við stóriðju eða reyna að nýta orkulindir okkar til hreinni iðju, svo sem gagnavera eða til framleiðslu rafmagns eða vetnis í framtíðinni fyrir bílaflotann.




NORDICPHOTOS/AFP

**VONARGLÆTA Í HÖFN** „Það er fyrst og fremst á sviði samgangna og sjávarútvegs sem við getum dregið úr losun."

### Horfurnar í Kaupmannahöfn

Markmiðið með nýju samkomulagi er að stöðva hlýnun jarðar við 2° C en það er nauðsyn til að tryggja að ekki verði afdrifaríkar breytingar á lífsskilyrðum jarðar með breytingu á veðri, vistkerfum, bráðnun jökla og hækkun sjávarborðs.

Í ljósi þess að lifnaðarhættir Vesturlanda eru helsta orsök loftslagsbreytinganna er eðlilegt að þau gangi á undan með góðu fordæmi en allir helstu losendur gróðurhúsalofttegunda leggi sitt af mörkum, þar með talin ört vaxandi þróunarríki eins og Kína og Indland. Á það ber að líta að fátækustu ríki heims verða verst úti af völdum loftslagsbreytinganna og því verður samkomulagið að einkennast af sanngirni að því er varðar skiptingu byrða þar sem tekið er tillit til efnahags, stærðar ríkja og möguleika á sveigjanleika.

Ljóst er að enn ber mikið á milli hjá helstu ríkjum og ríkjahópum, en ég vil vera bjartsýn á árangur. Fyrir liggur þó að ekki verður gengið frá fullbúnu lagalega bindandi samkomulagi eins og að var stefnt, en ég vonast til að við munum höggva á helstu hnúta og ganga frá sterku pólitísku samkomulagi um að draga úr losun bæði frá þróuðum ríkjum og frá stóru þróunarríkjunum og með þátttöku Bandaríkjanna. Það væri í sjálfu sér gríðarlega stórt skref og svo verður vonandi samþykkt umboð til þess að færa Kaupmannahafnarsamkomulagið í lagalegan búning, helst fyrir lok næsta árs. Yfir 100 leiðtogar ríkja mæta á loftslagsfundinn, sem sýnir hve háan sess loftslagsmálin skipa í alþjóðlegri umræðu.

### Hvað getum við gert?

Verkefnisstjórn um aðgerðaáætlun í loftslagsmálum, sem ég skipaði sl. sumar, er nýbúin að kynna fyrstu drög að áætlun. Þar eru lagðar til átta meginaðgerðir, sem samtals eiga að tryggja að Ísland geti staðið við þær skuldbindingar sem er líklegt að við tökum á okkur gagnvart alþjóðasamfélaginu og samkvæmt EES-samningnum.

Það er fyrst og fremst á sviði samgangna og sjávarútvegs sem við getum dregið úr losun. Þar er bent á aðgerðir eins og að breyta sköttum og gjöldum þannig að hvatt sé til notkunar sparneytnari bíla og loftslagsvæns eldsneytis. Slík þróun hefur beinlínis sparnað í för með sér fyrir þjóðarbúið, samkvæmt niðurstöðum sérfræðinganefndar sem kannaði kostnað við aðgerðir.

Einnig er lagt til að bæta stíga og hvetja á annan hátt til meiri göngu og hjólreiða. Þetta er einn helsti samgöngumátinn í Kaupmannahöfn, þar sem loftslagsráðstefnan er haldin, og við getum án efa bætt okkur hvað það varðar þrátt fyrir rysjóttara veðurfar.

Einnig er lagt til að skoða þann möguleika að nota jurtaolíu á fiskiskipaflotann og að rafvæða fiskimjölsverksmiðjur. Þá liggur fyrir að hér eru mjög miklir möguleikar á að binda kolefni úr andrúmslofti með skógrækt og landgræðslu, auk þess sem Ísland hefur lagt til í samningaviðræðunum að einnig verði hægt að telja endurheimt votlendis til tekna í loftslagsbókhaldinu, en það er veruleg losun frá framræstum mýrum.

Umtalsverðir möguleikar eru á að minnka losun og auka bindingu og margt af því kostar lítið eða borgar sig jafnvel. En það þarf markvissa stefnu, pólitískan vilja og vitundarvakningu til að hrinda því í framkvæmd.

Til að snúa vörn í sókn þarf að auka umtalsvert fræðslu, þekkingu og umræðu um loftslagsmál. Hver einasti maður þarf að leggja sitt af mörkum. Við megum engan tíma missa. Við verðum að tryggja að jörðin verði byggileg um ókomna tíð. Þar fara hagsmunir Íslands saman við hagsmuni jarðarbúa allra.

Við stöndum frammi fyrir stærsta einstaka verkefni nokkurrar kynslóðar og nú þarf kjark og samstöðu til að brjóta blað. Vesturlöndin eru þau lönd sem mest þurfa að líta í eigin barm og endurskoða sína lifnaðarhætti og laga þá betur að hagsmunum framtíðar og umhverfis. Með þessa heildarhagsmuni að leiðarljósi vonumst við til þess að ná árangri í Kaupmannahöfn.

*Höfundur er umhverfisráðherra.*




# Umhverfisvá – 350 klukknaslög

**UMRÆÐAN**
Halldór Reynisson skrifar um loftslagsráðstefnuna í Kaupmannahöfn



HALLDÓR REYNISSON

Í tilefni af loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna sem nú stendur yfir í Kaupmannahöfn verður kirkjuklukkum víða um heim hringt 350 sinnum nk. sunnudag 13. desember kl. 15 að staðartíma til að minna á þá umhverfisvá sem steðjar að jarðarbúum vegna hlýnunar andrúmsloftsins. Hér á landi verður klukkum hringt í mörgum kirkjum landsins.

Hringingin á að tákna þrennt: Í fyrsta lagi þá vá sem steðjar að mannkyni í loftslagsmálum vegna hlýnunar andrúmsloftsins; í öðru lagi vonina sem kristið fólk um allan heim vill minna á frammi fyrir því er ógnar öllu lífi; og í þriðja lagi athafnir sem þarf að grípa til svo að snúa megi þessari óheillaþróun við.

Af hverju 350 sinnum? Það er álit margra vísindamanna og loftslagsfræðinga að magn koltvíildis (CO2) í andrúmsloftinu megi ekki fara yfir 350 hluta á móti milljón (350 prómill). Ef magnið er komið upp fyrir það hlýnar andrúmsloftið með þeim afleiðingum að jöklar bráðna og heimshöfin hækka. Fyrir 200 árum var magn koltvíildis í andrúmsloftinu 275 hlutar af milljón en nú þegar er það komið upp í 387 hluta. Það merkir að minnka þarf losun koltvíildis úr andrúmsloftinu frá því sem nú er.

Núna á sunnudaginn þegar loftslagsráðstefna Sameinuðu þjóðanna stendur sem hæst í Kaupmannahöfn verður klukkum Frúarkirkju hringt 350 sinnum við lok guðsþjónustu þar, svo og í mörgum kirkjum í Danmörku. Reyndar hefst þessi táknræna athöfn á Fiji-eyjum í Kyrrahafi klukkan þrjú að staðartíma þar sem blásið verður í kuðunga sem eru hefðbundin hljóðfæri eyjarskeggja. Síðan berst hljóðið í vesturátt, klukkum er hringt, blásið í lúðra, barðar bumbur eða slegið á hljóðfæri eftir venju hvers lands um sig.

Með þessari táknrænu athöfn vilja kristnar kirkjur um allan heim taka undir frumkvæði dönsku kirknanna og vara við umhverfisvánni en um leið minna á þá von sem felst í því að þjóðir heims grípi til nauðsynlegra athafna til að draga úr áhrifum manneskjunnar á náttúruna.

*Höfundur er prestur.*




Svínabógur
**498,kr./kg.**
verð áður 698,-/kg.




FK hamborgarhryggur m/beini
**998,kr./kg.**
verð áður 1.298,-/kg.




Ali hamborgarhryggur m/beini
**1.499,kr./kg.**
verð áður 1.998,-/kg.

# Helgartilboð
## 11. - 12. desember




Móa kjúklingalæri
**599,kr./kg.**
verð áður 998,-/kg.




SS Bayonne skinka
**1.430,kr./kg.**
verð áður 1.788,-/kg.



SS Hamborgarhryggur úrb.
**1.950,kr./kg.**
verð áður 2.438,-/kg.




Fjarðarkostur hangilæri úrb.
**2.558,kr./kg.**
verð áður 3.198,-/kg.




FK hangilæri úrb.
**2.446,kr./kg.**
verð áður 3.057,-/kg.



Fjallalamb hangiframpartur
**1.838,kr./kg.**
verð áður 2.298,-/kg.



Reyktur hátíðarkjúklingur
**979,kr./kg.**




Kjörís Konfekt ísterta
**1.898,kr.**

Kjörís Jólaís 2l
**798,kr.**




Emmess Jólaís 1,5l
**898,kr.**

Emmess Ískaka
**1.448,kr.**



Klementínur 2,3 kg
**698,kr./kassinn**



VISA **www.FJARDARKAUP.is** opið til 18:00 laugardag

Opið mánudaga - miðvikudaga frá 09:00 - 18:00, fimmtudaga 09:00 - 18:30, föstudaga 09:00 - 19:00 og laugardag 10:00 - 18:00, lokað sunnudaga

FK FJARÐARKAUP

# Óðinn - gimsteinn til varðveislu

**UMRÆÐAN**
Guðjón Petersen skrifar um menningarminjar


GUÐJÓN PETERSEN

Á fjárlögum 2010 verður 5 m.kr. fjárveiting til varðveislu varðskipsins Óðins felld niður miðað við óbreytt fjárlagafrumvarp. Það er glæsileg „afmælisgjöf“ þegar litið er til þess að 16. janúar nk. er hálf öld síðan íslenski fáninn var dreginn að húni á varðskipinu Óðni þar sem hann var afhentur nýr frá skipasmíðastöðinni í Álborg, Danmörku. Átta dögum síðar, eftir tilraunir og æfingar, sigldu stoltir menn Óðni „yfir hafið og heim“, reiðubúnir til átaka um yfirráðin yfir 12 sjómílna fiskveiðilögsögunni. Fyrir voru í baráttunni fjórir litlir varðbátar og tvö varðskip Ægir „gamli“ sem var orðinn 31 árs og Þór, með gallaðar vélar frá upphafi 10 ára sögu sinnar. Nöfn þessara skipa voru greypt í hugi landsmanna þegar þeim var beitt í þeirri sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar að ráða sínum auðlindum sjálf. Þessi skip eru nú horfin að undanskildum Óðni. Reyndar má enn sjá Þór, ryðgaða hryggðarmynd við bryggjuna í Gufunesi eftir áratuga reiðileysi sem draugaskip í Reykjavíkurhöfn. Ævintýramenn ætluðu með hann í „útrás“ sem veitingastað í London en enduðu það ævintýri jafn snautlega og farið hefur fyrir fleirum á þeirri braut.

Óðinn kom heim fyrir 50 árum og sneri þá stafni mót breskum herskipum, dráttarbátum og veiðiþjófum Evrópuþjóða. Baráttan snerist um 12 sjómílna, 50 sjómílna og að lokum 200 sjómílna lögsögu og alltaf var Óðni beitt. Oft kom hann skemmdur, skældur og skakkur úr þeim átökum en alltaf var honum beitt aftur og aftur eftir að hafa verið „tjaslað saman“. Ekki bara í svokölluðum þorskastríðum heldur sleitulaust í 46 ár til varnar landhelginni, björgunar mannslífa og skipa, sjúkraflutninga og fólks- og vöruflutninga í afskekktar byggðir, sem voru margar með ströndum fram upp úr miðri síðustu öld. Í lok 7. áratugarins og í upphafi þess 8. var Óðinn notaður ítrekað til að ryðja braut í gegnum hafís fyrir flutningaskip sem fluttu lífsnauðsynjar til einangraðra staða og ef þau braut aflið voru nauðsynjarnar settar um borð í hann til að brjótast með síðasta spölinn til hafna þar sem mest skorti. Hann fylgdi síldarskipum síðsumarlangt norður í Íshaf þar sem áhöfnin þjónustaði sjúka og slasaða eða gerði við flókin rafeindatæki og vélbúnað skipanna, en sú þjónusta skipti sköpum um að veiðarnar væru framkvæmanlegar á svo fjarlægum slóðum. Til sömu þjónustustarfa, sem og til að vernda hagsmuni íslenskra veiðiskipa, var honum ennfremur beitt í „Smuguna, norðan við hjara veraldar“. Hann var meira að segja fenginn til að draga nokkra af síðustu síðutogurum landsins í brotajárn í útlöndum. Væri saga Óðins skráð frá fyrsta degi til hins síðasta í þjónustu lands og þjóðar væri það bæði æsispennandi og merkilegri „ævisaga“ en margar af þeim sögum sem hylli hafa notið.

Skip væru lítils virði ef ekki væri fyrir þann mannauð sem þeim sigla. Óðni stýrðu 27 skipherrar hverra nöfn voru þá þekkt meðal landsmanna fyrir festu og færni á miðunum umhverfis landið, studdir af þeim 1430 skipverjum sem þjónuðu um lengri eða skemmri tíma á þessu varðskipi. Rúmlega 800 sinnum rataði nafn þessa mest notaða varðskips sögunnar á spjöld dagblaða og tímarita. Þessar 800 fréttir og greinar sem skrifaðar hafa verið um Óðin eru þó örlítið brotabrot af þeirri sögu sem skipið geymir og sú saga lifir áfram með skipinu og talar til þeirra sem leggja leið sína um borð og skoða skipið.

Þegar Óðinn hafði lokið hlutverki sínu sem varðskip sáu menn fyrir sér að hann yrði höggvinn upp í brotajárn ef ekkert yrði að gert. Það yrði þó ekki fyrr en hann væri orðinn sama hryggðarmyndin og Þór, ásamt handónýtum hvalbátum og öðrum „hræjum“ sem liggja hingað og þangað um Reykjavíkurhöfn. Því tók hópur manna sig saman og stofnaði „Hollvinasamtök Óðins“ sem hefur það markmið, að bjarga Óðni frá „klippum, sleggjum og logsuðutækjum“. Félagar í þessum samtökum eru nú um 130 talsins. Það tókst að bjarga Óðni fyrir stuðning góðra manna þ.m.t. fyrrverandi dómsmálaráðherra (sem reyndar var skráður sem viðvaningur og háseti á Óðni í 248 daga, á árunum 1960 til 1962). Því hefur skipinu verið búið leg við Sjóminjasafnið Víkina, við Grandagarð, þar sem það er orðið hluti af safninu og almenningi til sýnis. Þar var gimsteinn úr sögu þjóðarinnar bjargað frá glötun.

*Höfundur er fyrrverandi stýrimaður á Óðni.*




VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR: AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000


# Tækifæri til áhrifa í Reykjavík

**UMRÆÐAN**
Gunnar Helgi Kristinsson og Margrét S. Björnsdóttir skrifa um íbúalýðræði


GUNNAR HELGI KRISTINSSON


MARGRÉT S. BJÖRNSDÓTTIR

Í Reykjavík fer fram mikilvæg tilraun til aukins íbúalýðræðis með því að gefa öllum Reykvíkingum sextán ára og eldri tækifæri til áhrifa á forgangsröðun verkefna í þeirra hverfi. Þetta er í fyrsta skipti hér á landi sem íbúum sveitarfélags gefst slíkt tækifæri. Kosningunni, sem er bindandi, lýkur mánudaginn 14. desember. Hún fer fram á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/kjostu og í bókasöfnum eða þjónustumiðstöðvum borgarinnar.

Verkefnunum, sem valin voru í samráði við íbúasamtök og hverfisráð borgarinnar, er skipt niður í þrjá flokka: a) Leikur og afþreying, b) Samgöngur og c) Umhverfi og útivist. Einungis er verið að kjósa um smærri verkefni og reynt var að hafa að leiðarljósi að þau ykju ánægju, öryggi og/eða þægindi íbúa í hverfunum.

Kosningin er auðveld hvort sem er að heiman, úr eigin tölvu eða á bókasöfnum eða þjónustumiðstöðvum. Til að kjósa slá íbúar inn kennitölu, velja hverfi, forgangsraða verkefnum (1 mikilvægast, 2 næst mikilvægast og 3 minnst mikilvægt) og smella svo á „kjósa“ hnappinn. Þjónustuver Reykjavíkurborgar veitir einnig aðstoð í síma 411-1111.

Um allan hinn vestræna heim leita stjórnvöld leiða til að virkja íbúa til þátttöku í ákvörðunum. Það er mikilvæg aðferð til að endurnýja og styrkja lýðræðið, efla borgarana til þátttöku í samfélagslegum málefnum, auka traust á ákvörðunum stjórnvalda og styrkja tengsl stjórnmálamanna við íbúa og skilning á þeirra þörfum.

Við skorum á Reykvíkinga að nýta þetta tækifæri og stuðla þannig að þróun lýðræðis á erfiðum tímum.

*Gunnar Helgi Kristinsson er prófessor og Margrét S. Björnsdóttir forstöðumaður við Háskóla Íslands. Bæði veittu Reykjavíkurborg ráðgjöf við verkefnið, sem tengist þriggja ára þróunar- og rannsóknaverkefni þeirra um íbúalýðræði og félagsauð sveitarfélaga.*

# Stuðningur við ungmenni

**UMRÆÐAN**
Hervör Alma Árnadóttir skrifar um reynslunám


HERVÖR ALMA ÁRNADÓTTIR

Öllum er ljóst að það eru erfiðir tímar í íslensku samfélagi sem kalla á aðhald og niðurskurð á mörgum sviðum. Í þessu ástandi skapast hætta á að þeir sem ekki hafa bolmagn til að berjast fyrir rétti sínum fari halloka. Skyndilausnir verði leiðandi í ákvörðunum stjórnvalda og stofnana á kostnað framtíðarinnar.

Við lifum í síbreytilegu samfélagi þar sem viðurkennt er að leiðir til lærdóms og breytinga eru margar. Þess vegna þarf stuðningur við börn og ungmenni að vera fjölbreyttur. Það er varasamt í samfélagi okkar á krepputímum að draga úr fjölbreytni og eiga því á hættu að geta ekki mætt þeim ungmennum sem þurfa á viðeigandi stuðningi að halda til þess að geta orðið verðmætir þegnar samfélagsins.

Fyrir rúmum tuttugu árum hittust ungir hugsjónamenn sem áttu það sameiginlegt að hafa brennandi áhuga á að vinna með ungmennum sem vildu breyta lífi sínu. Heyrst hafði að úti í hinum stóra heimi væri unnið með ungu fólki úti í náttúrunni sem lent hefði í erfiðleikum í lífi sínu og nýtt til þess aðferðafræði reynslunáms (e. experiential learning). Í reynslunámi er rík áhersla lögð á upplifun og áskoranir einstaklinga og hópa sem síðan eru skoðaðar með hópnum og settar í nýtt samhengi. Fjöll og firnindi verða því áskoranir sem eru nýttar og sú reynsla yfirfærð á daglegt líf á götum borgarinnar.

Þessir hugsjónamenn hrundu af stað úrræði fyrir ungmenni og kölluðu það Hálendishópinn. Reykjavíkurborg lagði til fjármagn í úrræðið sem stóð ungmennum til boða sem þurftu og vildu endurskoða líf sitt. Allt til ársins 2007 var farið með hóp ungs fólks í tveggja vikna ferð á Strandir og Hornstrandir. Í þessum ferðum fengu ungmenni tíma og tækifæri til þess að endurskoða og meta líf sitt undir handleiðslu fagmanna. Í tímans rás þróaðist úrræðið og undir það síðasta var það orðið að 9 mánaða ferli, sem skiptist í undirbúning og hópefli, ferð á Strandir og Hornstrandir og síðan úrvinnslu og eftirfylgd. Jafnhliða var aukin áhersla á að vinna með fjölskyldum ungmennanna og eflt samráð við aðra þá sem tengjast þeim. Í starfinu var unnið að því að styrkja sjálfsmynd ungmennanna og efla samfélagsvitund þeirra. Þannig var ungmennunum kennt að tileinka sér leiðir til að koma skoðunum sínum á framfæri, geta staðið undir þeirri ábyrgð sem því fylgir að taka þátt og ná tökum á tilveru sinni. Stefnt var að því að ungmennin gætu notið virðingar og upplifað það frelsi sem felst í því að lifa meðvitaðra lífi, þar sem jafnvægi er á milli ábyrgðar og réttinda. Ekki síst var lögð áhersla á að ungmennin fyndu hvað þau höfðu margt fram að færa og eru verðmæt samfélaginu.

Á tímabilinu 1989 til 2007 fóru rúmlega 200 einstaklingar í ferð með Hálendishópnum. Á þeim tíma varð til mikil þekking og reynsla sem auðveldlega glatast ef verkefninu er ekki haldið við. Rannsókn var gerð frá Háskóla Íslands á úrræðinu sem gaf þær vísbendingar að það hefði í langflestum tilfellum haft jákvæð áhrif á líf þátttakenda og orðið til þess að þeir endurskoðuðu líf sitt á einn eða annan hátt. Hvert ungmenni sem öðlast styrk til þess að snúa lífi sínu á jákvæðar brautir er ómetanlegt þjóðarbúinu. Hálendishópurinn var á sinn hátt hagkvæmt úrræði fyrir ungmennin og fyrir aðstandendur þeirra.

Vegna samdráttar hjá Reykjavíkurborg var ákveðið að ekki yrði lagt fjármagn í Hálendishópinn á þessu ári og ekki heldur næsta ár. Þegar úrræði eru fryst á þennan hátt er oft hætta á að þau lifni ekki aftur við. Þeirri færni og þekkingu sem hópstjórar þurfa að búa yfir er nauðsynlegt að viðhalda og fæst ekki nema með áralangri þjálfun og trú á hæfni ungmenna til að ná tökum á lífi sínu með viðeigandi stuðningi.

*Höfundur er félagsráðgjafi og hópstjóri hjá Hálendishópnum.*




*„Stórvirki í íslenskri myndlistarsögu.“*
Páll Baldvin Baldvinsson, Kiljan
*„Ótrúlega glæsilegt verk.“*
Egill Helgason, Kiljan




**10.490 kr.**
~~14.990 kr.~~
**Svavar Guðnason**

# Þessar bækur njóta virðingar og vinsælda




**3.980 kr.**
~~5.690 kr.~~
**Dóttir mæðra minna**

★★★★
Jón Ingvi Jóhannsson, Pressan




**3.830 kr.**
~~5.480 kr.~~
**Færeyskur dansur**



*“...óvæntar hugrenningar um hversdagslega hluti, einfaldar en snjallar sviðsetningar og vel skrifuð og upplýsandi samtöl um allt og ekkert.”*
Einar Falur, Morgunblaðið




**3.970 kr.**
~~5.680 kr.~~
**Góði elskhuginn**

*„Þetta er blátt áfram bráðfalleg saga um ást og aðskilnað, um endurfundi og óendurgoldna ást....“*
Gunnþórunn Guðmundsdóttir, bokmenntir.is






Hefur fengið einróma lof gagnrýnenda og lesenda.

**4.530 kr.**
~~6.480 kr.~~
**Mynd af Ragnari í Smára**

**Tilboð gildir til og með 16. 12.09**

Eymundsson.is

**Eymundsson**
*Bóksali frá 1872*

# Best geymda leyndarmálið

**UMRÆÐAN**
Þórunn Sveinbjarnardóttir skrifar um opinbera stjórnsýslu


ÞÓRUNN SVEINBJARNARDÓTTIR

Ríkisstjórn Íslands tekur ekki sameiginlegar ákvarðanir. Hún er ekki fjölskipað stjórnvald, eins og það heitir á lagamáli. Ég er ekki frá því að þessi staðreynd sé eitt best geymda leyndarmál íslenskrar stjórnskipunar. Þetta þýðir að hver ráðherra ber sín mál – oftast án undanfarandi kynningar – inn á fund ríkisstjórnar og fær þau samþykkt umorðalaust. Á þessu eru undantekningar, t.d. getur annar ráðherra beitt neitunarvaldi, eða mál eru af þeirri stærð að formenn stjórnarflokkanna þurfi að véla um þau. Hefðin kennir að ráðherrar í ríkisstjórn Íslands skipti sér sem minnst af ábyrgðarsviði kollega sinna, nema þau skarist með einhverjum hætti. Ég fæ ekki séð að það hafi breyst mikið á liðnum mánuðum.

Hrunið afhjúpaði margs konar veikleika í efnahags- og stjórnmálalífi landsmanna. Stjórnarráðið er þar engin undantekning. Innbyggðir veikleikar opinberrar stjórnsýslu eru margir. Í kringum hvert ráðuneyti hafa í gegnum tíðina risið ókleifir varnargarðar og náin samvinna þvert á ráðuneyti verið að sama skapi seinleg og erfið. Það kom berlega í ljós þegar mest á reyndi haustið 2008.

Ég er þeirrar skoðunar að nú sé rétti tíminn til að leggja yfirvegað mat á það hvort ríkisstjórn Íslands skuli verða fjölskipað stjórnvald, eins og sveitarstjórnir þessa lands. Af sjálfu leiðir að vinnubrögð og upplýsingagjöf batnar við ríkisstjórnarborðið. Þá bera allir ráðherrar í raun sameiginlega ábyrgð á ákvörðunum ríkisstjórnarinnar og eiga að vera upplýstir um þýðingu þeirra. Þannig er það víða í öðrum löndum og ekki að ástæðulausu. Það er því fagnaðarefni að Jóhanna Sigurðardóttir, forsætisráðherra, hafi ýtt úr vör vinnu nefndar sem mun m.a. skoða verkaskiptingu og vinnulag innan stjórnarráðsins og hvort gera eigi róttækar breytingar á opinberri stjórnsýslu. Ekki er vanþörf á.

*Höfundur er blaðamaður.*

# Nóvemberáskorunin

**UMRÆÐAN**
Hólmfríður Bjarnadóttir skrifar um efnahagsmál


HÓLMFRÍÐUR BJARNADÓTTIR

Íslendingar hafa orðið fyrir þungbæru áfalli. Afleiðingarnar láta engan ósnortinn. Einstaklingar, fjölskyldur og fyrirtæki eru dæmd til að bera þungar byrðar, hvort sem þau áttu sök á óförunum eða ekki. Þjóðin þarf á vegvísi að halda sem markar leiðina til framtíðar. Við krefjumst þess:

- Að íslensk stjórnvöld lýsi því yfir með afgerandi hætti að þau ætli að taka upp viðræður við Evrópusambandið um fulla aðild og upptöku evrunnar svo skjótt sem auðið er. Kanna þarf af alvöru hvaða valkosti þjóðin hefur í stöðunni; hún á rétt á að kjósa beint og milliliðalaust um Evrópumálin.
- Að íslensk stjórnvöld setji fram skýra efnahagsstefnu og skipi strax nýja, faglega yfirstjórn Seðlabanka Íslands. Á alþjóðavettvangi eru Íslendingar rúnir trausti á sviði efnahags- og peningamála; senda þarf ótvíræð skilaboð um að þar verði snúið við blaðinu.
- Að Alþingi mæli með lögformlegum hætti fyrir um gagngera úttekt, undir forystu erlendra aðila, á aðdraganda þeirrar kreppu sem Íslendingar standa frammi fyrir og þeim ráðstöfunum sem hafa verið gerðar í framhaldi af hruni íslensku bankanna. Tryggja þarf réttlæti; sagan má ekki endurtaka sig.

Bak við þessa áskorun stendur hópur af fólki alls staðar að úr samfélaginu. Fyrst var hann lítill, en hann hefur stækkað ört síðustu dagana.

Nóvemberáskorunin var sett á netið 3. nóvember sl. og hefur síðan verið dreift. Í henni eru sett þau þrjú atriði sem almest brenna á fólki þessa dagana og munu halda áfram að brenna æ meir og sárar með hverjum deginum.

Ótal sérfræðingar og fjölmargir hagsmunaaðilar í samfélaginu hafa bent á það misserum saman að það sé okkar brýnasta hagsmunamál að skipta um mynt og fjármálastefnu. Innganga í ESB og upptaka evrunnar er efst á blaði hjá ofangreindum aðilum, sem lausn á hvoru tveggja. Undir þetta taka æ fleiri Íslendingar og málið þolir enga bið.

Skýr efnahagsstefna og fagleg yfirstjórn Seðlabanka Íslands er það sem fjöldinn kallar á. Með hverjum deginum eykst óvissan, reiðin og óttinn vegna þess að fólkið upplifir svo mikið stefnuleysi. Það kemur líka fleira í ljós sem styður þá kenningu að Seðlabanka Íslands hafi ekki verið stjórnað á faglegum forsendum undanfarin ár, og ekki hvað síst nú á undanförnum vikum. Íslendingar eru það vel upplýst og menntuð þjóð að hún lætur ekki skrökva að sér. Og þegar atburðarásin er með þeim ólíkindum sem verið hefur undanfarnar vikur þá veit fólk að gríðarleg mistök hafa verið gerð.

Gagnger úttekt undir forystu erlendra aðila á atburðum liðinna vikna, mánaða og ára, er algjörlega nauðsynleg. Íslensk stjórnvöld hafa því miður tapað trúverðugleika sínum hér heima og erlendis. Að hefja slíka rannsóknarvinnu mundi líka hafa jákvæð áhrif á þjóðarsálina sem er verulega sár og reið.

Þau þrjú atriði sem áhersla er lögð á í Nóvemberáskorun eru lykilatriði í upphafi á endurreisn íslensks efnahags og atvinnulífs. Á endurreisn trausts og trúverðugleika milli stjórnvalda og almennings.

*Höfundur starfar við ferðaþjónustu.*




# Að baka tóm vandræði

**UMRÆÐAN**
Eygló Harðardóttir svarar Steinunni Valdísi Óskarsdóttur


EYGLÓ HARÐARDÓTTIR

Spunameistarar Samfylkingarinnar finna sífellt ný orð til að slengja fram úr fjóshaugnum sínum. Þau nýjustu eru „kvenfyrirlitning“ og „drengjaremba“, sem óspart er atað á Framsóknarmenn. Ástæðan er gagnrýni okkar á vinnubrögð og þekkingarskort Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra og margra stjórnarliða í Icesave-málinu.

Í stað þess að beita þekkingu og rökum eru vopnin helst hroki, yfirlæti og smjörklípur. Þar sem ég vil forðast að falla niður á sama plan og flestir stuðningsmenn Icesave vil ég benda á nokkur dæmi máli okkar til stuðnings.

Í fyrsta lagi hefur þingflokksformaður VG staðfest að ríkisstjórnin hafi nánast öll verið tilbúin til að samþykkja Icesave-samningana án þess að hafa lesið þá. Lestur samninganna er forsenda skilnings á þeim, nema stjórnarliðar séu farnir að nýta vinnuaðferðir miðla eða einhliða túlkun íslenskra embættismanna á flóknum alþjóðlegum samningum.

Í öðru lagi spurði ég forsætisráðherra um fullyrðingar hennar, fjármálaráðherra og fleiri um að hægt væri að hefja greiðslur úr þrotabúi Landsbankans inn á Icesave-lánið, um leið og búið væri að samþykkja samningana. Benti ég á að slitastjórn gamla Landsbankans hefði ekki í hyggju að greiða neitt úr þrotabúinu fyrr en komin væri niðurstaða í lagaleg ágreiningsmál. Sú niðurstaða mun liggja fyrir eftir 1-2 ár. Forsætisráðherra kom af fjöllum og sýndi þannig skýrt skilningsleysi sitt á málinu öllu.

Í þriðja lagi virðast þingmenn Samfylkingarinnar missa málið á Alþingi þegar reynt er að fá þá til að útskýra hvernig þjóðin á að standa undir erlendum skuldum þjóðarbúsins og hvaðan á að fá gjaldeyrinn. Viðskiptajöfnuður er óáhugaverður að þeirra mati og fullyrti einn þingmaður Samfylkingarinnar að hún hefði lítinn áhuga á að ræða krónur í þessu sambandi.

Ríkisstjórnin, undir forystu Jóhönnu Sigurðardóttur, hefur fátt annað gert frá því að hún tók við völdum en baka þjóðinni vandræði með vanþekkingu sinni og úreltum vinnubrögðum.

Því verður að breyta!

*Höfundur er þingmaður Framsóknarflokksins.*

# Pitsu- og bjór-kynslóðin

**UMRÆÐAN**
Arnþór Gíslason skrifar um atvinnnuleysisbætur til ungs fólks


ARNÞÓR GÍSLASON

Nú á dögunum kynnti Árni Páll Árnason félagsmálaráðherra drög að nýjum lögum um atvinnuleysistryggingar þar sem boðað er að hluti atvinnuleysisbóta fólks á aldrinum 18 til 24 ára verði notaður til að fjármagna menntunarkosti fyrir þennan hóp. Samkvæmt gögnum ráðuneytisins falla um 2.500 ungmenni á aldrinum 18 til 24 ára í hóp þeirra sem eiga við langvarandi atvinnuleysi að stríða. Hugmyndin mun vera að koma þeim hópi sem mest í skóla eða starfsþjálfun.

Af þessu tilefni er ágætt að fara stuttlega yfir einkenni og stöðu þessa hóps. Kynslóðin sem slík var fædd á árunum 1985 til 1991 og þetta er líklega síðasta kynslóðin sem man eftir því þegar það þurfti að hringja eftir veftengingu og blása í tölvuleiki til að fá þá til að virka. Við erum vön því að eiga gott handboltalandslið og allt frá því að við fæddumst höfum við séð Ísland næstum því vinna Eurovision.

En á sama tíma er hér að koma upp kynslóð fólks sem að mestu leyti kemur úr framhaldsskólum inn á frosinn vinnumarkað og bíður hennar hundraða milljarða króna reikningur frá fyrri kynslóðum. Þetta er kynslóð sem átti ekki einn einasta fulltrúa þegar allar þær ákvarðanir voru teknar sem býður henni þann veruleika sem henni býðst í dag. Það er í raun rannsóknarefni út af fyrir sig af hverju eitthvað er eftir af minni kynslóð hér á landi.

Staðreyndin er sú að við eigum engan þingmann á Alþingi í dag, ekkert okkar stýrir einhverjum af stórfyrirtækjum landsins og jafnframt vantar okkur fulltrúa meðal stjórnenda verkalýðshreyfingarinnar. Í raun má segja að viðhorf ráðamanna til minnar kynslóðar sjáist best þegar faðir minn fær bréf fá stjórnmálaflokkum sem fjalla um utanríkisstefnur, hagvöxt og skuldastöðu heimilanna en þó að ég sé nemi í stjórnmálafræði er mér einfaldlega boðið í bjór og pitsupartí á Hverfisbarnum.

Þessum staðreyndum hefur hingað til verið hægt að líta framhjá, því með tíð og tíma förum við í aðra hagsmunahópa sem eflaust er tekið meira tillit til. Hins vegar hefur Árni Páll Árnason nú boðið minni kynslóð upp á ótrúlegan hroka sem er ekki bara móðgandi, heldur þvert á öll hans loforð um verndun þessa hóps. Árni hyggst með valdi laga „aðstoða“ okkur við það að fara í vinnu eða nám með því að fara með hendina sína í okkar vasa og taka frá okkur lögbundnar atvinnuleysistryggingar sem við höfum unnið okkur inn – og ákveða sjálfur hvað sé okkur fyrir bestu.

*En á sama tíma er hér að koma upp kynslóð fólks sem að mestu leyti kemur úr framhaldsskólum inn á frosinn vinnumarkað og bíður hennar hundraða milljarða króna reikningur frá fyrri kynslóðum.*

Með þetta sagt verð ég að vitna stuttlega í orð Adams Smith: „Sá stjórnmálamaður sem reynir að stjórna því, hvernig einstaklingur notar sjálfsaflafé sitt, er ekki einungis að vinna óþarfaverk. Hann er einnig að taka sér vald, sem engum manni, engu ráði og engri nefnd er treystandi til að nota og verður hvergi eins hættulegt og hjá þeim manni, sem er svo vitgrannur og metnaðargjarn, að hann telur sig hæfan til að beita því.“ Þó að það sé vissulega umdeilanlegt út af fyrir sig hvort flokka megi atvinnuleysistryggingar sem sjálfsaflafé eru þær engu síður lögbundin réttindi sem þetta fólk greiddi fyrir í góðri trú – þegar það hafði atvinnu.

Kæri Árni, fólk af minni kynslóð þarf ekki þína aðstoð þegar kemur að því að ráðstafa atvinnuleysisbótunum sínum. Við vitum miklu betur en þú hvernig nýta megi þessar bætur til að finna okkur vinnu eða fara í nám. Það sem þú mátt hins vegar gera er að biðja okkur afsökunar á því að þú hafir tekið þátt í að skuldsetja okkur áratugi fram í tímann og svo máttu endurskoða það hvort þú teljir að þín ríkisstjórn viti betur en við hvað við ættum að gera við peningana okkar.

*Höfundur situr í Stúdentaráði Háskóla Íslands og í stjórn Landssambands æskulýðsfélaga.*


Tal
Jólapakkinn í ár
Vertu í góðu talsambandi við ástvini um jólin.
12.000.-kr
notkun fylgir öllum símum. 1.000.- kr notkun á mánuði í 12 mánuði.
Samsung E1120
Verð: 9.990 kr.
Samsung C3050
Verð: 19.990 kr.
Samsung B3310
Verð: 29.990 kr.
Þessir símar fást eingöngu í verslunum Tals.
6 vinir óháð kerfi
Veldu 6 gsm eða heimasímanúmer fyrir 0 kr. mínútuna.
Gloss frá Gosh fylgir með Samsung B3310 á meðan birgðir endast.
Þjónustuver 1817 | Sími 445 1600 | Fax 445 1601 | tal@tal.is | Suðurlandsbraut 24 | 108 Reykjavík

# Stöndum vörð um grunnskólann

**UMRÆÐAN**

Guðrún Erla Geirsdóttir (G.Erla) skrifar um vægi list- og verkgreina



GUÐRÚN ERLA GEIRSDÓTTIR

Örfá ár eru frá því að við Íslendingar náðum því takmarki að kennslustundir grunnskólanema væri jafnmargar og í nágrannalöndum okkar. Því kemur það eins og köld vatnsgusa að sveitarstjórnarmenn á landsbyggðinni geri það að tillögu sinni að fækka þeim aftur. Á liðnum árum hafa kannanir sýnt að nemendur hér á landi standa jafnöldrum sínum að baki í nokkrum námsgreinum. Eitt hafa þó aðrar þjóðir talið okkur til tekna. Það er vægi list- og verkgreina í menntun. Vægið hefur þó farið minnkandi því ekki er langt síðan smíðar, heimilisfræði, textíl- og myndmennt urðu valfög í efstu bekkjum. Það er líklegt að ef grunnskólanám verður skert gerist það á kostnað list- og verkgreina. Við þessar aðstæður er eðlilegt að spyrja hvort almenningur vilji fækkun kennslustunda og ef svo er á hvaða námsgreinum það eigi að bitna.

Þegar horft er yfir þá sviðnu jörð sem hugmyndfræði nýfrjálshyggjunnar og útrásarvíkingarnir skildu eftir sig er ekki margt sem stendur óskaddað. Menning okkar sem birtist í listaverkum og hönnun heldur þó sinni reisn. Þeir einstaklingar sem skara framúr á þessu sviði vekja stolt í brjósti okkar. Jarðvegurinn sem þeir hafa sprottið úr er góð list- og verkgreinakennsla. Margur nemandi sem ekki finnur sig í lesgreinum blómstrar í list- og verkgreinum. Sérstaklega á þetta við um þá sem glíma við lesblindu því þar gefst þeim færi á að nýta hæfileika sína til þrívíðrar hugsunar og sköpunar.

Kennslustundum verður ekki fækkað nema með lagabreytingu. Slíkt er ekki í anda jöfnuðar og félagshyggju sem ríkisstjórnin stendur fyrir.

Fækkun kennslustunda býður upp á þann ójöfnuð að þeir ríku kaupi forskot fyrir sín börn. Þess konar samfélag viljum við ekki. Stytting skóladags þýðir að börn og unglingar eru ein lengri tíma dags en nú er. Það býður ýmsum hættum heim. Ef sú kynslóð sem nú er að alast upp á að koma ósködduð út úr kreppunni þurfum við að huga betur að hagsmunum hennar.

Það er skylda okkar að hún þurfi ekki að tapa menntunartækifærum vegna þeirrar hugmyndafræði sem ríkisstjórn sjálfstæðimanna og framsóknar iðkaði.

*Höfundur er kennari og varaborgarfulltrúi.*

# Öll gögn fram í dagsljósið

**UMRÆÐAN**

Höfundur skrifar um innrásina í Írak



HEIÐAR LIND HANSSON

Ástæða er til að vekja athygli á og fagna því að fjórir þingmenn VG hafa nú lagt fram þingsályktunartillögu á hinu háa Alþingi þess efnis að fela forsætisráðherra og utanríkisráðherra að sjá til þess að birt verði öll skjöl og allar upplýsingar sem fyrir liggja frá ársbyrjun 2002 til desember 2003 sem varpa ljósi á ákvörðun þáverandi ríkisstjórnar um stuðning Íslands við innrás Bandaríkjamanna, Breta og annarra þjóða í Írak árið 2003.

Ákvörðun þessi, sem birtar heimildir herma að hafi verið einhliða ákvörðun tveggja manna, er að mínum dómi svartur blettur í utanríkissögu Íslendinga. Herlaus þjóð og vopnlaus getur undir engum kringumstæðum lýst yfir stuðningi við árásarstríð á hendur annarri. Hvernig á slík þjóð að geta staðið við orð sín þegar til kastanna kemur? Svarið er að hún getur það ekki. Af þessum ástæðum neituðu Íslendingar að gerast stofnaðilar að Sameinuðu þjóðunum árið 1945 þar sem stríðsyfirlýsing á hendur Þjóðverjum var gerð að skilyrði. Þetta prinsipp höfðu íslensk stjórnvöld að leiðarljósi á þeim tíma og höfðu lengstum á lýðveldistímanum.

Hvers vegna álpaðist Ísland á lista „hinna viljugu þjóða“? Vegna gjöreyðingarvopna? Engin slík fundust. Vegna Bin Laden? Ekkert sást til hans. Sennilegasta skýringin sem hefur fundist er barnaleg von þess efnis að varnarstöðin á Miðnesheiði myndi verða þar áfram um aldur og ævi. Það er hjákátlegt að hugsa til þess að rúmum tveimur áratugum frá lokum kalda stríðsins hafi enn verið herstöð á litla Íslandi, fyrst og fremst í nafni atvinnumála á Suðurnesjum. Með fullri virðingu fyrir störfum þeirra sem höfðu vinnu af varnarstöðinni á vera herstöðva í þessu landi fyrst og fremst að miðast við öryggi landsins og okkar heimshluta en ekki sem atvinnuskapandi ráðstöfun.

Nú skora ég á aðra þingmenn á Alþingi að styðja þessa þingsályktunartillögu þingmanna VG og þar með veita almenningi aðgang að gögnum sem vonandi svipta hulunni af máli þessu. Öðruvísi verður þetta mál ekki gert upp.

*Höfundur er sagnfræðingur og stjórnarmaður í Sambandi ungra framsóknarmanna.*

# Framþróun eða stöðnun?

**UMRÆÐAN**

Sigurður Sigurðsson skrifar um stjórnarskrána



SIGURÐUR H. SIGURÐSSON

Hinn 14. nóv. sl. birtist grein eftir mig í Fréttablaðinu þar sem ég færði rök fyrir því að ekki borgaði sig að slá stjórnlagaþingi á frest líkt og forsætisráðherra hefur nú talað fyrir. Einnig gagnrýndi ég þá aðferð sem tilgreind er í frumvarpi til laga um ráðgefandi stjórnlagaþing.

Þó að ýmsir ráðamenn reyni að tala á bjartsýnum nótum um ástand og horfur í málum þjóðarinnar, hringja margar viðvörunarbjöllur sem fá fólk til að efast um að allt sé með felldu. Alþingi situr fast í umræðu um Icesave og önnur mikilvæg mál hrannast upp án þess að á þeim sé tekið. Lögspekingar tala í mismunandi áttir um ákvæði stjórnarskrárinnar, hvort fyrirliggjandi samningar við Breta og Hollendinga brjóti í bága við ákvæði hennar eða ekki. Löng hefð er fyrir því að túlka ákvæði hennar frjálslega og jafnvel á allt annan veg en orðanna hljóðan segir til um. Mörg vestræn ríki hafa sérstakan stjórnarskrárdómstól til að kveða úr um svo mikilvæg álitamál en hér á landi hefur verið látið nægja að spyrja háskólaprófessora álits sem oftar en ekki komast að ólíkum niðurstöðum.

Fáir mótmæla því að íslensk þjóð stendur á miklum tímamótum. Fyrir liggur að skuldir þjóðarbúsins séu yfir 300% af VLF sem óháðir hagfræðingar hafa sagt vera ávísun á greiðsluþrot. Misskipting auðs hefur sjaldan verið meiri en nú þar sem að afrakstur auðlinda landsins rennur að mestu óskiptur í vasa útvaldra. Um helmingur heimila landsins skuldar hins vegar húsnæðislán sem hafa hækkað langt umfram nokkur eðlileg viðmið og höfuðstólar margra lána hreinlega stökkbreyst sökum gengishruns krónunnar. Landflótti er ekki bara hræðsluáróður heldur staðreynd sem tölur frá Hagstofunni staðfesta. Blessuð vísitalan fer hækkandi með hverjum mánuði sem líður.

Stjórnarskráin okkar er jafngömul lýðveldinu en hlutar hennar reyndar mun eldri, enda heimanmundur frá Dönum. Þó svo að sumir (t.d. forseti Íslands) vilji meina að hún hafi ágætlega staðist tímans tönn þá yrði hún seint talin nútímaleg, hvað þá framsækin. Réttindi og skyldur forsetans eru tíundaðar í 30 greinum af 81 en ekki er einu orði minnst á fjölmargt sem skiptir okkur svo miklu máli, t.d. lífsgæði, auðlindir, mengun, fjölmiðla, menningu, sjálfbærni, loftgæði, drykkjarvatn, náttúru og umhverfi. Lítið bólar heldur á mörgum þeim gildum sem nýafstaðinn Þjóðfundur helst dró fram s.s. heiðarleika, virðingu, réttlæti, kærleika og jöfnuð.

Fyrirmyndir að nútímalegri stjórnarskrá má finna víðar en á Vesturlöndum. Varla myndi mörgum Íslendingum detta konungsríkið Bútan í hug þegar leitað er eftir góðu fordæmi. Þetta einangraða land í Himalayafjöllum tók í notkun nýja stjórnarskrá árið 2008 sem er allar athygli verð og sýnir í samanburði hvað sú íslenska er takmörkuð og úr sér gengin. Þar eru t.d. settar miklar skyldur á ríkið að standa vörð um náttúru landsins og vistkerfi, að koma í veg fyrir mengun og tryggja öllum öruggt og heilsusamlegt umhverfi. Einnig er þar að finna óvenjulegri hluti eins og tilvísun til „Vergrar Þjóðarhamingju“ (e. Gross National Happiness) sem er mæling á félagslegum, umhverfislegum og menningarlegum lífsgæðum. Ríkinu ber að móta sér stefnu og markmið með hamingju fólks að leiðarljósi. Þessi sérstaka nálgun hefur reyndar vakið athygli málsmetandi manna á Vesturlöndum eins og nóbelsverðlaunahafans Joseph Stiglitz og Sarkozy Frakklandsforseta svo að ekki er ólíklegt að einhver „þróuð“ ríki taki sér þetta til fyrirmyndar.

Konungur Bútan lagði mikla áherslu á að vinna nýrri stjórnarskrá fylgi meðal þjóðarinnar og ferðaðist um öll héruð landsins til að ræða innihald hennar milliliðalaust við fólk. Þannig tók stór hluti þjóðarinnar beinan þátt í mótun hennar og fyrst það var hægt í afskekktu konungsríki í Himalayafjöllum hlýtur það að vera hægt á Íslandi líka. „Ef við horfum upp á Bútan innleiða svo framsækna nýja stjórnarskrá fyrir 21. öldina án þess að gera nokkuð sjálf mun það verða okkur til ævarandi skammar“ sagði spænska konan mín sem benti mér á þetta sérstaka frumkvæði þjóðhöfðingjans í Bútan, sjá nánar: http://www.constitution.bt. Þegar þjóðir hætta að setja sér háleit takmörk er næsta víst að hnignun er á næsta leiti.

Viljum við áfram vera eftirbátar annarra þjóða? Ætlum við að fórna meiri tíma í að þrasa um skatta og skuldir án þess að huga að grunngildum þjóðfélagsins, sáttmálanum sem við gerum hvert við annað? Ætlum við að leyfa stjórnmálaflokkunum og hagsmunaaðilum innan þeirra að ráðskast með öll okkar mikilvægustu mál? Ætlum við enn um sinn að horfa upp á alþingismenn tala sig hása langt fram á nótt í tilraun til að sporna við framkvæmdavaldinu? Treystum við Alþingi til að rannsaka sig sjálft? Ætlum við að sætta okkur við að dómarar séu skipaðir á pólitískum forsendum? Hvers vegna í ósköpunum eigum við að líða það að auðlindum landsins sé svo illilega misskipt? Hér á enginn að þurfa að líða skort.

*Höfundur er kvikmyndagerðarmaður og situr í stjórn Borgarahreyfingarinnar.*




# Sóknarbörn velji sóknarprest

**UMRÆÐAN**

Sóknarbörn á Selfossi skrifa um prestskjör

Eftir tæplega tveggja ára óvissutímabil í Selfosskirkju var í haust gengið frá flutningi sr. Gunnars Björnssonar í starf sérþjónustuprests. Þá vonuðu margir að friður og sátt væru á næsta leiti í söfnuðinum en sú varð ekki raunin. Sú ákvörðun Kirkjuþings 2009 að sameina Hraungerðisprestakall og Selfossprestakall er að mörgu leyti skynsamleg en aðdragandi málsins og efnismeðferð þingsins voru hins vegar með miklum ólíkindum. Þar var vilji sóknarbarna algjörlega hundsaður. Málið var keyrt í gegnum þingið með offorsi og sóknarbörnum tilkynnt að þeim hefði verið valinn nýr sóknarprestur.

Þetta getum við sóknarbörnin með engu móti fallist á og því var farið af stað með undirskriftasöfnun og þess krafist að nýr sóknarprestur yrði kosinn í almennri prestskosningu. Á aðeins nokkrum dögum söfnuðust undirskriftir tæplega helmings kosningabærra á Selfossi. Hraungerðisprestur hefur eins og staðan er í dag ekkert umboð frá sóknarbörnunum til að verða sóknarprestur eftir sameininguna. Hann getur eins og aðrir sótt sér það umboð með því að sækja um stöðuna í almennum kosningum. Kirkjustarf í Selfosskirkju er mjög fjölbreytt. Þar er öflugt kórastarf, barna- og æskulýðsstarf og auk þess er messað á hverjum sunnudegi og eru þá ótaldar margvíslegar aðrar athafnir og þjónusta sem kirkjan veitir, m.a. viðtöl og sálusorgun. Utan um þetta allt þarf skýra og trausta verkstjórn. Sóknarprestur verður að hafa ótvírætt umboð frá söfnuðinum til þessara mikilvægu starfa.

Með því að leggja niður bæði prestaköllin getur biskup auglýst eftir sóknarpresti og presti í hinu nýja Selfossprestakalli. Hefðir kirkjunnar geta ekki réttlætt að sóknarprestur í 500 manna samfélagi taki við 6.600 manna samfélagi án þess að sóknarbörnin hafi nokkuð um það að segja. Hér er ekki verið að fækka prestum eins og mörg dæmi eru um við sameiningu prestakalla. Aðstæður eru því óvenjulegar og óhefðbundnar. Framkvæmdin verður að vera skýr og þar viljum við sóknarbörnin fá að segja okkar hug og kjósa þá sem við treystum best til að gegna þessum vandasömu störfum. Nú er kominn tími til að vilji sóknarbarna á Selfossi fái pláss í mikilvægum ákvörðunum sem varða þeirra eigin kirkju. Það er ekki Kirkjuþings að kjósa sjö þúsund manna samfélagi á Selfossi sóknarprest, Selfyssingar eru fullfærir um það sjálfir.

*Dagbjört Jóna Guðnadóttir, Elín Sigurðardóttir, Elísabet Hlíddal, Erla Guðlaug Sigurjónsdóttir, Haukur Þorvaldsson, Hjördís Þorsteinsdóttir, Jóhanna Hafdís Magnúsdóttir, Kristjana Hrund Bárðardóttir, Sally Ann Vokes, Snorri Sigurðsson, Valdimar Árnason og Þórður Grétar Árnason.*


Leiktu þér og vertu í sambandi
NOKIA
Sun 25-08-2009
Apphia
Add
My music
2:10 / 4:25
ovi
Dialer
Contacts
Nokia 5230 SNERTISÍMI
3,2 tommu snertiskjár í nHD upplausn
Frábær tónlistarspilari og FM útvarp
3,5 mm tengi fyrir heyrnartól
Innbyggt GPS með möguleika á social location fyrir Facebook
Frítt Íslandskort fyrir GPS
Myndbandstökuvél og myndavél með GPS Geo-Tag
Tölvupóstur
Vertu í góðu sambandi við alla vinina. Gerðu allt sem þú vilt á netinu og njóttu þess að leika þér fram í fingurgóma með Nokia 5230 snertisímanum.
NOKIA

# Tölfræði aðskilnaðar ríkis og kirkju

**UMRÆÐAN**
Óli Gneisti Sóleyjarson skrifar um aðskilnað ríkis og kirkju


ÓLI GNEISTI SÓLEYJARSON

Nú fyrir skömmu birtust stórmerkilegar tölur um viðhorf þjóðarinnar til sambands ríkis og kirkju. Samkvæmt Capacent Gallup mælist nú 74% fylgi við aðskilnað. Raunar hefur alltaf verið meirihluti fyrir aðskilnaði og yfirleitt hafa um tveir þriðju þjóðarinnar verið fylgjandi breyttu kirkjufyrirkomulagi. Fyrir tveimur árum kom hins vegar könnun þar sem fylgið mældist einungis 51%.

*Það sem kemur líklega mest á óvart við niðurstöður nýju könnunarinnar er mikið fylgi við aðskilnað innan kirkjunnar sjálfrar.*

Þegar ég bar þessar tölur fyrst saman í huganum datt mér helst í hug að skýringin á þessum mikla mun væri sú að meðalstuðningur við aðskilnað væri bara um 66% markið og munurinn fælist í því innbyggðri ónákvæmni tölfræðirannsókna. En þegar tölurnar á bak við tölurnar eru skoðaðar kemur í ljós að nýrri talan er mun líklegri til að vera rétt.

Í könnuninni frá 2007 sem fór fram í hájólavertíðinni var úrtakið rúmlega tólf hundruð manns. Í nýju könnuninni var úrtakið nærri tvöfalt stærra.

Um leið var svarhlutfall mikið betra árið 2009 en 2007. Í fyrri könnuninni svöruðu um 61% en í þeirri seinni um 71%. Þessar tölur benda allar til þess að stuðningur við aðskilnað sé mun nær 74% en 51%.

Capacent Gallup gerði sjálft fyrirvara við niðurstöður síðustu könnunar enda var hún á skjön við allt sem áður hafði fram komið.

Talið var líklegt að tímasetningin hefði mögulega skekkt niðurstöðuna.

Ég tel þó reyndar ekki að það séu færri hlynntari aðskilnaði þegar jólavertíðin er í hámarki en ég tel frekar að fólk sé ólíklegra til að upplýsa þá afstöðu sína og þá sérstaklega miðað við þá umræðu sem var þá í samfélaginu. Vissulega má segja að tímasetningin á nýju könnuninni gæti haft einhver áhrif. Mál séra Gunnars er mikið búið að vera í umræðunni. En aftur á móti þá eru nær alltaf í gangi einhver erfið deilumál innan kirkjunnar.

Það sem kemur líklega mest á óvart við niðurstöður nýju könnunarinnar er mikið fylgi við aðskilnað innan kirkjunnar sjálfrar. Hugsanlega mætti túlka þennan stuðning við aðskilnað sem trú á að sjálfstæð kirkja ætti auðveldara með að leysa slíkar deilur.

En það er eitt ljóst. Þó að forsvarsmenn kirkjunnar reyni að afneita niðurstöðunum með vísun í fáfræði almennings þá getur ríkisvaldið ekki lengur tafið. Við eigum að hætta að rökræða um hvort eigi að skilja að ríki og kirkju og fara þess í stað að ræða um hvernig skuli staðið að þessum löngu tímabæra aðskilnaði.

*Höfundur er þjóðfræðingur.*

# Virði heilbrigðisþjónustu

**UMRÆÐAN**
Brynja Laxdal skrifar um heilbrigðismál


BRYNJA LAXDAL

Oft er sagt að heilbrigðiskerfið á Íslandi sé dýrt, en að sama skapi gleymist að ræða það virði sem þjónustan leiðir af sér eins og betri lífsgæði samfélagsþegna og þekkingasköpun starfsmanna sem hvort tveggja skilar sér til þjóðfélagsins. Heilbrigðiskerfið þarf þó vitaskuld að hagræða í rekstri rétt eins og aðrar skipulagsheildir. Stjórnun og stefnumótun er nokkuð háð fjárlögum og pólítík en hagræðing stjórnast af skipulagi innviða, gegnum mannauð og með aukinni þátttöku og ábyrgð skjólstæðinga á eigin heilsu.

Að þessu sögðu eru ýmis tækifæri til hagræðingar í heilbrigðiskerfinu, til dæmis með aukinni rafrænni þjónustu þar sem við á. Þá mætti fjölga tekjustofnum með útseldri ráðgjöf og sérþjónustu en áður yrði að fá álit neytenda á þeirri þjónustu sem þeir helst óska eftir og hversu mikið þeir eru til í að borga fyrir hvers kyns sérþjónustu.

Sem dæmi um hagræðingu sem skapar ávinning til lengri tíma er efling og jafnvel áherslubreyting á lýðheilsu- og forvarnarþjónustu heilsugæslunnar. Ávinningur er minni lyfjanotkun, fækkun ótímabærra sjúkdóma, minna vinnutap og færri kostnaðarsamar innlagnir á sjúkrahús eða meðferðastofnanir. Samkvæmt Alþjóðaheilbrigðismálastofnun (2007) má rekja 60% heilsufarsvandamála í Evrópu til lífsstílssjúkdóma. American Institute of Cancer Research segir í skýrslu árið 2007 að með því að halda sér í kjörþyngd sé hægt að minnka líkur á krabbameini um 30-40%. Norrænir félags- og heilbrigðismálaráðherrar gáfu út yfirlýsingu í júní 2009 þess efnis að barátta gegn lífsstílssjúkdómum væri á forgangslista, ásamt því að vinna sig út úr fjármálakreppunni.

Í könnun sem undirrituð gerði í mars 2009 meðal skjólstæðinga sex heilsugæslustöðva á höfuðborgarsvæðinu komu fram vísbendingar um að fræðsla eða hvatning heimilislækna og hjúkrunarfræðinga mætti vera meira afgerandi sem áhrifaþáttur lífsstílsbreytinga miðað við gefnar forsendur um hlutfall lífsstílssjúkdóma af heilsufarsvandamálum. Þeir þættir í rannsókninni sem voru tíundaðir sem áhrifaþættir voru mataræði, hreyfing, reykingar, neysla kofffíndrykkja eða önnur heilsuspillandi iðja. Þá töldu svarendur ennfremur vanta alhiða (andlega og líkamlega) þjónustu og að eftirfylgni væri ábótavant.

Ýmislegt hefur áhrif á neyslu og lífsstíl eins og tískustraumar, neyslustýring stjórnvalda, fræðsla, frægar fyrirmyndir og áhrif vina og fjölskyldu. Sú staða og ímynd sem heilbrigði skapar fæst gegnum auðkennastjórnun lýðheilsu og hún ásamt forvarnarstarfi í skóla eru mjög mikilvægar. Áríðandi er að samvinna ýmissa stétta sé nýtt til hins ítrasta því á skólaaldri er fræum forvarna sáð til komandi kynslóða. Hafi sú vinna ekki tilætluð áhrif er næsta skrefið að aðstoða viðkomandi að breyta um lífsstíl, sé fyrirsjáanlegt að heilsunni sé ógnað. Árangur persónulegra tengsla, stuðnings og eftirfylgni er mun meiri en markaðsherferða þó þær þjóni vel sem vitundarvakning. Í þessu samhengi telst heilsugæslan í einstakri nálægð við íbúa og skólasamfélagið í þeim byggðakjarna sem hún þjónar. Enda er það svo að mismunandi aðferðir og hvatning henta hverjum og einum og skoða þarf lífsstíl út frá ýmsum forsendum eins og ættarsögu. Lífsstílsbreyting er langtíma ferli og veltur fyrst og síðast á þátttöku hvers og eins. Erlendar rannsóknir sýna að góð samskiptafærni heilbrigðisstarfsfólks eykur árangur lífsstílsbreytinga. Hér er átt við kunnáttu til að fræða svo boðskapurinn skiljist og sé meðtekinn, viðmóti þess sem fræðir og eftirfylgni.

Lýðheilsustöð hefur verið hvað sýnilegust í forvarnarmálum og skýrði nýlega frá niðurstöðum 17 ára rannsóknar á þyngd Íslendinga en þar kemur fram að við höfum þyngst jafnt og þétt, þrátt fyrir gríðarlegan áróður um áhrif holls mataræðis og hreyfingar. Hér hljóta menn að spyrja sig hvort verið sé að beita réttum aðferðum við að koma skilaboðum á framfæri eða skyldi helsti hvatinn til lífsstílsbreytinga felast í alvarlegri heilsufarslegri viðvörun, áfalli eða hugsanlega vegna álaga stjórnvalda á „óhollustu“? Fjölrannsóknagreining á 48 markaðsherferðum í Bandaríkjunum gegn heilsuspillandi lífsstíl sem byggðust á félagslegri nálgun sýndu 9% árangur ári eftir herferð. Í mildari eða upplýsandi herferðum var árangurinn aðeins 5%. Árangur íslenska Reyksímans sem er hugmyndasmíð hjúkrunarfræðinga er hins vegar um 36% ári eftir upphaf meðferðar. Þennan frábæra árangur sem og annan góðan ætti að nota í markvissri hugmyndavinnu að lýðheilsuþjónustu þar sem jafnframt eru skoðuð tengsl markhópa og heilbrigðisskilaboða ásamt áhrifaþáttum heilsupillandi hegðunar og lífsstílsbreytinga. Aðeins þannig lærum við að yrkja jarðveginn og sá réttum fræjum til að fá sem besta uppskeru.

*Höfundur er hjúkrunarfræðingur og MS í markaðsfræði og alþjóðaviðskiptum.*


Yfirburðir Fréttablaðsins staðfestir!



59%
Lesa bara Fréttablaðið

8,8%
Lesa bara Morgunblaðið

32,2%
Lesa bæði Fréttablaðið og Morgunblaðið

Auglýsing í Fréttablaðinu nær til yfir 91% lesenda

Fréttablaðið er sem fyrr mest lesna dagblað landsins með glæsilegt forskot á samkeppnisaðila sinn eins og síðasta könnun Capacent Gallup sýnir ótvírætt.




Allt sem þú þarft...

Skörun blaðalesturs að meðaltali á dag, mán. til lau., höfuðborgarsvæðið 18-49 ára.
Heimild: Blaðakannanir Capacent maí-okt. 2009.



**SKOTTMARKAÐUR** verður haldinn á bílastæði Kjarvalsstaða á morgun frá 12 til 14. Á skottmarkaði er heimilisbíllinn notaður sem sölubás og getur fólk selt allt milli himins og jarðar úr bílskottum sínum. Íbúasamtök Hlíða, Holta og Norðurmýrar standa fyrir markaðnum. Viðburðurinn er ókeypis og opinn öllum.




FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar Henný Árnadóttir** henny@365.is 512 5427 **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447









Þegar þær Anna Elínborg og Áslaug eru í þannig skapi bæta þær möndlum og sjötíu prósenta súkkulaði ofan á skýið.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Sæla fyrir kroppinn

**Eitt af aðalsmerkjum veitingastaðarins Marengs, sem opnaði í Listasafni Íslands í byrjun mánaðarins, er hamingjuský. Það gleður augu og bragðlauka svo um munar og fær gesti til að svífa út á bleiku skýi.**

„Ég er farin að borða eitt til tvö hamingjuský á dag og hefur sjaldan liðið betur," segir ljósmyndarinn og matgæðingurinn Áslaug Snorradóttir sem býður upp á samnefnt lostæti á veitingastaðnum sínum Marengs sem hún rekur ásamt Önnu Elínborgu Gunnarsdóttur á annarri hæð Listasafns Íslands.

„Það voru einmitt að fara frá mér sex konur sem hreinlega svifu út eftir að hafa fengið sér hamingjuský," bætir hún við. Skýið er búið til úr marengs, sem Áslaug segir ekkert annað en prótín og pínu sykur, hindberjum og hindberjasafa, köldum léttþeyttum rjóma og nýkreistum granateplum. „Samkvæmt indverskri speki þá er rjómi ein besta sælan fyrir kroppinn og granatepli eru með því hollasta sem maður getur í sig látið. Ef ég er í þannig skapi dreifi ég síðan möndlum og sjötíu prósent súkkulaði yfir." Með hamingjuskýinu, sem er skreytt með rós, er ýmist drukkið rósate í glærum kötlum eða freyðivín sem Áslaug segir eiga sérstaklega vel við um helgar.

Á Marengs, sem er opinn milli ellefu og fimm eins og safnið, er lagt upp úr því að bjóða upp á mat sem gleður augu, nef, munn og síðan allan kroppinn. „Á undan mörgum réttum bjóðum við upp á ofurskot sem eru til dæmis búin til úr sítrónu og engifer eða selleríi og gúrku en þau eru góð fyrir meltinguna. Þá erum við með alls kyns súpur, salöt og eftirrétti. Við reynum að passa upp á að fólk fái fræ-, hnetu- og súkkulaðiskammtinn sem vænst er til þess að það borði á hverjum degi og hugsum matinn út frá því hvernig líkamanum líður. Við erum þó líka með sætindi í bland og falla vöfflur og kakó með rjóma vel í kramið. Marengsinn er þó alveg sérstaklega vinsæll en hann er svo léttur og fer svo vel í kroppinn."

*vera@frettabladid.is*

## HAMINGJUSKÝ

**fyrir 1**

Ein stór lúka marengs (heimabakaður eða keyptur)
Stór lúka þiðin ber (til dæmis hindber og smá safi með)
Svipað magn af þeyttum rjóma
Fræ úr hálfu granatepli
Rós til augnayndis

*Setjið marengsinn á ljósan disk með bleikum kanti eða disk úr konunglegu dönsku postulíni en það virkar langbest. Setjið rjóma ofan á marengsinn, ber ofan á rjómann og fræ úr granatepli yfir. Setjið rós á topp sælunnar og berið fram með rósatei eða freyðivíni.*




**JÓLAGJÖF** Tónlistarskólans á Akureyri og Leikfélags Akureyrar eru ókeypis tónleikar sem haldnir verða í Rýminu á morgun klukkan 17. Þar koma fram Pálmi Gunnarsson, Bryndís Ásmundsdóttir og fleira gott tónlistarfólk.








# Stafafuran heldur barrinu til páska

**Flestir vilja velja íslenskt fyrir þessi jól og það á við um jólatré sem annað. Um helgina geta fjölskyldur farið í jólaskóg Skógræktarinnar í Heiðmörk og höggvið þar sín eigin jólatré. Brynjólfur Jónson, framvkæmdastjóri Skógræktarinnar, segir hér frá kostum íslensku trjánna.**

Brynjólfur Jónsson, framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Íslands, segist hafa orðið var við aukinn áhuga á íslenskum jólatrjám í ár og í fyrra. „Bæði hefur jólaskógurinn notið stigvaxandi vinsælda en svo er líka algengara að fólk biðji um íslensk tré á sölustöðum nú en áður.“ Enda ekki furða því fyrir utan það að styðja við skógrækt sem atvinnuveg eru margar ástæður til að velja frekar íslenskt jólatré. Íslensk jólatré eru vistvæn. Þau eru ræktuð án eiturefna og eru ekki flutt á milli landa. „Í staðinn fyrir hvert tré sem höggvið er gróðursetur Skógræktarfélag Reykjavíkur að minnsta kosti fimmtíu tré,“ segir Brynjólfur og bætir við að þannig sé lagður grunnur að framtíðarjólatrjám landsmanna án þess að ganga á hið viðkvæma starf sem hefur verið unnið.



Stafafura, sitkagreni og rauðgreni eru helstu grenitegundirnar sem eru ræktaðar og seldar hérlendis. Þinur hefur löngum verið vinsælasta jólatréð hjá Íslendingum, ekki síst vegna barrheldni sinnar en lengi töldu menn að ekki væri hægt að rækta hann hér. Sú kenning hefur afsannast og má búast við íslenskum þin á markað á næstu eða þarnæstu árum. Þinurinn er þó fjarri því að vera eina barrheldna jólatréð. „Stafafuran heldur barrinu mjög vel og myndi örugglega standa til páska ef því væri að skipta,“ segir Brynjólfur.



Brynjólfur Jónsson, framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Íslands, fann jólatré í Öskjuhlíð. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Stafafurur eru einmitt jólatrén sem boðin eru til höggs í jólaskóginum í Hjalladal í Heiðmörk þar sem fjölskyldur geta komið og fengið að upplifa sitt eigið skógarhögg. Í ár verður jólaskógurinn opinn núna um helgina og helgina 19.-20. desember frá klukkan 11 til 16. *- bb*











Jólasiðir og -venjur eru æði misjafnar eftir löndum. Í Úkraínu er oft notuð gervikönguló og vefur til að skreyta jólatré. Þar í landi er talið að köngulóarvefur sem finnst að morgni jóladags boði lukku.

**heimild: www.corsinet.com/braincandy**




# föstudagur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS

11. desember 2009



Friðrika Geirsdóttir um Wipeout, nýjan matreiðsluþátt og hátíðarskapið.

# ER ÉG SJÁLF Í SJÓNVARPINU

+ GLAMÚRPARTÍ HJÁ GYÐJU + JÓLA POP-UP BÚÐ + JÓLAFÖRÐUN MAC SKEMMTISTAÐIR MIÐBÆJARINS + FLOTT HERRATÍSKA

@ HARÐIR PAKKAR

UNITED MARGMIÐLUNARSPILARI

720/1080i

HDMI

WD

500GB DISKUR




United HD MMP 9530
- 720P/1080i HD 3.5" spilari
- 500GB WD Greenpower diskur
- SD/MMC kortalesari
- HDMI og USB Uplink ofl.

24.950

@tt.is
Allt tölvutengt á betra verði

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT • SENDINGARKOSTNAÐUR AÐEINS KR. 750 HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700 • WWW.ATT.IS

# núna

* fylgist vel með

## helgin MÍN

### HALLDÓR RAGNARSON MYNDLISTARMAÐUR

Þar sem þetta er síðasta sýningarhelgin á sýningunni minni í Listasafni ASÍ mun ég eyða laugardeginum í að skrásetja sýninguna þar sem ég hef slugsað við það. Annars eru það Seabear-æfingar, ljósatímar og afmæli hjá viskívini. Sunnudagar eru síðan nammidagar.





### Bræður munu berjast

Skollinn er á hatrömm barátta milli Hjálma og Hjaltalín um hver standi uppi sem söluhæsti listamaður jólanna, eða allavega hjá útgáfufyrirtækinu Borginni. Baráttan er sérstaklega blóðug þar sem það eru jú bræður í þessum sveitum, Guðmundur Óskar í Hjaltalín og Sigurður Guðmunds í Hjálmum.

### Kalli Berndsen gefur út kennslumyndband

Þær konur sem hafa ekki komist í þáttinn vinsæla „Nýtt útlit" geta tekið gleði sína þar sem förðunarsnillingurinn og stílistinn Karl Berndsen er að gefa út kennslumyndband á dvd í förðun. Efni af þessu tagi hefur ekki verið gefið út í Evrópu sem hefur leitt til þess að Kalla hefur verið boðinn dreifingarsamningur á myndbandinu í Austur-Evrópu.

þetta HELST

Sigrún Lilja Guðjónsdóttir skóhönnuður

# GLAMÚR ÞARF EKKI AÐ KOSTA MIKIÐ

Mig langaði til þess að kynna nýju skólínuna mína með stæl og kvöldið verður því með eins konar Hollywood-ívafi," útskýrir skóhönnuðurinn Sigrún Lilja Guðjónsdóttir sem stendur fyrir flottu galakvöldi á laugardagskvöldið. „Á þessum krepputímum er fólk dálítið niðurlútt og er ekki að gera mikið til að lyfta sér upp. Mig langaði til þess að fólk fengi tækifæri til að klæða sig upp, konur skelltu á sig rauðum varalit og háum hælum og gerðu sér glaðan dag. Glamúr þarf ekkert að kosta mikið þó að við séum ekki að borða kavíar og drekka kampavín." Skór Sigrúnar Lilju hafa vakið mikla athygli erlendis og ástralska söngkonan Kylie Minogue gerði nýverið samning við Gyðju um að klæðast skónum hennar á tónleikaferðalagi um heiminn.

Galakvöld Gyðju verður haldið á B5 í Bankastræti en þar verður rauður dregill og ljúfar veitingar á boðstólum. Einungis boðsgestir eru á gestalista og Sigrún Lilja mælist til þess við gesti að þeir leggi 1.000 krónur í sérstakan bauk til styrktar átakinu Á rás fyrir Grensás. „Það er sérstök ástæða fyrir því að ég vil styrkja þetta frábæra framtak. Föðursystir mín lenti í alvarlegu slysi í febrúar síðastliðnum og Grensás og allt starfsfólkið þar hefur veitt okkur ómetanlega hjálp og stuðning. Mér finnst þessi málstaður stundum ekki fá nógu mikla athygli og ég vildi leggja mitt á vogarskálarnar." Edda Heiðrún Backman sem er góð vinkona Sigrúnar tekur við styrktarsamningi í skóverslun Steinars Waage í Kringlunni klukkan 16 en þar verður haldinn sérstakur Gyðjudagur. Boðsgestir á B5 munu einnig fá að berja vetrarlínu Gyðju augum en þar er glamúr allsráðandi. „Efnahagsástandið gerir það að verkum að tískan verður glæsilegri. Skórnir mínir eru því uppfullir af steinum og silfri og „blingi". Fötin þurfa að hressa okkur við."

*amb@frettabladid.is*



**Styrkir Grensás** „Málefnið snertir mig mikið," segir Sigrún Lilja Guðjónsdóttir, hönnuður og framkvæmdastjóri.



**Glamúrskór** Vetrarlína Gyðju einkennist af silfri, gulli og steinum.





Galla Buxnabúðin

Kringlan s. 588 1705 Hafnarstræti 106 Akureyri s. 463 3100


Jóla PopUp um helgina:

# Íslensk hönnun um jólin

PopUp-verzlun er að verða fastur punktur í bæjarrölti helgarinnar en fjórir markaðir hafa verið haldnir undir þeirri yfirskrift að undanförnu. Á mörkuðunum er hægt að kaupa íslenska hönnun beint af hönnuðum milliliðalaust. Nú eru að koma jól og því poppar markaðurinn upp með nýju sniði. Fleiri hönnuðir taka þátt en áður en þeir verða yfir þrjátíu talsins með mismunandi vörumerki. Meðal þess sem hægt er að gera góð kaup á eru fatnaður, skart, fylgihlutir, barnaleikföng, jólaskraut og vörur fyrir heimilið.

Að auki verður lifandi tónlist á staðnum. Meðal þeirra tónlistarmanna sem spila undir á meðan viðstaddir velta fyrir sér jólagjöfunum eru Lay Low og Agnes Erna, Pascal Pinon, Elín Ey og fleiri.

Frekari upplýsingar um PopUp-verzlun og hönnuðina sem tengjast henni er að sjá á síðunni http://www.facebook.com/popup.verzlun.

Jólagleðin verður haldin í Hugmyndahúsi háskólanna, Grandagarði 2, þar sem Saltfélagið var áður til húsa, á laugardag og sunnudag frá klukkan 11 til 20 báða dagana. Vakin skal athygli á því að enginn posi er á staðnum og því nauðsynlegt að hafa reiðufé meðferðis. *- hhs*



**Stáss** Fjöldi íslenskra hönnuða tekur þátt í PopUp-verzlun helgarinnar. MYND/STÁSS

## augnablikið



**SMART** Fyrirsætan Kate Moss mætti á verðlaunaafhendingu British Fashion Awards á fimmtudaginn og sést hér ásamt Vivienne Westwood.

föstudagur

**Útgáfufélag** 365 miðlar ehf. **Forsíðumynd** Valgarður Gíslason **Ritstjórn** Anna M.Björnsson **Útlitshönnun** Kristín Agnarsdóttir **Auglýsingar** Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is sími 512 5462 **Föstudagur** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000


Farmers Market
iceland
handwash gently
www.farmersmarket.is
FARMERS MARKET | Eyjarslóð 9 (bakinngangur) | 101 Reykjavík | sími 552 1960

# útlit

✻ nýtt og spennandi

**SEXÍ NEGLUR** Í tilefni af myndinni um Coco Chanel er tilvalið að skella á sig nýjasta naglalakkinu frá Chanel sem er rautt og glimmerskotið.




JÓLAFÖRÐUNIN Í ÁR FRÁ FRÍÐU MARÍU HARÐARDÓTTUR FYRIR MAC:

## GEISLANDI OG ÞOKKAFULL FEGURÐ

MAC-daman er klár í jólaboðin jafnt sem kokkteilboðin, svo upptendruð, þokkafull og heillandi. Stúlkan þessi ljómar í alla staði, það stirnir á hana, glampar og glitrar á fínlegan máta. Hún sameinar anda liðinna tíma og ferskleika augnabliksins. Hún er óhrædd við að tefla saman andstæðum í stílbrigðum og litavali, er í senn þokkafull og viðkvæm, rómantísk og ákveðin, einbeitt og glaðvær.

Hér eru þættir frá sjötta, sjöunda og áttunda áratug síðustu aldar fengnir að láni, þeir einfaldaðir og gefinn nútímalegur blær. Augun eru skyggð á þokkafullan hátt í anda áttunda áratugarins, varirnar fljótandi í glossi og litasamsetningin vísun í sjöunda áratuginn. Til að fullkomna blönduna er hárið formað í anda sjötta áratugarins. Andstæðurnar koma fram í litasamsetningu, þar sem hlýir tónar eru í augum og kinnum á móti köldum tónum í vörum. Þá er geislandi, glitrandi og glansandi áferð á húð, vörum og augum, en hárið matt og áferðin nett hrá til þess að undirstrika töffarann sem kraumar undir niðri.

*LITAÐ DAGKREM:* Studio Moisture tint spf 15
*HYLJARI:* Select moisturecover
*KREMAUGNSKUGGI:* Paintpot Painterly
*AUGNSKUGGI:* Vanilla og Mineralize-Blue Sorcery (jólalínan)
*AUGNBLÝANTUR:* Softsparkle eye pencil-Nightsky (jólalínan)
*KINNALITUR:* Dainty
*VARAGLOSS:* Cremesheen glass-Ever so rich (jólalínan)
*VARABLÝANTUR:* Dervish
*HIGHLIGHT:* Nylon augnskuggi
*FÖRÐUN:* Fríða María með M·A·C
*HÁR:* Fríða María með Bumble and Bumble
*LJÓSMYND:* Ari Magg
*MÓDEL:* Matta frá Eskimo





Jólaljós



Veggkertastjaki
100 cm - 10.900 kr
YLUR
fyrir heimilið
ármúla 38
s: 564- 5700
www.ylur.is

Góð ráð við skammdegissleni

## Solla notar grænan hristing og lífrænt súkkulaði

Erfitt getur reynst að drífa sig á fætur í svartasta skammdeginu og hafa orku yfir daginn. Hráfæðisdrottningin Solla Eiríks byrjar hvern dag á því að bursta líkamann og fara svo í sturtu. „Farðu í eins heita sturtu og þú þolir og síðan eins kalda og þú þolir. Best er að endurtaka þetta nokkrum sinnum. Þetta gerir kraftaverk og er alltaf jafn hressandi og orkugefandi.“ Solla er einnig sannfærð um ágæti frjódufti býflugna og hún fær sér eina matskeið af því í bland við eina matskeið af grænu dufti út í glas af vatni. „Maður verður bara að klípa fyrir nefið og skutla þessu í sig, og kollurinn hressist og skýrist.“ Að sögn Sollu er síðan lífrænt súkkulaði allra meina bót enda stútfullt af steinefnum og andoxunarefnum. „Búið til heimagert súkkulaði eða notið lífrænt sjötíu prósenta súkkulaði og fáið ykkur bita, byrjið daginn á þessu ef því er fyrir að skipta.“ Að lokum mælir Solla með grænum hristingi til að halda orku og góða skapinu í skammdeginu og að standa reglulega á höfði. „Þetta er ákveðið nudd fyrir líffærin og eykur blóðflæðið.“



**GRÆNN HRISTINGUR**

- 1 agúrka
- 2 sellerístönglar
- 1 límóna
- 1 avókadó
- teskeið af fersku engifer
- 1 matskeið af Grænu bombunni (duft sem fæst í Jurtaapótekinu)
- 1 matskeið lífrænt kakóduft
- 2 dl vatn

*Allt sett í blandara þar til jafnt og drukkið úr stórum glösum.*



**Solla í Grænum kosti**



Jólakúlur 6 í pakka 390.-
3 fyrir 2 af snyrtivörum
Kerti 20% afsláttur
19.900.-
verð áður 14.900,-
nú 10.430.-
verð áður 22.900,-
nú 16.030.-
verð áður 16.900,-
nú 11.830.-
16.900,-
verð áður 2.590,-
nú 990,-
1.390,-
11.900,-
verð áður 2.990,-
nú 1.190,-
11.900,-
24.900,-
verð frá
290,- til 690,-
fleiri litir
verð áður 4.990,-
nú 3.990.-
Bakkar 7 saman
nú 4.990.-
fleiri litir
Þrír saman
7.990.-
verð frá 250.-
the PIER
Opnunartímar
Smáratorg: Opið til kl. 22, 23 des til kl. 23 og 24 des til kl. 12
Korputorg: Opið 12 og 13 des til kl. 22, 17-22 des til kl. 22,
23 des til kl. 23, 24 des til kl. 12
Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / sími: 522 7860 / / Korputorgi / 112 Reykjavík / sími: 522 7870

# núna

✱ lífið og djammið

## GOTT Í MAGANN

Bretar hafa lengi vitað að eldsterkur matur virkar vel á timburmenn. Krua thai er frábær á sunnudagskvöldi, léttur í maga og fyrir pyngjuna.








Dillon


Kaffibarinn


Jacobsen


B5



Bakkus


Hrafnhildur Hólmgeirsdóttir og Jón Atli Helgason á nýjum bar sem heitir Austur í Austurstræti.


ERT ÞÚ Á LEIÐINNI Í PRÓF?

Þarftu hjálp við að auka úthald og skerpa á einbeitingunni!




Énaxin er mjög áhrifarík jurtaformúla og er afar vinsælt hjá prófannafólki í Danmörku. Nú fáanleg á Íslandi í mixtúru- og töfluformi.

Virkar strax!

Fæst í apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum flestra stórmarkaða.

VANTAR ÞIG ORKU OG ÞREK Í JÓLAHEINGERNINGUNA?




Énaxin bætiefnið hjálpar þúsundum manna hvern dag að auka úthald og þrek. Fáanlegt í mixtúru og töfluformi.

VIRKAR STRAX!

Fæst í apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum flestra stórmarkaða.


Djammlandakort Reykjavíkur: Hvaða staðir henta þér?

# TÓNLIST, SVITI OG SVALT FÓLK

### BOSTON

**STEMNINGIN:** Notalegur staður á tveimur hæðum, stemningin er róleg yfir málsverðum í miðri viku en verður sveitt og troðin um helgar.

**HVERJIR FARA ÞANGAÐ:** Túristar, leikarar, listamenn, námsmenn, tískuhönnunarliðið og fólk sem er upptekið af því að vera mjög svalt.

**Í HVERJU ER FÓLK:** Glimmerpeysum frá Spútnik, Henrik Vibskov hönnun og öllu úr Belleville.

**DRYKKURINN:** Rauðvínsglas eða bjór.

**FRASINN:** Er þessi ekki örugglega að horfa á mig?

### BAKKUS

**STEMNINGIN:** Pínulítill og hrár staður sem skartar stóru verki eftir Davíð Örn Halldórsson myndlistarmann.

**HVERJIR FARA ÞANGAÐ:** Gamalt Sirkusslið, rokkarar, flippsterar, listamenn, listnemar og þeir sem hafa fengið nóg af Kaffibarnum.

**Í HVERJU ER FÓLK:** Svart April 77 frá toppi til táar eða úlpa og víðir Spúútnikjólar í æpandi litum.

**DRYKKURINN:** Viskí, vodka, bjór og Fernet Branca.

**FRASINN:** Vertu hakkus á Bakkus.

### B5

**STEMNINGIN:** Leðursófar, trendí ljósakrónur og upplýstur bar. Alhvítt herbergi í kjallaranum með speglum og diskókúlum.

**HVERJIR FARA ÞANGAÐ:** Viðskiptamenn og glamúrskvísur yfir þrítugt.

**Í HVERJU ER FÓLK:** Jakkafötum fyrir strákana og áberandi og mikið bling og merkjaföt fyrir stelpurnar.

**DRYKKURINN:** Hér svífur 2007-stemningin enn yfir vötnum og fólk heldur enn að Mojito sé í tísku.

**FRASINN:** Gvuuuuð í aaaalvööööru?

### AUSTUR

**STEMNINGIN:** Dálítið geðklofa blanda af „seventies lounge“ stemningu og 2007-glamúr með háværri house-tónlist í bakgrunni.

**HVERJIR FARA ÞANGAÐ:** Stjörnulögmenn, sjónvarpsfólk og útvarpsfólk, aðallega þó Ásgeir Kolbeins.

**Í HVERJU ER FÓLK:** Þröngum „body con“-fötum og flegnum kjólum við mikla sólarbrúnku og litað hár.

**DRYKKURINN:** Kampavín, bríserar og hvítvínsglös.

**FRASINN:** Veistu ekki hver ég er?

### JACOBSEN

**STEMNINGIN:** Reykur og gleði svífur yfir vötnum. Gríðarlega heitt og sveitt.

**HVERJIR FARA ÞANGAÐ:** Þeir sem vilja að partíið sé ekki búið (þó að það sé það), teknófíklar, námsmenn og alls kyns fólk sem villist þangað inn.

**Í HVERJU ER FÓLK:** Sem fæstu, það svitnar svo mikið.

**DRYKKURINN:** Kók eða vatn.

**FRASINN:** Ég er mjöög góður.

### ELLEFAN

**STEMNINGIN:** Sveittasta rokkstemning bæjarins. Eini staðurinn með veltihurð inni í litíð rými með pissuskál.

**HVERJIR FARA ÞANGAÐ:** Krummi í Mínus sést ekki lengur, en útvarpsmenn eru duglegir við að dj-a og ótrúlegasta fólk sést þarna, eins t.d. Unnur Birna og Helgi Björns.

**Í HVERJU ER FÓLK:** Svart og þröngt eru lykilorð.

**DRYKKURINN:** Jack í kók.

**FRASINN:** Geturðu spilað eitthvað með Mötley Crüe?



Starri Hauksson við Ellefuna.

### DILLON

**STEMNINGIN:** Aðeins tjillaðari rokkstemning en inni á ellefunni, þó að allt fari úr böndunum rétt fyrir þrjú á neðri hæðinni.

**HVERJIR FARA ÞANGAÐ:** Þeir sem sjást seinna um kvöldið á Ellefunni eða Kaffibarnum. Og þeir sem eru búnir að fá nóg þegar lokar klukkan þrjú.

**Í HVERJU ER FÓLK:** Öllu, þó að hvítt sé fágætur litur inni á Dillon.

**DRYKKURINN:** Bjór og viskí.

**FRASINN:** Eruð þið búin að loka?

### KAFFIBARINN

**STEMNINGIN:** Sveitt teknóflipp. Næstum ómögulegt að hreyfa sig úr stað. Þegar líður á nóttina er staðurinn uppfullur af fólki í örvæntingarfullri leit að bólfélaga.

**HVERJIR FARA ÞANGAÐ:** Allt frá námsmönnum og listaspírum upp í gamla töffara sem eru að rifja upp hössltaktana.

**Í HVERJU ER FÓLK:** Allir eru að reyna afskaplega mikið að vera töff og sumum tekst það. Mikið af KronKron fötum og annarri überhönnun.

**DRYKKURINN:** Gin og tónik.

**FRASINN:** Við erum fjögur! (heyrist úr VIP-röðinni).


ROSENDAHL
GEORG JENSEN
ÍSLENSK HÖNNUN
epal
royalukb
stelton
Allir fá þá eitthvað fallegt ...
1001 GJAFAVARA FRÁ RÚMLEGA 100 HÖNNUÐUM
Epal hf / Skeifan 6 / 568 7733 / epal@epal.is / www.epal.is
epal
iittala
menu
marimekko®
ALESSI
evasolo

# FÉKK EKKI AÐ PRÓFA RISA-BOLTANA

**Í nýja sjónvarpsþættinum Wipeout sýnir *Friðrika Geirsdóttir* á sér hliðar sem fæstir hafa séð áður. Í viðtali við Föstudag segir hún frá ævintýrinu í Argentínu og jólamatreiðsluþættinum þar sem hún ætlar ekki að matreiða sebrahest.**

Viðtal: Hólmfríður H. Sigurðardóttir
Ljósmyndir: Valgarður Gíslason

Sjónvarpskokkinn Friðriku þekkja margir en færri tengja hana við ærslaskap, læti og jaðaríþróttamennsku. Það fer senn að breytast en í kvöld verður fyrsti Wipeout-þátturinn sýndur á Stöð 2. Friðrika er kynnir þáttanna og eyddi þremur ógleymanlegum vikum í Búenos Aíres í Argentínu við upptöku þeirra. „Mér fannst gaman að gera Wipeout því ég fór svo rosalega langt út fyrir sjálfa mig og það sem aðrir héldu að ég væri. Ég hló allar þrjár vikurnar á meðan ég var úti, það var svo gaman.“ Svona vel skemmti hún sér, þrátt fyrir að hafa ekki fengið að spreyta sig á þrautunum sjálf. Sem andlit þáttanna þótti ekki á það hættandi að hún fengi glóðarauga eftir handahlaup eða hopp á risaboltunum, svo hún varð að halda sig á mottunni. „Ég bað um að fá að prófa, svo það sé nú alveg á hreinu! Það halda örugglega margir að ég hafi ekki þorað,“ segir Friðrika, sem skemmti sér nógu vel við að fylgjast með öllum hinum spreyta sig.

### ÚRSLITIN KOMA Á ÓVART

Skemmtilegast af öllu þótti Friðriku að kynnast þeim 120 manns sem komu út til að taka þátt. „Það var svo gaman að fylgjast með þessu fólki, sem var komið alla þessa leið til að virkilega ögra sjálfu sér. Eftir hverja þraut fylltist það meira sjálfstrausti. Það var magnað að sjá muninn á því þegar það kom og þegar það fór. Ég held að það sé hollt fyrir sálina að rífa af „ég þori ekki“ plásturinn, opna sig og geta hlegið að sjálfum sér eins og þau gerðu.“

Wipeout-þættirnir verða tíu, sýndir einu sinni í viku fram í mars. Friðrika er ekki í nokkrum vafa um að fólk eigi eftir að sogast inn í þættina og sitja sem fastast yfir þeim öllum. „Þetta er alveg frábært sjónvarpsefni. Í fyrsta lagi er svo gaman að sjá fólk sem við þekkjum eða könnumst við í sjónvarpinu. Þar sem þátttakendurnir eru svona margir kannast örugglega langflestir við einhvern. Svo hefur hvílt svo mikil leynd yfir þessu – enginn veit hverjir unnu, en sigurvegararnir voru átta. Og trúðu mér, það kemur á óvart hverjir vinna!“

### ENGAN VONDAN MAT, TAKK

Friðrika er önnum kafin við undirbúning og kynningu á fyrsta Wipeout-þættinum. Þrátt fyrir það gefur hún sér tíma til að fara í ræktina því sem næst á hverjum degi. Því sleppir hún helst ekki, ekki síst af því að hún vill geta borðað það sem henni dettur í hug án þess að hafa áhyggjur af línunum. „Ég er alltaf að hugsa um mat og alltaf að borða. Ég þoli ekki að borða vondan mat, því mér finnst það svo mikil ánægjusóun. Það ætti að vera ein af dauðasyndunum að borða vondan mat,“ segir hún og hlær. „Þess vegna fer ég oft á æfingu, því það verður að vera jafnvægi á milli hreyfingar og þess sem maður lætur ofan í sig.“

Hún segist sukka í mat af og til. Hins vegar reyni hún að finna leiðir til að gera uppskriftirnar sínar hollari. Hún lætur þó vera að taka smjörið og rjómann út úr öllum uppskriftum. „Ég trúi ekki á að borða ekki hvítan sykur og hveiti, nema það væri vegna óþols eða einhvers slíks. Það er svo langt frá mínum trúarbrögðum. Mitt mottó er að borða sitt lítið af hverju með góðu hugarfari. Þegar þú ert að borða sætindi og hugsar „ég á ekki að vera að borða þetta“ þá get ég lofað þér því að það sest beint á magann eða mjaðmirnar. En ef þú ert virkilega að njóta sætindanna eru þau að gefa þér miklu meira en bara bragðið. Þá ertu að fóðra andlegu hliðina líka. Þegar þú sérð köku og þig langar í hana fara fallegar hugsanir af stað og þú veðrast öll upp. Það segir sig sjálft að það er svo miklu hollari tilfinning en að hugsa „oj, hvað þetta er ógeðslega óhollt“ en borða kökuna samt.“

### SMÍÐAR UPPSKRIFTIR

Eitt af helstu áhugamálum Friðriku er uppskriftasmíð. Þær verða til á allsérstakan hátt. „Þá svelti ég mig í smá tíma, því ég verð að vera ofsalega svöng. Svo fer ég út í Hagkaup með kerruna og rölti um. Eftir smá stund fer heilinn að púsla góðum hlutum saman. Og þannig verða uppskriftirnar til!“

Með uppskriftina í kollinum fer hún svo heim og nostrar við matargerðina, sem hún líkir við sína þerapíu. „Manni líður svo vel þegar maður gerir eitthvað svona skapandi. Og ólíkt myndlistarmanninum fæ ég að borða það sem ég skapa líka. Það er kannski þess vegna sem ég er alltaf í svona góðu skapi,“ spyr hún sjálfa sig hugsi. Hún lætur unga syni sína tvo hvorki trufla sig né kastar til hendinni við matargerðina svo hún geti betur sinnt þeim. Hún



**Matgæðingur** Friðrika Geirsdóttir er alltaf að spá í mat og hefur það að sérstöku áhugamáli að smíða uppskriftir. Henni leiðist því ekki næsta verkefni á dagskrá, að vinna jólamatreiðsluþátt með góðum gestum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Er til betri gjöf en verkjalaus jól !




Sore No More er fáanlegt í heilsubúðum, apótekum og Fjarðarkaup

## * bak við tjöldin

**Land sem þig langar að heimsækja:** Tíbet.

**Mesta dekrið:** Góður svefn.

**Uppáhaldsverslunin:** Whole Food Store í NY.

**Hverju myndirðu sleppa til að spara:** Borða alltaf heima.

**Án hvaða veraldlega hlutar geturðu ekki verið:** Eldhússins míns.

**Helstu kostir þínir:** Gott skap og jákvæðni gerir lífið auðveldara.

**Og gallar:** Óþolinmæði og fljótfærni.

**Áhrifavaldurinn:** Mamma.

**Mesta freistingin:** Ooohhh... þær eru margar en ég á mjög erfitt með að sleppa smá súkkulaðibita seinnipart dags.







ÍSLENSKU TÓNLISTARVERÐLAUNIN VERÐA AFHENT Í ÞJÓÐLEIKHÚSINU





ALMANAK ÁRSINS

PLÚSAR OG MÍNUSAR ÚR TÓNLISTARLÍFINU HALLDÓR HAUKSSON VELTIR FYRIR SÉR HÁVAÐA OG HLJÓÐI

KRAUMLISTINN Í MÓTUN





STÓRSVEIT SAMMA Á ÚTITÓNLEIKUM VIÐ HÖFNINA Í DAG

PORT hönnun


HLJÓMGRUNNUR
FYLGSTU MEÐ ÍSLENSKRI TÓNLIST

11. DES 2009


# DAGUR ÍSLENSKRAR TÓNLISTAR

TÓNLISTARHÚSI GEFIÐ NAFN VIÐ HÁTÍÐLEGA ATHÖFN Á HAFNARBAKKANUM Í DAG KLUKKAN 15:30 ALLIR VELKOMNIR!

## TÓNLISTARHÚS FYRR OG NÚ

FORSÍÐU GREIN

**BJARKI SVEINBJÖRNSSON SKOÐAR SÖGUNA**

Þó svo að á Íslandi hafi ekki verið til sérbyggður salur til tónlistarflutnings fyrr en í ársbyrjun 1999, er Salurinn í Kópavogi var tekinn í notkun, á tónlistarflutningur innanhúss sér nokkra sögu (þó stutta miðað við Mið-Evrópu). Einhverra hljóðfæra er getið í heimildum frá miðöldum, og auðvelt er að hugsa sér að einhver hljóðfæraflutningur hafi farið fram í nokkrum þeirra glæsilegu kirkna sem byggðar voru á Hólum og í Skálholti fyrr á öldum. Enn hafa þó ekki komið fram neinar heimildir um eiginlegt opinbert tónleikahald, eða tónlistarflutning hér á landi fyrr en skömmu eftir 1800.

„Hljóðfærin voru fiðla, bumba lögreglunnar og tvö þríhorn – músík var ömurleg, bæði lögin og meðferð þeirra.“ Þessa lýsingu á tónlistarflutningi á Íslandi má lesa í „Dagbók í Íslandsferð 1810“ eftir breska lækninn Henry Holland. Vísar dr. Holland þarna til hljóðfæraleiks á dansleik sem hann stóð fyrir, ásamt félaga sínum, Sir George Mackenzie sem þeir héldu í „Klúbbnum“ vorið 1810. Hús þetta mun hafa verið staðsett við enda Aðalstrætis, þar sem Herkastalinn er nú (eftir þessum klúbb var Aðalstræti um tíma kallað Klúbbgata). Klúbburinn var drykkjuklúbbur sem danskir lögregluþjónar höfðu stofnað, og var hann starfræktur í svokölluðu Scheelshúsi frá því skömmu eftir aldamótin 1800 til 1827. Þessi lýsing er með þeim elstu sem til eru um eiginlegan hljóðfæraleik á opinberri samkomu. Klúbburinn hætti starfsemi í þessu húsi árið 1843 en var þá stofnað nýr klúbbur, Bræðrafélagið sem hóf starfsemi í annarri byggingu, rétt norðan við Scheelshús og kallaðist starfsemi hans „Nýi klúbburinn“. Er það líklega sá klúbbur sem þýska ferðakonan Ida Pfeiffer vísar til í ferðalýsingu sinni frá árinu 1845 er hún lýsir dansleik í klúbbnum. Eru lýsingar hennar á hljóðfæraleik í takt við það sem heyrðist árið 1810, og vitnað er til hér að ofan, en hún skrifar: „Það er hljóðfæraslátturinn, sem er lakastur í þessum samkvæmum. Notaðar eru sérkennilegar fiðlur með þremur strengjum og hljóðpípur.“

Blaðið Ingólfur greinir frá opinberum veraldlegum söng árið 1854 en þá „buðu skólapiltar fjölda bæjarmanna að heyra sönglist sína“. Er þetta eitt fyrsta dæmið um opinberan veraldlegan tónlistarflutning – konsert – í Reykjavík, en þeir áttu eftir að halda marga samsöngva í Latínuskólanum á komandi árum.

Árið 1865 gaf Carl H. Siemsen nýlega stofnuðu spítalafélagi hús, sem áður hafði verið rekið sem gistihús undir heitinu Skandinavia, og varð það fyrsta sjúkrahús bæjarins. Á efri hæð hússins voru herbergi fyrir sjúklinga, en á neðri hæðinni voru stærri „salir“ þar sem sýndar voru leiksýningar, og einnig, eins og segir í Þjóðólfi árið 1866, haldinn „Bazar og Tombola“ til styrktar sjúkrahúsinu. „Þaráofan bættist til mikillar ununar hinn fagri margradda saungr, sem öðru hverju var haldið uppi bæði kveldin; þar voru optast að saungum 20 manns nál. 12 konur og 8 karlmenn er öll höfðu æft sig undir einu sinni í viku síðan fyrir jól, undir leiðsögn stiptamtmannsfrúarinnar [Olufu Finsen], er bæði sýngr vel sjálf og kann saung manna bezt, eins og leika á „Pjanoforte“, og lék hún

FRAMHALD Á SÍÐU 3

## LEIÐARI

Það virðist ríkja samhljómur um það meðal músíkfólks að verk þess hljóti góðan hljómgrunn í samfélaginu nú um stundir. Áberandi er hversu margradda hann er kórinn um að nú hafi þjóðin snúið sér að því sem skiptir máli. Leiti æðri gilda og hafi allt í einu tíma til að sinna listinni. Hvað sem veldur þá gleðjast tónlistarflytjendur yfir góðri tónleikasókn og vonast til að hún haldi áfram og auki jafnvel plötusöluna líka.

Íslenskt tónlistarlíf á það sameiginlegt með fjármálalífinu og reyndar þjóðlífinu öllu að finna strax á eigin skinni afleiðingar breytinga til góðs eða ills. Það hefur verið haft á orði að vegna smæðar þjóðarinnar gangi hún hraðar í gegnum slíkar breytingar en stórþjóðirnar.

Í tónlistarlífinu má allt eins gera ráð fyrir að þessi fyrstu viðbrögð við kreppunni (að drífa sig á tónleika) endist ekki, heldur verði samdráttur þar fyrr en varir þegar fjárhagskurlin verða loks til grafar borin. Þá tekur við tímabil stöðnunar áður en sóknin hefst að nýju og góðærið endurfæðist uppfullt af tækifærum fyrir listafólkið til að gleyma um stund hinum æðri gildum. Æðri gildum eða ærgildum? Í þeim liggur efinn. Eða hvað? Verður ekki íslenskt tónlistarlíf áfram drifið af þessum núningi ólíkra gilda? Sú tilgáta hefur heyrst að áhugi erlends áhugafólks á íslenskri tónlist sé einmitt tilkominn vegna þess að hér sé einstaklega dýnamískt tónlistarlíf.

Í tónfræðinni er dýnamík útskýrð sem munur á styrkleika. Það hefur enga merkingu að spila veikt ef ekki er einhverntíma spilað sterkt líka. Sjórinn er saltur og nú er búið að finna út úr því hvernig er hægt að búa til rafmagn úr núningi hans við ferskvatnið sem rennur í hann. Þetta er dýnamík sem kveður að. Í tónlistarlífinu á Íslandi birtist slíkur núningu í nánu samstarfi allra sem koma að tónlist. Við erum nógu mörg til að búa til fjölbreytta tónlist af öllum mögulegum gerðum og við erum nógu fá til að geta ekki leyft okkur að einangrast hvert frá öðru. Hvað sem við gerum í tónlist sendum við frá okkur út í sama umhverfið sem tekur undir eftir atvikum.

Hljómgrunnurinn er á endanum sameiginlegur.

# Hljómgrunnur

● Nýr vettvangur fyrir unnendur og iðkendur tónlistar.

Hér gefur að líta fyrsta tölublað Hljómgrunns. Þessu fylgiriti Fréttablaðsins er ætlað að koma út um það bil mánaðarlega næsta árið og vera umræðuvettvangur fyrir tónlistarlífið í landinu í víðasta skilningi. Útgefandi og ábyrgðaraðili blaðsins er Samtónn, samtök hinna ýmsu félaga tónlistarrétthafa – höfunda, flytjenda og útgefenda.

Blaðið er byggt á þeirri sannfæringu að tónlistin sé mikilvægt svið í mannlífinu og málefni tónlistarlífsins komi öllum við. Hljómgrunni er ekkert tónlistartengt óviðkomandi. Allar stefnur og skoðanir munu komast að. Blaðið hefur bæði áhuga á byrjanda í blokkflautuleik og einleikara á píanó, á sama erindi við áskriftarkorthafa Sinfóníunnar og þann sem hlustar bara á Bylgjuna í vinnunni.

Efnisáherslur munu þróast á næstu mánuðum, en þó verður tvennt í forgrunni. Annars vegar viðburðayfirlit næstu vikna þar sem allir sem standa fyrir tónleikum eða öðrum tónlistaruppákomum geta komið sér á framfæri við áhugasama hlustendur. Hins vegar hyggst blaðið helga hvert tölublað þeim stórviðburðum tónlistarlífsins sem í vændum eru það sinnið. Þannig eru húsnæðismál tónlistarinnar í forgrunni í þessu tölublaði í tilefni af því að í dag verður kunngjört hvað Tónlistar- og ráðstefnuhöllin á hafnarbakkanum í Reykjavík mun heita. Hljómgrunnur er stefnumótavettvangur tónlistarmanna og tónlistarunnenda. Hugmyndir, efni og upplýsingar um viðburði má gjarnan senda á hljomgrunnur@gmail.com.

Við hlökkum til samstarfsins.

*Pétur Grétarsson*
*Þorgeir Tryggvason*

# Og allir með!

● Íslensku tónlistarverðlaunin með breyttu sniði

Eins og formaður Samtóns kunngjörði þegar Íslensku tónlistarverðlaunin voru afhent síðasta vor þá hefur fyrirkomulagi þeirra verið breytt. Nú eru þeir sem leggja fram diska eða tónverk ekki lengur krafðir um greiðslu, en það hafði sætt gagnrýni. Nú ættu því allir þeir sem gefa út tónlist á árinu að geta tekið þátt. Sem er mikilvægt, svo verðlaunin endurspegli sem best gróskuna í íslenskri tónlist.



Til að auðvelda enn þátttöku sem flestra þurfa þátttakendur ekki lengur að skila inn eintökum fyrir alla dómnefndarmenn, heldur verður innsent efni aðgengilegt dómnefnd á sérstöku svæði á Tónlist.is. Áfram þurfa þó tvö eintök af hverjum diski að berast, enda er einn af verðlaunaflokkunum besta umslagið. Til að koma hljóðriti á framfæri nægir að skrá það á Tonlist.is og senda í framhaldi tvö eintök merkt tónlistarverðlaununum á skrifstofu FÍH, Rauðagerði 27 í Reykjavík.

Verðlaunahátíðin sjálf verður í Þjóðleikhúsinu 3. mars og þar munu gestir og aðrir landsmenn sjá breytingar. Samningar standa yfir um beina útsendingu athafnarinnar í Sjónvarpinu og fregnir af því og öðrum útfærsluatriðum verða birt á iston.is.

**● KAUPIN Á EYRINNI** Þar sem áður stóð Faxaskáli Eimskipafélagsins rís nú langþráð skemma yfir íslenska tónlist – import/export. Heldur eru tónlistargrósserar tvístígandi nú um stundir þegar kemur að því að heimsækja kaupstefnur í tónlist. En þó að varan sé ferskari en nokkru sinni er býsna kostnaðarsamt að leggja út í óvissuna sem ríkir á markaðstorgum tónlistarinnar. Gleymum samt ekki að nú frekar en nokkru sinni telja eintökin sem fara á erlenda markaði. Midem, Popkomm, Womex, Jazzahead og margar fleiri slíkar ráðstefnur úti í heimi eru lífsnauðsynleg tækifæri til að halda að heimsbyggðinni spriklandi nýrri tónlist. Virðisauki hennar er í fjölbreyttu formi. Seldar plötur skila beinhörðum peningum. Spilamennska á tónlistarhátíðum stendur vonandi undir ferðalögunum á þær og skilar sér óbeint í aukinni reynslu og upplifun strauma og stefna í listgreininni. Útbreiðsla íslenskrar tónlistar til heimsbyggðarinnar dregur líka til okkar erlenda gesti sem eru forvitnir um land og þjóð. Svo má ekki gleyma því hversu gaman við höfum af því að fylgjast með íslenskum útrásarvíkingum á erlendri grundu.

# Tónlistar- og ráðstefnuhúsinu í Reykjavík gefið nafn

VIÐTAL

**Þórunn Sigurðardóttir er stjórnarformaður AGO, sem mun sjá um starfsemi, rekstur og markaðssetningu Tónlistar- og ráðstefnuhússins.**



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**„Húsið á að þjóna landsmönnum í að minnsta kosti öld," segir Þórunn Sigurðardóttir.**

*Er búið að ákveða opnunardag og opnunaratriði?*
Nei, opnunardagur er ekki staðfestur, en það styttist í það. Opnunaratriði verða áreiðanlega fleiri en eitt og fleiri en tvö. Þegar stjórnandi hússins verður ráðinn, verður eitt af fyrstu verkum hans að skipuleggja opnun.

*Þið hafið skoðað sambærileg hús í nágrannalöndunum. Hvað kom út úr því?*
Við höfum skoðað sambærileg hús á Norðurlöndunum og þá einnig hús sem eru á minni svæðum eins og til dæmis í Bergen og Lahti. Það var mjög athyglisvert og margt sem nýtist okkur vel. Sérstaklega vorum við að skoða rekstur þessara húsa, sem er býsna flókinn og þarf að vera rétt hugsaður frá byrjun. Bæði þessi hús eru vel rekin og skynsamlega og við fengum mjög góðar yfirferð á því hvernig þau halda á málum.
Bæði húsin eru með sinfóníu og ráðstefnur í sama húsi og í Bergen og Þrándheimi eru líka óperusýningar.

*Hvernig verður stjórnunarstrúktúr hússins eftir opnun. Verður til dæmis sinfónían með fólk í stjórn?*
Við erum að vinna í stjórnunarstrúkturnum núna og skoða mannaflaþörf og uppbyggingu starfseminnar. Hvort sinfónían verður í stjórn hússins, það er ekki líklegt í bili nema hún verði þá fjárhagslega ábyrg fyrir rekstri hússins líka. En áreiðanlega mun hljómsveitin eiga fulltrúa í listráði sem verður einnig í húsinu.

*Var rekstrarfyrirkomulag ákveðið fyrir hrun og ef svo er hefur það breyst? Hefur þurft að breyta húsinu og umgjörð þess vegna fjárhagsaðstæðna?*
Við höfum fyrst og fremst verið að yfirfara allar áætlanir og endurmeta þær. Það starf gengur vel en var gríðarlega yfirgripsmikið. Fyrst þurfi að fara yfir allar forsendur og hafa þær klárar og miðaðar við íslenskar aðstæður. Ýmislegt var kannski ekki alveg raunhæft og hefur þurft ákveðna endurskoðun og „íslenskun". Þegar ríki og borg ákváðu að taka húsið yfir og halda áfram með bygginguna, var ákveðið að bjóða Íslensku Óperunni að hafa aðsetur í húsinu. Smávægilegar breytingar voru gerðar til að mæta þeirra óskum, en ekkert sem ekki er til bóta fyrir húsið, eða er tekið af sinfóníuhljómsveitinni. Við höfum reynt að breyta ekki grundvallarþáttum í starfsemi hússins þrátt fyrir kreppu, því við skulum muna að húsið stendur en kreppan fer. Húsið á að þjóna landsmönnum í að minnsta kosti öld. Það er stórmerkilegt að við skulum ekki hafa átt neitt tónlistarhús og við erum í raun eina Evrópuþjóðin sem teljumst sjálfstæð þjóð og eigum ekki tónlistarhús. Það hefði því verið hlálegt að klára ekki húsið. Bestu húsin í Evrópu eru reist upp úr miklum erfiðleikum, heimsstyrjöldum og kreppum og við ráðum við þetta líka.

*Verða salirnir reknir hver í sínu lagi? Hvernig verður blásið lífi í húsið?*
Salirnir verða væntanlega reknir allir saman og lífi blásið í þá með lúðrum.

*Verður húsið í alvörunni fyrir alla tónlist?*
Það er allt gert sem hægt er til að gera húsið gott fyrir allar tegundir tónlistar. Öll vinna hefur miðað að því og að því að fá bestu lausnir sem vitað er um í þessum geira undir stjórn fremstu hljóðhönnuða heims, Artec. Ég sá til dæmis rokktónleika í Lahti á dögunum, í húsi sem er hliðstætt okkar húsi, og það var alveg frábært að sjá hvernig var hægt að umbreyta salnum á augabragði.

*Sjáum við fyrir hvað mun kosta tónlistarfólk að nota tónlistarhúsið?*
Við munum gæta þess að verðleggja húsið ekki út af markaðnum, en því má ekki gleyma að í sölunum er allt sem menn þurfa og við það verður miðað í verðlagningu. Tækniþjónusta í húsinu verður fyrsta flokks. Við gerum ráð fyrir að fyrstu störf sem auglýst verða verði störf ljósameistara og hljóðmeistara og það verði síðar í vetur. Verðin munu taka mið af verðum á markaði hér í borginni.

*Liggja fyrir pantanir vegna ráðstefnuhalds?*
Það er mjög mikill áhugi á húsinu, og pantanir eru margar, en allar með fyrirvara enn sem komið er. Ráðstefnuhaldið verður mjög stór þáttur og mun bæta tekjugrunn hússins verulega, enda er þarna frábær aðstaða fyrir hvers konar fundi og ráðstefnur. Ferðaþjónustan og tónlistin verða í farsælu hjónabandi í húsinu.

*Nú er verið að gefa húsinu nafn í dag. En salirnir? Fá þeir nöfn? Og hvað á svo húsið að heita?*
Nafnið verður afhjúpað 11. desember (í dag), en í framhaldi af því gerum við ráð fyrir að salirnir fái líka nöfn í samræmi við nafn hússins. Við fengum yfir fjögur þúsund tillögur að nöfnum á húsið og það verður spennandi að sjá hvað verður endanlega nafnið *(tillögur sjást á næstu síðum)*.



**Ragnar Bjarnason ásamt Louis Armstrong þegar sá síðarnefndi kom hingað til lands árið 1965.**



**Tveir drengir úr skólahljómsveit á tónleikum árið 2006.**



**Hljómsveitin Stuðmenn spilar í Menntaskólanum við Hamrahlíð árið 1997.**



**Söngvararnir Kristján Jóhannsson og Diddú í hljóðveri árið 1985.**

SAMTONN SAMTÖK TÓNLISTARRÉTTHAFA
**Hljómgrunnur** *1. tölublað, desember 2009* ***Útgefandi:*** *Samtónn* ***Ritstjórn****: Pétur Grétarsson og Þorgeir Tryggvason* ***Ábyrgðarmaður:*** *Ásmundur Jónsson* ***Ljósmyndir:*** *Fréttablaðið og Ljósmyndasafn Reykjavíkur*
*Hljómgrunnur er umræðuvettvangur um íslenska tónlist og tónlistarlíf. Hugmyndir, efni og athugasemdir sendist á* ***hljomgrunnur@gmail.com.***

nú á það hljóðfæri undir saunginn þessi bazarkveld…“

Árið 1882 var reist veitingahús í Reykjavík sem fékk heitið „Hotel Ísland“, en í tímaritinu Fréttir frá Íslandi segir m.a.: „Af framförum í byggingum kunnum vjer mjög lítið að segja, nema ef vera kynni að um sumarið var reist í Reykjavík veitingahús mikið og veglegt, er nefnt er „Hotel Ísland“. Það er skrautlegt mjög og vantað, og mun hafa kostað nærfelt 30.000 kr… .“ Segir Suðri m.a. frá því árið 1884 að Söngfélagið Harpa, undir stjórn Jónasar Helgasonar hafi haldið samsöng á Hótelinu. Á þeim samsöng þótti það „lang-óheppilegast… að hr. Jónas lék með á fíólín við tvö lög … enda er Jónas, eins og vonlegt er, enginn snillingur á fíólín, þó hann spili lögin rétt og ófalskt“.

Framan af hafði þessi sönghópur, sem stofnaður var árið 1862, haldið söngskemmtanir sínar á Hótel Alexandra, sem stóð í Hafnarstræti. En er viðbyggingin hafði verið reist austan við gamla gildaskálann við Austurstræti, var það hús upp frá því kallað „Hótel Ísland“. Þótti hljómburður öllu betri á Hótel Íslandi og varð það framtíðar tónleikastaður Hörpunnar.

Eiginlegir kirkjutónleikar voru ekki haldnir hér á landi fyrr en í desember árið 1883, en þá héldu þeir Steingrímur Johnsen og Björn Kristjánsson „Samsöng í Reykjavíkurdómkirkju“. Í blaðinu Suðri má m.a. lesa eftirfarandi: „Fyrir söngnum stóðu þeir söngkennari latínuskólans, kandídat Steingrímur Johnsen og Björn Kristjánsson sem hefur dvalið tvo vetur, sinn í hvort skiptið í Kaupmannahöfn til að nema sönglist og orgelspil. Í söngflokknum voru um 30 meyjar og ungir menn í bænum. Þessi kirkjusamsöngur mun vera inn fyrsti, er haldinn hefur verið í Dómkirkjunni…“

Ýmsir klúbbar og stúkur störfuðu í Reykjavík á nítjándu öldinni, framanaf öl- og drykkjuklúbbar, og kannski í eðlilegu framhaldi af því, Góðtemplarastúkan, sem stofnuð var 1885. í árslok 1887 var var nýtt hús Good-Templara reglunnar vígt í Reykjavík. Það hús var aðaltónleikahús bæjarins (og samkomuhús yfirleitt) á komandi árum, og hélt hinn langlífi Hörpukór Jónasar Helgasonar sína síðustu tónleika þar árið 1893, eftir 30 ára samfleytt starf. Þetta hús, ásamt tveimur öðrum sem áttu eftir að gegna mikilvægu hlutverki í tónleikahaldi í Reykjavík, Iðnó og Bárunni, voru byggð á uppfyllingum við norðurenda Tjarnarinnar. Á meðan menn deildu um hljómburðinn í Iðnó, lofuðu menn hann í Bárunni enda varð það eitt helsta tónleikahús bæjarins allt til ársins 1921, þegar Nýja-Bíó var tekið í notkun.

Hljómskálinn í Reykjavík var byggður árið 1922, fyrst og fremst sem æfingahúsnæði fyrir lúðrasveitir, og oft hafa þær leikið við hátíðleg tækifæri á þaki hússins fyrir gesti Hljómskálgarðsins.

Gamla-Bíó (Aðalstræti 8) hafði fengið mikla upplyftingu árið 1912, „fyrirtaks stóla með lyftan-



**Bjarki Sveinbjörnsson fylgist spenntur með nýja tónlistarhúsinu.**

legum sætum“. En það var ekki fyrr en í mars 1914 að tónleikar voru fyrst haldnir í Gamla-Bíói, en þá lék þar Bernburg með 7 manna hljómsveit sinni. Húsið var troðfullt og þóttu „[þ]eir Bernburg og Petersen eiga þakkir skilið fyrir að hafa gert þessa tilraun til þess að sameina hér hljómleika og kvikmyndasýningar“. Þó varð það hlutskipti Nýja-Bíós að vera aðaltónleikasalurinn frá því það var tekið í notkun árið 1921, og þar til Gamla-Bíó fékk inni í nýju húsi við Ingólfsstræti sumarið 1927. Af tónleikaskrám frá þessum tíma má sjá að Gamla-Bíó varð eitt helsta tónleikahús bæjarins.

Árið 1947 opnaði eitt af mörgum nýjum bíóhúsum bæjarins. Þetta var Tripoli-Bíó og þar sýndi Tónlistarfélagið kvikmyndir, en hélt einnig marga tónleika. Tripoli var braggi frá stríðsárunum vestur á Melum. Með því að Austurbæjarbíó var tekið í notkun sem tónleikahús í árslok 1947, hófst áratuga löng röð metnaðarfullra tónleika á vegum Tónlistarfélagsins, í glæsilegu tónleikahúsi sem tók um 800 manns í sæti.

Með opnun Þjóðleikhússins 1950 verða kaflaskil í flutningi ópera og hljómsveitarverka á Íslandi, og verður Þjóðleikhúsið helsti vettvangur Sinfóníuhljómsveitar Íslands til ársins 1961, þegar Háskólabíó, enn eitt bíóhúsið, er „látið duga“ til slíkrar starfsemi.

Ekki hafa verið taldir hér upp salir né kirkjur á landsbyggðinni, en að sjálfsögðu hafa verið haldnir tónleikar í þeim allt frá því að tónlistarlífið á hverjum stað náði slíkum þroska. Áður var nefnt að mönnum hafi þótt hljómburður í Bárunni nokkuð góður á sínum tíma. Sama má segja um Austurbæjarbíó. En ýmsir salir og kirkjur hafa einnig ágætan hljómburð til tónlistarflutnings, enda hafa þessi hús oft verið notuð til slíks. Án þess að gefa tæmandi lista yfir þau má nefna sali eins og í Listasafni Íslands, Safni Sigurjóns Ólafssonar í Laugarnesi, Hafnarborg í Hafnarfirði, Gerðuberg í Breiðholti, og að sjálfsögðu Salinn í Kópavogi. Eins má nefna allar hinar glæstu kirkjur landsins, Hallgrímskirkju, Langholtskirkju, Reykholtskirkju, Akureyrarkirkju, Ísafjarðarkirkju og margar, margar fleiri. Þá má ekki gleyma fjölda félagsheimila sem mörg hver státa af góðum flyglum og ágætum hljómburði til tónlistarflutnings.

Að lokum má minnast á menningarhúsin, þau sem komin eru, t.d. Berg, menningarhús íbúa Dalvíkurbyggðar. Þá má nefna Hljómahöllina í Keflavík sem verið er að byggja í Reykjanesbæ. Á Akureyri er í byggingu glæsilegt menningarhús, Hof sem m.a. mun hýsa Sinfóníuhljómsveit Norðurlands og Tónlistarskóla Akureyrar. Verður áhugavert að sjá hvort Sinfóníuhljómsveit Norðurlands fái þannig sín „fimmtudagskvöld“ á Rás 1 í Ríkisútvarpinu!

Og hvað er þá eftir? – jú, „Tónlistarhöll“ þjóðarinnar, Tónlistarhúsið við höfnina. Við fylgjumst spennt með.

**Heimildir:**


Árni Óla: Reykjavík fyrri tíma, fyrsta bindi bls. 188-190.
Baldur Andrésson: Tónlistarsaga Reykjavíkur, www.musik.is/Baldur
Ingólfur; 8.4. 1854, bls. 103
Þjóðólfur: 28. febrúar 1866
Fréttir frá Íslandi: 9. árgangur, 1882, Reykjavík, 1883.
Suðri: 18. 3. 1884 bls. 30.
Suðri; 24. tölublað, 3. janúar 1884 bls. 94.
Íslenzkir Good-templarar. 1.-2. tbl. 1887 bls. 12
Guðjón Friðriksson: Saga Reykjavíkur, fyrri hluti, bls. 301
Ísafold; 22. júní 1912, bls. 150.
Morgunblaðið: 22. mars 1914, bls. 648.








**MEÐAL NAFNA SEM STUNGIÐ VAR UPP Á FYRIR TÓNLISTAR- OG RÁÐSTEFNUHÚS:**
Faxaborg - Esja - Draumahöllin - Urðarbrunnur - Víkin - Ymur - Þjóðsalir - Ægisgarður - Öldusalur - Drangi - Casa Reykjavík - Borgin - Edda - Köllunarklettur - Baula - Arnarhvoll - Klöpp - Ísjaki - Aría – Klakinn - Tónatal - Akrafjall - Fensalir - Dynsalir - Fönix - Glerhöllin

# Kraumur - til stuðnings íslensku tónlistarlífi

● Eldar Ástþórsson er framkvæmdastjóri Kraums.

VIÐTAL


Eldar Ástþórsson segir stuðning Kraums geta nýst vel víða í íslensku tónlistarlífi. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

*Segðu okkur frá starfsemi Kraums hingað til.*
Kraumur var settur á laggirnar af Aurora velgerðarsjóði í upphafi árs 2008 og hefur komið víða við á síðustu tveimur árum. Segja má að sjóðurinn og starfsemin kringum hann hafi verið í stöðugri þróun. Við höfum ýtt af stað eigin verkefnum til stuðnings tónleikahaldi innanlands, plötugerð og sömuleiðis svokölluðum hljóðverssmiðjum þar sem ungum og upprennandi listamönnum og hljómsveitum gefst kostur á að taka upp undir leiðsögn og fá ráð um næstu skref hjá reyndari listamönnum.

Einnig höfum við unnið með miklum fjölda listamanna að þeirra eigin verkefnum, sem oft eru nokkuð sérhæfð, sem og haldið eigin námskeið og vinnusmiðjur, og komið að hinum ýmsu viðburðum. Í tengslum við okkar starfsemi og verkefni höfum við getað reitt okkur á gott samstarf við ýmsa aðila sem starfa á sviði íslenskrar tónlistar.

Í kringum alla starfsemi Kraums og þá þróunarvinnu sem hefur átt sér stað höfum við búið við öflugt fagráð, sem kemur víða að, og stjórn sem í sitja Ásmundur Jónsson, Pétur Grétarsson og Þórunn Sigurðardóttir stjórnarformaður sem lagði upp með þá hugmynd sem býr að baki Kraumi og vann henni brautargengi. Aurora stofnaði Kraum sérstaklega til stuðnings íslensku tónlistarlífi og listamönnum, sem þriggja ára tilraunaverkefni, en það er auðvitað von okkar að framhald verði á.

*Hvar í tónlistarlífinu er þörfin mest fyrir sjóði á borð við Kraum og hvernig sker hann sig úr í styrkjakerfi listalífsins?*
Ég held að það sé víða í íslensku tónlistarlífi þar sem stuðningur á borð við þann sem Kraumur veitir gæti nýst vel, enda reynum við að starfa á breiðum grundvelli. Kraumur einbeitir sér þó fyrst og fremst að stuðningi ungra listamanna, þó við störfum ekki eftir ákveðnu aldurstakmarki, og leggjum upp með að styðja við færri verkefni og listamenn frekar en fleiri, en gera það þannig að stuðningurinn sé afgerandi. Kraumur styður ekki aðeins listamenn og verkefni fjárhagslega, heldur veitir einnig faglega ráðgjöf og aðra aðstoð þar sem því er komið við. Sömuleiðis starfrækjum við og höfum sett af stað okkar eigin verkefni.

Í stað þess að reiða okkur eingöngu á umsóknarferli og umsóknareyðublöð hefur Kraumur oft frumkvæði að styrktarverkefnum, enda margir tónlistarmenn betri í að búa til tónlist en sækja um styrki. Mikið af styrkjum og verkefnum koma hins vegar gegnum umsóknir og þessa dagana erum við að setja af stað sérstakt umsóknarferli fyrir árið 2010. Þó að ekki sé notast við eyðublöð í umsóknarferlinu er nauðsynlegt að ákveðnar upplýsingar skili sér og þar er ég sem framkvæmdastjóri til reiðu fyrir umsækjendur, læt til dæmis vita ef eitthvað vantar.

*Telurðu að áhrifa Kraums sé farið að gæta í íslensku tónlistarlífi? Hvernig metur maður slíkt?*
Ég er kannski ekki rétti maðurinn til að svara þeirri spurningu, en ég held að þeir sem fylgst hafa með íslensku tónlistarlífi sjái að starfsemi Kraums og það liðsinni sem við höfum veitt listamönnum, hljómsveitum og hinum ýmsu viðburðum og verkefnum síðustu tvö ár hefur skipt verulegu máli. Fingraför Kraums eru þó oft ekki sjáanleg í þeim verkefnum sem við tökum okkur fyrir hendur, enda skiptir það okkur meginmáli að okkar vinna og styrkir sem við ráðumst í gefi eitthvað af sér, frekar en að auglýsa það sérstaklega að Kraumur standi þar að baki.

Við megum ef til vill vera sýnilegri í okkar vinnu, en þau verkefni sem við höfum styrkt og unnið með hafa svo sannarlega látið til sín taka og haft áhrif bæði hérlendis sem erlendis. Má þar nefna vinnu og stuðning við breiðskífur FM Belfast, Diktu, Ólafs Arnalds, Nordic Affect, Elfu Rúnar Kristinsdóttur, Hjaltalíns og fleiri. Tónleikahald og kynning erlendis hjá Mugison, Lay Low og Mógil, sem og samstarf og stuðningur við fjölda verkefna, meðal annars tónlistarkynningu Víkings Heiðars Ólafssonar og Árna Heimis Ingólfssonar í framhaldsskólum höfuðborgarsvæðisins, Stofutónleika á Listahátíð, vinnusmiðjur ungra tónlistarmanna á Jazzhátíð í Reykjavík og Tónlistarhátíð unga fólksins, fræðslunámskeið á You Are in Control og Náttúru-tónleika Bjarkar og Sigur rósar í Laugardal.

Ekki má svo gleyma okkar eigin verkefnum sem Kraumur hefur hrundið af stað; stuðning við tónleikahald innanlands gegnum Innrásar-átak okkar og Rásar 2, stuðning við plötuútgáfu gegnum Kraumslistann þar sem spennandi og framsæknar útgáfur eru verðlaunaðar og hljóðverssmiðjur fyrir unga og efnilega listamenn sem haldnar eru í samstarfi við Músíktilraunir.

Áhrifa af starfsemi Kraums er því tvímælalaust farið að gæta og það víða. En það er kannski ekki auðvelt að meta þau áhrif. Sérstaklega í ljósi þess að Kraumur hefur aðeins verið starfræktur í tæp tvö ár og við erum í flestum tilvikum að vinna með unga og efnilega tónlistarmenn, sem ef til vill munu láta enn frekar til sín taka á komandi árum.

Kraumur Tónlistarsjóður | Music Fund


Áhorfendur skemmta sér á tónleikum Björgvins Halldórssonar og Sinfóníuhljómsveitar Íslands.


Mannakornin Magnús Eiríksson og Pálmi Gunnarsson á sviði árið 1979.

## ● HLJÓÐVERSSMIÐJUR

Kraums fóru fram í fyrsta sinn í júlí síðastliðnum í hljóðverinu Tankinum á Flateyri.

Markmiðið með hljóðverssmiðjunum er að styðja við grasrótina í íslensku tónlistarlífi, miðla reynslu og gefa hljómsveitunum tækifæri á að taka upp efni sem nýst gæti við kynningu á sér og sinni tónlist, til að mynda dreifingar á netinu og til útvarpsstöðva, og/eða sem byrjun á breiðskífu.

Hljóðverssmiðjurnar eru unnar í samstarfi við Músíktilraunir, þar sem sveitirnar sem lenda í fyrstu þremur sætum hljómsveitakeppninnar fá sæti í Hljóðverssmiðjum Kraums. Um er að ræða eina viku í hljóðveri, gistingu, samtals sjötíu upptökutíma með hljóðmanni, auk leiðbeininga og kennslu frá reyndari listamönnum. Í ár var Mugison meðal leiðbeinenda.



## ● KRAUMSLISTINN

**KRAUMSLISTINN** var settur á laggirnar á fyrsta starfsári Kraums til að styðja við og verðlauna íslenska plötuútgáfu.

Markmið Kraumslistans er að vekja sérstaka athygli á þeim verkum sem skara fram úr í gæðum, metnaði og frumleika. Framkvæmd Kraumslistans er með þeim hætti að sérstök dómnefnd velur fimm plötur sem gefnar eru út á árinu, sem Kraumur mun styðja við fjárhagslega og koma í dreifingu til erlendra blaðamanna, tónlistarhátíða og starfsmanna tónlistarbransans – í samstarfi við Útflutningsskrifstofu íslenskrar tónlistar (ÚTÓN).

Dómnefnd Kraumsverðlaunanna er skipuð fimmtán manns sem hafa reynslu af að fjalla um og spila íslenska tónlist á ýmsum sviðum fjölmiðlunar, í dagblöðum, útvarpi og á netinu. Formaður dómnefndar er Árni Matthíasson.



## ● UMSÓKNARFERLI 2010

**UMSÓKNARFERLI 2010** Kraumur auglýsir eftir umsóknum.

Umsóknarferli Kraums fyrir verkefni sem eiga sér stað árið 2010 er hafið.

Allar umsóknir skulu innihalda yfirlit yfir verkefnið, markmið þess og fjárhagsáætlun.

Við bendum umsækjendum á að kynna sér markmið og reglur sjóðsins á heimasíðu hans: www.kraumur.is

Umsóknarfrestur er til 20. janúar.

Umsóknum má skila með tölvupósti eða bréfleiðis.

Kraumur tónlistarsjóður
pósthólf 124
121 Reykjavík
Netfang: kraumur@kraumur.is

Framkvæmdastjóri Kraums svarar öllum fyrirspurnum. Eldar Ástþórsson, S: 869 8179 / eldar@kraumur.is
www.kraumur.is/umsoknir2010

## ● INNRÁSIN

**INNRÁSIN** er átak sem Kraumur setti á laggirnar í apríl 2008 til þess að styðja hljómsveitir og tónlistarmenn við tónleikahald innanlands.

Markmið Innrásarinnar er að auka við möguleika listamanna til tónleikahalds, gefa þeim færi á að koma sér og tónlist sinni á framfæri víðar en á höfuðborgarsvæðinu og efla tónlistarlíf á landsbyggðinni.

Hugmyndin á bak við átakið á sér meðal annars rætur í því að stundum virðist auðveldara fyrir listamenn og hljómsveitir að spila erlendis en hérlendis. Með Innrásinni er ætlunin að styðja listamennina beint og auðvelda þeim tónleikahald innanlands með fjárhagslegum styrk, ferða- og græjustuðningi.

Rás 2 hefur verið sérlegur samstarfsaðili Kraums við Innrásina og stutt við átakið með því að kynna og auglýsa þá tónleika sem farið hafa fram á landsbyggðinni í ár.

Meðal þeirra hljómsveita og listamanna sem studdir hafa verið til tónleikahalds eru; Amiina, Árstíðir, Benni Hemm Hemm, Bloodgroup, Borko, Dr. Spock, Elfa Rún Kristinsdóttir, Melkorka Ólafsdóttir, Momentum, Mógil, Njútón, Nögl, Sign, Skátar, Svavar Knútur, Sykur, Trúbatrix og fjöldi annarra listamanna og hljómsveita.









**MEÐAL NAFNA SEM STUNGIÐ VAR UPP Á FYRIR TÓNLISTAR- OG RÁÐSTEFNUHÚS:**
- Demantshöllin - Hafblik - Vetrarhöllin – Hásalir - Silfurberg - Hekla - Geislinn - Speglahöllin - Hljómaklettar - Iðavellir - Listheimar – Músíkhöllin - Kristallinn - Hríma - Reykjavíkurtorg - Glymur - Kórallinn - Kaldalón – Jökulheimar - Brimaldan – Jakinn - Hljóðberg - Íslandshús - Bergmál - Maístjarnan - Glitsalir

# Magnað!

● Halldórs Hauksson veltir fyrir sér hávaða og hljóði.

BAKNAG


Halldór Hauksson skrifar um yfirgengilega hávaðamengun nútímans.

Ég brá mér á rokktónleika um daginn. Þetta voru stórflottir tónleikar með hörkubandi sem kynnti nýja músík af miklum krafti og leikgleði. Ekkert upp á það að klaga. Hinsvegar varð ég, eins og oft áður, fyrir miklum vonbrigðum með hljóðið á tónleikunum eða „sándið“, svo hið hversdaglega orð sé nú notað. Mögnunin var gegndarlaus og hljóðstyrkurinn svo yfirdrifinn að strax við fyrsta hljóm var eins og manni væri þrykkt upp að vegg. Enn verra var þó hvað hljómurinn var ójafn, bassasviðið gnæfði yfir mið- og hásviðinu eins og grameðla yfir músarrindlum.

„Svona er bara rokkið,“ gæti einhver sagt. En ég er ekki sammála. Rokk er ekki það sama og rokk. Sú tónlist sem spiluð var á fyrrnefndum tónleikum er kröftugt en melódískt og blæbrigðaríkt rokk. Hvorki power eletronics né death industrial, svo maður sletti nöfnunum á tveimur stílum úr gróskumikilli flórunni í þyngri kanti rokksins, þar sem hljóðmassinn er guð.

Ég veit vel að hljómburður flestra tónleikastaða hér á landi er afar ófullkominn, svo ekki sé meira sagt, bæði fyrir ómagnaða og rafmagnaða tónlist. Ég veit líka að á tiltölulega litlum stöðum er vandasamt að ná góðu jafnvægi á milli hljóðfæra á rokktónleikum. Blessaðar trommurnar fara sjaldan með veggjum. Þeim mun mikilvægara er að hljómurinn og blöndunin sé góð í grunninn. Ef jafnvægið er ekki rétt hugsað frá upphafi og ekki gert ráð fyrir fínni „núönsum“ er engin von til þess að slíkt skili sér þegar búið er að skrúfa allt í botn.

Það virðist nefnilega vera lenska núorðið, hvar og hvenær sem menn magna hljóð, hvort sem er í kvikmyndahúsum, tónleikasölum, á skemmtistöðum eða veitingahúsum, að hækka hljóðstyrkinn upp úr öllu valdi, alveg burtséð frá samhengi og tilefni. Það er eins og „magnaravörðunum“ finnist það skylda sín að nota hljóðkerfin sem þeir hafa umsjón með til hins allra ítrasta, alltaf og án undantekninga. „Fyrst við vorum nú að kaupa þessar rándýru græjur!“ má ímynda sér að þeir hugsi.

Þegar maður spyr suma af atvinnumönnunum á þessu sviði út í þessa þróun er svarið venjulega á þá leið að fólk vilji hafa þetta svona, þetta eigi bara að vera svona. Og maður sér þá fyrir sér rölta glaðir í halarófu í átt að bjargbrúninni. Því einhvern tímann hlýtur sú stund að renna upp að ekki verði lengra komist á þessari braut. Eða ætla menn bara að halda áfram að skrúfa allt í botn og vona það besta?

Auðvitað er þetta einn anginn af hinni yfirgengilegu hávaðamengun nútímans. Það er ég viss um að ekki einu sinni allra bjartsýnustu fútúristarnir hefðu þorað að láta sig dreyma um það lygilega hljóðmagn sem umlykur okkur hvert sem við snúum okkur í nútímaborg. Margir virðast hreinlega hræðast þögnina eins og dauðann sjálfan.

En kannski er ég einfaldlega að verða gamall. Og kannski er ég bara forfallinn fortíðarrómantíker. Og ef til vill eru eyrun mín ofurviðkvæm eftir allt of mikla hlustun á ómagnaða akústíska músík. Ef svo er biðst ég forláts á þessum skrifum, kaupi mér eyrnatappa og skríð undir hljóðeinangrandi teppi, í það minnsta þangað til hljóðmagn og hljóðgæði verða ekki lengur samheiti í orðabókum íslenskra hljóðmanna.

# Vesenið er bara bónus

● Stórsveit Samma leikur á útitónleikum við höfnina í dag.

VIÐTAL


„Þetta er ein stór fjölskylda,“ segir Samúel Jón Samúelsson um stórsveit sína.

*Sammi! Af hverju stórsveit? Er það ekki bara ávísun á vesen?*
Ég hef bara verið haldinn big band bakteríu í mörg ár. Mín músík liggur vel fyrir marga hljóðfæraleikara. Svo er bara eitthvað svo geggjað þegar margir koma saman með sameiginlegt markmið. Vesenið er bara bónus.

*Stór sveit. Stór plön?*
Jamm. Nú þegar höfum við farið einn túr um Ísland og tvo erlendis. Nú síðast í byrjun nóvember er við komum fram á Berlin Jazzfest.

Ég er að semja efni fyrir nýja plötu sem kemur vonandi næsta vor. Svo er erlend umboðsskrifstofa að vinna í okkar málum fyrir næsta sumar og haust.

*Heyrst hefur að í stórsveit þinni séu valdir einstaklingar sem búa yfir einhverjum ákveðnum persónueinkennum. Hver eru þau?*
Mér hefur nú alltaf fundist gaman að vinna með fólki sem maður tengir við. Kjarninn í bandinu er helstu samstarfsmenn mínir til margra ára. Til dæmis er allur Jagúarflokkurinn þarna innanborðs. Mórallinn er alveg einstakur. Þetta er ein stór fjölskylda. Aldrei neitt vesen. Ákveðnum persónueinkennum? Ætli það sé ekki bara hæfileg blanda af kæruleysi og íslenskri geðveiki.

*Hvað ætlið þið að spila á hafnarbakkanum?*
Við munum spila efni af plötunni Fnykur í bland við nýtt stöff. Þetta verður helvítis fokking fönk!

# Íslenska tónlistarárið

**Hér gefur að líta yfirlit yfir nokkra helstu viðburði tónlistarársins. Þetta er vitaskuld alls ekki tæmandi, enda er gróskan og sköpunargleðin gríðarleg. Ekki er einu sinni víst að þetta sé fyllilega nákvæmt, enda liggja nákvæmar og tæmandi upplýsingar eðlilega ekki fyrir núna. Ýmsa gagnlega viðburðavefi má finna um íslenskt listalíf. Má þar nefna visitreykjavik.is, imx.is og musik.is. Góða skemmtun.**




**Janúar**
Forkeppni Evróvisjón hefst
Myrkir músíkdagar
Starfsár Sinfóníuhljómsveitar Íslands (jan.-maí)



**Mars**
Íslensku tónlistarverðlaunin afhent
Músíktilraunir

**Apríl**
Tónleikahald í kringum páska víða um land
Aldrei fór ég suður, rokkhátíð alþýðunnar á Ísafirði



**Maí**
Evróvisjón
Raflost – raflistahátíð í Reykjavík
Listahátíð í Reykjavík (maí-júní)



**Júní – ágúst**
Sumartónleikaraðir með klassískri tónlist víða um land
Alls kyns bæjarhátíðir með fjölbreyttri tónlist um allt land

**Júní**
Kórastefna við Mývatn



**Júlí**
Brennslan – rokkhátíð á Borgarfirði eystri
Þjóðlagahátíð á Siglufirði
Eistnaflug í Neskaupstað
LUnga – listahátíð ungs fólks á Seyðisfirði
Hróarskelduhátíðin í Danmörku
G festival í Færeyjum
Fleiri tónlistarhátíðir um allan heim



**Ágúst**
Verslunarmannahelgin
Tónlistarhátíð unga fólksins
Innipúkinn
Kirkjulistahátíð
Menningarnótt í Reykjavík
Jazzhátíð Reykjavíkur



**September**
Starfsár Sinfóníuhljómsveitar Íslands (sept.-des.)



**Október**
Iceland Airwaves

**Nóvember**
Unglist – listahátíð ungs fólks



**Desember**
Aðventu- og jólatónleikar af öllu tagi um allt land



# *Lúðrafélagið “Harpa”*

*Til bæjarstjórnarinnar*
*Í Reykjavík.*

*Reykjavík 1.marz 1922*

*Hér með leyfum við oss virðingarfyllst, að sækja um leyfi hinnar háttvirtu bæjarstjórnar Reykjavíkur um að fá lóð, og meiga byggja hús niður undan Staðar-Stað við tjörnina, - hús eins og meðfylgjandi uppdráttur ber með sér.*

*Þörfin á þessu fyrirtæki okkar er mikil, þar sem félagið “Harpa” hefur hvergi átt höfði sínu að halla með áhöld nje bækur, hljóðfæri eða æfingar, - síðan því var úthýst úr hegningarhúsinu (og var þar þó ekki vistlegt í vinnuherbergi fangavarðarins) og er þá ekki að búast við að mikilla framfara sé að vænta af félaginu, þegar því er fyrirmunað að geta æft sig fyrir húsplássleysi, - og sama má segja um Söngfélög, þau myndast en geta ekki lifað af sömu ástæðu, og er þetta mikill menningarskortur á Reykjavíkur-bæ, sem er, aðeins fyrir tómlæti og hugsunarleysi að hafa ekki til viðunanlegt hæli fyrir hljómlistarlíf höfuðstaðarins.*

*Bæjarstjórnin mun nú máske spyrja, hverning við munum geta komið þessu í framkvæmd, og er okkur þá ljúft að svara því.*

*Félagið “Harpa” á sjálft dálitla peningaupphæð, svo biðjum við bæjarstjórnina um að gefa samþykki sitt til að við fengjum sjóð, sem er í sparisjóðsbók geymdri hjá borgarstjóra, og stofnaður var fyrir mörgum árum af söngfél. Harpa og lúðrafél. Reykjavíkur einmitt með samskonar mál fyrir augum og þetta, svo látum við styrkinn fyrir þetta ár, sem veittur er fyrir hljóðfæraslátt í bænum ganga í þetta, enfremur ætlum við á komandi hausti að halda kvöldskemtun með hlutaveltu ef við fáum leyfi til þess og síðast að leita samskota hjá ýmsum góðum bæjarbúum og jafnvel ef í nauðir rekur þá knýjum við á hjá bæjarstjórn Reykjavíkur en það erum við jafnvel trúaðir á, að til þess komi ekki, því við erum nú þegar búnir að tala við ýmsa góða menn sem hafa gefið okkur góðar vonir um fjárhagslegan styrk fyrir þetta mál.*

*Þetta álítum við nauðsynjamál bæjarins þar sem um söng og hljómlistarlíf hans er að ræða, sem hingað til hefur verið oft mjög fátæklegt, en aðeins öðru hvoru hangið uppi á afar fámennum hóp, hljómlistarelskandi, manna sem hafa helgað þessari fögru list mikið af tómstundum sínum og ekki haft annað fyrir, en erfiðið, vanþakklæti baráttu og ergelsi.*

*Reykjavíkur-bær telur nú um 17-18 þúsund íbúa og skyldi maður ókunnugur ætla, að hann ætti að minsta kosti gott söngfélag að maður tali ekki um lúðrasveit góða. Nei , víst ekki, það er ómögulegt að svoleiðis viðleitni geti þrifist fyrir því að í bænum er ekki til neitt pláss fyrir það, og varla úti undir berum himni svo almenningur geti haft ánægjustund af, þetta getur tæpast minkunarlaust kallast fyrir bæjarfélagið og treystum við því hinni háttvirtu bæjarstjórn Reykjavíkur til als hins besta okkur til handa, þessu máli til sigur*

*Virðingarfyllst f.h. Lúðrafélagsins “Harpa”:*
*Gísli Guðmundur Jónsson*
*Stefán Guðnason*
*Pétur Helgason*
*Sigurður Hjörleifsson*
*Björn Jónsson*

FÍH

**Félag íslenskra hljómlistarmanna óskar landsmönnum öllum til hamingju með þá aðstöðubyltingu sem nýtt tónlistarhús mun hafa í för með sér fyrir alla tónlistarflytjendur.**



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

# Gjöf sem hljómar vel!

Gjafakort Sinfóníuhljómsveitar Íslands er tilvalin jólagjöf fyrir tónlistarunnendur á öllum aldri. Dagskráin inniheldur eitthvað fyrir alla og framundan eru margir spennandi tónleikar.

Komdu við hjá okkur í Háskólabíói eða hafðu samband í síma **545 2500** og við aðstoðum þig með jólagleði. Einnig er hægt að senda okkur póst á **sinfonia@sinfonia.is** og fá upplýsingar eða tilboð fyrir stærri pantanir.



JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

AÐALSTYRKTARAÐILAR

BORGUN Morgunblaðið

## VÍNARTÓNLEIKAR 2010

Mið. 06.01.10 » 19:30
Fim. 07.01.10 » 19:30
Fös. 08.01.10 » 19:30
Lau. 09.01.10 » ÖRFÁ SÆTI LAUS

- **Vínartónlist:** *Dónárvalsinn, Sögur úr Vínarskógi, aríur og dúettar úr Leðurblökunni, Kátu ekkjunni o.fl.*
- Einsöngvarar: **Þóra Einarsdóttir og Finnur Bjarnason**

## JÓN LEIFS - SÖGUSINFÓNÍAN

Fim. 28.01.10 » 19:30

- **Jón Leifs:** *Sögusinfónían*
- **Hjálmar H. Ragnarsson:** *Nýtt verk*
- **Hróðmar I. Sigurbjörnsson:** *Nýtt verk*
- **Hlynur Aðils Vilmarsson:** *Nýtt verk*
- **Frank Ollu** hljómsveitarstjóri

## CARMINA BURANA

Fim. 11.02.10 » ÖRFÁ SÆTI LAUS
Fös. 12.02.10 » 19:30

- **Maurice Ravel:** *Bolero*
- **Alexander Borodin:** *Dansar frá Polovetsíu*
- **Carl Orff:** *Carmina Burana*
- Einsöngvarar: **Hallveig Rúnarsdóttir, Mark Tucker og Jón Svavar Jósefsson**
- **Óperukórinn**

## VÍKINGUR SPILAR CHOPIN

Fim. 25.02.10 » ÖRFÁ SÆTI LAUS
Fös. 26.02.10 » 19:30

- **Frédéric Chopin:** *Píanókonsert nr. 1*
- **Anton Bruckner:** *Sinfónía nr. 7*
- **Pietari Inkinen** hljómsveitarstjóri
- **Víkingur Heiðar Ólafsson** einleikari

**Miðasala** » Sími 545 2500 » www.sinfonia.is » Miðasala í Háskólabíói er opin alla virka daga kl. 9-17 og fram að tónleikum á tónleikadegi

hefur þá hjá sér í eldhúsinu og býr til framtíðarkokka og fyrirmyndareiginmenn úr þeim. „Þeir hanga hvor á sinni borðbrúninni og fylgjast með. Þeim finnst ofboðslega gaman að vera með mér í eldhúsinu. Sérstaklega þeim eldri, sem er þriggja ára.“ Maðurinn hennar horfir líka stundum á, þótt hann hætti sér sjaldnast alla leið að skurðarbrettinu. „Ég held hann missi allt sjálfstraust við hliðina á mér í eldhúsinu. En hann er góður að setja í uppþvottavél. Svo hefur hann góðan smekk á mat, sem mér finnst mjög mikilvægt.“

### PÓLITÍK FER MÉR EKKI

Það var því greinilega engin tilviljun að Friðrika var beðin um að gerast sjónvarpskokkur, þótt sjónvarpsferillinn hafi hafist í Íslandi í dag. „Mér fannst voðalega gaman að vinna í Íslandi í dag, en það var mjög pólitískt umhverfi. Mér finnst skemmtilegra að taka viðtöl við manneskjur og reyna að fá eitthvað jákvætt og skemmtilegt upp úr þeim heldur en að neyðast til að vera alvarleg og tala um pólitík. Það fer mér bara ekki. Svo finnst mér pólitík svolítið undarlegt fyrirbæri og mig langar ekkert að koma nálægt henni. Ég skal éta hattinn minn ef ég sést einhvern tímann í slagtogi með pólitískum flokki.“

### JÓLAMATREIÐSLUÞÁTTUR

Áskrifendur Stöðvar 2 eiga eftir að sjá enn meira af Friðriku um jólin því hún er líka að vinna að hátíðarmatreiðsluþætti sem verður sýndur sunnudagskvöldið 20. desember. Þar stendur alls ekki til að kenna fólki að matreiða jólasteikina. „Fólk er vanafast með sínar jólahefðir. Ég er ekki að fara að kenna fólki að steikja sebrahest fjórum dögum fyrir jól. Það sem við ætlum að gera eru frábærir réttir fyrir dagana á milli jóla og nýárs, þegar fólk er komið með ógeð á hangikjötinu og vill eitthvað einfalt en samt hátíðlegt og gott.“

Friðrika ætlar ekki að vera miðpunktur athyglinnar sjálf. Hún fær til sín þrjá góða gesti og verður þeirra hjálparhella í eldamennskunni, á meðan hún spjallar við þá um heima og geima. „Gói leikari verður fyrstur. Hann er rosalegur gleðigjafi, eiginlega bara eins og gangandi sólskin. Hann er sonur Karls biskups og barnabarn Sigurbjörns biskups, svo það er gaman að vita hvernig hann heldur jólin og hvernig hefðirnar voru hjá honum í æsku. Svo fæ ég til mín átta ára strák sem á þann draum æðstan að verða sjónvarpskokkur. Hann er yndislegur og býr til flotta nammibita sem öll börn geta leikið eftir. Ef þessi strákur endar ekki í sjónvarpi eða á sviði verð ég hissa. Svo fæ ég Kristján Jóhannsson óperusöngvara til mín. Hann hefur eina mestu útgeislun sem ég hef kynnst. Kristján er alinn upp á Akureyri í stórum systkinahópi og bjó lengi vel á Ítalíu og hefur frá mörgu að segja frá þessum tímum.“

### ALLTAF HÚN SJÁLF

Það er greinilegt að Friðrika er ánægð með hátíðarþáttinn, enda er hún sjálf mikið jólabarn. „Ég kemst í jólaskap strax í september þegar tekur að rökkva. Ég byrja alltaf á því að kveikja á smá jólaljósum á afmæli sonar míns 15. nóvember. Mér finnst þetta ofboðslega skemmtilegur tími. Allir eru í svo góðu skapi og gefa svo mikið af sér. Svo hittir maður vini sína og fjölskyldu oftar, svo þetta er jákvæður tími.“

Eftir áramótin taka síðan fleiri spennandi verkefni við hjá Friðriku. Hún er ekki tilbúin að segja frá þeim strax, en það er á henni að heyra að sjónvarp, matreiðsla og skemmtilegt fólk komi við sögu. Um mataráhugann þarf ekki að spyrja. En hvernig kann hún við að vera sjónvarpsstjarna? „Mér líður vel fyrir framan myndavél og mun betur en í hópi hundrað manns. Ég held að ég nái að vera ég sjálf í sjónvarpinu, því ég hugsa aldrei um hvort margir eiga eftir að horfa á mig. Mér líður alltaf eins og enginn viti hver ég er og mér líður best þannig.“




Aðventuskemmtun fyrir alla fjölskylduna í Þjóðmenningarhúsinu

Laugardaginn 12. desember



Kl. 14: Brúðuleiksýningin Selurinn Snorri.
Sagan gerist langt norður í Íshafinu þar sem selurinn Snorri lendir í ævintýrum á ísbreiðunni. Margar persónur koma við sögu s.s. rostungurinn Skeggi, fiskar og kópar, einnig verstu óvinir Snorra, ísbjörninn Voði og hvalurinn Glefsir, sem eins gott er að vara sig á því þeim finnast selir góðir á bragðið. Helga Steffensen og vinir hennar hjá Brúðubílnum, setja upp þetta brúðuleikrit sem notið hefur fádæma vinsælda og er fyrir börn á öllum aldri.





Kl. 14:30: Trúbadorarnir Svavar Knútur og ástralski vinur hans Gabriel Lynch leiða söngva- og söguleiðsögn um sýningu Náttúrufræðistofnunar Íslands Að spyrja Náttúruna. Á sýningunni eru uppstoppuð dýr frá öllum heimsálfum, mörg þeirra afar framandi og merkileg og kunna þeir félagarnir söngva um dýrin og að segja frá einhverju skrýtnu og skemmtilegu um þau.



Kl. 15: Stoppleikhópurinn sýnir leikritið Bólu-Hjálmar en það var valið barna-og unglingasýning ársins 2009 á Grímuverðlaunahátíðinni sl. sumar. Hjálmar Jónsson var kotbóndi á Norðurlandi á fyrri hluta nítjándu aldar. Fátækur og smáður þurfti hann að þola yfirgang betur settra bænda, fyrirlitningu sveitunga sinna og linnulitlar dylgjur um óheiðarleika og þjófnað. Enda bjó hann yfir vopni sem allir óttuðust. Leikverk fyrir ungt fólk um ógnir óréttlætisins, afl orðsins og töframátt skáldskaparins.

*Ljúfur og lærdómsríkur laugardagur fyrir alla aldurshópa í Þjóðmenningarhúsinu.*

*Ókeypis aðgangur.*

Aldarafmæli 2009 · Þjóðmenningarhúsið

*Heitt súkkulaði, vöfflur og kleinur til sölu í veitingastofunni.*

Hverfisgötu 15, 101 Reykjavík
sími 545 1400 • www.thjodmenning.is

512 5050 Auglýsingasími
Fréttablaðið – Mest lesið



G RAW
Full búð af nýjum vörum fyrir jólin
G-STAR RAW
**Opið**
föstudag, laugardag 11-21
og sunnudag 13-18
g-star.com
Elettra Wiedemann and Toby Kebbell by Anton Corbijn

CHECK OUT THE G-STAR STORE IN REYKJAVÍK, LAUGAVEGUR 86-94, S: 511-2007
operated by v8 ehf

# núna
✻ tíska og tíðarandi



**SPARISLAUFUR Á STRÁKANA** hönnuðurinn knái, Guðjón Tryggvason, er að gera mjög flottar herraslaufur undir merki sínu, go with jan. Þær fást í GK á Laugavegi.








1. Skyrtan er frá Marjan Pejoski, buxurnar frá Cheap Monday og skórnir frá Opening Ceremony. Allt keypt í Kronkron.
2. Dökkbláa gollan er frá Marjan Pejoski og er keypt í Kronkron.
3. Bláu skyrtuna keypti ég í Aftur.
4. Peysan er frá Munda, buxurnar eru frá Marjan Pejoski, en ég keypti þær í Kronkron. Skórnir eru frá Bernhard Willhelm, en ég fékk þá í Belleville.
5. Taskan er frá Marc by Marc Jacobs og er keypt í Kronkron.
6. Skóna fékk ég í gjöf. Þeir eru frá Hugo Boss.
7. Bolurinn er frá Jeremy Scott en ég keypti hann í búð sem heitir Kokon To Zai í París.
8. Gallajakkann fékk ég í Topshop.

100% náttúrulegar snyrtivörur unnar úr lífrænt ræktuðum jurtum

Dr.Hauschka snyrtivörur fyrir húðina

NÁTTÚRULEGA GÓÐ JÓLAGJÖF





Mikið úrval af skemmtilegum jólagjafaöskjum frá Dr.Hauschka

„Ég hef notað þessi krem reglulega og mæli hiklaust með þeim."
Sirrý

Dr.Hauschka
Náttúrulegar snyrtivörur

Þú færð Dr.Hauschka í Yggdrasil, Fjarðarkaupum, Maður lifandi, Lyfju Lágmúla og Heilsuveri.

Auglýsingasími
512 50 50



– Mest lesið

Valdemar Árni Guðmundsson nemi

# ALDREI AÐ ÓTTAST AÐ SKERA SIG ÚR HÓPNUM



***Hvernig myndir þú lýsa stílnum þínum?*** Stíllinn minn er mjög margbreytilegur og breytist oft dag frá degi. Ég myndi segja að hann sé stílhreinn, óhefðbundinn og stundum ansi myrkur.

***Hverjar eru helstu tískufyrirmyndir þínar?*** Þær eru margar og ólíkar, til dæmis mætti nefna Andy Warhol, Björk og Alison Mosshart.

***Hver eru uppáhaldsfatamerkin þín?*** Þetta er erfið spurning því þau eru svo mörg. Mér finnst Marjan Pejoski alveg frábær en hann er yfirleitt með mjög flott og skemmtileg föt. Vivienne Westwood er líka í miklu uppáhaldi og einnig Bernhard Wilhelm.

***Hvar finnur þú falda fjársjóði?*** Upp á síðkastið hef ég verið að finna ýmsa falda og gamla fjársjóði í fataskápnum hans pabba, annars er oft hægt að finna einhverja gullmola í Kolaportinu.

***Eru einhver tískuslys í fataskápnum þínum?*** Jájá, einhvers staðar aftast í fataskápnum má finna slæmar leifar af ansi skemmtilegu „Emo" tímabili.

***Í hvaða borgum finnst þér skemmtilegast að versla?*** Þær eru nú ekki margar þar sem ég hef verslað eitthvað af viti, en þó fannst mér gaman að versla í París. Mig hefur alltaf langað til þess að versla í New York og stefni á að fara þangað í byrjun næsta árs til að heimsækja vinkonu mína sem er í námi þar.

***Hvað er alveg bannað í þínum bókum?*** Það er bannað að vera feiminn við að gera tilraunir eða óttast að skera sig úr hópnum.

***Hvaða flík eða hlut langar þig mest í fyrir veturinn?*** Helst langar mig í eitt stykki Holga myndavél eða bara einhverja góða og hlýja peysu. *- amb*





Gjöfin hennar
og gjöfin hans...
TRX
Heitasta æfingatækið í dag
heil æfingastöð sem hægt er að nota nánast hvar sem er
BORN IN THE US NAVY SEALS
TRX Professional kr. 34.995.-
TRX Army Professional kr. 49.950.-
TRX Professional ofurpakki kr. 49.950.-
REEBOK ALVÖRU JÓLAPAKKI
Bekkur + Lyftingasett + Teygjusett
kr. 69.800.-
REEBOK æfingabekkur kr. 39.995.-
REEBOK lyftingasett kr. 29.995.-
REEBOK aerobicpallur kr. 22.995.-
ROPE YOGA
Rope Yoga er heildrænt hug- og heilsuræktarkerfi sem skilar skjótum árangri og stuðlar að varanlegum breytingum á líðan þinni og lífsháttum.
ROPE YOGA WORKOUT
ROPE YOGA bekkur kr. 69.800.-
ROPE YOGA ferðasett kr. 24.900.-
ROPE YOGA ferðasett með dýnu kr. 29.995.-
allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717
Lítill stórmarkaður með fæðuauka og æfingatæki
HREYSTI
www.hreysti.is
Handlóð, sippubönd, handgrip, æfingaboltar, lóðasett, teygjur, dýnur ofl.

# núna
✻ hvað er á döfinni?

## TÓNLISTARUPPÁKOMA Í HAVARÍ

Í dag flytja nemendur Rýmis og flatar-námskeiða LHÍ hnitmiðaðar myndbyggingar með aðstoð ýmissa verkfæra, hreyfingar og hljóðs eða tilfallandi tækja í tónlistarhorni hasarrýmisins Havarí við Austurstræti 6. Dagskráin hefst stundvíslega klukkan 14.



Sæþór Ásmundsson opnar sína fimmtu einkasýningu á Mokka í dag:

# SELUR BJÖRGU *Á UPPBOÐI*

Myndlistarmaðurinn Sæþór Örn Ásmundsson opnar í dag sína fimmtu einkasýningu á Kaffi Mokka á Skólavörðustíg. Sýningin ber yfirskriftina Portrait en á henni er að finna grafískar portrait-myndir af manneskjum. Hver þeirra hefur sitt nafn og er meðal annars að finna Tobbu, Rósu, Dimmalimm og Elvis á sýningunni. „Ég er að leika mér að línum og formum og spila inn á þá tilhneigingu fólks að reyna að setja abstrakt form inn í mótíf sem heilinn þekkir vel,“ segir Sæþór, sem hefur ekki áður gerst svo „persónulegur“ í verkum sínum. „Heili fólks fer allur af stað þegar það sér abstrakt verk og það fer að ímynda sér á hvað það er að horfa. Ég er að elta það. Hingað til hef ég ekki viljað gefa myndunum nafn og hef heldur viljað láta öðrum það eftir að túlka hvað þeir sjá. En hugmyndina að portraitmyndunum fékk ég þegar ég fór að gefa börnum myndir af andlitum í skírnargjöf, sem fengu sama nafn og barnið sem verið var að skíra.“

Sunnudagskvöldið 20. desember ætlar Sæþór svo að bjóða eina af persónunum sínum upp á Facebook og láta andvirðið renna til Hjálpræðishersins. „Ég er með vinnustofu á Laugaveginum og fylgist með þeim heimilislausu ganga inn í Lyfju og kaupa sér rauðspritt og Mix. Mér finnst gott að vita til þess að þeir sem hvergi eiga heima geti farið í Hjálpræðisherinn, fengið góðan mat, fötin sín þvegin, farið í bað og lagt sig. Þetta er flottur staður.“

Sýningin stendur yfir á Mokka frá deginum í dag og fram til 14. janúar. Verk Sæþórs er hægt að skoða á vefsíðu hans www.saethor.com. Þá er aðdáendasíðu hans að finna á Facebook undir Sæþór Art og þar er hægt að fylgjast með uppboðinu. *- hhs*



**Sæþór og Björg** Sæþór Ásmundsson ætlar að bjóða Björgu upp á Facebook sunnudaginn 20. desember og láta ágóðann renna til Hjálpræðishersins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA






**Litagleði** Jólasýningar Kramhússins eru alltaf hressilegar og allir skemmta sér vel, bæði þátttakendur og áhorfendur. MYND/KRAMHÚSIÐ

Jólagleði Kramhússins haldin í 26. sinn:

# Alþjóðlegur danskokkteill

Það er orðið heilagur hluti af aðdraganda jóla margra að fara á jólasýningu Kramhússins. Og skiptin eru orðin ansi mörg því sýningin verður haldin í 26. sinn á laugardaginn. Þar sýna nemendur Kramhússins afrakstur haustannarinnar. Þeir eru um 150 talsins, á öllum aldri og af öllum stærðum, gerðum og kynjum og sýningin er fjölbreytileg eftir því. Sýningin er líka alþjóðleg. Dansarnir sem kenndir eru í Kramhúsinu eru úr öllum heimshornum og það eru kennararnir líka. Kennarar frá Belgíu, Spáni, Búlgaríu, Gíneu, Bandaríkjunum, Chile, Litháen og Íslandi koma fram með nemendum sínum.

Hefð er fyrir því að Kramhúsið hafi innsetningar og gjörninga frá þekktum listamönnum á milli atriða. Sú hefð verður ekki brotin í ár, þó að enn hvíli leynd yfir því hverjir þeir verða.

Jólagleðin fer fram 12. desember í Íslensku óperunni og hefst klukkan átta. *- hhs*




## Clarins



**Frábært tilboðsverð 7.995 kr.** (Verðgildi 16.500 kr.)

**Glæsileg gjafataska**, inniheldur 100 ml Hand & Nail Treatment Cream, 50 ml Beauty Flash Balm, 100 ml Moisture Rich Body Lotion, 75 ml Pure Melt Cleansing Gel, 30 ml Foot Beauty Treatment Cream og 15 ml Hydra-Care Cream.

## BaByliss
### Star gel



**1.995 kr.**

**Babyliss gjafapoki fyrir hárið.** Sléttikrem til að slétta hárið. Krullukrem til að krulla hárið. Mattur leir sem gefur gott hald. **Babyliss** merki hárgreiðslumeistarans.

## Decubal



**3.611 kr.**

**Decubal** ferðasnyrtitaska fyrir dömur sem inniheldur **Decubal** Face Wash, **Decubal** Shower and Bath Oil, **Decubal** Face Cream og mjúkan baðsvamp.

## L'Oréal
### Hydrafresh



Verð frá **3.269 kr.**

**L'Oréal Hydrafresh** er einstakt rakakrem með gelkennda áferð og smýgur hratt inn í húðina. **L'Oréal** augnhreinsir fyrir viðkvæm augu fylgir með.

## Avril Lavigne



**4.995 kr.**

**Avril Lavigne Black Star** gjafataska:
Eau de Parfum 30 ml, Body lotion 50 ml.

## John Frieda



**2.995 kr.**

3 mismunandi gjafapakkningar frá **John Frieda.** Sheer blonde, Brilliant Brunette og Luxurious Volume. Í hverjum pakka fylgir með frítt Glaze.

Lágmúla - Laugavegi - Garðatorgi - Smáralind - Smáratorgi - Setbergi - Borgarnesi - Grundarfirði - Stykkishólmi - Búðardal - Patreksfirði - Ísafirði - Bolungarvík - Blönduósi - Hvammstanga
Skagaströnd - Sauðárkróki - Húsavík - Kópaskeri - Raufarhöfn - Þórshöfn - Egilsstöðum - Seyðisfirði - Neskaupstað - Eskifirði - Reyðarfirði - Fáskrúðsfirði - Höfn - Laugarási - Selfossi - Grindavík - Keflavík

# tíðin
## heimili og hönnun



**ILMANDI HEIMILI** Ilmkerti setja sparisvip á hreint og jólalegt heimili. Kertin frá Anick goutal fást í „noel“-jólailminum og eru fáanleg í Kisunni, Laugavegi.

## TOPP 10



**VEGGFÓÐRIÐ** fann ég í Fríðu frænku eftir mikla leit að fallegu veggfóðri. Ég varð ástfangin af því um leið og ég sá það og við höfðum svo sannarlega fyrir því að setja það upp enda eldgamalt úr þykkum og hörðum pappír og ekkert grín að líma á vegginn.



**MYNDAVÉLIN** var keypt þegar ég var ófrísk. Þá var góðæri og ég gekk með fyrsta barnið mitt. Við splæstum því í alvöru apparat, þetta er Canon EOS 5D en hún gerir bara fallegar myndir.



## HARPA PÉTURSDÓTTIR

**lögfræðinemi býr í Laugarnesinu ásamt tveggja ára syni sínum, Friðriki Pétri, og unnusta sínum Júlíusi Kemp.**



**SKÓRNIR** eru í miklu uppáhaldi en ég er búin að eiga þá í mörg ár. Ég er forfallinn skósjúklingur og á stórkostlega mikið af þeim. Þetta eru „Pied à terre“ „Mary Jane's“ og þeir eru klassískir. Það er alveg sama hvaða straumar og stefnur eru í gangi, þeir eru alltaf sjúklega flottir.



**ÞESSA BELJU** keyptum við í Illums Bolighus í Kaupmannahöfn á leiðinni frá Póllandi. Stutt stopp en ég varð alveg sjúk í hana og varð hreinlega að eignast hana. Svo varð úr ...



**MYNDIRNAR** Þessar myndir eru eftir Signýju Kolbeinsdóttur vinkonu mína og ég hugsaði mér þær í herbergi sonarins þegar hann var þá enn ófæddur. Ég varð hins vegar svo heilluð af myndunum að ég vildi frekar hafa þær í stofunni fyrir alla að sjá enda er ég sífellt spurð um þær.



**SEGULTÖFLUNA** keypti ég í Kisunni. Ég var afskaplega dugleg að dúllast í herbergi sonarins þegar hann var nýfæddur. Á hana set ég skemmtilegar myndir og hluti sem mega ekki týnast.



**HORNIN** keypti ég í búðinni 3 hæðir sem var á Laugaveginum fyrir nokkru síðan. Þau hafa passað lykla og ýmislegt smálegt síðan þá.



**LAMPINN** er í miklu uppáhaldi hjá mér. Ég sá hann í Kolaportinu einn góðan sunnudag og var með hann á heilanum þangað til ég splæsti mér í hann. Svo fékk ég skerminn í Ilvu.



**MONT BLANC-PENNINN** var útskriftargjöf frá manninum þegar ég kláraði BA-gráðuna í lögfræði. Þetta er sérstök Mozart-útgáfa en hann er lítill og nettur og sérstaklega ætlaður fyrir fíngerðar hendur. Mjög dömulegur og klassí og mun örugglega sóma sér vel í skjalatöskunni.



**KERTASTJAKARNIR** eru stórir og massífir og gera öll matarboð glæsileg. Þeir voru keyptir í antíkbúð í Damaskus í Sýrlandi og mikið haft fyrir því að koma þeim alla leið heim til Íslands enda eru þeir fáránlega þungir.





Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki
FRÉTTABLAÐIÐ



**Retro Stefson og FM Belfast** Fagna áramótunum saman á Nasa 30. desember með stórtónleikum.

# Síðasti sjens!

Hljómsveitirnar FM Belfast og Retro Stefson ætla að kveðja árið með glans og standa fyrir litlu áramótunum á Nasa 30. desember. Þar halda þær stórtónleika undir yfirskriftinni síðasti sjens, enda árinu senn að ljúka og því tónleikarnir með síðustu tækifærum til að dansa frá sér allt vit á þessu ári.

Hljómsveitirnar hafa báðar haft í nógu að snúast við tónleikahald frá útgáfu síðustu platna sinna. Þær hafa áður leikið saman á tónleikum, meðal annars á Airwaves og Réttum, og alltaf náð upp rífandi stemningu. Kokkteillinn er sagður bæði „eldfimur og seiðandi“. Það má því greinilega vænta mikils.

Húsið verður opnað klukkan 23 og hefjast tónleikarnir upp úr miðnætti. Miðaverð er 1.200 krónur í forsölu en hækkar sé miðinn keyptur við hurð. *- hhs*












# FRÁBÆR FÖSTUDAGUR

**Margrét Jónasar förðunarfræðingur**



**07.00 Hörku æfing í ræktinni. Strax á eftir heitur pottur, heitsteinanudd og grænn orkusafi. Slúrp!**



**Sushi og hvítt í hádeginu með vinkonum á Fiskmarkaðnum þar sem er hlegið og plottað.**



**Ganga um miðbæinn og taka myndir. Kíkja á Te & kaffi. Fá sér Chai Latte og taka lestur nýjustu tímaritanna í nefið.**



**Pikka upp eitt stykki fabjúlus kjól og sexí skó í stíl fyrir heitt stefnumót.**

**Tónleikar og síðan síðbúinn rómantískur kvöldverður með geggjuðum eftirrétt.. mmm!**







Tíska, fegurð, hönnun, lífið, fólkið, menning og allt um helgina framundan

föstudagur

Auglýsendur vinsamlegast hafið samband:
Sigríður Dagný í síma 512 5462 eða sigridurdagny@365.is

Fylgstu með



Saumaklúbburinn hélt upp á litlu jólin með hjólatúr og hlaðborði í Húsasmiðjunni. Hér eru nokkrir meðlimir hópsins ásamt starfsfólki jólahlaðborðsins, en einn saumaklúbbsmanna varð fimm þúsundasti gestur jólahlaðborðsins. Böðvar er fimmti frá vinstri.

# Saumaklúbbur karla sem heldur upp á litlu jólin

**Böðvar Þórisson, forstjóri Emmessíss, er meðlimur í saumaklúbbi sem hittist á hverjum þriðjudegi og hefur gert í yfir tuttugu ár. Hópurinn heldur upp á litlu jólin, borðar góðan mat og skiptist á pökkum.**

„Þetta er saumaklúbbur, skipaður um tuttugu karlmönnum, sem hefur hist á hverjum þriðjudegi og stundum líka aðra daga í yfir tuttugu ár. Við nefndum þetta saumaklúbb í þeim tilgangi að fá betri helmingana til að gútera hittinginn, og það hefur gengið eftir í tilfelli flestra okkar,“ segir Böðvar Þórisson, forstjóri Emmessíss. Saumaklúbbur Böðvars hefur undanfarin ár haldið upp á litlu jólin saman og engin undantekning var gerð á þeirri hefð í ár.

Böðvar og félagar hans eru allir miklir útivistarmenn og sést það glögglega þegar saumaklúbburinn hittist. „Við erum mikið í því að leika okkur. Tíu af okkur kynntumst í gegnum seglbrettasiglingar í gamla daga og í gegnum það myndaðist rosalega góður vinskapur, því sportið býður upp á mikla samveru. Síðan hefur þetta þróast út í það að við erum mikið á fjallahjólum, göngum á fjöll á veturna og rennum okkur niður á skíðum, snjóbrettum eða hverju sem er,“ segir Böðvar og bætir við að meðlimirnir séu á aldrinum 25 ára til 45 ára. „Þeir sem eldri eru eiga til að fá ístru og geta ekki neitt, þannig að við tökum reglulega inn nýja meðlimi sem við teljum að séu skemmtilegir og hafi úthald í smá átök.“

Eins og áður sagði er það orðin hefð hjá saumaklúbbnum að halda upp á litlu jólin. Síðastliðinn þriðjudag fór hópurinn í hjólaferð, skellti sér svo á jólahlaðborð í Húsasmiðjunni og lauk kvöldinu á því að hjóla meira. Böðvar segir nokkra einhleypa karlmenn tilheyra hópnum. „Þess vegna verður að hugsa fyrir því að allir fái að upplifa jólin, segjum við fjölskyldumennirnir með talsverðum hroka,“ segir Böðvar og hlær. „Við hjólum, borðum góðan mat og skiptumst á pökkum. Hver og einn kaupir gjöf sem má ekki kosta meira en 2.000 krónur og svo er dregið um hver fær hvaða pakka. Þetta er alveg frábært,“ segir Böðvar glaðlega,

*kjartan@frettabladid.is*

# Eivör í Rammagerðinni

EIVÖR, SÖNGKONAN ÁSTSÆLA, MUN HEFJA UPP RAUST SÍNA Í RAMMAGERÐINNI Á SUNNUDAG.

Færeyska tónlistarkonan Eivör heldur tvenna tónleika í Fríkirkjunni um helgina sem er uppselt á. Þeir sem ekki fengu miða geta hins vegar hlýtt á Eivöru í Rammagerðinni á sunnudaginn klukkan 15. Rammagerðin hefur haldið nokkra tónleika fyrir gesti verslunarinnar sem nefnast „Iceland Giftstore LIVE“. Með þessu framlagi er kynnt tónlist fyrir ferðamönnum og Íslendingum og skemmtileg stemning skapast í versluninni.
Eivör, sem nýtur mikilla vinsælda í Færeyjum, á Íslandi og í Þýskalandi, er nýbúin að senda frá sér glæsilega tónleikaplötu sem heitir Live og inniheldur upptökur frá árunum 2005-2009 af tónleikum í Færeyjum, Íslandi, Japan, Danmörku, Austurríki og Þýskalandi.
Tónleikarnir hefjast eins og áður sagði klukkan 15 í Rammagerðinni og er aðgangur ókeypis.



Eivör hefur nýlega gefið út diskinn Live sem inniheldur upptökur frá árunum 2005-2009.












## Óskast keypt

**Kaupi gull !**
**Ég Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi af fólki. Og veiti ég góð ráð. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns.**
**Upplýsingar á demantar.is í s. 699 8000 eða komið í Pósthússtræti 13,**
**Verið velkomin**

**Staðgreiðum gull, demanta og úr.**
**Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumalltgull.is**
**Upplýsingar í síma 661 7000.**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.**
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

Óska eftir amerísku barnarimlarúmi. Uppl. sendist á: kristmundurh@gmail.com

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/örykja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Hljóðfæri




**Dúndurtilboð!**
Kassagítarar: 1/4 stærð kr 10.900.- pakkinn með poka, strengjasett og stilliflautu. 4/4 stærð 15.900.- Rafmagnsgítarpakkar frá kr. 39.900.- Þjóðlagagítarpakkar frá 19.900.- Hljómborð frá kr. 8.900 Trommusett kr. 79.900 með öllu. Gítarinn Stórhöfða 27. S. 552 2125 www.gitarinn.is




**34 - 34 - 34**

**Áttu gulan flygil? Vil gjarnan kaupa 34 konsertflygla. Sanngjarnt verð.**
**Uppl. í síma 580 2528.**

**34 - 34 - 34**

## Vélar og verkfæri




**34 - 34 - 34**

**Er gamla vélmennið að ryðga í geymslunni? Vantar 34 gul þjónustuvélmenni fyrir laugardaginn.**
**Uppl. í síma 580 2528.**

**34 - 34 - 34**




Vantar snittvél á góðu verði. Hafið samband í síma 868 6066.

## Til bygginga

Krossviður, kambstál, gips og fl. Uppl. í s: 555 7905 og www.ulfurinn.is



**Harðviður til húsbygginga.**
**Sjá nánar á www.vidur.is**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

## Verslun




## Skemmtanir










## HEILSA

## Heilsuvörur






**Shaktimat**
Indverska nálastungumottan sem er búin að slá rækilega í gegn í Svíþjóð. Verð 13.900.- nú á TILBOÐI 8800,-. Hefur 6210 nálastungupunkta sem geta haft græðandi, afslappandi og róandi áhrif fyrir líkama og sál. Aðeins nokkur eftir, af þessari sendingu.

**Mótorsport ehf**
**Síðumúla 34, 108 Reykjavík**
**Sími: 567 1040**
**Öll viðgerðarþjónusta á staðnum**
**www.motorogsport.is**



Aloe Vera Heilsunnar vegna Betri lífstíll - meiri orka. Magnús og Hlíf sjálfstæðir dreifingaraðilar 822 8244 www.flp1.is




Viltu komast á annað plan í lífinu með breyttum lífstíl þá er þetta fyrir þig. Gefðu sjálfum þér bestu gjöf sem er frábær heilsa.
Uppl. coach@plan.is og í s. 770 7622.

Árangur með Herbalife í 29 ár. Pantaðu fríann prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

Mér finnst Herbalife vera best. Ótrúlegur árangur, Hjálpumst að. Sólrún Ósk s: 891 9883 www.heilsufrettir.is/solosk.

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

**ÓKEYPIS RÁÐGJÖF Í ÞYNGDARSTJÓRNUN!**
Hringdu núna, Drífa 695 8464, Pétur 772 1035 Katrín 699 6617.

HERBALIFE. Reynsla í heilsuráðgjöf og þyngdarstjórnun. Einstaklingar og hópar. www.rkb.heilsuskyrsla.is. Rannveig iðjuþjálfi/einkaþj. s. 8625920

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd




**TANTRA MASSAGE**
An exclusive gift for men, women and couples. Tel. 698 8301 www.tantra-temple.com

**J. B. HEILSULIND**
**Dekurdagar?**
Heilnudd, heitur pottur, skrúbb, snyrting, veitingar ofl. Slökun, heilun, svæða, Ayur Veda, heitsteina, jurta, sogskála og hunangsnudd. Næringar, heilsu og hreyfingarráðgjöf. Einkaþjálfun. ATH. EKKERT sex nudd, NO erotic massage. Opið frá 12-18 mán-lau. Pantarnir í S. 445 5000. Velkomin.

Nudd nudd nudd heilnudd. Tilboð í dag. Uppl. í s. 616 6469.

## Þjónusta

**Er andlega orkan á þrotum?**
Miðlun og heilun vinnur á sorg, kvíða, verkjum og streitu. Tímapantanir Guðrún 695 5480.

## SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Kenni á Ford Focus tdci disel '07 Uppl. í s. 892 9490 & 557 9387, Guðný I. Einarsdóttir.

## HEIMILIÐ

## Heimilistæki

AEG þvottavél m.íslensku stjórnborði til sölu - ársgömul. 7 kg vél með 1400 sn.vinduhraða - keypt á 149.000 Whirlpool þvottavél - 8kg vél ný(kostar 198.000 úr búð) Tilboð sendist á dagmar_bl@hotmail.com

## Barnavörur

Óska eftir amerísku barnarimlarúmi. Uppl. sendist á: kristmundurh@gmail.com

## Dýrahald

Til sölu ástargauksungi, mjög falleg (kvennkyn). Handmötuð og vængstíf. Uppl. í s. 891 8727.

Bichon frice hvolpur til sölu. Ættbókarfærður frá HRFI, örmerktur og bólusettur. Tilbúinn til afhendingar 16. des. Uppl. gefur Rósa í s. 840 8802.




## TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Ferðalög

**Traust fyrirtæki óskar eftir flutningi á pökkum frá Keflavíkurflugvelli til Reykjavíkur. Brottför frá KEF er kl. 17:00 alla virka daga. Áhugasamir leggi inn nafn og verðhugmynd í pósthólf tjonusta@365.is fyrir 14. desember.**

## HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**A spacious room with sharing kitchen and bathrooms at a prime spot in the center of Reykjavik. Close to supermarkets, cafés, restaurants, galleries, a swimming pool and the University.**
**For more info call 661-7000**

**Gleðilegt jólahald í íbúðum Leiguliða.**

**Getum afhent glæsilegar íbúðir fyrir jól, fast leiguverð á 12 mánaða samningum sem gerðir eru fyrir 30 des'09. Gæludýr velkominn, leiguverð frá kr 65.000. Laust á Selfossi, Jörfagrund, Hafnarfirði og á Akranesi. Upplýsingar í s. 517-3440 eða www.leigulidar.is**

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

Til leigu nokkur herb. í 101 Rvík. m/aðgang að eldhúsi, baði, þvottaaðs. S. 849 8992.

**Fjallalind- Kópavogur-raðhús til leigu.**
Gott endaraðhús til leigu. Húsið er ca. 175 fm með innbyggðum bílskúr. Fjögur svefnherbergi. Góð lóð. Hús í góðu ástandi. s. 823-2610.

Til leigu 4.herb. 100fm íbuð á Langholtsvegi RVK. Verð 130þús. upplsí síma 842-0949.

Til leigu 3ja berb. íbúð í 111 Rvk. Frábært útsýni. Verð kr. 100þ. auk hússjóðs. Uppl. í s. 699 0415.

4ra herb. íbúð til leigu í Þórufelli. Leiga 100þ. á mán. Uppl. í s. 772 1223.

Rúmott herbergi í 101 til leigu. Nálægt HÍ. Sími. 863 6687

## Húsnæði óskast

Er að leita að íbúð/iðnaðarhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu þar sem hægt er að vera með trommusett og fl. kjartan.thordarson@gmail.com S:8401199

## Sumarbústaðir



**Þrastahólar Grímsnesi**
Snyrtilegt og nýstandsett 58fm sumarhús á góðri 5.500 fm eignarlóð. 100 fm sólpallur. Lækkað verð, verð nú 12,9 mill. Skoða skipti á bíl eða hjólhýsi. Uppl. í s: 898 1598.

## Atvinnuhúsnæði

Til leigu ca. 110 fm iðnaðarbil (VSK) við Stórhöfða. Bilið er með einni innkeyrsluhurð, salerni og kaffiaðstöðu. Uppl. jhilmarsson@gmail.com eða 862 9222.

Til leigu gott iðnaðarhúsnæði í Höfðahverfi. Hagstætt leiguverð. Sími 861-8011.

Bæjarlind 14-16 - Til leigu 2-400fm versl.-/skrifst.húsn. á jarðhæð. Innkeyrsludyr, næg bílastæði, góð aðkoma. S:895-5053 - Tilboð.

Er með falleg herbergi til leigu í miðstöð sem býður upp á nudd og heildrænar aðferðir. Sími: 892-4506 Guðfinna

## Geymsluhúsnæði

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Góð verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað.S: 564-6500

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

**Geymslupláss**
Upphitað á höfuðborgarsvæðinu. Pláss til 1. maí fyrir hjólhýsi, fellihýsi, tjaldvagna eða annað. Verð 5000kr. á m2. Uppl. í s. 862 4685 / 893 9777.

## Gisting

stracta
CONSTRUCTION AND DEVELOPMENT

**GISTING Í KAUPMANNAHÖFN GÓÐ STAÐSETNING GOTT VERÐ!**
Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum. Góður kostur fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Verð 950 dkr. nóttin fyrir 3ja herb. íbúð. Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta.com eða annalilja@stracta.com

Copenhagen - Room to rent per night, 400 Dkr/person, 200/child. Central Nørrebro. Info: 0045.35378090/41106016, sigridaronsson@hotmail.com.

## ATVINNA

## Atvinna í boði

**Hreingerningar og sérverkefni**
Hjá ISS vinnur samhentur hópur fólks við hreingerningar og sérverkefni. Hreingerningar eru umfangsmeiri þrif en dagleg ræsting, þar sem húsnæði er tekið í allsherjarþrif. Við bjóðum fastar 100% stöður og leitum að duglegu fólki sem líkar vel hópvinna og breytilegur vinnutími.

Umsækjandi þarf að vera íslenskumælandi, framvísa hreinu sakavottorði og vera með bílpróf og bíl.
Laun krónur 274.868,- á mánuði fyrir 100% starf.

**Upplýsingar í síma 5 800 600. Einnig á www.iss.is**

ISS

VÍSIR.IS
"...ég sá það á vísi"

**Seinniparts- og kvöldvinna**
Frá áramótum eru í boði störf við ræstingar sem unnin eru eftir klukkan 17:00 fimm daga vikunnar.

Vinnuhlutfall er frá 25%.

Umsækjandi þarf að vera íslenskumælandi og framvísa hreinu sakavottorði.
Tekið er á móti umsóknum til föstudagsins 18.12.2009.

**Upplýsingar í síma 5 800 600. Einnig á www.iss.is**

Ræstingarsvið ISS er með norrænu umhverfisvottunina Svaninn

ISS

**Stella - Bankastræti**
Óskar eftir starfskrafti til jóla, lágmarksaldur 18 ár. Umsóknir ásamt mynd sendist á stella@stella.is

Vélavörð vantar á Steinunni SH 167. Uppl. gefur Brynjar í s. 00354 8938707.

## TILKYNNINGAR

## Tapað - Fundið



Tinna fór að heiman 7.des,hefur ekki skilað sér heim, hún er svört og hvít m. bleika ól. Ef einhver hefur séð hana hringið í s: 8677164 eða 8671594

## Einkamál



32 ára samk. KK vill kynnast karlmanni til að gera eitthvað skemmmtilegt með. Augl. hans er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 og 535-9920, augl.nr. 8992.



50 samkyn. KK sem býr á austurlandi vill kynnast karlmanni. Augl. hans er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 og 535-9920, augl.nr. 8967.



Ungur samkynhn. KK til í allt, vill kynnast KK með ævintýri í huga. Augl. hans er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 og 535-9920, augl.nr. 8310.



55 ára samkyn. KK myndarlegur, vill kynnast karlmanni með tilbreytingu í huga. Verður að hafa aðstöðu. Augl. hans er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 og 535-9920, augl.nr. 8867.

**Símadömur 908 1616**
**Við erum til fyrir ykkur, hringdu, við bíðum!**

**Elskum að daðra. 908 1616**

## Tilkynningar

*Skipulags- og byggingarfulltrúinn í Grundarfirði*

### Auglýsing um skipulagsbreytingar í Grundafjarðarbæ:

**Samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. er hér með auglýst eftir athugasemdum við tillögu að deiliskipulagi Hjarðarbóls Grundarfjarðarbæ.**

Tillagan var samþykkt á 112 fundi umhverfisnefndar þann 30. nóvember 2009 og samþykkti bæjarstjórn Grundarfjarðarbæjar á 112 fundi sínum þann 7. desember 2009 að auglýsa eftir athugasemdum við tillöguna sem bera heitið:

**Deiliskipulagstillaga fyrir frístundabyggð í landi jarðarinnar Hjarðarbóls í Grundarfjarðarbæ.**

Deiliskipulagið er í samræmi við drög að aðalskipulagi dreifbýlis sem liggur fyrir og er jörðin ætluð til frístundarbyggðar. Deiliskipulagið tekur aðeins yfir hluta lands Hjarðarbóls. Stærð svæðisins er um 5.8 hektarar að stærð. Samkvæmt skipulaginu verður heimilt að byggja 7 frístundahús.

Tillagan ásamt greinargerð með frekari upplýsingum, verður til sýnis á bæjarskrifstofu Grundarfjarðarbæjar, Grundargötu 30, á skrifstofutíma, frá og með mánudeginum 14. desember nk. til og með mánudeginum 11. janúar 2010. Einnig mun tillagan verða aðgengileg á heimasíðu bæjarins grundarfjordur.is

Þeim sem eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna til og með mánudeginum 25. janúar 2010. Skila skal skriflegum athugasemdum til umhverfisnefndar bæjarins á bæjarskrifstofu Grundarfjarðarbæjar, Grundargötu 30.

Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillöguna, teljast henni samþykkir.

Grundarfirði 10. desember 2009.
Hjörtur Hans Kolsöe
Skipulags- og byggingarfulltrúi Grundarfjarðarbæjar





**Bíladagar Fréttablaðsins!**

**Þarftu að kaupa, selja eða skipta?** Sérstakir bíladagar verða frá og með næstu helgi alla laugardaga í smáauglýsingum Fréttablaðsins.

**Sértilboð á bílaauglýsingum – aðeins 3.490 kr, texti og mynd.**

Hafið samband við sölumann í s. 512 5050 eða sendið póst á smaar@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

**Bíladagar – markaðstorg með bíla**

**Blaðberinn bíður þín**

**Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.**

Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið


Skipulags stofnun

# Mat á umhverfisáhrifum

**- Ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmdar**

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að eftirtalin framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum. nr. 106/2000 m.s.br.

**Framleiðsla á 3.000 tonnum af laxi í sjókvíum í Patreksfirði og Tálknafirði, Tálknafjarðarhreppi og Vesturbyggð**

Ákvörðunin liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Hana er einnig að finna á heimasíðu Skipulagsstofnunar: **www.skipulag.is.**

Ákvörðun Skipulagsstofnunar má kæra til umhverfisráðherra og er kærufrestur til **14. janúar 2010.**

**Skipulagsstofnun**

*Skipulags- og byggingarfulltrúinn í Grundarfirði*

### Auglýsing sveitarstjórnar Grundarfjarðarbæjar um niðurstöðu sína.

Bæjarstjórn Grundarfjarðar samþykkti á fundi sínum Aðalskipulag Grundarfjarðar 2003 - 2015, dreifbýlishluta þann 8. nóvember 2007. Skipulagið var auglýst samkv. 18 gr. skipulags- og byggingarlaga þann 23. maí 2008. Nokkrar athugasemdir bárust og var fjallað um þær í starfshóp um skipulagið og var það mat starfshópsins það að athugasemdirnar hefðu ekki það vægi að auglýsa þyrfti skipulagið að nýju.

Bæjarstjórn samþykkti á fundi sínum 19. mars 2009 að senda skipulagið í staðfestingarferli skv. 18 og 19. gr. laga nr. 73/1997.
Í bréfi skipulagsstofnunar dags. 16. júní 2009 voru fjórar athugasemdir, sem starfhópur fór yfir og gerði breytingar og var málið unnið í samræmi við athugasemdirnar.
Þann 12. nóvember 2009 samþykkti bæjarstjórn á 111 fundi sínum að skipulagið færi í staðfestingarferli að nýju skv. 18 og 19. gr. laga nr. 73/1997 m.s.br.

Grundarfirði 9. desember 2009.
Hjörtur Hans Kolsöe
Skipulags- og byggingarfulltrúi Grundarfjarðarbæjar.

Skipulags stofnun

**Suðurlandsvegur frá Hveragerði og austur fyrir Selfoss**

# Mat á umhverfisáhrifum

**- athugun Skipulagsstofnunar**

Vegagerðin hefur tilkynnt til athugunar Skipulagsstofnunar frummatsskýrslu um Suðurlandsveg frá Hveragerði og austur fyrir Selfoss.

Tillaga að ofangreindri framkvæmd og skýrsla um mat á umhverfisáhrifum hennar liggur frammi til kynningar frá **11. desember 2009 til 29. janúar 2010** á eftirtöldum stöðum: Á Bókasafninu í Hveragerði, Bæjar- og héraðsbókasafninu á Selfossi, í Þjóðarbókhlöðunni og hjá Skipulagsstofnun. Frummatsskýrslan er aðgengileg á heimasíðu Eflu: **www.efla.is** og Vegagerðarinnar: **www.vegagerdin.is.**

Allir hafa rétt til að kynna sér framkvæmdina og leggja fram athugasemdir. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast eigi síðar en **29. janúar 2010** til Skipulagsstofnunar, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Þar fást ennfremur nánari upplýsingar um mat á umhverfisáhrifum.

Birt samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000 m.s.b.

**Skipulagsstofnun**



*Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Björg Jósepsdóttir**

lést á Sjúkrahúsi Akraness sunnudaginn 6. desember. Útför hennar fer fram frá Grafarvogskirkju miðvikudaginn 16. desember klukkan 13.00.

**Grímur Björnsson**
**Jósep Grímsson** **Regína Ómarsdóttir**
**Soffía S. Grímsdóttir**
**Björn Júlíus Grímsson** **Hildur Lilja Guðmundsdóttir**
**Jónína Sigríður Grímsdóttir**
**og barnabörn.**



*Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Katrín Káradóttir**

ljósmyndari, Boðahlein 5, Garðabæ,

sem lést á Landspítala Fossvogi þriðjudaginn 1. desember, verður jarðsungin frá Fríkirkjunni í Reykjavík, mánudaginn 14. desember kl. 15.00. Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Gigtarfélag Íslands.

**Eiríkur Svavar Eiríksson**
**Guðbjörg Kristín Eiríksdóttir** **Dirk Lubker**
**Steinunn Eiríksdóttir** **Þorsteinn Lárusson**
**Þóra Eiríksdóttir** **Ómar Guðjónsson**
**og barnabörn.**



*Okkar ástkæra,*

**Þórey Sigurðardóttir**

frá Skúfsstöðum, Möðruvallastræti 1, Akureyri,

lést á Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Hlíð mánudaginn 30. nóvember. Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju 14. desember kl. 13.30. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Sumarbúðirnar Hólavatni, sími 588 8899 og Kristniboðssambandið, sími 533 4900.

**Inga, Anna, Sveinn og Bragi Ingólfsbörn**
**Þórleifur Haraldsson**
**Þorvaldur, Björg og Anna Sigurðarbörn**
**og fjölskyldur.**



*Okkar yndislegi og ástkæri,*

**Karl Smári Guðmundsson**

lést af slysförum 8. desember. Útför auglýst síðar.

**Berglind Ármannsdóttir**
**Guðmundur Þór Karlsson**
**Auður Eir Guðnadóttir**
**Guðni Þór Guðnason**
**Birgitta Líf Magnúsdóttir**
**Guðmundur Heiðmar Karlsson**
**Guðrún Halldórsdóttir**
**systkini og fjölskyldur.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar sendist á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**

**HECTOR BERLIOZ (1803-1869) FÆDDIST ÞENNAN DAG.**

*„Ég bý þó yfir þeirri hógværð að viðurkenna að skortur á hógværð er einn af mínum veikleikum.“*

***Hector Berlioz var franskt tónskáld. Þekktasta verk hans er Symphonie Fantastique frá 1831.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 11. DESEMBER 1948

## *Gáfu Skriðuklaustur*



Á þessum degi árið 1948 gáfu Gunnar Gunnarsson rithöfundur og kona hans, Franzisca Antonia Josephine Jörgensen, íslenska ríkinu Skriðuklaustur á Fljótsdalshéraði.

Skriðuklaustur er fornfrægt stórbýli, þar var klaustur af Ágústínusarreglu frá 1493 til 1552 og var það síðasta klaustrið sem stofnað var í kaþólskum sið hér á landi. Það voru hjónin Hallsteinn Þorsteinsson og Sesselja Þorsteinsdóttir á Víðivöllum sem gáfu jörðina Skriðu til stofnunar klaustursins. Gunnar Gunnarsson settist að á Skriðuklaustri árið 1939. Hann lét reisa húsið, sem þar stendur árið 1939 en það er teiknað af þýska arkitektinum Fritz Höger. Gunnar ánafnaði ríkissjóði jörðinni með því skilyrði meðal annars að nýting hennar yrði til menningarauka. Tilraunabú í sauðfjár- og jarðrækt á vegum RALA var rekið þar frá 1949 til 1990. Stofnun Gunnars Gunnarssonar var sett á laggirnar árið 1997. Á Skriðuklaustri rekur Gunnarsstofnun menningar- og fræðasetur með lifandi menningarstarfsemi árið um kring, sýningum, tónleikum, fyrirlestrum og öðrum viðburðum.

PÉTUR MÁR PÉTURSSON: HLÝTUR VERÐLAUN Í KVIKMYNDASAMKEPPNI

# Tók við verðlaunum í Köben

Pétur Már Pétursson er nýstiginn út úr flugvél eftir sólarhringsdvöl í Kaupmannahöfn þegar blaðamaður slær á þráðinn. „Þetta er búið að vera alveg frábært,“ segir hinn tæplega tvítugi Pétur Már sem vann þriðju verðlaun í norrænu kvikmyndasamkeppninni REClimate fyrir myndina sína Hope.

REClimate er loftslagskeppni sem norræn ungmenni á aldrinum fimmtán til nítján ára hafa tekið þátt í í haust í aðdraganda loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Kaupmannahöfn. Alls voru 125 myndir sendar inn í keppnina og voru tveir Íslendingar í átta efstu sætunum, Pétur og kunningi hans úr Borgarholtsskóla, Gabríel Bachmann. Þeim var svo boðið að fara út til Kaupmannahafnar til að taka við verðlaununum 8. desember. „Á afhendingunni voru sýndar myndir sem lentu í fimm efstu sætunum. Mín var sýnd fyrst en mér fannst skemmtilegt að eftir sýninguna komu til mín menn sem hafa verið lengi í kvikmyndagerðarbransanum og spjölluðu við mig. Það var ægilega góð tilfinning,“ segir Pétur.

Þrátt fyrir að verðlaunaafhendingin hafi verið mikil upplifun fyrir Pétur fannst honum enn meira um vert að fá að kynnast hinum keppendunum sem lentu í efstu sætunum. „Við sem lentum í fyrstu þremur sætunum hittumst og fórum út að borða og skemmta okkur. Við kynntumst mjög vel og munum örugglega verða í sambandi áfram,“ segir hann. En um hvað fjallar stuttmyndin Hope? „Hún gerist árið 2067 og fjallar um ungt par sem er að reyna að þrauka neðanjarðar vegna mikils hita á yfirborði jarðar og leit þeirra að vatni sem er af skornum skammti,“ útskýrir Pétur og tekur fram að lykiltónninn í myndinni sé um vonina sem sé eina ástæðan fyrir því að parið hafi lifað af. Hope er önnur mynd Péturs en hann stundar nám á listnámsbraut í Borgarholtsskóla. „Ég hafði lengi verið leitandi og fór á bíliðnaðarbraut og félagsfræðibraut en það var ekki fyrr en á listnámsbraut sem ég fann mína stefnu í lífinu,“ segir hann og segist viss um að framtíð hans liggi í kvikmyndabransanum.

**solveig@frettabladid.is**



**UNGUR KVIKMYNDAGERÐARMAÐUR** Pétur Már Pétursson skrapp til Kaupmannahafnar til að taka við verðlaununum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



*Ástkær systir mín, föðursystir og mágkona,*

**Guðrún Gunnarsdóttir**

frá Reykjum í Fnjóskadal,

lést á Dvalarheimilinu Hvammi á Húsavík þann 7. desember. Útförin fer fram frá Illugastaðakirkju miðvikudaginn 16. desember kl. 14.00. Sætaferðir verða frá Umferðarmiðstöðinni á Akureyri kl. 13.00.

**Tryggvi Gunnarsson**
**Gunnar M. Guðmundsson**
**Þóra K. Guðmundsdóttir**
**Pálína Magnúsdóttir**



*Ástkær móðir mín, amma og langamma,*

**Jóhanna Ólafsdóttir**

Óðinsgötu 17,

lést á Droplaugarstöðum 6. desember. Útförin fer fram frá Fossvogskapellu þriðjudaginn 15. desember kl. 15.00.

**Björk Gísladóttir**
**Bryndís Hrönn Ragnarsdóttir**
**Gísli Reginn Pétursson**



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og systir,*

**Hlíf Þórbjörg Jónsdóttir**

Dvalarheimilinu, Grund, áður Unnarbraut 28, Seltjarnarnesi,

andaðist þriðjudaginn 8. desember. Minningarathöfn verður í Seltjarnarneskirkju þriðjudaginn 15. desember kl. 15.00. Útfararathöfn verður frá Heydalakirkju í Breiðdal laugardaginn 19. desember kl. 11.00. Jarðsett verður í heimagrafreit á Þorvaldsstöðum.

**Sigurjón Jónsson** **Helga Ágústína Lúðvíksdóttir**
**Guðný Elín Jónsdóttir** **Reynir Loftsson**
**barnabörn, barnabarnabarn og systkini.**



*Fyrrverandi eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Ásgeir Sæmundsson**

frá Selparti,

andaðist á Fossheimum Selfossi laugardaginn 5. desember. Útförin fer fram laugardaginn 12. desember frá Villingaholtskirkju kl. 11.00.

**Magnea Sigurbergsdóttir**
**Guðbrandur Gíslason**
**Anna Lísa Andersen**
**Sæmundur Ásgeirsson**
**Ólína Ásgeirsdóttir** **Alexander Hafþórsson**
**Bragi Ásgeirsson** **Petra Nicola Deutrich**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

# Frábært verð

## á heimilistækjum

Öll raftæki fást í Smáralind, minna úrval í öðrum verslunum

**OPIÐ TIL 22:00 ÖLL KVÖLD til jóla**



### Melissa

**Ryksuga** HP8180
- 1800w ryksuga
- Sog kraftur 350w
- 5 filtera kerfi
- Tveggja fasa málm túpa
- Tekur snúru sjálfvirkt til baka
- Lætur vita þegar poki er að fyllast

**11.990kr** FRÁBÆRT VERÐ



**Inventum kaffivél**
HK2B
- 800 wött
- Hellir upp á 1 eða 2 kaffibolla í einu
- Auðvelt að þrífa

**9.990kr** FRÁBÆRT VERÐ



### Ariete

**Heilsugrill** DC191100AR0
- 1000w heilsugrill
- Hitastillir
- Ljós lýsir þegar grillið er orðið heitt
- Efri hlutinn aðlagast í hæðina
- Non-Stick - Auðvelt í þrifum

**9.990kr** FRÁBÆRT VERÐ



### Melissa

**Töfrasproti** 646068
- 200w
- Ryðfríir hnífar
- 2 hraðarstillingar
- 700ml skál fylgir

**2.990kr** FRÁBÆRT VERÐ



### OLYMPUS

**Myndavél** FE26BL
- 12 MegaPixel
- 3x Optical Zoom og 4x Digital Zoom
- Linsa: 6.3 - 18.9mm (35mm samb.: 36 - 108mm)
- 2,7" LCD skjár
- Face Detection - þekkir andlit
- Autofocus, Contrast Detection og White Balance
- Auto Exposure og þrjár manual stillingar
- Hreyfimyndataka með hljóði (Hámarksupplausn 640x480)
- Fjórar myndstærðir, 13 Scene Modes
- Auto Flass, Red Eye Reduction og tímarofi
- USB tenging við tölvu, tekur xD kort
- 19MB innra minni, USB snúra og AA rafhlöður fylgja
- Hugbúnaður fylgir

**19.990kr** FRÁBÆRT VERÐ



Gjafapakki með 3 tegundum af kaffi og einni teg. af kakó fylgir með.

### PHILIPS

**Senseo kaffivél** HD7810SV
- 1450w Senseo kaffivél
- Hellir upp á 1 eða 2 kaffibolla í einu
- Hver bolli er ferskur og með lag af froðu
- Tekur aðeins 30 sekúndur að laga
- Auðvelt að hreinsa
- Litur: Svört

**14.990kr** FRÁBÆRT VERÐ



**Wassermaxx sodavatnstæki**
WassermaxxR
- Einfalt í notkun
- 1L flaska fylgir með
- Hægt að fá bragðefni
- Kolsýruhylki dugar fyrir allt að 60L
- Einnig til hvítt og svart að lit

**16.990kr** V.Á. 19.990.-



### Dantax

**Ferðaútvarp** R40
- FM útvarp
- Innbyggt loftnet
- Gengur fyrir rafhlöðum eða 230V

**4.990kr** FRÁBÆRT VERÐ



### Dantax

**Ferðatæki** RR303
- Ferðatæki með útvarpi og geislaspilara
- FM/AM útvarp
- Topp CD spilari
- 2 hátalarar
- Loftnet

**7.990kr** FRÁBÆRT VERÐ



### Melissa

**Fótanuddtæki**
631130
- 90w fótanuddtæki
- 1,54kg
- 3 stillingar
- Loftbólur frá 36 holum
- Meira en 150 nuddstaðir fyrir fætur

**5.990kr** FRÁBÆRT VERÐ



### PHILIPS

**Hárblásari** HP8180
- 2100w Professional hárblásari með 6 hita og hraðastillingar
- Mjór haus fyrir nákvæmari blástur
- Túrbo blástur án þess að auka hita
- CoolShot tækni
- Auðveldur að hreinsa
- 1.8 m snúra

**5.990kr** FRÁBÆRT VERÐ




Gildir til 17. desember eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

**50 ára HAGKAUP** *fyrir Íslendinga í 50 ár*

# nettó
*Ódýrt fyrir heimilið!*

## HAMBORGARHRYGGUR
ÚRB.



30% afsláttur

KJÖTSEL

**998** kr/kg
áður 1.425 kr/kg

# *Gleðjumst saman*

### LAMBAHRYGGUR
HEILL, FROSINN

ÓDÝRT



**1.459** kr/kg

### LAMBALÆRI
FROSIÐ

ÓDÝRT



**1.198** kr/kg

### HAMBORGARHRYGGUR
M/BEINI

30% afsláttur



**1.399** kr/kg
áður 1.998 kr/kg

### UNGNAUTAHAKK



**796** kr/kg
áður 948 kr/kg

### GRÍSAMÍNÚTUSTEIK
FERSK

43% afsláttur



**968** kr/kg
áður 1.698 kr/kg

### GRÍSABÓGUR
REYKTUR

30% afsláttur



**599** kr/kg
áður 855 kr/kg

KJÖTSEL

### FÓTBOLTAMYNDIRNAR
FÁST HJÁ OKKUR




www.markhonnun.is

### HANGIFRAMPARTUR
BIRKIREYKTUR, ÚRB.

30% afsláttur



**1.665** kr/kg
áður 2.378 kr/kg

### HANGILÆRI
BIRKIREYKT, ÚRB.

30% afsláttur




**2.239** kr/kg
áður 3.198 kr/kg

### LAMBAFILLET
M/FITU, FROSIÐ

ÓDÝRT



**2.998** kr/kg

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**

Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær



## Kjöthúsið

REYKJANESBÆ, AKUREYRI
OG MJÓDD

opnar 10.des

OPIÐ ALLA DAGA TIL JÓLA
SÉRFRÆÐINGUR Á STAÐNUM

KEA HANGIKJÖT TVÍREYKT
nú 2.158kr/kg/áður 2.698kr/kg

KEA HANGIFRAMP.M/BEINI
nú 1.095kr/kg /áður 1.369kr/kg

KEA HANGILÆRI M/BEINI
nú 1.758kr/kg/áður 2.198kr/kg

SVÍNAHAMBORGARHRYGGUR
1.298kr/kg

# á aðventunni

**CADBURY ROSES**
975g



1.898kr/stk.

**CADBURY ROSES**
400g



945kr/pk.

**QUALITY STREET**
400g



998kr/pk.

**QUALITY STREET**
900g



1.498kr/pk.

**LINDT LINDOR**
200g



979kr/pk.

**FAIRTRADE CHOCLATES**
COOP, 185g



998kr/pk.

**FERRERO COLLECTIVES**



1.298kr/pk.

**TOBLERONE TINYS**



1.149kr/pk.

**CELEBRATIONS**
420g



998kr/pk.

**MAYNARDS WINE GUMS**
600g



849kr/pk.

**JÓLASVEINASLEIKJÓ**
4 STK.



279kr/pk.




2.495kr/stk.

Birt með fyrirvara um prentvillur

Tilboðin gilda 10. - 13. desember eða meðan birgðir endast

# GÓÐAR FRÉTTIR

## Nú er Fréttablaðið aðgengilegt hringinn í kringum landið.

Frídreifing verður áfram á höfuðborgarsvæðinu, suðvesturhorninu, Akranesi, Reykjanesi, Akureyri, í Borgarnesi og Árborg.

Nú verður Fréttablaðið líka aðgengilegt í öllum öðrum landshlutum og fæst í lausasölu á kostnaðarverði.

Þeir sem hafa áhuga á að fá blaðið til sölu á kostnaðarverði vinsamlegast hafi samband við Pósthúsið í síma 585 8300.




### Hér færðu Fréttablaðið á kostnaðarverði:

| | |
|---|---|
| **Ásbyrgi** | Verslunin Ásbyrgi |
| **Bakkafjörður** | Mónakó |
| **Baula** | Verslun |
| **Blönduós** | N1 |
| | Potturinn og pannan |
| **Dalvík** | N1 – Olís |
| **Egilsstaðir** | N1 |
| **Eskifjörður** | Shell skáli |
| | Kría veitingastaður |
| **Fellabær** | Olís |
| **Grundarfjörður** | Hrannarbúð |
| **Hella** | Olís |
| **Hellissandur** | Hraðbúð N1 |
| | Shell |
| **Hrísey** | Eyjaljósið |
| **Húsavík** | N1 – Olís – Shell skáli |
| **Hvolsvöllur** | N1 – Söluskálinn Björk |
| **Höfn** | N1 – Olís |
| **Ísafjörður** | N1 |
| **Kópasker** | Búðin Kópasker |

| | |
|---|---|
| **Neskaupstaður** | Olís |
| **Ólafsfjörður** | Olís |
| **Ólafsvík** | N1 – Olís |
| **Patreksfjörður** | Grillskálinn Patreksfirði |
| | N1 |
| **Raufarhöfn** | Verslunin Urð |
| **Reyðarfjörður** | N1 – Olís – N1 |
| **Rif** | Umboð Shell / Tandur |
| **Sauðárkrókur** | N1 – Shell skáli |
| | Hlíðarkaup |
| **Siglufjörður** | Olís |
| **Skagaströnd** | Olís |
| **Staðarskáli** | N1 |
| **Stykkishólmur** | Bónus – Olís – Bakarí |
| **Stöðvarfjörður** | Brekkan veitingastaður |
| **Víðigerði** | Verslunin Víðigerði |
| **Vík** | N1 |
| **Vopnafjörður** | N1 |
| **Þórshöfn** | N1 |

**Hægt er að fá Fréttablaðið sent frítt í tölvupósti á morgnana eða nálgast það á Visir.is.**




**Allt sem þú þarft...**




# Jólasveinninn kemur í kvöld

**BAKÞANKAR**
**Brynhildar Björnsdóttur**

Nú hlustum við öll svo hýrleg og sæl því jólasveinninn kemur í kvöld. Já, í kvöld fyllast gluggar af skóm í ýmsum stærðum og gerðum, sumir eru svo forsjálir að setja veiðivöðlurnar hans pabba í gluggann í þeirri von að jólasveininum finnist ómögulegt annað en að troðfylla þær af spennandi glaðningi. Allt í einu verða öll börn svo ósköp hlýðin og góð því þau vita sem er að jólasveinarnir skrá hjá sér allar misgjörðir og óþekkt þessa dagana og ef þeim finnst hegðun eitthvað ábótavant verða kartöflur eða enn þá verra, korktöflur, í skónum morguninn eftir.



**ÞAÐ** er erfitt að vera barn á jólaföstunni. Jólasveinarnir heimta skilyrðislausa hlýðni og þægð að viðurlögðum kartöflum eða ljótu skótaui. Foreldrar eru aftur á móti beinlínis að biðja um óþekkt með stressi, morgunsleni og sífelldum neitunum um sælgæti eða leikföng sem eru úti um allt í augnhæð og innan seilingar.

**ÞAÐ** er ekki bara erfitt að vera barn á þessum árstíma. Jólafastan er tími tvöfaldra skilaboða. Í myrkrinu og kuldanum ætlast náttúran til þess að menn og dýr sofi og vakni í mesta lagi til að borða og láta klóra sér á bakinu. Þetta er ekki rétti tíminn til að setja sér tímamörk, dagsetningu þegar ALLT verður að vera búið. Og allt í þessu tilfelli er ekkert smáræði.

**HEIMILIÐ** þarf að vera tandurhreint hátt og lágt. Gjarnan má leggja í framkvæmdir, svo sem parkett, nýja eldhúsinnréttingu eða einn umgang af málningu með tilheyrandi röskun á daglegu lífi. Skápar skulu þrifnir, veggir skúraðir, kökur bakaðar og tómatar sultaðir.

**Á MILLI** þessara gerninga skal stunda villt félagslíf. Fyrir utan nú tónleikana, basarana, upplestrana og hlaðborðin er líka nauðsynlegt að hitta gömlu vinnufélagana, saumaklúbbinn, frændur og frænkur og alla vinina sem streyma heim frá útlöndum og drekka kaffi, borða smörrebröd, mála piparkökur og skera laufabrauð. Í öllum skólum og leikskólum er föndur, piparkökuskreytingar og jólaskemmtanir. Í tómstundastarfinu eru líka samverustundir með foreldrum, tónleikar, danssýningar og kappleikir. Og svo þarf náttúrlega að kaupa jólagjafirnar með tilheyrandi ferðum í troðfullar verslunarmiðstöðvar og baráttu um bílastæði.

**ÉG ER** að hugsa um að vera rosalega þæg og biðja jólasveinana að fylla skóinn minn af jólagjöfunum sem ég á eftir að kaupa. Eða kannski bið ég Kertasníki að skúra eldhúsgólfið.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



JÓLATILBOÐ

# PLAYMOBIL

## FÆST Í NETTÓ OG SAMKAUPUM

30

ÁR MEÐ PLAYMOBIL Á ÍSLANDI

JÓLATILBOÐ
9.990kr




JÓLATILBOÐ
9.990kr

JÓLATILBOÐ
5.990kr

playmobil®


www.markhonnun.is
Birt með fyrirvara um prentvillur
Samkaup úrval
nettó
Ódýrt fyrir heimilið!

**! ath. kl. 16.**
*Stórvirki Kristjáns Árnasonar, þýðingu á Ummyndunum Óvíds, verður fagnað með málþingi í sal ReykjavíkurAkademíunnar, Hringbraut 121, 4. hæð. milli kl. 16-18 í dag. Clarence Glad, Halldór Björn Runólfsson og Hjalti Snær Ægisson flytja stutt erindi. Kristján mun svo sjálfur lesa úr þýðingu sinni á Ummyndunum auk þess sem lesið verður brot úr þýðingu Espólíns á verkinu.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Kristinn og Víkingur Heiðar

Tónlistarsetrið á Stokkalæk heldur áfram að lífga upp á tónlistarlífið í Rangárþingi. Aðventan í Selinu á Stokkalæk hófst með fiðlutónleikum Hlífar Sigurjónsdóttur sem tókust afar vel og voru hlý og eftirminnileg stund. Nú verður bætt um betur þegar þeir Kristinn Sigmundsson óperusöngvari og Víkingur Heiðar Ólafsson píanóleikari koma fram á jólatónleikum í Selinu á Stokkalæk fimmtudaginn 17. desember næstkomandi kl. 20. Miðapantanir í síma 487 5512 eða 864 5870. Nokkrir miðar eru eftir.

Jólin á Stokkalæk verða svo hringd út með píanótónleikum Hákonar Bjarnasonar, sem fyrir skömmu varð sigurvegari í píanókeppni EPTA, samtaka evrópskra píanókennara, sem haldin var í salnum í Kópavogi. Hákon hlaut um svipað leyti 1.500.000 kr. í styrk úr Minningarsjóði um Birgi Einarsson apótekara, sem hefur það hlutverk að styrkja unga og efnilega píanóleikara til framhaldsnáms erlendis. Þessir tónleikar á þrettándanum, 6. janúar 2010 kl. 20, eru haldnir í tengslum við þá styrkveitingu. *- pbb*



**TÓNLIST** Víkingur Heiðar og Kristinn Sigmundsson koma fram á Stokkalæk í næstu viku.
MYND FRÉTTABLAÐIÐ GVA

### > Ekki missa af…

Jólagjöf Tónlistarskólans á Akureyri og Leikfélags Akureyrar sem er ókeypis tónleikar á morgun kl. 17.00 í Rýminu. Þar koma fram Pálmi Gunnarsson, Bryndís Ásmundsdóttir, Jana María Guðmundsdóttir, Ásta Magnúsdóttir, Dagmey Björk Kristjánsdóttir, Ólafur Ingi Sigurðsson auk tríós Krissa Edelstein og Stórsveitar Tónlistarskólans á Akureyri undir stjórn Alberto Carmona. Þeir sem vilja geta skilið eftir jólagjafir undir jólatré í Rýminu. Gjöfunum verður komið til barna sem minna mega sín. Miðar verða afhentir í miðasölu Samkomuhússins.

# ZENTROPA RIÐAR TIL FALLS

**Kvikmyndafyrirtæki Lars von Trier og Peters Aalbæk Jensen, Zentropa, er komið að fótum fram eftir sautján ára skrautlegan og ævintýralegan feril. Í liðinni viku var tilkynnt að fyrirtækið drægi stórlega saman og meira en helmingi starfsmanna yrði sagt upp. Jensen hefur tilkynnt að í framtíðinni hyggist hann einbeita sér að framleiðslu kvikmynda í fimm löndum Evrópu og Danmörk sé ekki meðal þeirra.**

Zentropa Entertainment stofnuðu þeir Jensen og Trier 1992 og hefur fyrirtækið framleitt 70 kvikmyndir. Það var frá upphafi einn mikilvægasti samstarfsaðili Friðriks Þórs Friðrikssonar og segja sumir að framleiðsluaðferð Friðriks, að ná saman fjölda aðila víða um Evrópu, hafi orðið þeim Zentropa-mönnum fyrirmynd að þeirra fjölþjóðlega neti en undir vængjum þess starfa um hundrað fyrirtæki víða um lönd. Í Börsen er greint frá að við hafi blasið þegar í fyrra þegar Nordisk Film, elsta starfandi kvikmyndafyrirtæki Norðurlandanna, keypti stóran hlut í Zentropa, að fyrirtækið væri í erfiðleikum. Sala á hlutum til starfsmanna í haust hafi líka verið merki um að reksturinn stæði tæpt.

Jensen fer ekki í launkofa með ástæður falls Zentropa: hann segist geta ráðið fyrsta flokks kvikmyndatökumann í fyrrum austantjaldslöndunum fyrir 20 þúsund danskar á á mánuði sem vinni langan vinnudag, meðan danskur tökumaður gangi út ef honum sú boðnar 32 þúsund á viku og hann vilji hætta vinnu eftir átta stunda vinnudag. Í viðtali við Börsen segir hann: „Ég er eins og lúdóspilari með alla í höfn. Hringnum er lokið og danski bíóbransinn er jafn slappur og hann var þegar við byrjuðum fyrir sautján árum. Sögurnar okkar eru sjálfgóðar og slappar. Zentropa fær nýjan kraft ef ég kem mér burt. Ég stóð mig illa í að stýra fyrirtæki sem naut of mikillar velgengni. Sat hjá þegar framleiðslukostnaðurinn jókst og jókst.“

Gagnrýnendur segja meginástæðu þessara vandræða einfalda: á síðustu þrem árum hefur Zentropa framleitt 14 kvikmyndir í Danmörku og selt um 370 þúsund miða, af því tók Antikristur inn 82 þúsund miða. Meðaltal í aðsókn á mynd er um 26 þúsund miðar sem dugar ekki til. Önnur framleiðsla hefur ekki bjargað fyrirtækinu. Til samanburðar má geta þess að aðsóknarmet síðustu ára í Danmörku er á fjölskyldumyndina Far til fire sem um 400 þúsund hafa séð.



**KVIKMYNDIR** Antikristur, hin umdeilda mynd, er síðasti smellur Triers og Jensens á heimaslóðum en myndin er sigurstrangleg á mörgum sviðum í árlegum verðlaunum dönsku kvikmyndaakademíunnar sem eru fram undan.
MYND ZENTROPA

Saga Zentropa er um leið saga sigurgöngu dansks kvikmyndaiðnaðar liðna áratugi: von Trier var einn af forgöngumönnum Dogma og ruddi brautina fyrir aðra danska leikstjóra. Samband hans við íslenska listamenn hefur alltaf verið sterkt: Karl Júlíusson hannaði útlit Breaking the Waves og hélt áfram að vinna með Trier að Dancer in the Dark þar sem Björk náði alþjóðlegum stjörnustatus. Sjón kom að gerð handritsins með textum sínum. Þá léku þeir Benedikt Erlingsson og Friðrik Þór í Direktøren for det hele. Fyrirtækið varð líka afkastamikið í sjónvarpsframleiðslu: bæði Riget og Klovn eru á verkaskrá þess. Á hinn bóginn hefur Zentropa notið mikilla ríkisstyrkja, ekkert framleiðslufyrirtæki hefur verið styrkt jafn ríkulega til framleiðslu. Því sæta þeir Jensen og Trier miklu ámæli í dönskum fjölmiðlum fyrir að hafa greitt sér um 20 miljónir danskra króna til tveggja einkahlutafélaga sem þeir ráða yfir. Jensen segir þær greiðslur hagnaðarhlut þeirra eftir söluna til Nordisk og hafi það verið ein meginforsenda fyrir sölunni til að tryggja þeim eftirlaunasjóði eftir 20 ára streð.

Danskir fjölmiðlar segja komandi ár verða mikið örlagaár fyrir danskan kvikmyndaiðnað í kjölfar þess að Jensen yfirgefi danska framleiðslu, en Trier hefur verið þögull um framtíðaráform sín. Hann stefndi þegar í upphafi ferils síns á alþjóðlegan markað þótt hann hafi haft Danmörku sem starfsstöð í tvo áratugi.

Þá er hagur þeirra beggja nokkuð tryggur: Zentropa starfar í gamalli herstöð, Filmbyen, sem eitt fyrirtækja þeirra félaga á. Þar er falið gríðarlegt verðmæti í lóðum og byggingum vænkist hagur á dönskum húsamarkaði sem er í maski um þessar mundir.

pbb@frettabladid.is




# Sýning helguð Einari

Sýning um Einar H. Kvaran var opnuð í Þjóðarbókhlöðu í gær í tilefni af því að 150 ár eru liðin frá fæðingu hans. Við það tækifæri afhentu afkomendur Einars Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni ýmis bréf hans, bækur, ljósmyndir og fleira til varðveislu í handritadeild safnsins.

Einar H. Kvaran var einn afkastamesti rithöfundur á Íslandi í lok 19. aldar og í upphafi þeirrar tuttugustu. Hann er einn af brautryðjendum raunsæisstefnu í íslenskum bókmenntum og skáldsaga hans Ofurefli sem kom út árið 1908 er fyrsta skáldsagan sem hefur Reykjavík að söguvsiði. Leikrit hans Syndir annarra frá árinu 1915 gerist einnig í Reykjavík. Einar var einn af frumkvöðlum íslenskrar blaðamennsku og einn af sjö stofnfélögum Blaðamannafélags Íslands árið 1897. Hann var ritstjóri Lögbergs, Ísafoldar, Norðurlands og Fjallkonunnar. Hann var einnig leikhúsmaður og mjög virkur í starfi Leikfélags Reykjavíkur, þar sem hann starfaði bæði sem leikstjóri félagsins og formaður. Einar var einnig formaður Sálarrannsóknarfélags Íslands og ritstjóri tímaritsins Morguns sem Sálarrannsóknarfélagið gaf út.

Einar Hjörleifsson fæddist í Vallanesi í Fljótsdal 6. desember 1859. Hann lauk stúdentsprófi árið 1881 og fór síðan til Kaupmannahafnar til náms. Einar varð boðberi nýrra tíma í skáldskap líðandi stundar ásamt félögum sínum Gesti Pálssyni, Hannesi Hafstein og



**MENNING** Einar H. Kvaran, rithöfundur og forgöngumaður á fyrri hluta síðustu aldar um mörg mikilvæg mál í samfélagi okkar.

Bertel E. Ó. Þorleifssyni en tímaritið Verðandi, sem þeir gáfu út, varð farvegur raunsæisstefnunnar og hugmynda danska bókmenntafræðingsins Georgs Brandes til Íslands.

Einar flutti frá Kaupmannahöfn til Vesturheims árið 1885 ásamt danskri eiginkonu sinni. Hann missti konu sína og tvö börn á einu ári meðan á Kanadadvölinni stóð en giftist aftur íslenskri stúlku, Gíslínu Gísladóttur. Þau eignuðust fimm börn en misstu eitt.

Einar sneri aftur heim til Íslands árið 1895. Hann lét til sín taka í stjórnmálum og var framlag hans til sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar umtalsvert, einkum á árunum frá 1907 og fram til þess að Ísland hlaut fullveldi 1918.

Einar Hjörleifsson tók upp ættarnafnið Kvaran árið 1916. *- pbb*

MÁL OG MENNING
www.forlagid.is

★★★★

# „Afbragðsvel samin saga“

Páll Baldvin Baldvinsson / Fréttablaðið

Hvað geta virtur geðlæknir og óöguð unglingsstúlka gert sér til afþreyingar á afskekktum stað í frosti og snjó? Þær geta til dæmis heimsótt hús minninganna og beitt ímyndunaraflinu, tækinu sem hefur skilið manninn frá dýrunum frá upphafi vega ...

Dásamleg saga um mikilvægi minninganna eftir Kristínu Marju Baldursdóttur.




2. prentun uppseld
3. PRENTUN VÆNTANLEG

2. Sæti
METSÖLULISTI EYMUNDSSON

Skáldvert 09.12.2009

## „Kristín Marja ... beinir skáldskaparvopninu að innsta kjarna okkar.“

Auður Aðalsteinsdóttir / Víðsjá



## „Stórskemmtileg saga ...“

Egill Helgason / Kiljan

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Föstudagur 11. desember 2009**

### Tónleikar

**16.00** Nemendur **Tónlistarskólans á Akureyri** halda stutta tónleika í Eymundsson við Hafnarstræti á Akureyri.

**19.30** Aðventutónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Háskólabíói við Hagatorg. Flutt verður hátíðartónlist og vinsæl jólalög. **Einsöngvarar: Ingibjörg Guðjónsdóttir og Gissur Páll Gissurarson.**

**20.30** Í **Reykholtskirkju** verða haldnir aðventutónleikar í boði kóra í héraði og Reykholtskirkju.

**22.00** Sniglabandið flytur lög af jólaplötunni **„jól meiri jól“** á tónleikum á Græna hattinum við Hafnarstræti á Akureyri. Húsið verður opnað kl. 21.

**23.30** **Hjaltalín** heldur tónleika á Sódómu Reykjavík við Tryggvagötu. Snorri Helgason sér um upphitun. Húsið verður opnað kl. 23.



### Opnanir

**16.30** Í **Þjóðarbókhlöðunni** við Arngrímsgötu verður opnuð sýning um Einar H. Kvaran, rithöfund, leikstjóra og blaðamann. Þar standa einnig yfir jólasýning í þjóðdeild og kreppusýning á ganginum. **Opið mán.-fös. kl. 8.15-22 og lau.-sun. kl. 10-18.**

**17.00** Þórarinn Örn Egilsson opnar sýningu í sýningarsalnum Hurðir, VIRTUS, Laugavegi 170 (3. hæð). **Opið alla daga kl. 9-16.**

### Síðustu forvöð

Í **Listasafni Reykjanesbæjar** við Duusgötu stendur yfir sýning á verkum í eigu Landsbankans. Um er að ræða 30 málverk frá tímabilinu 1900-1990 eftir ýmsa af helstu listamönnum þjóðarinnar. Sýningu lýkur á sunnudag. **Opið virka daga kl. 11-17 og um helgar kl. 13-17.**

Þórunn Elísabet Sveinsdóttir, Hrafnhildur Arnardóttir og Þorbjörg Halldórsdóttir hafa opnað sýninguna **„Evudætur“** í Listasafninu á Akureyri við Kaupvangsstræti. Sýningu lýkur á sunnudag. Opið alla daga nema mánudaga kl. 12-17

Í Artóteki á 1. hæð **Borgarbókasafns við Tryggvagötu** stendur yfir sýning á verkum Soffíu Sæmundsdóttur. Sýningu lýkur á sunnudag. Opið mán.-fim. kl. 10-19, fös. kl. 11-19 og um helgar kl. 13-17.

# Grænlensk mynd fer á Sundance

Fyrsta leikna grænlenska kvikmyndin í fullri lengd er komin í keppni á Sundance-kvikmyndahátíðinni sem verður haldin í janúar, segir í fréttum frá Ritzau. Myndin heitir Nuummioq, sem þýðir Nuuk-búi, var frumsýnd í Nuuk hinn 30. október og keppir í deildinni Heimsmyndir við þrettán aðrar. Myndina framleiddi fyrirtækið 3900 Pictures. Í myndinni segir af ungum manni sem hefur fundið ást lífs síns en kemst þá að því að hann er með ólæknandi sjúkdóm.




Mikil viðurkenning felst í að komast í keppnina á Sundance en hátíðin hefur reynst evrópskum kvikmyndum gæfurík og opnað mörgum þeirra aðgang að hinum stóra bandaríska markaði. Þá hefur verið tilkynnt að danska heimildarmyndin sem var verðlaunuð hér í Reykjavík í haust á Nordisk Panorama, Rauða kapellan eftir Mads Brugger, keppi þar í flokki heimildarmynda. Sundance stendur fram í síðustu vikuna í janúar.

**- pbb**






**TÓNLIST** Graduale Nobili, kvennakór í Langholtskirkju, heldur tónleika á sunnudag.

# Jólakeimur úr Langholtinu

**Hinir árlegu jólatónleikar Graduale Nobili verða sunnudagskvöldið 13. desember kl. 22 í Langholtskirkju. Stjórnandi er Jón Stefánsson. Flutt verða verkin „Dancing Day“ eftir John Rutter og „Ceremony of Carols“ eftir Benjamin Britten. Þeir Britten og Rutter eru meðal fremstu tónskálda okkar tíma.**

Graduale Nobili var stofnaður haustið 2000 og er skipaður 24 stúlkum völdum úr hópi þeirra sem sungið hafa með Gradualekór Langholtskirkju. Kórinn hefur hlotið hástemmt lof gagnrýnenda, unnið til verðlauna í alþjóðlegum kórakeppnum og verið tilnefndur til Íslensku tónlistarverðlaunanna og Menningarverðlauna DV. Síðastliðið sumar hreppti kórinn silfur í flokki kammerkóra og brons í flokki kvennakóra í Llangollen í Wales þar sem allir bestu kórar álfunnar keppa.

Á efnisskránni á sunnudag eru tvö verk fyrir kvennakór og hörpu, hið fyrra, „Dancing Day“ var frumflutt i dómkirkjunni í Coventry 26. janúar 1974. Verkið er byggt á sex jólasöngvum við latneska og enska texta, m.a. hið þekkta lag „Coventry Carol“. Höfundur þess, John Rutter, er fæddur í London hinn 24. september 1945. Hann er eitt af þekktari tónskáldum samtímans. Rutter er frægastur fyrir jólasöngva. Söngvar hans eru sérstaklega vinsælir í hinum enskumælandi heimi og í þættinum „Today Show“ á bandarísku sjónvarpsstöðinni NBC var hann til dæmis kallaður „mesta núlifandi tónskáldið og stjórnandi kórtónlistar“. Um jólasöngva segir Rutter: „Smáir hlutir hafa alla tíð heillað mig og jólasöngvar eru eins konar samþjappað form tónlistar. Mér finnst þeir vera heillandi litlir hlutir sem snerta fólk í einfaldleika sínum.“

Seinna verkið er „Ceremony of Carols“ eftir Benjamin Britten (1913-1976). Britten samdi þetta undursamlega jólaverk eftir þriggja ára happasæla dvöl í Bandaríkjunum. Hann tók sér far heim um miðjan mars árið 1942 með sænsku flutningaskipi. Ferðin tók nærri mánuð og lenti hann í allmiklu volki. Í ferðinni hóf hann að semja þetta verk fyrir þríradda kór og hörpu.

Jólatónleikar Gradualekórsins í Langholtskirkjusókn hafa lengi verið sóknarbörnum og gestum þeirra til ómældrar gleði í skammdeginu. Sóknin hefur um áratugaskeið lagt ríka áherslu á tónlistarstarf og skilað samfélaginu langt út fyrir sóknina miklu yndi og ánægju eins og vísast má ganga að á sunnudag.

Miðasala er í kirkjunni.

**pbb@frettabladid.is**




Tónlist ★★

**Kampavín**
Helgi Björns

## Vín og villtar meyjar




Helgi Björns hefur verið manna iðnastur við tökulögin undanfarin ár og sendir nú frá sér plötu með bandarískum rythmablúslögum frá miðri síðustu öld. Um undirspil sjá Kokteilpinnarnir, hópur valinkunnra tónlistarmanna, og íslenskir textarnir eru í höndum þeirra Davíðs Þórs Jónsonar, Dr. Gunna og og Þórðar Árnasonar, auk þess sem Baggalúturinn Bragi Valdimar Skúlason (Þorsteinn Eggertsson 21. aldarinnar, í jákvæðustu mögulegu merkingu) semur nokkra texta eins og á fjölmörgum öðrum plötum sem komið hafa út á árinu. Umfjöllunarefnin eru sígild, konur og vín, og eru fæstir textarnir kandídatar fyrir bókmenntaverðlaun Nóbels. Það kemur þó ekki að sök þar sem kæruleysið hentar verkefninu ágætlega.

Bagalegra er að útsetningar og hljóðfæraleikur komast sjaldnast upp úr fyrsta gír á plötunni. Vissulega eru lögin framreidd af ýtrustu fagmennsku en skortir heldur gleðina og kraftinn, sem er galli sem vafalaust hverfur eins og dögg fyrir sólu þegar upp á svið er komið. Fyrir vikið verða lögin heldur keimlík, platan í heild full einsleit og rislítil og stemningin minnir á köflum fremur á góða fermingarveislu en partí.

Löngu er orðið ljóst að Helgi er góður söngvari sem býr yfir persónu- og auðþekkjanlegri rödd og á til að fara á kostum. Svo virðist sem sú tegund tónlistar sem tekin er fyrir á Kampavíni henti honum verr en flestar aðrar, í það minnsta í hljóðveri, því söngurinn er almennt heldur blæbrigðalaus á plötunni. Þó eru undantekningar á. Helgi fer á flug í nokkrum lögum, nær góðri tilfinningu í Ég bið þig og fer vel með Ég finn á mér og Þú gengur fram af mér. Best finnur hann sig samt í falda aukalaginu I'd Rather Go Blind, enda fellur soul-blærinn eins og flís við rass að hrjúfri röddinni. Þá kemur söngkonan Bryndís Ásmundsdóttir sterk inn í dúettinum Ég sýp þig.

Löngum hefur þótt töff að syngja drykkjuvísur í ætt við þær sem finna má á Kampavíni. Platan er nær því að vera skemmtilega hallærisleg, en hefði líklega virkað enn betur ef skrúfað hefði verið betur frá. **Kjartan Guðmundsson**

**Niðurstaða:** Ágætis tökulagaplata, en heldur rislítil og vantar upp á fílinginn. Svínvirkar eflaust á sviði.


VINSÆLASTA
TÓNLISTIN Í DAG
1
DVD &CD
Jólagestir Björgvins
í Höllinni 2008
2
STRUMPARNIR
STRUMPAFJÖR
3
FRIÐRIK ÓMAR & JÓGVAN HANSEN
VINALÖG
ÍSLENSKAR & FØROYSKAR PERLUR
6
Manstu gamla daga?
Jólalögin
7
Ég hlakka svo til
2CD
40 vinsæl jólalög fyrir börnin
8
töfrandi jól
2CD
9
40 POTTÞÉTT LÖG
EIVØR
LIVE
10
11
ANDREA BOCELLI
My Christmas
12
GUNNAR ÞÓRÐARSON
CD +DVD
STEFÁN HILMARSSON
13
KOMDU Í KVÖLD
14
3CD
5CD
100
15
17
Draumey
Ellen Kristjánsdóttir
2CD
FM957
19
40 POTTÞÉTT LÖG
20
Tónlistinn
49. vika 2009
Góða skemmtun um jólin ►
sena
okkar heimur // þín skemmtun

# Látlaus vinna sjö daga vikunnar í sex ár

**Dan Brown er án efa í flokki vinsælustu rithöfunda allra tíma. Bók hans Da Vinci-lykillinn hefur selst í yfir áttatíu milljónum eintaka á heimsvísu og nýjasta bók hans, Týnda táknið, skaust beint í efsta sæti metsölulista New York Times þegar hún kom út nú í haust og sat þar samfleytt í sjö vikur. Bókin kom út á íslensku í lok nóvember hjá bókaforlaginu Bjarti og hefur hlotið fádæma góðar viðtökur hjá íslenskum lesendum. Ásta Sóllilja Guðmundsdóttir hitti Dan Brown í miðborg Manhattan í síðustu viku og ræddi við hann um ritstörf hans, nýju bókina og áhuga hans á Frímúrarareglunni. Dan Brown segist langa að heimsækja Ísland og telur að hér gæti hann jafnvel fundið efnivið í nýja bók.**



**BÓKMENNTIR** Dan Brown í Róm sem er sögusvið engla og djöfla. Hin kirkjulega og guðfræðilega veröld tákna og miða hefur reynst honum drjúgt söguefni. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Það er eins og Dan Brown sé nýstiginn upp úr ljósmyndinni sem má finna á kápubroti Týnda táknsins. Hann er rauðbirkinn með hökuskarð, íklæddur tweed-jakkanum sem er bæði eitt helsta einkennismerki hans og aðalpersónu bóka hans, Roberts Langdon. Þegar ég heilsa þessum mikla metsöluhöfundi í höfuðstöðvum Doubleday-útgáfunnar á Manhattan kemur táknfræðingurinn snjalli ósjálfrátt upp í hugann. Það liggur því beint við að spyrja hvort Dan Brown sé sjálfur fyrirmynd aðalsöguhetju sinnar.

„Þetta er erfið spurning," segir Dan Brown og kímir. „Ætli Langdon sé ekki sú manneskja sem ég vildi óska að ég væri sjálfur. Hann er gáfaðri en ég, lifir áhugaverðara lífi og er mun hugrakkari en ég. Við eigum það þó sameiginlegt að hafa báðir brennandi áhuga á táknum, fornum sögum, dulspeki og menningarsögu almennt."

### Löng meðganga

Sex ár liðu frá útgáfu Da Vinci-lykilsins þar til Týnda táknið kom út nú í haust. Bæði lesendur og útgefendur var að vonum farið að lengja eftir nýrri bók um Robert Langdon. Ýmsir héldu því fram að ritstífla hrjáði höfundinn. Hann blæs á allar slíkar getgátur og segir ástæðu þessarar löngu meðgöngu vera þá víðtæku rannsóknarvinnu sem liggi að baki bókinni.

„Ég vann að bókinni sjö daga vikunnar samfellt í sex ár. Allan þann tíma tók ég mér einungis tíu daga frí frá skriftunum. Ég hef tamið mér að vakna alla morgna klukkan fjögur og skrifa til hádegis og hélt þeim hætti jafnvel á jóladag undanfarin ár."

„Skriftirnar eru að mörgu leyti erfiðar og tímafrekar, ekki síst vegna þess að ég umskrifa mikið. Fyrir hverja blaðsíðu sem endaði í Týnda tákninu eru tíu síður sem ég skrifaði en notaði ekki."

Það hefur einnig skapað eftirvæntingu hjá lesendum hversu vel Dan Brown hefur tekist að halda efni bóka sinna leyndu allt fram að útgáfudegi. Aðspurður segist hann hafa frétt af því að óprúttinn lesandi hafi brotist inn á skrifstofur bókaforlagsins Bjarts í Reykjavík og stolið prófork að íslenskri þýðingu Týnda táknsins nokkru fyrir útgáfudag bókarinnar. „Að sjálfsögðu er ég ánægður með að fólk bíði spennt eftir að lesa bækur mínar. En öllu eru takmörk sett. Ég vil síður að aðdáendur mínir komist í kast við lögin," bætir hann við og hlær.

### Vísindagrein í sókn

Við lestur Týnda táknsins veltir maður því fyrir sér hversu stór hluti bókarinnar sé sannleikanum samkvæmt.

„Persónurnar í bókinni eru skáldskapur en heimurinn sem þær hrærast í er raunheimurinn," segir Dan Brown.

„Allir staðir sem ég fjalla um eru til í raun og veru. Sem dæmi má nefna að Safnaaðstoð Smithsonian-stofnunarinnar er til og hefur að geyma risasmokkfisk, loftstein og blautskemmu, eins og lýst er í bókinni. Helgiathafnir sem lesandinn verður vitni að eiga sér einnig stað í raunveruleikanum. Aftur á móti er Peter Solomon ekki til og ekki heldur sonur hans Zachary."

En eru hugaraflsfræðin viðurkennd vísindagrein?

„Ég rannsakaði þessa vísindagrein árum saman og var satt að segja ansi hikandi til að byrja með. Það tók mig langan tíma að átta mig á því að hugaraflsfræði eru alvöru vísindi. Hver einasta vísindatilraun sem ég lýsi í bókinni hefur raunverulega verið gerð og niðurstöðurnar eru viðurkenndar. Þetta hefur ekki síst komið mörgum amerískum lesendum mínum mjög á óvart: „Ha, hefur mönnum tekist að vigta mannssálina? Er með hugarorkunni einni saman hægt að hafa áhrif á hvers konar kristallar myndast í ís? Hvernig getur þetta staðist?"," segir Dan Brown og bætir svo við: „Ég er handviss um að hugaraflsfræði muni vaxa hraðast allra vísindagreina næstu árin og eigi eftir að kollvarpa því hvernig við lítum á vísindi hugans."

Dan Brown segist efast um að mannfólkinu takist að höndla slíka vitneskju af ábyrgð. „Sagan kennir okkur að menn finni ávallt leið til að nota nýja þekkingu og tækni til ills. Þetta viðhorf vegur þungt í persónu Mal'aks, illmennisins í Týnda tákninu. Séu fornir leyndardómar jafn voldugir og ég hef trú á, þá er kannski ekki nema von að þeim hafi verið haldið leyndum. Komist slík þekking í hendur manna sem skortir andlegan þroska til að hagnýta þekkinguna til góðs er voðinn vís."

### Innblásinn af fræðunum

„Það einfaldar starf rithöfundar eins og mín að þurfa einungis að fá góða hugmynd í kollinn á sex ára fresti," segir Dan Brown og brosir. „Ég fæ innblástur úr öllu því sem ég læri við skriftirnar. Mér finnst til dæmis heillandi að uppgötva að í miðju bandaríska þinghúsinu skuli vera málverk sem sýnir George Washington stíga til himins sem guð. Slík uppgötvun og rannsóknarvinnan sem fylgir í kjölfarið heldur mér við efnið í marga daga. Ég les mér til um verkið og táknin sem þar er að finna og glími við að miðla upplýsingunum áfram til lesenda minna á spennandi hátt. Það er mjög gefandi þegar mér tekst að skemmta lesendum mínum og fræða þá um leið."

Dan Brown segist gefa sér lítinn tíma til að lesa skáldsögur. Hann lesi helst fræðibækur sem tengist viðfangsefni sínu hverju sinni. Aðspurður segist hann þó eiga sér marga uppáhalds höfunda. Þeirra á meðal nefnir hann John Steinbeck, William Shakespeare og Robert Ludlum. Ég spyr hvort hann þekki eitthvað til norrænna sakamálasagna. Hann þekkir hvorki Arnald Indriðason né Yrsu Sigurðardóttur en segist hafa byrjað á bókinni Stúlkan sem lék sér að eldinum eftir Stieg Larsson. „Upphafskafli bókarinnar var svo óhugnanlegur að ég lagði hana fljótlega frá mér og hef ekki komið mér til að lesa lengra."

### Robert Langdon til Íslands?

Dan Brown segir að næsta bók sé þegar byrjuð að gerjast í kollinum á sér og staðfestir að Harvard-prófessorinn Robert Langdon komi þar við sögu eins og fyrri daginn. Orðrómur hefur verið uppi um að næsta bók muni gerast í Rússlandi. Dan vill hvorki játa því né neita en viðurkennir að sér finnist Hermitage-safnið í St. Pétursborg vera stórfenglegt.

Ég spyr hvort hann hafi kynnt sér norrænar goðsagnir og heiðin tákn. Megum við eiga von á Robert Langdon í heimsókn?

„Það er ekki útilokað," segir Dan Brown. „Robert Langdon hefur brennandi áhuga á goðsögnum, táknum og baráttu góðs og ills. Einn helsti kostur þess að skrifa um slíkan táknfræðing er einmitt sá að hann getur borið niður hvar sem er í heiminum. Norræn saga er sannarlega rík af slíkum efnivið svo það er aldrei að vita."

Að lokum biður Dan Brown að heilsa íslenskum aðdáendum sínum, segir sig langa mikið til að heimsækja landið og bætir við: „Hver veit nema ég finni efni í næstu bók á Íslandi?"

astasollilja@gmail.com

## HEILLAÐUR AF FRÍMÚRURUM

Týnda táknið hefst á því að Robert Langdon er boðaður til Washington til að halda erindi í þinghúsi Bandaríkjanna. Fyrr en varir dregst hann inn í óhugnanlega atburðarás sem leiðir hann um óvæntar slóðir Washington-borgar, og inn í leynilegan heim frímúrara og framsækinna vísinda.

Hvað var það við frímúrara sem heillaði Dan Brown svo mjög?

„Um allan heim þjarkar fólk um það hver þekki Guð best og örlítil frávik í skilningi fólks á almættinu valda sorglegum átökum og manndrápum. Frímúrarareglan sameinar fólk af ólíkum trúarbrögðum og skapar því vettvang til að tilbiðja almættið sem bræður, hlið við hlið. Frímúrarar sameinast í trú á æðri máttarvöld, þeir trúa á skapara alheimsins en hengja sig ekki í hvað skuli kalla hann. Ég dáist að slíkri víðsýni og umburðarlyndi. Jafnframt hef ég alltaf heillast af leynifélögum og frímúrarar eiga sér mjög áhugaverðar helgiathafnir."

Ég spyr Dan Brown hvort það sé ekki vandkvæðum bundið að rannsaka leynifélög eins og Frímúrararegluna? Hann svarar því til að það velti á því hvaða upplýsingum sé sóst eftir hverju sinni.

„Frímúrarar voru opinskáir varðandi hugmyndir sínar um siðferði, Guð og æðra vald. Þegar kom að helgisiðum og leyniathöfnum varð hins vegar fátt um svör. „Viðbrögð frímúrara við bókinni hafa verið blendin. Almennt eru þeir ánægðir með að hún skuli fjalla um sögu þeirra, siðfræði og merkingarfræði af virðingu og aðdáun en þeir eru ekki eins hrifnir af því að bókin skuli ljóstra upp ýmsu um helgiathafnir reglunnar."

Sögusvið fyrri bóka Dan Brown hefur iðulega verið bundið við gamlar menningarborgir Evrópu. Hafði Dan engar áhyggjur af því að lesendum þætti Washington ekki jafn spennandi og borgir eins og Róm og París? Hann segir svo ekki vera. „Mér finnst Washington ekki síður hafa aðdráttarafl en París eða Róm. Byggingarstíll borgarinnar er stórfenglegur og hún á sér merkilega sögu. Sú staðreynd að musteri, kirkjur, undirgöng og grafhvelfingar fyrirfinnist í höfuðborg svo ungs lands gerir sögusviðið enn meira spennandi, eða það finnst mér að minnsta kosti."



**Í LEIT AÐ LAUSN** Tom Hanks og Audrey Tautou í kvikmyndinni sem gerð var eftir metsölubók Browns um Da Vinci-lykilinn. Hanks hefur lýst áhuga á því að leika Robert Langdon í kvikmynd um Týnda táknið .

# MEISTARI SMÁSÖGUNNAR

**Alltaf sama sagan** geymir ellefu sögur um fólk og margvíslegar furður í fortíð, nútíð og framtíð.



**ÞÓRARINN ELDJÁRN**
er sannur meistari smásmugunnar og leikur sér hér með persónur, hugmyndir, orð og ekki síst sjálfa lesendurna.

*„Þórarinn er frábær stílisti og launfyndinn … skemmtilegt safn og vel hugsaðar sögur.“*

PÁLL BALDVIN BALDVINSSON / KILJAN

★★★★

*„Nýja smásagnasafnið hans Þórarins er alveg hreint sultufínt. Stíllinn, orðavalið, hugmyndirnar. Maður, maður. Allt er þetta eins og það á að vera.“*

BJÖRN ÞÓR SIGBJÖRNSSON / FRÉTTABLAÐIÐ




**2. PRENTUN VÆNTANLEG**

VAKA-HELGAFELL
www.forlagid.is



Lenco
MP3
Lenco Xemio 260
Einfaldur 4GB MP3 SPILARI fáanlegur í þremur litum.Flottur spilari fyrir krakkana.
VERÐ
6.995
FRÁBÆRT VERÐ
LCD MYNDA RAMMAR
2,4" til 10"
GOTT ÚRVAL
CASIO
Casio EXZ33
MYNDAVÉL með 10.1 millj. punkta uppl., EXILIM 2.0, BESTSHOT, Face Detection, DSP hristivörn, 2.5" TFT LCD skjá, 3x Optical og 4x Digital Zoom, 6.3 - 18.9mm linsu, You Tube, 11.4MB minni og rauf fyrir SD/SDHC kort. Hleðslurafhl. 230 skot.
Fæst bleik eða silfurlit
TILBOÐ
26.995
FULLT VERÐ 34.995
CASIO
Casio EXZ90
12,1MP með EXILIM 4.0, Auto BESTSHOT, hágæða hristivörn, Face Detection, 3" Super Clear LCD breiðskjár, 3x Optical og 4x Digital Zoom, HD hreyfimyndataka, YouTube, 35.7MB minni, kortarauf og 230 mynda hleðslurafhlaða.
Fæst bleik eða svört
TILBOÐ
32.995
FULLT VERÐ 39.995
EISA AWARD Best Product 2009-2010
TRAVEL COMPACT CAMERA
Casio Exilim EX-H10
CASIO
Casio EXH10
12.1 millj. punkta uppl., EXILIM 4.0, Auto BESTSHOT, hristivörn, Advanced AF fókus, 3" Super Clear LCD breiðskjá, 10x Optical og 4x Digital Zoom, F3.2 4.3 - 43.0mm linsu, HD hreyfimyndatöku, YouTube, 1000 mynda rafhlöðu, 35.7MB minni, rauf fyrir SD/SDHC kort ofl.
1000 MYNDIR Á RAFHLÖÐU
TILBOÐ
59.995
FULLT VERÐ 69.995
PHILIPS
Philips AJ3121
ÚTVARPSVEKJARI með útvarpi og svefnrofa.
VERÐ
4.995
FRÁBÆRT VERÐ
PHILIPS
Philips AZ1027
FM/MB FERÐATÆKI með CD spilara, útvarpi, segulbandi og Dynamic Bass Boost.
VERÐ
14.995
FRÁBÆRT VERÐ
Panasonic
Panasonic SCPM5
2x10w MÍKROSAMSTÆÐA með CD spilara, stafr. FM/AM RDS útv. með minnum, tónjafnara, Bass Reflex, klukku, vekjara, svefnrofa, USB, Music Port ofl.
TILBOÐ
32.995
FULLT VERÐ 34.995
Casio CTK-2000
HLJÓMBORÐ 5 með áttundir,61 nóta, 400 hljóðum (AHL), og 150 rybmum, 48 nótna pólifóníu, 110 æfingalögum, 3ja skrefa kennslukerfi, LCD skjá. Tengi fyrir USB (tölvutengi), heyrnatól, MP3 spilara og fótstig.
CASIO
MEÐ USB TÖLVUTENGI
TILBOÐ
29.995
FULLT VERÐ 34.995
PHILIPS LCD BREIÐTJALD 32 TOMMUR
PHILIPS PIXEL PLUS HD 37 TOMMUR
Philips BDP3000
Full HD Blu-Ray SPILARI með Deep Color (yfir milljarður lita), x.v. Colour, mynd í mynd, Progressive Scan, USB 2.0 afspilun á videó og hljóði, DivX afspilun, Audio L/R, Component & Composite tengi, Digital Coaxial, USB og HDMI út. Spilar DVD myndir með 1080p uppskölun. Dolby True HD hljóðkerfi, DTS 2.0 + Digital out ofl.
PHILIPS
Blu-ray Disc
TILBOÐ
49.995
FULLT VERÐ 57.995
Full HD 1080p
Philips 32PFL3904H
32" LCD BREIÐTJALD með 1366x768p uppl., Pixel Plus HD, 50000:1 skerpu, 5ms svartíma, Progressive Scan, stafr. DVB-T móttakara, USB, VGA, 2x Scart, 3x HDMI, S-Video, EasyLink Component, S/PDIF ofl.
TILBOÐ
137.995
FULLT VERÐ 179.995
Philips 37PFL5604
37" Full HD LCD BREIÐTJALD með 1920x1080p uppl., Pixel Plus HD, dýnamískri 50000:1 skerpu, 5ms svartíma, stafr. DVB-T og DVB-C móttakara, USB, VGA, 2x Scart, 3x HDMI, RCA, S-Video, S/PDIF, Audio L/R, Component, heyrnatólstengi ofl.
TILBOÐ
199.995
FULLT VERÐ 219.995
DVD VIDEO
PHILIPS
Philips HTS3270
450w RMS Digital HEIMABÍÓKERFI með fjölkerfa DivX DVD spilara, vídeó uppskölun í 1080i, Dolby Digital, DTS og Dolby Pro-Logic II, FM útv. með minnum, SCART, HDMI, USB, Digital Coaxal inng, Optical út ofl.
TILBOÐ
59.995
FULLT VERÐ 74.995
PHILIPS AMBILIGHT 32 TOMMUR
PHILIPS PIXEL PLUS HD 42 TOMMUR
PHILIPS PIXEL PLUS HD 47 TOMMUR
PHILIPS PIXEL PLUS HD 52 TOMMUR
100Hz
Net TV
Full HD 1080p
Philips 32PFL8404H
32" Full HD LCD BREIÐTJALD með 1920x1080p uppl., 100 Hz Clear LCD Ambilight Spectra baklýsingu, Pixel precise HD og HD Natural Motion, 3ms svartíma, dýnamískri 80000:1 skerpu, innb. stafr. DVB-T móttakara, Net TV með Wifi, YouTube ofl.
ambi light
Philips 42PFL5624H
42" Full HD LCD BREIÐTJALD með 1920x1080p uppl., Pixel Plus HD, Dýnamískri 50000:1 skerpu, stafr. DVB-T móttakara, USB, VGA tengi, BBE hljóðkerfi, 3x HDMI, S-Video, S/PDIF ofl.
Philips 47PFL5604H
47" Full HD LCD BREIÐTJALD með 1920x1080p upplausn, Pixel Plus HD, Dýnamískri 50000:1 skerpu, 5ms svartíma, stafrænum DVB-T móttakara, USB, VGA tölvutengi, 2x Scart, 3x HDMI & RCA, S-Video, S/PDIF, Audio L/R, Component, heyrnatólstengi ofl.
Philips 52PFL5604H
52" Full HD LCD BREIÐTJALD með 1920x1080p upplausn, Pixel Plus HD, dýnamískri 50000:1 skerpu, 5ms svartíma, stafrænum DVB-T móttakara, USB, VGA tölvutengi, 2x Scart, 3x HDMI & RCA, S-Video, S/PDIF, Audio L/R, Component, heyrnatólstengi ofl.
TILBOÐ
239.995
FULLT VERÐ 279.995
PIXEL PLUS HD
TILBOÐ
249.995
FULLT VERÐ 279.995
PIXEL PLUS HD
TILBOÐ
289.995
FULLT VERÐ 399.995
PIXEL PLUS HD
TILBOÐ
449.995
FULLT VERÐ 549.995
www.ht.is - SJÁ ALLT VÖRUÚRVALIÐ - www.ht.is - ÞÚSUNDIR VÖRUTEGUNDA - www.ht.is - FRÁBÆR TILBOÐ - www.ht.is - SJÁ ALLT VÖRUÚRVALIÐ



ÚRVALIÐ ER HJÁ OKKUR
INVENTUM
Inventum ES100
Glæsilegt HNÍFABRÝNI með ál hýsingu.
VERÐ 11.995
FRÁBÆRT VERÐ
Allir hnífar eins og nýir!
MELISSA
Melissa 643200
Tveggja sneiða BRAUÐRIST með 6 stillingum og Cancel takka. 680w.
TILBOÐ 4.495
FULLT VERÐ 4.995
exido
Exido 243027
850w stál VÖFFLUJÁRN. Sýnir með ljósi þegar vöfflur eru tilbúnar.
VERÐ 5.995
FRÁBÆRT VERÐ
PHILIPS
Philips HD7446HV
1,3 lítra KAFFIVÉL með dropastoppara. 900w.
TILBOÐ 5.995
FULLT VERÐ 6.995
Isi
Isi 3906670
1/2 líters RJÓMASPRAUTA.
VERÐ 6.995
FRÁBÆRT VERÐ
SEVERIN
Severin SM3807
200w TÖFRASPROTI með skál og 2 hraðastillingum. Veggfesting fylgir.
VERÐ 5.495
FRÁBÆRT VERÐ
MELISSA
Melissa 646093
Kröftugur 500w BLANDARI með 1,5 lítra glerkönnu og stálhnífum. 2 hraðar og púls til að brjóta ís. Stál og svart.
VERÐ 7.995
FRÁBÆRT VERÐ
PHILIPS
Philips HR1364
Kröftugur 600w TÖFRA-SPROTI með þeytara og skál.
TILBOÐ 10.995
FULLT VERÐ 12.995
KENWOOD
Kenwood BLX55
800w kMix BLANDARI með 1.6 lítra glerskál, hnífum sem taka má frá til að hreinsa og gúmmí undirstöðum.
TILBOÐ 17.995
FULLT VERÐ 24.995
INVENTUM
Inventum HK5
1600w KAFFIVÉL fyrir Senseo kaffipúða. 1.3lítra vatnstankur. Hellir upp á 1 eða 2 bolla í einu.
VERÐ 12.995
FRÁBÆRT VERÐ
Fyrir Senseo kaffipúða
Scholl DR1335BE1
Vandað NAGLASNYRTISETT með 7 fylgihluum, hleðslurafhlöðu og tösku.
VERÐ 4.995
FRÁBÆRT VERÐ
PHILIPS
Philips HP8180
2100w Salon Dry Professional HÁRBLÁSARI með 6 hita- og hraðastillingum, mjóum haus fyrir nákvæmni, Túrbo blæstri án auka hita, CoolShot ofl.
TILBOÐ 5.995
FULLT VERÐ 8.995
PHILIPS
Philips HP8300
SLÉTTUJÁRN með keramík húð, stafrænum hitastilli að 180°. Aðeins 30 sek. að hitna.
VERÐ 5.995
FRÁBÆRT VERÐ
PHILIPS
Philips HQ6940
Philishave RAKVÉL með Reflex Action hnífum, Super Lift & Cut og bartskera. Hljóðlát.
TILBOÐ 9.995
FULLT VERÐ 10.995
OPIÐ ALLA DAGA TIL JÓLA
PHILIPS
SENSEO KAFFIVÉLAR
MIKIÐ ÚRVAL
MARGIR LITIR
PHILIPS
Philips FC8600
1700w ExPression RYKSUGA með 330W sogkrafti, 5 filtera kerfi með Clean Comfort Cassette, 6m snúru of.
TILBOÐ 19.995
FULLT VERÐ 23.995
exido
Exido 231010
Shiatsu NUDDSÆTI með 10 stillingum, 4 innb. nuddkúlum fyrir bakið. Hnakka-púða má taka af. 12v. 70x46x7sm.
TILBOÐ 24.995
FULLT VERÐ 29.995
GJAFAPAKKNING FYLGIR ÖLLUM PHILIPS SENSEO KAFFIVÉLUM
Heimilistæki
ht.is
HAFNARGÖTU 90 REYKJANESBÆ S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 SELFOSSI S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A HÚSAVÍK S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 36 AKUREYRI S: 460 3380 • SUÐURLANDSBRAUT 26 REYKJAVÍK S: 569 1500

> ENN Á LAUSU

Leikarinn **Robert Pattinson** heldur því enn fram að hann sé laus og liðugur. „Ég er á lausu. Eiginlega er allt sem hefur verið skrifað um einkalíf mitt rangt. Ég held að það sé vegna þess að í rauninni er ekkert merkilegt að gerast hjá mér." Hann segir líf sitt aðallega snúast í kringum vinnu.



**fólk**

folk@frettab

# Engin Rokklands-plata í ár

„Það er frí þetta árið en ég vonast til að koma sterkur inn á næsta ári," segir útvarpsmaðurinn Ólafur Páll Gunnarsson, eða Óli Palli á Rás 2. Rokklands-safnplata hans sem hefur komið út fyrir jól síðastliðin átta ár, kemur ekki út í ár. Hin alræmda kreppa hefur þar töluvert að segja. „Ég hef haft mikið að gera og forsendur hafa örlítið breyst. Plötusala hefur dregist saman og það er ekki hægt að segja að þetta hafi verið mest seldu plöturnar fyrir jólin," segir Óli Palli. „Ég hef reynt að hafa þetta vandaðar útgáfur og í rauninni hefur þetta verið eins og lítil bók með músík. En þetta hefur ekki verið að mokast út eins og Jólagestir Björgvins, Páll Óskar eða Bubbi. Og þegar framleiðslan á diskunum hækkar um helming er tæpt að þetta hafist. Það vill enginn borga með því sem hann er að gera."

Óli er hvergi nærri af baki dottinn og stefnir á að halda áfram með Rokklands-plöturnar næstu árin. „Það komu átta plötur í röð og ég vona að næstu átta árin hefjist strax á næsta ári. Ég er með mynd af Dalai Lama fyrir aftan mig og ég gefst aldrei upp, enda hef ég svo gaman af þessu," segir hann og bætir við að safnplöturnar séu góð viðbót við útvarpsþáttinn Rokkland. „Það er gaman að skapa eitthvað, þótt það sé ekki merkilegra en að raða saman lögum á kassettur."

- fb



**ÓLAFUR PÁLL GUNNARSSON** Engin Rokklands-plata kemur út fyrir þessi jól. Framleiðslukostnaður hefur tvöfaldast á skömmum tíma.

# Kimi í jólaskapi



**SUDDEN WEATHER CHANGE** Hljómsveitin Sudden Weather Change spilar á tónleikunum á laugardaginn.

Útgáfufyrirtækið Kimi Records heldur árlegan útgáfu- og jólafögnuð sinn á Sódómu Reykjavík laugardaginn 12. desember. Þar stíga á svið fimm hljómsveitir sem allar hafa gefið út hjá Kimi á árinu. Þær eru Sudden Weather Change, Retrön, Morðingjarnir, Kimono og Me, The Slumbering Napoleon. Miðaverð er 1.000 krónur. Einnig er hægt að borga 2.000 krónur og fá plötu í kaupbæti.

Kimi Records ætlar einnig að gefa áhugasömum jólasafnplötu á rafrænu formi. Hún nefnist Jólasteik Kimi Records 2009 og inniheldur tvö lög frá hverri af þeim hljómsveitum sem gáfu út hjá Kimi á árinu. Plötuna má nálgast í vefbúðum Kimi Records, www.kimirecords.net og kimi.grapewire.net, frá og með degi íslenskrar tungu í dag.









**SIGURMYNDIN** Þessi fallega ljósmynd af tveimur hestum á beit varð til þess að Bragi var valinn ljósmyndari ársins. MYND/BRAGI INGIBERGSSON

# ÍSLENSKUR PRESTUR VALINN LJÓSMYNDARI ÁRSINS

**Bragi J. Ingibergsson, sóknarprestur í Víðistaðakirkju í Hafnarfirði, var valinn Digital-ljósmyndari ársins af Photo Radar. Keppnin er ein stærsta ljósmyndakeppni ársins og er á vegum Digital Camera Magazine.**

Þetta er í þriðja sinn sem Bragi tekur þátt en keppt er í tíu efnisflokkum. Auk þess að vera valinn Digital-ljósmyndari ársins lenti hann einnig í þriðja sæti í flokki landslagsmynda. „Ég sendi inn nokkrar myndir og tvær af þeim komust í úrslit. Þetta er vissulega mikill heiður og viðurkenning fyrir mig sem ljósmyndara að hafa unnið þennan titil," segir Bragi sem er nýkominn heim frá London þar sem hann var staddur til að veita verðlaununum móttöku. Bragi segist hafa vitað áður en hann fór út að hann ætti tvær myndir í úrslitum en vissi þó ekki að hann hefði unnið titilinn Digital-ljósmyndari ársins fyrr en daginn sem verðlaunin voru afhent.

Spurður segir hann ljósmyndun hafa verið sitt aðaláhugamál allt frá því hann var tólf ára gamall og fékk sína fyrstu myndavél. Bragi er að eigin sögn sjálflærður í ljósmyndun en hefur verið duglegur að lesa sér til bæði í tímaritum og á vefnum í gegnum tíðina. „Ég hef mest verið að taka landslags- og dýramyndir, það er það sem mér finnst skemmtilegast að mynda. Það er kannski vegna þess að ég er alinn upp í sveit og mikill náttúruunnandi og hef gaman af göngum og útivist. Mér finnst líka gott starfsins vegna að geta farið út í kyrrðina og slakað á endrum og sinnum. Starf sóknarprests er mjög gefandi en getur oft verið tímafrekt því maður er á vakt allan sólarhringinn," útskýrir Bragi.



**LJÓSMYNDARI ÁRSINS** Bragi J. Ingibergsson, sóknarprestur í Víðistaðakirkju, var valinn Digital-ljósmyndari ársins af Photo Radar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARÐ

Í verðlaun hlaut hann 10.000 pund og segist Bragi reikna með að endurnýja ljósmyndagræjur sínar fyrir peninginn. Hann segir ljósmyndun vera dýrt áhugamál en hefur sjálfur verið lítið í því að kaupa dýrar græjur.

„Ég á ágæta myndavél og tvær góðar linsur, en það eru þær sem skipta mestu máli. Ég reikna með að kaupa mér nýja linsu fyrir verðlaunapeninginn, en ætli þetta fari ekki fyrst og fremst í skuldir, það er nóg til af þeim," segir hann og hlær.

sara@frettabladid.is

# ÓSKABÓK SKOTVEIÐIMANNSINS




Stórglæsileg bók um skotveiði í máli og myndum







Þúsundir landsmanna stunda skotveiði sér til ánægju og yndisauka. Í þessari bók er komið víða við og stemming skotveiðinnar svífur yfir vötnum. Nokkrir af snjallari skotveiðimönnum landsins segja sögur og rifja upp skemmtileg atvik. Einnig frásagnir, allt aftur til ársins 1912, veiðidagbækur og eldri greinar sem sýna breytta tíma. Bókin er ríkulega myndskreytt.




## ÁRBÓK VEIÐIMANNSINS
## komin í verslanir

Ómissandi heimilda- og skemmtirit fyrir veiðimanninn.

Frábærar sögur frá veiðisumrinu 2009,
ýmsar fréttir og fjöldi mynda skreyta bókina.

LITRÓF-HAGPRENT
Vatnagörðum 14 · 104 Reykjavík · Sími 563 6000
www.litrof.is

# Bjargaði fjörutíu mannslífum

Bandaríska leikkonan Lindsay Lohan heldur því fram á Tweeter-síður sinni að hún hafi bjargað fjörutíu mannslífum á Indlandi. Lindsay er þar á vegum BBC til að gera heimildarmynd um mansal og segir jafnframt að starf hennar sé þegar farið að bera árangur. Lohan þarf nauðsynlega á því að halda að lappa aðeins upp á ímyndina eftir fremur mögur ár í sviðsljósinu þar sem allt hefur snúist um áfengi og taumlaust líferni. „Þetta er það sem lífið snýst um, þetta gerir lífið þess virði að lifa því,“ heldur Lohan áfram.

Og leikkonan hvetur aðra til að láta sitt ekki eftir liggja heldur koma þeim til hjálpar sem minna mega sín. „Að einblína á fræga fólkið og lygarnar er bara blekking þegar við getum bjargað börnum frá glötun.“ Lindsay mun fara frá Indlandi nú um helgina en leikkonan hyggst halda áfram að sinna góðgerðarstarfsemi þegar hún snýr aftur til Ameríku.



**VILL HJÁLPA** Lindsay Lohan vill hjálpa öðrum og einbeitir sér nú að því að bjarga bæði konum og börnum frá mansali á Indlandi. NORDIC PHOTOS/GETTY

# Amnesty fær nýtt lag



**PORTISHEAD** Nýtt lag frá ensku hljómsveitinni er komið út.

Hljómsveitin Portishead frá Bristol á Englandi hefur sent frá sér nýtt lag sem nefnist Chase the Tear. Allur ágóði lagsins rennur til mannréttindasamtakanna Amnesty International. Portishead er að undirbúa sína fjórðu plötu sem kemur hugsanlega út seint á næsta ári. Þessi hröðu vinnubrögð eru nýlunda fyrir aðdáendur sveitarinnar því þeir þurftu að bíða í ellefu ár eftir þriðju plötu sveitarinnar, Third, sem kom út í fyrra. Hún fékk mjög góðar viðtökur og þótti ein besta plata síðasta árs að mati tónlistarsérfræðinga.

# Þrjár íslenskar plötur á áratugalista Rolling Stone

**Íslenska tónlistarútrásin er svo sannarlega ekki gjaldþrota ef marka má áratugalista bandaríska stórblaðsins Rolling Stone. Fánaberar Íslands koma þó ekki á óvart.**

Ameríska stórblaðið Rolling Stone hefur birt lista sinn yfir hundrað bestu plötur áratugarins. Listinn er valinn af meira en hundrað tónlistamönnum, blaðamönnum og fólki úr bransanum. Þrjár íslenskar plötur eru á þessum lista, sem verður að teljast glæsilegur árangur hjá örþjóð. Sigur Rós á tvær plötur á listanum, Ágætis byrjun er númer 29 og (svigaplatan) er númer 76. Platan Vespertine með Björk er svo númer 67.

Svo við montum okkur aðeins þá er eina norræna platan önnur á listanum með hinum sænsku The Hives (Veni Vidi Vicious, númer 91). Milljónaþjóðin Frakkland er jafn dugleg og við í poppinu og á þrjá listamenn sem eru með plötur á listanum (Daft Punk - Discovery númer 33, Phoenix - Wolfgang Amadeus Phoenix númer 60 og Manu Chao - Próxima Estación Esperanza númer 65). Að öðru leyti er nánast allt annað efni á listanum frá Bretlandseyjum og Norður-Ameríku.

Ótvíræðir sigurvegarar eru Thom Yorke og félagar í Radiohead, sem eiga fjórar plötur á listanum, þar af þá bestu, Kid A. U2 og Coldplay eiga þrjár plötur á band, en auk Sigur Rósar með tvær plötur á lista Rolling Stone eru Bob Dylan, The White Stripes, Eminem, Arcade Fire og Wilco.



**BESTIR Á ÁRATUGNUM**

**Sigur Rós** á tvær plötur á áratugalista Rolling Stone. Þeir verða því að teljast besta hljómsveit Íslandssögunnar. **Thom Yorke** og félagar í Radiohead eiga fjórar plötur á listanum, þar með talið bestu plötuna, Kid A. Björk Guðmundsdóttir á eina plötu á þessum lista, Vespertine.

**BESTU PLÖTUR ÁRATUGARINS SAMKVÆMT ROLLING STONE**

**1.** Radiohead - Kid A
**2.** The Strokes - Is This It
**3.** Wilco - Yankee Hotel Foxtrot
**4.** Jay-Z - The Blueprint
**5.** The White Stripes - Elephant
**6.** Arcade Fire - Funeral
**7.** Eminem - The Marshal Mathers LP
**8.** Bob Dylan - Modern Times
**9.** M.I.A. - Kala
**10.** Kanye West - The College Dropout








**JÓLAMARKAÐUR Í BÍLSKOTTI** Íbúar 3. hverfis, Hlíða, Holta og Norðurmýrar ætla að endurtaka Skottmarkað frá því í haust á bílastæði Kjarvalsstaða á morgun milli klukkan 12 og 14. MYND/OTTÓ ÓLAFSSON

# Skottmarkaður við Kjarvalsstaði

Við höfum fengið mikil viðbrögð frá íbúunum í hverfinu og stæðið verður fullt af bílum,“ segir Steinunn Þórhallsdóttir formaður 3. hverfis, Hlíða, Holta og Norðurmýrar. Íbúar hverfisins ætla að endurtaka svokallaðan Skottmarkað frá því í haust á bílastæði Kjarvalsstaða á morgun milli klukkan 12 og 14. Á skottmarkaði er heimilisbíllinn notaður sem sölubás og getur fólk selt allt milli himins og jarðar úr bílskottum sínum, en viðburðurinn er ókeypis og opinn öllum.

„Stefnan að þessu sinni er að hafa það dálítið jólalegt. Allir luma á gömlu dóti sem þeir eru hættir að nota en gæti reynst dýrmætt í jólapakkann eða skóinn. Einnig hvetjum við þá sem hafa föndrað eða bakað af mikið fyrir jólin að mæta og selja það sem ekki kemst í smákökudunkana,“ útskýrir Steinunn. „Eins eru jólaföt barnanna frá fyrri árum oft óslitin og þjóðþrifaverk að koma þeim í notkun að nýju,“ bætir hún við.

„Allir eru hjartanlega velkomnir, einstaklingar, foreldrafélög, og félagasamtök og við hvetjum alla til að mæta, stuðla að endurnýtingu verðmæta og ekki síst til að skapa gleði og samkennd í hverfinu okkar og borginni,“ segir Steinunn, en áhugasamir geta tekið frá stæði með því að senda póst á skottmarkadur@gmail.com.

- ag

# Sálin með jólarispu

Hljómsveitin Sálin hans Jóns míns verður dugleg við dansleikjahald á næstunni eftir nokkurra mánaða hlé. Fyrst spilar sveitin á Nasa á laugardagskvöld og viku síðar, eða 19. desember, spilar hún á Sjallanum á Akureyri. Á milli jóla og nýárs spilar Sálin síðan í Hvíta húsinu á Selfossi og á gamlárskvöld verður hún á Broadway. Á nýárskvöld verður dansleikur á Spot í Kópavogi og jólarispunni lýkur síðan í Officeraklúbbnum í Keflavík laugardagskvöldið 2. janúar.

**DANSLEIKIR SÁLARINNAR**

- 12. des: Nasa, Reykjavík
- 19. des: Sjallinn, Akureyri
- 26. des: Hvíta húsið, Selfossi
- 31. des: Broadway, Reykjavík
- 01. jan: Spot, Kópavogi
- 02. jan: Officeraklúbburinn, Keflavík



**SÁLIN HANS JÓNS MÍNS** Sálin hans Jóns míns verður dugleg við spilamennsku á næstunni.

# Nóg að gera hjá Ragga Bjarna

„Ég er alltaf eins og brjálæðingur úti um allar trissur,“ segir söngvarinn ástsæli Raggi Bjarna. Hann hefur í nógu að snúast þessa dagana, eins og svo oft áður. Hann hefur verið að syngja í Officeraklúbbnum í Keflavík á jólahlaðborðum auk þess sem hann kemur fram á dvalarheimilum aldraðra og í afmælum. „Það hefur verið heilmikið að gerast síðustu fimm ár, eða síðan ég varð sjötugur,“ segir Raggi, sem virðist sjaldan eða aldrei hafa verið vinsælli.

Raggi er að fylgja eftir þrefaldri safnplötu sinni, Komdu í kvöld, sem kom út í haust á svipuðum tíma og tvennir afmælistónleikar hans voru haldnir í Laugardalshöllinni. Þeir heppnuðust gríðarlega vel og verða fyrir vikið gefnir út á mynddiski um páskana. Á safnplötunni eru 69 bestu lög Ragga frá 1953 til 2009, þar á meðal hinir ódauðlegu slagarar Vertu ekki að horfa svona alltaf á mig, Komdu í kvöld, Fröken Reykjavík og Vorkvöld í Reykjavík.

Einnig er væntanleg heimildarmynd um Ragga en undanfarið eitt og hálft ár hefur hann verið eltur á röndum af leikstjóranum Árna Sveinssyni.

- fb



**RAGGI BJARNA** Raggi hefur í nógu að snúast um þessar mundir. Þrátt fyrir árin 75 er hann enn í hörkuformi.



**HAMINGJUSÖM** Gisele Bundchen og Tom Brady eignuðust dreng í gærdag og gekk fæðingin vel.

# Eignuðust strák

**Gisele Bundchen eignaðist lítinn dreng í gær. Samkvæmt bandaríska tímaritinu People gekk fæðingin vel, en settur fæðingardagur var næstkomandi mánudagur.**

**Brasilíska ofurfyrirsætan, sem er 29 ára, er gift bandaríska fótboltakappanum Tom Brady, en þau gengu í það heilaga í febrúar síðastliðnum. Drengurinn er fyrsta barn Gisele en fyrir á Tom tveggja ára soninn Jack úr fyrra sambandi sínu við leikkonuna Bridget Moynahan. Sjálf vildi Gisele ekki vita kynið á barninu, en Brady fékk að vita það og var einn um þá vitneskju þar til í gærdag. „Ég er sá eini sem veit kynið. Pabbi minn spurði mig en ég sagði honum ekki frá því. Það er frekar góð tilfinning að vita eitthvað sem enginn annar veit,“ sagði Brady stuttu fyrir fæðinguna.**



**EINN** Ronnie Wood er einn eftir að hafa sagt skilið við Ivanóvu. Jo Wood, fyrrverandi eiginkona hans, vill ekki sjá hann aftur. NORDIC PHOTOS/GETTY

# Fær ekki að snúa aftur

Jo Wood, fyrrverandi eiginkona Ronnies Wood, hefur staðfest við fjölmiðla að hann sé hættur með hinni barnungu fyrirsætu Ekaterinu Ivanóvu. Jo hefur jafnframt lýst því yfir að Ronnie fái ekki að stíga fæti inn fyrir hennar dyr. „Hann er ekki velkominn aftur,“ sagði Jo í samtali við Daily Mail. Jo og Ronnie, sem er liðsmaður The Rolling Stones, voru gift í 23 ár þegar þau skildu fremur óvænt eftir að Ronnie vildi yngja aðeins upp.

Nýverið var síðan greint frá því að rússneska fyrirsætan og Ronnie ættu ekki skap saman og var stónsarinn meðal annars handtekinn á heimili þeirra eftir að hafa slegið til Ivanóvu. En nú er þetta ástarævintýri Ronnies úti og hann nagar sig eflaust í handarbökin fyrir að hafa eyðilagt svona langlift hjónaband sem er nú álíka sjaldgæft í skemmtanabransanum og hvítir hrafnar.



# Lostafullt ferðalag Tigers Woods

**Tiger Woods fór á örfáum dögum frá því að vera pabbastrákur yfir í mesta dólg heims. Hann var fyrirmynd ungra drengja um allan heim en nú hugsa foreldrar sig væntanlega tvisvar um áður en þeir kaupa handa börnunum sínum Tiger Woods-varning. Alls hafa sjö hjákonur stigið fram og fleiri virðast vera á leiðinni.Atli Fannar Bjarkason tók saman yfirlit yfir skandalinn, sem en samkvæmt nýjustu upplýsingum hóf Tiger að hitta aðrar konur mjög fljótlega eftir að hann kvæntist hinni sænsku Elinu Nordegren.**



**5. OKTÓBER 2004** Tiger kvænist sænsku fyrirsætunni Elinu Nordegren. Þau eignuðust dóttur í júní árið 2007 og í febrúar í ár eignuðust þau son.



**31. ÁGÚST 2005** Notandi spjallborðs golfvefsíðunnar 4gea.com segir að stelpa sem hann þekkir til hafi átt einnar nætur gaman með Tiger í Las Vegas. Færslan vakti enga athygli utan vefsvæðisins.



**26. MAÍ 2009** Klámmyndaleikkonan Holly Sampson lýsir yfir í sérstökum klámspjallþætti að hún hafi sofið hjá Tiger Woods. „Hann myndi deyja ef hann vissi að ég væri að gaspra um þetta á Netinu. En það er í lagi – mér er sama. Þetta var ekkert leyndarmál," sagði hún í þættinum.



**23. NÓVEMBER 2009** Búmm! Bandaríska götublaðið The National Enquirer birtir frétt um að Tiger Woods hafið haldið framhjá með næturlífsdrottningunni Rachel Uchitel. Í fréttinni kom einnig fram að hún hefði útvegað honum aðrar konur. Rachel neitar að hafa sofið hjá Tiger.




**27. NÓVEMBER** Woods reynir að ná sáttum við Elinu. Hann segir vini sínum að hann þurfi að kaupa „Kobe special" – og átti þar við risademantshring eins og Kobe Bryant keypti handa eiginkonu sinni þegar upp komst um framhjáhald hans. Um nóttina hringir nágranni hjónanna í neyðarlínuna og segir Tiger hafa klesst á tré á jeppa. Þegar lögreglan mætir á vettvang liggur Tiger á jörðinni og eiginkona hans er í uppnámi. Í yfirlýsingu sagði að Elin hefði brotið rúðu í jeppanum til að bjarga Tiger út. Annað kom á daginn.

**28. NÓVEMBER** Sannleikurinn kemur í ljós. Vefsíðan TMZ segir frá því að Elin hafi klórað Tiger í framan áður en hann flúði út og ók af stað í jeppanum. Hún réðist á jeppann með golfkylfunni.

**29. NÓVEMBER** Tiger sendir frá sér innihaldslausa yfirlýsingu. „Ég harma að það sé eitthvað óljóst í málinu," sagði hann. „Aðstæðurnar eru mér að kenna. Ég er mannlegur og ekki fullkominn. Þetta er mitt einkamál og ég vil halda því þannig."



**1. DESEMBER 2009** Hjákona númer tvö stígur fram. Barþjónninn Jaimee Grubbs fær 150.000 dollara, rúmar 18 milljónir íslenskra króna, frá tímaritinu US Weekly fyrir að ljóstra upp um að hún hafi einnig sofið hjá Tiger Woods.




**2. DESEMBER 2009** Tímaritið Life & Style segir frá því að athafnakonan Kalike Moquin frá Las Vegas hafi oft og mörgum sinnum sofið hjá Tiger Woods í október. Hún tjáir sig ekki um málið, en fréttin er leiðrétt síðar: Hún svaf ekki hjá Tiger, en sá um að finna handa honum stelpur.

**3. DESEMBER 2009** Woods biðst afsökunar á vefsíðu sinni og segist sjá eftir málinu. Sama dag boðar hjákona númer eitt blaðamannafund þar sem búist er við að hún játi loks að hafa sofið hjá Tiger. Hún hættir svo við fundinn og orðrómur fer á kreik um að Tiger hafi borgað henni fyrir að þegja.



**5. DESEMBER 2009** Hjákona númer fjögur stígur fram. Fyrirsætan Jamie Jungers segir í viðtali við breska blaðið Sunday Mirror að hún hafi átt í tveggja ára ástarsambandi við Tiger. Þau hittust í partíi í Las Vegas þegar hún var trúlofuð hörðum Tiger Woods-aðdáanda.



**6. DESEMBER 2009** Tvær hjákonur í viðbót stíga fram. Cori Rist hitti Tiger í næturklúbbnum Butter í New York og ári síðar voru þau enn þá að hittast samkvæmt dagblaðinu New York Daily News. News of the World sagði frá því að Mindy Lawton hafi hitt Tiger í bakaríi. Þau stunduðu kynlíf á bílastæði fyrir utan kirkju og hann kallaði hana tuskudúkku.



**7. DESEMBER 2009** Klámmyndaleikkonan Holly Sampson stígur aftur fram, þar sem enginn var búinn að kveikja á að hún var ein af hjákonunum. Barbro Holmberg, tengdamamma Tigers, kemur í heimsókn.

**8. DESEMBER 2009** Holmberg er flutt á neyðarmóttöku frá heimili Tigers og Elinar. Sama dag er staðfest að fyrsta hjákonan, Rachel Uchitel, hafi séð um að redda stelpum handa Tiger víðs vegar um heiminn. Einnig er talað um að þau hafi átt í ástarsambandi.



**9. DESEMBER 2009** Tiger hefur ekki birst í auglýsingu í sjónvarpi frá 29. nóvember, en hann er með samninga við fyrirtæki á borð við Nike, Gillette og Gatorade. Hætt var framleiðslu á Gatorade-drykk undir hans nafni, en fullyrt er að það tengist skandalnum ekki og að samningurinn við Tiger sé í fullu gildi. Sama dag var tilkynnt að Rachel Unchitel segi sögu sína í tímaritinu OK! sem kemur út á næstunni. Þá er einnig talið að hún hafi hætt við blaðamannafundinn vegna þess að tímaritið borgi henni góða summu fyrir viðtalið. Í dag er talað um að Tiger hafi getið barn á einhverjum þessara lostafunda og að kynlífsspóla eigi jafnvel eftir að birtast.


















# Úrvalsbækur eftir úrvalshöfunda




## Helgi Ingólfsson



## Þegar kóngur kom

**Litrík og spennandi Reykjavíkursaga frá 19. öld.**

Í þessari sögulegu skáldsögu er endurskapað andrúm liðinna tíma, þegar menn voru upprifnir af ættjarðarást og þó trúir sínum arfaherra. Þetta er saga af því þegar Ísland komst fyrst í erlendar fréttir, þegar Frónbúar neyddust til að undirbúa sína fyrstu stórhátíð, frásögn af kóngi og kotbýlingum, skólapiltum og skáldum, embættismönnum og efristéttarkonum, þénustupíum og þurrabúðarkörlum.




## Haraldur Bessason



## Guðir og menn

Greinarnar sem hér birtast búa yfir óvenjulegum töfrum. Yfir þeim er andi heiðríkjunnar þar sem saman fara fræði, innsæi og kímni. Þær tengjast gjarnan hinu tímalausa í tilverunni og hjálpa okkur þannig til að hefja okkur yfir ringulreiðina og komast í einhvers konar snertingu við kjarnann.




## Stefán Sigurkarlsson



## Raddir frá Hólmanesi

Hér segir af mannlífinu við Jökulflóa, einkum fólkinu í þorpinu Hólmanesi, leyndardómum þess, sorgar- og gleðistundum, bæði heima og heiman.

„[…] býsna skemmtileg […] Ég á örugglega eftir að grípa oft í þessa bók.
– Þórdís Gísladóttir. *Miðjan.is*. 8. des. 2009.




## Hlín Agnarsdóttir



## Blómin frá Maó

**Gráglettin saga um pólitíska einsýni og foringjadýrkun.**

Þegar Sigurborg Eyfjörð félagsráðgjafi er að leita að hentugum potti fyrir búsáhaldabyltinguna er hún beðin um að rifja upp ótrúlega fortíð sína í Asparsamtökunum, en það voru ekki skógræktarsamtök heldur róttæk byltingarsamtök á áttunda áratug tuttugustu aldar.

„[…] aldeilis verðugt söguefni sem Hlín tekst á við af þekkingu, innsæi og nettbeiskum húmor.“
– Steinunn Inga Óttarsdóttir, *Sunnudagsmogganum*, 29. nóv. 2009




## Guðmundur Óskarsson



## Bankster

**Meitluð saga úr bankahruninu.**
**Tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna!**




„[…] hreinræktuð kreppubók og hreinasta afbragð sem slík. Besta kreppubókin.“
– Árni Matthíasson, *Sunnudagsmogganum*, 15. nóv. 2009.

ORMSTUNGA

Vandaðar bækur fyrir vandláta lesendur
sími 561 0055 • www.ormstunga.is

# Glímir við ástarsorg

**Alexa Ray Joel, dóttir popparans Billys Joel og fyrirsætunnar Christie Brinkley, var flutt á spítala fyrr í vikunni, en talið er að hún hafi reynt að svipta sig lífi. Brinkley og Joel sendu frá sér tilkynningu á miðvikudaginn þar sem þau sögðu líðan dóttur sinnar eftir atvikum og að hún væri útskrifuð af spítala og dveldi nú á heimili móður sinnar. New York Post hélt því fram að Alexa Ray hefði innbyrt svefntöflur í kjölfar rifrildis við móður sína. Brinkley og Joel vísa þessu á bug og segja dóttur sína hafa „glímt við ástarsorg“ en hún hætti nýlega með kærasta sínum.**

# Rómantík hjá Jolie og Pitt

Life & Style-tímaritið greinir frá því að stjörnuparið Angelina Jolie og Brad Pitt hafi fagnað því með rómantískum hætti að þau væru búin að vera saman í fimm ár. Og krakkaskarinn var víst skilinn eftir heima, aldrei þessu vant. Ofurstjörnurnar gættu þess vandlega að enginn myndi frétta af þessu afmæli sem átti sér stað hinn 28. nóvember og tókst svo vel til að þetta barst fyrst inn á borð bandarískra slúðurblaða í vikunni.

Samkvæmt Life & Style gistu þau á Chateau Marmont-hótelinu í Los Angeles sem er fyrir löngu orðið heimsfrægt fyrir þjónustu sína og lúxus. Pitt setti það sem skilyrði að hafa eingöngu samskipti við æðstu menn hótelsins til að kvöldið yrði ekki eyðilagt af aðdáendum og ljósmyndurum. Þau gistu eina nótt í glæsilegri svítu hótelsins og höfðu útsýni yfir sundlaugina og að sögn sjónarvotta héldust þau í hendur nánast allan tímann. „Angelina virtist vera mjög spennt og þau voru mjög afslöppuð enda virtust fáir vita af þeim þarna,“ segir einn sjónarvottur í samtali við Life & Style-tímaritið.



**ÁSTFANGIN** Loksins kom frétt um Angelinu og Brad sem snýst ekki um yfirvofandi skilnað þeirra.



**EKKI MEÐ BLAKE** Guðdóttir Amy Winehouse, Dionne Bromfield, vísar því á bug að Amy og Blake séu að byrja aftur saman. NORDIC PHOTOS/GETTY

# Enginn Blake

Guðdóttir Amy Winehouse, vandræðagemsans í bresku tónlistarlífi, hefur vísað því á bug að hún sé tekin saman aftur við Blake Fielder-Civil. Orðrómur þess efnis fór á kreik í bresku pressunni eftir að það spurðist út að þau hefðu eytt nákvæmlega 36 klukkustundum saman í íbúð í Sheffield. Dionne Bromfield, umrædd guðdóttir, sagði við Bang Showbiz þegar hún var spurð út í þetta að sögusagnirnar væru úr lausu lofti gripnar. „Hún fór þangað til að segja Blake að sambandi þeirra væri endanlega lokið,“ er haft eftir Bromfield.

Hins vegar vildi Bromfield ekki vísa því á bug að það væri hugsanlega einhver annar í spilinu og sá væri mun skárri kostur en tugthúslimurinn Blake. Amy og Blake hafa hins vegar verið að daðra hvort við annað á Facebook og því hefur verið haldið fram að þau séu að leggja á ráðin um að giftast á ný. Brúðkaupið gæti hins vegar ekki farið fram í London því Blake má ekki stíga þar fæti samkvæmt dómsúrskurði.

# Jude fær engan frið

**Leikarinn Jude Law flutti fyrir stuttu inn í nýja íbúð í New York en svo óheppilega vildi til að við hliðina á íbúðinni eru stúdentaíbúðir og nú hefur leikarinn engan frið fyrir nágrönnum sínum. Í hvert sinn sem leikarinn fer út á svalir hópast nemendurnir við glugga sína, margir hverjir með sjónauka eða myndavélar. „Það ríkir kaos í hvert sinn sem hann stígur út. Fólk safnast af gluggunum og kallar á hann og það er greinilegt að hann heyrir til okkar. Það er spennandi að búa við hliðina á svona stórri stjörnu,“ var haft eftir Priya Vij sem býr í einni stúdentaíbúðinni. Að sögn stúdenta notar Law svalirnar til að iðka jóga auk þess sem hann sést oft leika við son sinn úti á svölunum.**



**FÆR ENGAN FRIÐ** Jude Law fær engan frið frá nágrönnum sínum sem sitja um hann.



**Í HLJÓÐRITA** Megas og Senuþjófarnir taka upp í Hafnarfirði.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Jólaeiturslanga Megasar

**Megas og Senuþjófarnir hafa staðið í ströngu í Hljóðrita í Hafnarfirði. Stefnan er sett á jólatónleika í Salnum í Kópavogi 16. desember.**

„Það verða mörg glæný Megasarlög á efnisskránni og við erum aðeins byrjaðir að taka þau upp fyrir nýja plötu sem kemur á næsta ári,“ segir Guðmundur Kristinn Jónsson, gítarleikari Senuþjófanna og innsti koppur í búri Hljóðrita. „Svo erum við líka að æfa upp „ný-gömul“ Megasarlög, eða sem sé lög sem Senuþjófarnir hafa aldrei spilað með honum. Við vildum endilega endurnýja prógrammið.“

Meðal glænýju laganna er jólalagið „Jólaeiturslangan“ og lagið „Týndir túkall“, sem Guðmundur segir að sé blanda af jóla- og kreppulagi. „Ég sver það: þetta er síðasta kreppulagið sem ég tek upp! Þetta er orðið ágætt. Ég er búinn að taka upp alveg nógu mörg kreppulög,“ segir hann og dæsir. „Við stefnum á að klára Jólaeiturslönguna um helgina og setja lagið í spilun strax eftir helgi.“

Megas segir að Jólaeiturslangan sé eins barnalegt jólalag og hægt sé að hafa það. „Það úir og grúir í viðlögum og þjóðlögum og alls kyns jarðlögum í þessu lagi. Nei nei, þetta verður ekkert á næstu plötu, heldur bara svona fyrir jólin.“

En það er sem sé stefnt að nýrri plötu?

„Tja, stefnan liggur að minnsta kosti ekki fram hjá næstu plötu,“ segir Megas.

Enn eru til miðar á jólatónleika Megasar og Senuþjófanna í Salnum um hinn sextánda en þeim fer fækkandi. Þessir kappar skreppa svo austur á land í dag og verða með tónleika á Kaffihúsinu á Eskifirði í kvöld. **- drg**




Tónlist ★★

**The Bloody Core of It**

Me, the Slumbering Napoleon



## Fálmkennt djamm

Þessi plata með reykvíska rokktríóinu Me, the Slumbering Napoleon eru mér vonbrigði. Fimm-laga diskurinn Marske by the Sea sem kom út í haust var nefnilega ljómandi hressandi. Þar mátti heyra ágæta stuðrokkara eins og She's a Maniac og titillagið. Svona í ljósi þessarar EP-plötunnar var maður því allspenntur fyrir albúminu og ekki síður vegna þess að það heyrðist að bandið sækir greinilega í kraftmikið afgangsstærðarrokk sem amerísk bönd eins og Flipper, Shellac og Jesus Lizard dældu yfir mann fyrir um tuttugu árum.

Það er eins og hljómsveitin hafi uppgötvað amerísku hljómsveitina The Minutemen áður en hún gerði þessa plötu því það eru yfirþyrmandi Minutemen-áhrif á plötunni. Lög Minutemen voru örstutt og öðruvísi, stundum pönkfönkuð og oftar en ekki með sniðugum og pólitískum textum. Þó að lögin hljómi stundum eins og þau séu bara djamm og að það sé enginn fókus á þeim, þá er yfirleitt eitthvað sem hangir á spýtunni.

Hjá Me, the Slumbering Napoleon efast maður oftast um að það hangi eitthvað á spýtunni og lýsingin „andlaust hjakk“ læðist oft að manni. Þótt þeim finnist kannski sniðugt að fást við þessi riffkenndu reikningsdæmi sem lögin eru, er vafaatriði hvort einhverjir aðrir nenni að spá í þessu. Platan byrjar reyndar ágætlega en drabbast svo niður í fálmkennd leiðindi. Nú er Minutemen-kafla bandsins vonandi lokið og bandið ætti að sækja í aðra brunna næst. Þetta eru ágætis spilarar og ég hef fulla trú á að þeir geti gert eitthvað af viti. **- Dr. Gunni**

**Niðurstaða:** Að stærstum hluta andlaust hjakk sem fer ekki neitt.




Fjóla er 14 ára.
Nektarmyndir af henni gera allt vitlaust.
Spennusaga um nekt og morð.

Tindur
Bókaútgáfa



**FRAMSÆKNARI MILEY** Miley Cyrus ætlar að endurgera gamla rokkballöðu.

## Endurgerir rokkballöðu

Hin unga söngkona Miley Cyrus ætlar að endurgera rokkballöðuna Every Rose Has It's Thorn sem hárprúða hljómsveitin Poison gerði vinsælt á sínum tíma. Cyrus hefur eytt miklum tíma í hljóðveri ásamt Bret Michaels, söngvara Poison, við upptökur á laginu. „Every Rose er eitt af uppáhaldslögum Miley," var haft eftir Trish Cyrus, móður Miley.

Miley sjálf sagðist hlakka til þess að verða eldri og geta hætt að syngja popptónlist og einbeitt sér heldur að þeirri tónlist sem hún sjálf hefur unun af. „Ég er að eldast og aðdáendur mínir líka, það þýðir að bráðum fæ ég frelsi til að gera framsæknari tónlist."

# Garland og Elton John í guðatölu

**Tónlistarmaðurinn Elton John og leikkonan Judy Garland hafa verið kjörin mestu átrúnaðargoð allra tíma í nýrri skoðanakönnun sem var gerð á meðal samkynhneigðra.**

Elton John giftist kærasta sínum til langs tíma, David Furnish, í borgaralegri athöfn fyrir fjórum árum. Söngvarinn hefur notið mikilla vinsælda um árin og kemur valið því kannski lítið á óvart. Á meðal annarra sem komust á karlalistann voru Freddie Mercury, hinn sálugi söngvari Queen, leikarinn Stephen Fry og tónlistarmaðurinnn George Michael. Eini gagnkynhneigði maðurinn á listanum er metrómaðurinn og fótboltatöffarinn David Beckham sem hefur bæði spilað í Bandaríkjunum og á Ítalíu að undanförnu.

Valið á Judy Garland, sem lést árið 1969 aðeins 47 ára, kemur heldur ekki á óvart. Þrátt fyrir gagnkynhneigð sína hefur hún lengi verið í guðatölu hjá samkynhneigðum. Spilar þar inn í stuðningur hennar við réttindabaráttu homma í Bandaríkjunum auk þess sem eftirminnileg frammistaða hennar sem Dorothy Gale í söngvamyndinni vinsælu The Wizard of Oz hefur ekki skemmt fyrir. Athygli vekur að dóttir hennar, leik- og söngkonan Lisa Minnelli, kemst einnig á listann. Á kvennalistanum fengu fleiri frægar gagnkynhneigðar söngkonur einnig góða kosningu, þar á meðal Kylie Minogue, Madonna og Cher. Þær eru allar þekktar fyrir djarfa og skrautlega sviðsframkomu og virðist það hafa höfðað vel til þeirra sem tóku þátt í könnuninni. „Það vekur athygli að aðeins einn af körlunum sem komust á topp tíu listann er gagnkynhneigður, David Beckham. Á sama tíma eru flestar konurnar sem urðu fyrir valinu gagnkynhneigðar," sagði talsmaður Onepoll, sem framkvæmdi könnunina.

Hollywood-stjarnan Marilyn Monroe fær einnig sinn sess á listanum. Hún hefur ávallt notið vinsælda, jafnt hjá gagn- og samkynhneigðum, enda þótti hún kynþokkafull með eindæmum þegar hún var uppi.







**ÞESSI VORU NEFND Á NAFN**

Flestir samkynhneigðir völdu **Judy Garland** sem mesta átrúnaðargoðið í kvennaflokki. **Kylie Minogue** komst einnig á þann lista. **Elton John** er helsta átrúnaðargoðið í karlaflokki ásamt **David Beckham.**

| KARLKYNS ÁTRÚNAÐARGOÐ | KVENKYNS ÁTRÚNAÐARGOÐ |
|---|---|
| 1. Elton John | 1. Judy Garland |
| 2. Freddie Mercury | 2. Kylie Minogue |
| 3. Stephen Fry | 3. Madonna |
| 4. George Michael | 4. Cher |
| 5. Oscar Wilde | 5. Liza Minelli |
| 6. Will Young | 6. Marilyn Monroe |
| 7. Alan Carr | 7. Shirley Bassey |
| 8. Paul O'Grady | 8. Lily Savage |
| 9. Boy George | 9. Dusty Springfield |
| 10. David Beckham | 10. Barbra Streisand |








**Í TÓNLEIKAFERÐ** Jackson-bræðurnir fjórir, þeir Tito, Marlon, Jermaine og Jackie, ætla í tónleikaferð um heiminn á næsta ári. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

## Jackson 4 snúa aftur

Michael Jackson-bræðurnir fjórir, þeir Marlon, Tito, Jermaine og Jackie, tilkynntu í spjallþætti Larry King á CNN nýverið að þeir hygðust koma saman sem Jackson Four og fara í kjölfarið í tónleikaferð um heiminn á næsta ári. Slíkt tónleikahald yrði til minningar um bróður þeirra, Michael, sem lést langt fyrir aldur fram í júní á þessu ári. „Í fjörutíu ár höfum við átt stuðning aðdáenda og við skuldum þeim frábæra tónleika," sagði Jackie við Larry King. „Við viljum bara fara upp á svið og skemmta okkur," bætti Jermaine við.

Í viðtalinu kemur jafnframt fram að þeir hafi frétt af andláti bróður síns í gegnum fjölmiðla. Einn vegfarandi vatt sér meira að segja að Jackie og sagði honum að Michael Jackson væri dáinn. Vegfarandinn vissi ekki við hvern hann var að tala. „Ég sá þetta á CNN," sagði Jermaine.

## Hugleikur rappar



Myndlistarmaðurinn og rithöfundurinn Hugleikur Dagsson mun rappa ásamt hljómsveitinni Human Woman á tónlistarhátíðinni Jól Jólsson sem verður haldin á Hótel Íslandi 18. desember. Human Woman er ný hljómsveit þeirra Jóns Atla Helgasonar og Gísla Galdurs Þorvaldssonar. Jón Atli hefur áður spilað með hljómsveitum á borð við Hairdoctor, Bang Gang og Fídel. Gísla Galdur þekkir fólk úr sveitum á borð við Trabant, Motion Boys og Ghostigital. Hugleikur hefur áður getið sér orð á tónlistarsviðinu, meðal annars með hljómsveitinni Útburðir. Þetta verða fyrstu tónleikar Human Woman og kemur hún fram á hátíðinni ásamt flytjendum á borð við Gus Gus, FM Belfast, Egil Sæbjörnsson, Lúdó og Stefán og Ben Frost.

**HUGLEIKUR** Hugleikur Dagsson rappar með hljómsveitinni Human Woman á Jól Jólsson. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


BUBBI MORTHENS
Þorláksmessutónleikar 2009 í Háskólabíói
Vodafone og Bylgjan kynna
Árlegir Þorláksmessutónleikar Bubba Morthens verða í Háskólabíói þann 23. desember og hefjast kl. 22.
Hafdís Huld hitar upp fyrir tónleikana.
Miðasala hefst laugardaginn 12. desember í verslunum Vodafone og á vodafone.is.
Miðaverð kr. 2.900 kr.
Allar nánari upplýsingar á vodafone.is og prime.is
prime
UMBOÐSSKRIFSTOFA
vodafone
BYLGJAN 989
„Sá sem alltaf hækkar flugið hlýtur einhvern-tíma að hrapa"
Að sjúga rokk og ról
ekki aftur snúið"
Gaman að byrja aftur á núlli
EGÓ SIGRAÐI Í ÞRIÐJA SKIPTI
GAMLA BÍÓI ROKKAÐ



**ÍSLENSKUR JÓLAMARKAÐUR** Íslenskir listamenn selja vörur sínar á Cafe Blasen um helgina. Sigurður Helgason er eigandi skemmtistaðarins.

# Flóamarkaður á Íslendingabar

Séríslenskur flóamarkaður verður haldinn á öldurhúsinu Cafe Blasen í Kaupmannahöfn nú á laugardag og eru það íslenskir listamenn búsettir í Danmörku sem standa að markaðnum. Meðal þeirra sem taka þátt eru Ágústa Hera Harðardóttir, Einar Thor, Jónas Breki, Örn Tönsberg og útvarpsmaðurinn vinsæli, Andri Freyr Viðarsson, sem mun leika jólatónlist undir nafninu Sir Honkey Tonk.

Sigurður Helgason er eigandi Cafe Blasen og hefur hann rekið staðinn frá því í fyrravor. Cafe Blasen hefur mikið verið sóttur af Íslendingum sem búsettir eru í Kaupmannahöfn. „Þetta var gamall draumur sem rættist. Meiningin var ekki sú að opna hér sérstakan Íslendingabar en óvart varð þetta að stað sem Íslendingar sækja. Ætli það megi ekki segja að þetta skiptist til helmingja, helmingur gesta sé íslenskur og hinn helmingurinn annaðhvort Danir eða erlendir skiptinemar,“ útskýrir Sigurður.

Þetta er í fyrsta sinn sem slíkur jólamarkaður er haldinn á Cafe Blasen og segir Sigurður að boðið verði upp á kaffi, kakó og jólaglögg á staðnum. „Staðurinn er ekki stór þannig að þetta verður hugguleg fjölskyldustemning. Þarna verður ýmislegt til sölu, allt frá skartgripum til málverka og fatnaðar. Bæði ég og listamennirnir sjálfir höfum verið dugleg við að breiða út boðskapinn þannig ég býst við að einhverjir kíki við hjá okkur. Ef þetta gengur vel þá gerum við þetta að sjálfsögðu aftur að ári og þá kannski á stærri stað.“

Ef einhver á leið til Kaupmannahafnar um helgina þá hefst markaðurinn klukkan 12.00 á Cafe Blasen við Nørregade. - sm

# BJÓRSKÓLI TEKUR TIL STARFA

**Bjórskóli Ölgerðarinnar tók formlega til starfa í þessari viku. Af því tilefni var nokkrum þjóðþekktum einstaklingum boðið að kynna sér starfsemi skólans. Yfirkennari skólans er Úlfar Linnet en áhugasamir geta kynnt sér skólann á bjorskoli.is.**



**HELLT Í GLÖS** Högni Egilsson úr Hjaltalín og Guðmundur Kr. Jónsson smökkuðu hinar ýmsu bjórtegundir.



**Á GÓÐRI STUNDU** Gísli Einarsson og Logi Bergmann voru meðal gesta í Bjórskólanum.



**BJÓRINN SMAKKAÐUR** Örn Úlfar Sævarsson og Halldór Gylfason mættu í Bjórskóla Ölgerðarinnar.

MYNDIR/SIGURJÓN RAGNAR SIGURJÓNSSON

# Mistök áratugarins

Bítillinn fyrrverandi, Paul McCartney, segir að hjónaband þeirra Heather Mills hafi verið ein stærstu mistök ævi sinnar. Spurður hvort hjónabandið hafi verið mestu mistök áratugarins sagði hann: „Já. Ég held að það komist í efsta sæti.“ McCartney, sem á hina sex ára dóttur Beatrice með Mills, vildi þó ekki gagnrýna eiginkonu sína fyrrverandi í viðtali við tímaritið Q. „Ég vil ekki gera lítið úr neinum. Svona hlutir geta gerst. Ég vil horfa á jákvæðu hliðina sem er sú að ég eignaðist fallega dóttur.“

Þrátt fyrir að Mills hafi við skilnaðinn á síðasta ári fengið í sinn hlut nokkra milljarða króna segist McCartney vera ánægður með lífið og tilveruna, þar á meðal kærustu sína, Nancy Shevell. Hann bætir við að hann hafi ekki í hyggju að hætta í tónlistinni þrátt fyrir að vera orðinn 67 ára gamall. „Mér finnst þetta svo skemmtilegt. Af hverju ætti ég að setjast í helgan stein? Vera heima og horfa á sjónvarpið? Nei, takk. Mig langar frekar að spila á tónleikum.“



**ÞEGAR ALLT LÉK Í LYNDI** Bítillinn segir að hjónaband þeirra Mills hafi verið ein risastór mistök.



# LAUGARÁSVIDEÓ

Leiguverd 500 kr — STÆRSTIR Í DVD — Leiguverd 500 kr

# OPNAR AÐ NÝJU 12. DES.

Við opnum aftur dyr bestu vídeóleigu landsins þann 12. des næstkomandi kl. 15:00. Við látum ekki smámuni eins og eldsvoða stöðva okkur í að bjóða þér upp á besta úrvalið af gæðakvikmyndum og sjónvarpsseríum á góðu verði í nýuppgerðu húsnæði okkar að Dalbraut 1-3.



Boðið verður upp á léttar veitingar og mun hljómsveitin Deildarbungubræður hefja fjörið kl 15:00 á sviði fyrir utan, en þeir gerdu einmitt garðinn frægan hér um árið med lögunum "María", "Nú er gaman" o.fl.

Við hvetjum alla til ad koma og fagna endurreisn Laugarásvídeó med okkur. Láttu sjá - þig.

Laugarásvídeó vill þakka öllum þeim sem veitt hafa okkur stuðning í gegnum þessa eldraun.

| | | |
|---|---|---|
| Laugarásvideó ehf | Dalbraut 1-3 | Sími: 5531120 |
| Laugarásvideó Borgarnesi | Borgarbraut 57 | Sími: 5531133 |








**GLÆSILEIKI** Fjaðrir og perlur komu víða við sögu á sýningu Chanel.



**RAUTT** Rauði liturinn spilaði stórt hlutverk í haustlínu Chanel 2010.

# Undir kínverskum áhrifum

**Hausttíska Chanel 2010 leit dagsins ljós í Shanghai í Kína í síðustu viku. Áhorfendur virtust kunna vel að meta hönnun Karls Lagerfeld. Það vottaði óneitanlega fyrir áhrifum kínverskrar sögu í línunni með eftirgerð af stráhöttum og hermannajökkum, auk þess sem silki og skærrauðir litir spiluðu stórt hlutverk.**

- ag



**HERMANNAGRÆNT** Peysa og pils í stíl minntu helst á einkennisbúning með hermannagrænni húfunni.



**LITRÍKT** Blátt veski og eldrauð, há stígvél vöktu athygli á sýningunni í Shanghaí.



**ÓVENJULEGT** Karl Lagerfeld hugsaði út í hvert smáatriði í kjólum sínum.




Frón
Mömmukossar
Vanilluhringir
Súkkulaðibitakökur
Loftkökur
Jólasmákökur
Gleðilega hátíð







SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| OLD DOGS | kl. 4 - 6 - 8D - 10:10D | L |
| OLD DOGS | kl. 8 - 10:10 | VIP |
| SORORITY ROW | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| NINJA ASSASSIN | kl. 8 - 10:10 | 16 |
| TWILIGHT 2 NEW MOON | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| TWILIGHT 2 NEW MOON | kl. 5:30 | VIP |
| A CHRISTMAS CAROL M/ ísl. Tali | kl. 3:40(3D) | 7 |
| A CHRISTMAS CAROL M/ Ensku. Tali | kl. 5:50(3D) Ótextuð | 7 |
| A CHRISTMAS CAROL M/ ísl. Tali | kl. 3:40 - 5:50 | 7 |
| A CHRISTMAS CAROL M/ Ensku. Tali | kl. 8 | 7 |
| PANDORUM | kl. 5:50 | 16 |
| LAW ABIDING CITIZEN | kl. 10:10 | 16 |
| UPP M/ ísl. Tali | kl. 3:40 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| OLD DOGS | kl. 6 - 8 - 10 | L |
| SORORITY ROW | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| NINJA ASSASSIN | kl. 10:40 | 16 |
| TWILIGHT 2 NEW MOON | kl. 3 - 5:30 - 8 | 12 |
| A CHRISTMAS CAROL M/ ísl. Tali | kl. 3:40(3D) | 7 |
| A CHRISTMAS CAROL M/ Ensku. Tali | kl. 5:50(3D) Ótextuð | 7 |
| TOY STORY 1 M/ ísl. Tali | kl. 4(3D) | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| OLD DOGS | kl 6 - 8 - 10 | L |
| A CHRISTMAS CAROL M/ ísl. Tali | kl. 6 | 7 |
| THE TWILIGHT SAGA | kl. 8 | 12 |
| NINJA ASSASSIN | kl. 10:30 | 16 |

NÝTT Í BÍÓ!







SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| SAW 6 | kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | 16 |
| SAW 6 LÚXUS | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 16 |
| JULIE AND JULIA | kl. 5.20 - 8 - 10.35 | L |
| ARTÚR 2 | kl. 4 - 6 | L |
| THE BOX | kl. 8 | 16 |
| 2012 | kl. 4.45 - 8 - 10.30 | 10 |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| ANVIL | kl. 6 - 8 - 10 | 7 |
| WHATEVER WORKS | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 7 |
| A SERIOUS MAN | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| DESEMBER | kl. 6 - 8 - 10 | 10 |

facebook.com/smarabio
AÐDÁENDUR GETA UNNIÐ BÍÓKORT ÚT ÁRIÐ, BOÐSMIÐA Á FORSÝNINGAR O.M.FL.

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| 2012 | kl. 8 | 10 |
| THE BOX | kl. 10.15 | 16 |
| LOVE HAPPENS | kl. 6 | L |
| 9 | kl. 6 | 7 |
| CAPITALISM | kl. 8 | L |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | | |
|---|---|---|
| BAD LIEUTENANT | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| JULIE AND JULIA | kl. 5.20 - 8 - 10.35 | L |
| PARANORMAL ACTIVITY | kl. 10.30 | 16 |
| 2012 | kl. 6 - 9.15 | 10 |
| LOVE HAPPENS | kl. 5.30 - 8 | L |

NÝTT Í BÍÓ
LAUGARÁSBÍÓ
Sími: 553 2075
- bara lúxus







LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| BAD LIEUTENANT-(POWER) | kl. 5.30, 8 og 10.20 | 16 |
| EXTRACT | kl. 8 og 10.10 | 12 |
| ARTHÚR 2 - Íslenskt tal | kl. 4 og 6 | L |
| COCO BEFORE CHANEL | kl. 5.50 og 8 | L |
| 2012 | kl. 10 | 10 |
| FRIÐÞJÓFUR FORVITNI | kl. 4 - Íslenskt tal | L |


# Gengur ágætlega að starfa með sambýlismanninum

Hadda Hreiðarsdóttir opnaði í september sérstaka Lomography-verslun í miðborg London ásamt sambýlismanni sínum, Adam Scott. Verslunin heitir Lomography Gallery Store – London, og er fyrsta sérhæfða Lomography-verslunin þar í borg.

Aðspurð segir Hadda reksturinn hafa gengið vonum framar og að verslunin hafi verið meira og minna troðfull frá því að hún opnaði um miðjan september. „Það gengur bara rosalega vel. Námskeiðin sem við höfum haldið hafa líka verið mjög vel sótt. Við ætlum að reyna að gera meira af því að halda bæði námskeið og vinnustofur því þeir sem nota vélarnar hafa gaman af því að hittast og bera saman bækur sínar.



VINSÆL VERSLUN Hadda Hreiðarsdóttir og sambýlismaður hennar, Adam Scott, reka saman Lomography-verslun í London. MYND/ADAM SCOTT

Viðskiptavinirnir eru bæði breskir og erlendir ferðamenn, og svo rekur einn og einn Íslendingur inn nefið inn á milli. Um daginn komu hingað þrjár íslenskar stelpur og ég hélt að ég væri að verða klikkuð þegar ég heyrði fólk allt í einu tala íslensku,“ segir Hadda og hlær. Aðspurð segir hún þekkta fótboltakappann Gary Neville úr Manchester United hafa litið við í verslunina fyrir stuttu og einnig á leikarinn Jude Law að hafa boðað komu sína innan skamms.

Hún segir það ganga furðuvel að starfa við hlið mannsins síns en umræðurnar á heimilinu snúist nú um lítið annað en rekstur verslunarinnar og sölutölur.

Hadda og fjölskylda hennar munu heimsækja Ísland milli jóla og nýárs og segir hún mikla tilhlökkun ríkja á heimilinu. „Það er búið að vera mikið að gera hjá okkur í versluninni þannig það er mikil tilhlökkun hjá öllum fyrir því að koma heim í afslöppun.“ - sm

# SEXTÁN ÁRA Í EUROVISION

**Karen Pálsdóttir, sextán ára stúlka úr Hafnarfirði, tekur þátt í undankeppni Eurovision í janúar. Hún lenti í öðru sæti í Músíktilraunum á síðasta ári.**



UNG OG EFNILEG Karen Pálsdóttir tekur þátt í Eurovision-keppninni í fyrsta sinn í janúar á næsta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Ég hlakka svakalega mikið til, þetta verður geðveikt gaman. Ég hef alltaf haft svo gaman af Eurovision,“ segir Karen, sem er nýorðin sextán ára. Hún er þessa dagana að ljúka hljóðversupptökum á laginu, sem nefnist Future og er poppað danslag. Auk þess er hún í stífri söng- og dansþjálfun hjá Margréti Eir og Sigrúnu Birnu Blomsterberg. Tveir dansarar verða með henni á sviðinu í sjónvarpssal og tvær manneskjur syngja bakraddir.

Skondið atvik gerðist fyrir skömmu við upptökurnar í hljóðverinu þegar rafmagnið fór skyndilega af. „Ég var að syngja lagið í gegn og allt í einu slökknaði allt. En við höfðum það bara notalegt og sátum inni með kertaljós,“ segir Karen, sem lét atvikið ekkert á sig fá.

Höfundar lagsins eru Bryndís Sunna Valdimarsdóttir og Daði Georgsson. Bryndís hefur áður sent frá sér tvö lög í undankeppni Eurovision, sem Sigurjón Brink söng í bæði skiptin. Fyrst söng hann Hjartaþrá árið 2006 og árið eftir söng Sigurjón lagið Áfram, sem hann samdi með Bryndísi Sunnu. Bryndís átti einnig sigurlagið í Dægurlagakeppni Sauðárkróks árið 2004. Það heitir Sumar í hjarta og var flutt af Heiðu Ólafsdóttur.

Karen Pálsdóttir vakti fyrst athygli í tónlistarbransanum á síðasta ári þegar hún lenti í öðru sæti í Músíktilraunum. Þar rappaði hún með vini sínum Óskari Axel og kölluðu þau sig einfaldlega Óskar Axel og Karen P. Karen mun stíga á svið á fyrsta Eurovision-kvöldinu í sjónvarpssal hinn 9. janúar. Fróðlegt verður að fylgjast með þessari ungu og efnilegu söngkonu hefja upp raust sína í von um að landsmenn kjósi hana til áframhaldandi þátttöku.

freyr@frettabladid.is

# Leppalúði með stjörnufans

Gleðigjafarnir í Baggalúti sjá um jólafjörið á Rás 2 um þessar mundir í jóladagatalinu og hluti af þeirri dagskrá er að þeir dæla út vikulegum aðventulögum. Eðli málsins samkvæmt eru tvö lög komin út – „Hvað fæ ég fallegt frá þér“ og „Jólalalagið“ – og á sunnudaginn verður þriðja lagið afhjúpað. Baggalútur er ekki í nokkrum vafa um að þetta sé metnaðarfyllsta aðventulag sveitarinnar til þessa. Það heitir „Leppalúði“ og tvær íslenskar stjörnur leggja sveitinni lið, ofurtrommarinn Gulli Briem og Ragga Gísla.



LEPPALÚÐI Á SUNNUDAGINN Baggalútur gerist metnaðarfyllri með hverju laginu. Í þriðja laginu, „Leppalúða“, sem verður frumflutt á Rás 2 á sunnudaginn, tjaldar sveitin öllu til og fær Röggu Gísla og Gulla Briem í púkkið.

„Gulli Briem úr Mezzoforte er náttúrlega með þetta sánd sem við vorum að leita eftir og því var upplagt að fá hann,“ segir Karl Sigurðsson, söngvari Baggalúts. Jólalög hópsins eru alltaf ábreiður af þekktum erlendum slögurum en Karl segist ekki geta ljóstrað upp hvaða lag verður fyrir barðinu í „Leppalúða“. „Ég get þó sagt að þetta lag er frá 9. áratugnum og margir héldu að inúíta-söngkona syngi það, eða jafnvel hugsanlega Ragga Gísla. Það kom svo upp úr krafsinu að það er karlmaður sem syngur lagið. Okkur fannst hins vegar upplagt að fá Röggu bara til að syngja það með okkur.“



Lagið verður afhjúpað í þætti Guðna Más Henningssonar á sunnudaginn og svo verður það aðgengilegt á baggalutur.is og á gogoyoko.com, þar sem kaupa má lagið í fullum gæðum gegn lágmarksþóknun.

Uppselt hefur verið á báða jólatónleika Baggalúts í Borgarleikhúsinu 20. desember frá því í byrjun mánaðar. „Jú, auðvitað höfðum við átt að bæta við einum aukatónleikum enn, en við erum bara ekki nógu metnaðarfullir. Því miður,“ segir Karl. - drg

# TILBOÐ DAGSINS




## 42" Full HD Toshiba 100Hz LCD breiðtjald með stafrænum DVB-T móttakara ofl.

**199.989 kr.**

42 tommur

Fullt verð ~~259.989~~

FRÉTTABLAÐIÐ
?
Fylgstu með TILBOÐI DAGSINS í blaðinu á morgun!

| Vara | Verð |
|---|---|
| Toshiba DivX DVD spilari | 12.989 kr. |
| United HD margmiðlunarspilari | 14.989 kr. |
| Olympus 12MP myndavél | 19.989 kr. |
| Philips 300w DivX heimabíó | 39.989 kr. |
| JVC DVD spilari með upptöku HDD | 49.989 kr. |
| United LCD DVD ferðaspilari | 18.989 kr. |
| 19 tommur, United DD91HD – United LCD með DVD | 69.989 kr. |
| 32 tommur, United LTV9732 – United LCD breiðtjald | 119.989 kr. |
| 32 tommur, Panasonic TXL32C10 – Panasonic LCD DVBT móttakari | 134.989 kr. |
| 42 tommur, Panasonic TXP42X10 – Panasonic 100Hz Plasma með 2000.000:1 skerpu | 179.989 kr. |
| Pixel Plus HD, 37 tommur, Philips 37PFL5604 – Philips Full HD LCD breiðtjald | 199.989 kr. |
| 42 tommur, Philips 42PFL3604 – Philips Full HD LCD breiðtjald | 199.989 kr. |

Þúsundir tegunda raftækja í boði!

Opið mán. - fös. kl. 11-19
Laugardaga kl. 11-18
Sunnudaga kl. 12-18

MAX Kauptúni 1 - Garðabæ
Sími 412 2200 - www.max.is

MAX RAFTÆKI

## > Þórir frá í tvær vikur

Þórir Ólafsson, leikmaður og fyrirliði þýska úrvalsdeildarfélagsins TuS N-Lübbecke, verður frá næstu tvær vikurnar eftir að hann meiddist á æfingu í fyrradag. Eftir því sem kom fram í þýskum fjölmiðlum gær benti flest til að hann hefði rifið vöðva aftan í læri. „Við vonumst til þess að hann geti spilað í síðustu tveimur leikjum ársins en það kemur betur í ljós eftir ítarlegri læknisskoðun,“ sagði Patrik Liljestrand, þjálfari Lübbecke, við þýska miðla.



**sport**

sport@frettabladid.is

KRISTJÁN GAUTI EMILSSON: SKRIFAÐI Í GÆR UNDIR ÞRIGGJA ÁRA SAMNING VIÐ LIVERPOOL

# *Ljúf tilfinning að vera orðinn leikmaður Liverpool*

Hafnfirðingurinn Kristján Gauti Emilsson skrifaði í gær undir þriggja ára samning við enska úrvalsdeildarfélagið Liverpool. Hann mun fyrst um sinn æfa með U-18 ára liði félagsins en markmið hans verður að vinna sér sæti í varaliðinu og vonandi síðar sjálfu aðalliðinu.

„Við komum út í gær og ég fór svo á æfingu í morgun. Eftir það var fundur þar sem ég skrifaði undir samninginn,“ sagði Kristján Gauti við Fréttablaðið í gær en hann var þá staddur í Liverpool með foreldrum sínum.

Kristján Gauti er sextán ára gamall og hefur leikið með yngri flokkum FH alla tíð. Þrátt fyrir ungan aldur kom hann þó við sögu í þremur leikjum FH í Pepsi-deild karla nú í sumar. Hann mun flytja til Liverpool eftir áramót og hefja þá æfingar í akademíu félagsins. „Það sem tekur við hjá mér eru stífar æfingar en ég ætla mér að reyna að komast í varaliðið.“

Kristján Gauti neitar því ekki að það sé góð tilfinning að vera orðinn leikmaður Liverpool. „Það er mjög ljúf tilfinning en nú er það bara harkan sem tekur við.“



Hann var á meðal áhorfenda á Anfield, heimavelli Liverpool, þegar liðið tók á móti ítalska liðinu Fiorentina í Meistaradeild Evrópu. Þetta var lokaleikur liðsins í Meistaradeildinni en liðið var þegar fallið úr leik. Leikurinn var því þýðingarlaus fyrir þá rauðklæddu. Fiorentina vann leikinn, 2-1, en sigurmarkið kom í uppbótartíma.

„Mér fannst leikurinn skemmtilegur en var auðvitað ekki ánægður með úrslitin,“ sagði Kristján Gauti. „Við reyndar fórum á 90. mínútu leiksins og héldum því að leikurinn hefði farið 1-1. Það var ekki fyrr en við komum heim að við sáum hvernig leikurinn fór. Þá varð maður spældur.“

Eitt helsta umræðuefni stuðningsmanna Liverpool þessa dagana er Alberto Aquilani, sem var í fyrsta sinn í byrjunarliðinu í gær síðan hann kom til félagsins en hann hefur verið að jafna sig á erfiðum meiðslum.

„Það er ekki nokkur spurning að hann er góður knattspyrnumaður. Hann á bara eftir að verða sterkari eftir því sem hann fær meira að spila,“ sagði Kristján Gauti, nýr leikmaður Liverpool.



**TVISVAR SÆNSKUR MEISTARI** Guðmundur Stephensen. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Sænska borðtennisdeildin:

## Guðmundur á ný til Svíþjóðar

**BORÐTENNIS** Guðmundur Eggert Stephensen, Íslandsmeistari í borðtennis, hefur samið við sænska úrvalsdeildarfélagið BTK Warta um að leika með liðinu það sem eftir lifir tímabils. Guðmundur varð sænskur meistari með Eslöv árin 2007 og 2008.

BTK Warta er frá Gautaborg og einn elsti klúbbur í Svíþjóð með mikla borðtennishefð. -óój

Hrafnhildur Lúthersdóttir var nálægt undanúrslitunum á fyrsta mótsdegi á EM í stuttri laug í Tyrklandi í gær:

# Ísland verður með boðsundsveit á EM

**SUND** Íslensku keppendurnir hófu keppni á EM í stuttri laug í Istanbul í Tyrklandi í gær. Þá var endanlega ákveðið að íslensku stelpurnar ætla að taka þátt í 4x50 metra skriðboðsundi í dag.

Hrafnhildur Lúthersdóttir úr SH var sú eina af íslensku keppendunum sem náði að bæta sinn besta tíma. „Það munaði mjög litlu hjá mér og ég hefði örugglega komist inn í undanúrslitin ef ég hefði náð Íslandsmetinu. Það hefði verið frábært en verður bara í staðinn markmiðið mitt fyrir næsta mót,“ sagði Hrafnhildur í gær.

„Þessi dagur reyndi vel á mig enda að taka tvö sund á fyrsta deginum. Ég var ennþá með flugþreytu en reyndi bara að nýta mitt sem best. Ég gerði vel í 50 metra bringusundinu en náði ekki alveg að stilla mig af í fjórsundinu. Ég



**ÍSLENSKA BOÐSUNDSVEITIN** Ísland á fjórar stelpur á EM. MYND/RAGNAR MARTEINSSON

náði samt næstbesta tímanum mínum, sem mér finnst nú bara vera ágætt,“ sagði Hrafnhildur, sem var nokkuð sátt.

Hrafnhildur endaði í 29. sæti af 53 keppendum í 50 metra bringusundi á tímanum 31,49 sekúndum sem er aðeins 23/100 frá Íslandsmeti Erlu Daggar Haraldsdóttur úr ÍRB. Sindri Þór Jakobsson úr ÍRB varð í 38. sæti af 46 í 100 metra flugsundi en hann synti á 53,69 sekúndum sem er 1/10 úr sekúndu frá hans besta tíma.

Hrafnhildur synti síðan aftur í 200 metra fjórsundi þar sem hún var í riðli með bestu fjórsundskonum Evrópu. Hrafnhildur náði 28. besta tímanum og synti á 2:16,97 mínútum, sekúndu frá sínu besta.

Ingibjörg Kristín Jónsdóttir úr SH og Ragnheiður Ragnarsdóttir úr KR syntu síðan í 100 metra skriðsundi. Ingibjörg endaði í 55. sæti á 56,87 sekúndum, sem er um sekúndu frá hennar besta, og Ragnheiður endaði í 36. sæti en hún kom í mark á 55,10 eða 34/100 frá Íslandsmetinu sem hún setti á ÍM25 um daginn.

Spennandi verður að sjá hvernig gengur hjá stelpunum í dag þegar þær taka þátt í 5x50 metra skriðsundi. „Það var ákveðið að skrá okkur og sjá síðan til. Við erum búnar að ákveða að taka þátt. Það er ekki mjög algengt að Ísland sé með boðsundssveit en við ákváðum að skella okkur fyrst við vorum hérna fjórar stelpurnar,“ sagði Hrafnhildur. -óój





Tryggjum öllum börnum gleðileg jól

Taktu þátt í Pakkajólum Bylgjunnar við jólatréð í Smáralind

Gefðu eina aukagjöf um jólin og leggðu góðu málefni lið. Merkja þarf hverja gjöf með merkimiða þar sem tekið er fram hvaða kyni hún hentar og hvaða aldri. Ef þú býrð úti á landi þá kemur Pósturinn gjöfunum endurgjaldslaust til skila. Þú þarft bara að fara með pakkann á næsta pósthús. Jólapappír og merkimiða er að finna við þjónustuborð Smáralindar á annarri hæð.

Fjölskylduhjálp Íslands, Mæðrastyrksnefnd og Hjálparstarf kirkjunnar koma pökkunum til þeirra sem á að gleðja.

**Gefðu eina gjöf og vertu með í Pakkajólum Bylgjunnar.**

Við óskum öllum gleðilegra jóla

BYLGJAN 989

Sir Alex Ferguson, stjóri Manchester United, er óhræddur við að veðja á gamlar knattspyrnustjörnur:

# Ellismellirnir blómstra alltaf hjá Sir Alex

**FÓTBOLTI** Fari svo að Sol Campbell gangi í raðir Manchester United verður það ekki í fyrsta skipti sem Sir Alex Ferguson tekur áhættu með eldri leikmenn. Nánast alltaf hefur Ferguson tekist að mjólka þessa leikmenn allt fram á síðasta söludag með góðum árangri.

Þessir leikmenn hafa hreinlega blómstrað undir verndarvæng Fergusons og spilað á toppnum lengur en menn áttu von á. Á síðustu árum hefur Ferguson veðjað á leikmenn eins og Teddy Sheringham, Henrik Larsson, Laurent Blanc og Edwin van der Sar. Allir voru þeir komnir yfir þrítugt er Ferguson fékk þá á Old Trafford.

Sheringham fékk það erfiða verkefni að leysa Eric Cantona af hólmi árið 1997 er hann var 31 árs. Hann blómstraði hjá félaginu þó svo að United hafi ekki unnið neinn titil fyrsta árið hans hjá félaginu. Var Sheringham meðal annars valinn leikmaður ársins eitt árið en flestir muna þó helst eftir jöfnunarmarkinu hans gegn FC Bayern í Meistaradeildinni árið 1999.



HENRIK LARSSON

Van der Sar hefur verið frábær frá því hann kom til félagsins en hann var þá 34 ára. Henke Larsson var 35 ára er hann kom á Old Trafford. Hann staldraði ekki lengi við en framlag hans var ómetanlegt og United stóð uppi sem meistari.

Laurent Blanc var kannski ekki eins farsæll og áðurnefndir leikmenn; var nokkuð óstöðugur í leik sínum en hann vann titil með félaginu.

Nú er spurning hvort Sol Campbell geti fetað í fótspor þessara manna með sama sóma, fari svo að hann fái tækifæri hjá Rauðu djöflunum? - hbg



**TEDDY SHERINGHAM** Átti ákaflega góðu gengi að fagna hjá Manchester United, rétt eins og Larsson. NORDIC PHOTOS/GETTY



**WENGER** Stjóri Arsenal er ekki allra. NORDIC PHOTOS/GETTY

Matthias Sammer:

## Vanvirðing að mæta með leikskólalið

**FÓTBOLTI** Þýska goðsögnin Matthias Sammer segir að Arsene Wenger, stjóri Arsenal, beri ekki næga virðingu fyrir Meistaradeildinni og það hafi sýnt sig í gær er hann tefldi fram því sem Sammer kallar leikskólalið.

Ungir og óreyndir leikmenn eins og Kerrea Gilbert, Kyle Bartley, Jack Wilshere og Tom Cruise fengu að reyna sig í gær gegn Olympiakos. Arsenal tapaði, 1-0, en það breytti engu fyrir liðið enda var það komið áfram. Tapið gerði það aftur á móti að verkum að gríska liðið komst áfram á kostnað Standard Liege.

Sammer er afar ósáttur við vinnubrögð Wengers og segir að hann geri lítið úr deildinni með háttalagi sínu.

„Ég er afar svekktur með það sem Wenger gerði. Þetta er Meistaradeildin, ein mikilvægasta keppnin í heiminum, og hann mætir til leiks með eitthvert leikskólalið,“ sagði Sammer hneykslaður.

„Hann má það vissulega en ég get ekki borið virðingu fyrir þessari ákvörðun. Mönnum ber að sýna meiri virðingu en þetta fyrir keppninni.“ - hbg



**RAFA BENITEZ** Segir aðalmálið að ná góðum árangri í ensku úrvalsdeildinni. NORDIC PHOTOS/GETTY

Rafael Benitez, Liverpool:

## Deildin skiptir nú höfuðmáli

**FÓTBOLTI Rafael Benitez, knattspyrnustjóri Liverpool, segir að liðið muni nú fyrst og fremst leggja áherslu á að ná sem bestum árangri í ensku úrvalsdeildinni. Liðið lauk í vikunni þátttöku sinni í Meistaradeild Evrópu og keppir í Evrópudeildinni eftir áramót.**

**„Við munum taka Evrópudeildina alvarlega en aðalmálið hjá okkur verður að lenda í hópi fjögurra efstu liða í deildinni,“ sagði Benitez en aðeins þau lið tryggja sér þátttökurétt í Meistaradeildinni fyrir næstu leiktíð. „Þær ógöngur sem liðið lenti í í Meistaradeildinni verða dýrmæt reynsla fyrir leikmenn og gefa þeim styrk fyrir átökin fram undan í úrvalsdeildinni.“**

**Liverpool mætir Arsenal í stórleik deildarinnar um helgina og segir Benitez að leikmenn verði nú að einbeita sér fyllilega að þeim leik.**

**„Þeir Fernando Torres og Alberto Aquilani eru báðir leikfærir og munu æfa stíft fram að leik. Þeir verða klárir í slaginn þegar kemur að leiknum við Arsenal.“** - esá






# Elskar að æfa skotið sitt

**Sean Burton bætti tæplega 19 ára gamalt met Francs Booker þegar hann skoraði sextán þriggja stiga körfur á móti Hamri síðastliðinn sunnudag. Burton er búinn að hitta úr 24 af 32 þriggja stiga skotum í síðustu tveimur leikjum.**

**KÖRFUBOLTI** Sean Burton lætur ekki mikið yfir sér. Hann er grannvaxinn og ekki hár í loftinu og það er fátt sem bendir til þess að þar fari bandarískur atvinnumaður sem er nýbúinn að setja met í þriggja stiga körfum. Hamarsmenn og Njarðvíkingar geta hins vegar vottað um það að menn mega ekki láta útlitið blekkja sig því þar er á ferðinni svakaleg skytta.

„Þeir voru að spila 2:3 svæðisvörn og voru að gefa okkur opin skot. Ég hitti úr fyrsta þriggja stiga skotinu mínu og eftir það fór allt ofan í hjá mér,“ segir Sean, sem endaði með 55 stig og sextán þriggja stiga körfur úr 20 skotum í leiknum á móti Hamri.

„Ég hafði aldrei skorað svona marga þrista í einum leik og hafði sett nýtt persónulegt met með því að skora átta þrista í leiknum á undan sem var á móti Njarðvík,“ segir Sean. Leikurinn á undan var enginn meðalleikur heldur þar sem hann skoraði 41 stig og hitti úr 8 af 12 þriggja stiga körfum í 98-94 sigri á toppliði Njarðvíkur.

„Þegar ég kom hingað fyrst var ég að spila í fyrsta sinn með þessum strákum og ég þurfti tíma til þess að venjast þeim. Leikstíllinn, íþróttahúsin og boltarnir voru líka allt öðruvísi en ég átti að venjast. Ég er farinn að venjast öllu núna enda er ég búinn að vera hérna í að verða meira en mánuð,“ segir Sean Burton, sem kom ekki til landsins fyrr en nokkuð var liðið á mótið.

„Eftir síðasta árið mitt í háskólaboltanum reyndi ég að koma mér á framfæri því ég vildi halda áfram að spila körfubolta. Ingi hafði samband við mig og sagði mér að hann hefði áhuga á því að fá mig. Ég varð strax spenntur því þetta leit út fyrir að vera frábær staður og Ingi leit út fyrir að vera góður þjálfari. Ég var því heppin með hvernig þetta gekk upp,“ segir Sean Burton.

Hann var ekki að hitta mikið í fyrstu leikjum sínum en Hlynur Bæringsson, fyrirliði liðsins, talaði um það eftir leik á móti ÍR að þar færi ein mesta skytta sem hann hefði séð. Það kom líka á daginn að skyttan Sean Burton fór í gang.

„Ég elska það að eyða tíma í íþróttahúsinu og æfa skotið mitt. Það var mér sérstaklega mikilvægt rétt eftir að ég kom hingað því þá var ég ekki að hitta úr skotunum mínum. Ég fór því að æfði skotið mitt á hverjum degi og það er farið að skila sér,“ segir Sean.


**SJÓÐHEITUR** Sean Burton lék frábærlega í síðustu tveimur leikjum þar sem hann skoraði samanlagt 96 stig. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Þeir sem sjá Sean spila taka strax eftir því að hann er fljótur að skjóta. „Ég hef allan minn körfuboltaferil verið einn af minnstu mönnunum á vellinum þannig að ég þurfti að læra það að skjóta hratt ef ég ætlaði mér að skjóta á körfuna,“ segir Sean.

Sean ætlaði sér aldrei að bæta einhver met og segist leggja ofurkapp á að sinna sínu mikilvægasta starfi, sem er að stýra sóknarleik Snæfellsliðsins. „Ég hef meiri áhyggjur af því að stjórna hraðanum og reyna að stýra leiknum en því að skora svona mikið. Ég veit að ég mun fá mín skot og hef því ekki neinar áhyggjur af því.

Á meðan við erum að vinna og liðið er að spila vel er það það sem mestu máli skiptir,“ segir Sean.

Snæfell hefur byrjað vel með Sean Burton innanborðs en bikarsigurinn á Hamri á sunnudaginn var sjötti sigur liðsins í sjö leikjum með þennan snaggaralega bakvörð innanborðs. Eina tap liðsins var með minnsta mun í framlengdum leik í Grindavík.

„Við erum rétt að koma upp á yfirborðið sem lið. Við erum að verða betri og betri á æfingum enda ennþá að læra inn á hver annan. Ég er viss um að í janúar og febrúar verðum við búnir að smella alveg saman og farnir að spila mjög góðan körfubolta,“ segir Sean.

Áður en kemur að næsta alvöruleik, sem er á heimavelli Íslandsmeistaranna í KR, ætlar Sean að bjóða upp á aðra þriggja stiga sýningu í þriggja stiga skotkeppni Stjörnuleiksins sem fer fram í Grafarvogi á laugardaginn.

„Ég finn enga pressu á mér í þriggja stiga keppninni þrátt fyrir þessa tvo síðustu leiki. Ég ætla bara að reyna að skemmta mér og hafa gaman,“ segir Sean að lokum en þar talar maðurinn sem hefur sett niður 24 þriggja stiga skot af 32 í síðustu tveimur leikjum og verður því að teljast afar sigurstranglegur um helgina.

ooj@frettabladid.is

Ingi Þór Steinþórsson, þjálfari Snæfells, fann Sean Burton milliliðalaust:

# Eins og hann hafi átt að koma

**KÖRFUBOLTI** Ingi Þór Steinþórsson, þjálfari Snæfells í Iceland Express deild karla, datt í lukkupottinn þegar hann krækti í Bandaríkjamanninn Sean Burton. „Ég bjóst kannski ekki við svona hittni en það var hans alhliða leikur sem heillaði mig,“ segir Ingi Þór um heitustu skyttuna á Íslandi í dag.

„Hann var búinn að vera aðalmaðurinn í litlum skóla í litlu samfélagi og ég hafði trú á því að hann myndi þrífast vel í svona samfélagi og að hann myndi sætta sig við að koma í bæjarfélag eins og við búum í hér í Hólminum,“ segir Ingi en Sean Burton var með 22,4 stig og 7,7 stoðsendingar að meðtali á lokaári sínu hjá Ithaca-skólanum.

„Ég ætlaði að fá hann í sumar en þá var stjórnin ábyrg og fjármagnið var ekki til staðar. Á meðan samdi hann við London Leopards á Englandi. Svo þegar fór að glæðast í fjáröflun hérna og stjórnin gaf mér grænt ljós að fá erlendan leikmann kom í ljós að hann var ekki enn búinn að fá atvinnuleyfi í Englandi,“ rifjar Ingi upp.

„Við fundum það út að hann var ennþá að bíða eftir atvinnu- og dvalarleyfi í Englandi og hafði verið að bíða í þrjár vikur. Ég setti mig í samband við hann og tveimur dögum seinna var búið að græja málið. Það er eins og hann hafi átt að koma hingað,“ segir Ingi Þór.

Sean Burton byrjaði ekki allt of vel og hitti „bara“ úr 11 af 39 fyrstu þriggja stiga skotunum sem hann tók í fyrstu fjórum leikjunum. „Hann hitti ekki vel í byrjun en hjá skyttum er þetta spurning um ryþma og sjálfstraust. Í síðustu tveimur leikjum hefur hann verið að hitta og skjóta meira. Ég er búinn að vera mjög ánægður með hann allan tímann þó svo að hann hafi ekki verið að skora. Hann er leikstjórnandi sem getur skorað. Hann er ekki að taka frá einum eða neinum og stýrir liðinu mjög vel. Hann fékk algjört skotleyfi eftir Hamarsleikinn,“ sagði Ingi Þór hlæjandi og bætti við: „Hann sagði við mig: Ég vona að þú ætlist ekki til þess að ég skori 40 stig í leik“,“ segir Ingi og bendir á að Sean hafi bætt sitt persónulega met tvo leiki í röð.

„Hann sér völlinn mjög vel og ég held að það sé mjög gaman að spila með honum. Hann gefur okkur nýja vídd með þessum leik sínum, sem er mjög jákvætt. Væntingarnar til hans rjúka núna upp en það er stutt á milli í þessu því það voru margir óánægðir með hann í byrjun og fannst hann þá ekki vera að spila vel,“ segir Ingi en þeir hinir sömu eru örugglega búnir að skipta um skoðun núna. - óój


**INGI ÞÓR STEINÞÓRSSON** Þjálfari Snæfells. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON




VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR: AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000



**ALBERTO AQUILANI** Fékk loksins að spila fyrir Liverpool. NORDIC PHOTOS/GETTY

Alberto Aquilani:

## Sýnið mér þolinmæði

**FÓTBOLTI** Ítalinn Alberto Aquilani fékk langþráð tækifæri í liði Liverpool gegn Fiorentina í Meistaradeildinni á miðvikudag. Hann átti engan stjörnuleik enda lítið spilað síðan hann kom til félagsins. Hann fékk þó að spila allan leikinn og það í fyrsta skipti fyrir félagið.

Aquilani biður stuðningsmenn Liverpool um að sýna sér þolinmæði enda muni það taka hann tíma að komast í leikform eftir margra mánaða fjarveru vegna meiðsla.

„Það er mjög erfitt að hafa ekki spilað fótbolta í sjö eða átta mánuði. Ef maður spilar ekki er ástandið ekki gott. Ég þarf að fá að spila og eftir því sem ég spila meira, þeim mun betri verð ég,“ sagði Aquilani og bætti við að aðalatriði liðsins núna væri að enda í einu af efstu fjórum sætunum í deildinni.

„Það er gríðarlega mikilvægt fyrir okkur. Við verðum að taka einn leik fyrir í einu og á sunnudag verðum við að vinna Arsenal,“ sagði Ítalinn. - hbg

# Broddgölturinn sjúkur í Nóarúsínur

**Það verður seint sagt um handknattleikskappann Kristin Björgúlfsson að hann bindi bagga sína sömu hnútum og samferðamennirnir. Þessi lunkni miðjumaður spilar nú í Þýskalandi þar sem hann býr með broddgeltinum sínum. Dýrið hefur verið nefnt Hr. 109 til heiðurs Breiðholtinu.**

**HANDBOLTI** Breiðhyltingurinn Kristinn Björgúlfsson hefur víða komið við á sínum ferli. Hann er uppalinn ÍR-ingur en hefur síðustu ár leikið meira og minna erlendis.

Lengst af lék hann í Noregi en hann spilaði einnig eina leiktíð í Grikklandi. Hann skipti svo um vettvang eina ferðina enn í sumar er hann samdi við þýska félagið Rimpar en það félag leikur í 3. deild suður.

Kristinn býr einn en hann unir sér vel með gæludýrinu sínu sem er broddgöltur. Ekki er það beint hefðbundið gæludýr en Kristinn hafði aldrei áhuga á því að vera með hefðbundið gæludýr.

„Eftir að mér datt þetta í hug hafði ég samband við dýralækni og spurði hvort þetta væri í lagi, hvort ég myndi nokkuð drepa dýrið. Hann sagði að þetta væri í lagi. Svo kem ég úr sjúkraþjálfun dag einn og sé þá broddgölt í grasinu fyrir utan. Bið sjúkraþjálfarann að redda mér kassa, setti dýrið í kassann og tók það með heim. Ég er örugglega fyrsti Íslendingurinn sem fær sér broddgölt. Ég vil ekki vera eins og aðrir. Það er bara til eitt eintak af mér,“ segir Kristinn um tilurð þess að hann ákvað að fá sér þetta óvenjulega gæludýr.

Broddgeltir eru ekki seldir í gæludýrabúðum þannig að Kristinn varð að redda sér sjálfur. Sambúðin með broddgeltinum hefur gengið vel en Kristinn segir broddgöltinn vera skemmtilegt gæludýr.

„Hann fær að valsa hér um íbúðina og er aðallega í því að fela sig. Fara ofan í töskur og klifra upp lampa. Allt afar skemmtilegt,“ segir Kristinn en hvað gefur hann dýrinu að borða?



**FLOTTIR SAMAN** Kristinn og broddgölturinn Hr. 109 saman á heimili þeirra í Rimpar í Þýskalandi. MYND/ÚR EINKASAFNI

„Hann borðar kattamat með kjúklingabragði. Læknirinn mælti með því. Svo borðar hann banana og á dögunum fékk hann súkkulaðirúsínur frá Nóa. Þær hurfu á mettíma, hann var sjúkur í þær. Ég bauð honum venjulegar rúsínur daginn eftir en hann vildi ekki sjá þær. Bara íslensku súkkulaðirúsínurnar.“

Kristinn segir að gölturinn stingi ekki eins mikið og margur heldur. „Þetta er ekki eins og í teiknimyndunum,“ segir Kristinn. Hann nefndi broddgöltinn Hr. 109 þar sem hann er mikill Breiðhyltingur. Vinir Kristins fylgjast spenntir með bloggskrifum hans um dýrið og nú hefur Hr. 109 fengið sína eigin Facebook-síðu sem Kristinn segir dýrið hafa stofnað sjálft.

Þó svo að heimilislífið sé skemmtilegt hefur ekki gengið eins vel á handboltavellinum. Rimpar situr í neðsta sæti deildarinnar. Liðið tapaði átta fyrstu leikjum sínum í deildinni en er að rétta úr kútnum.



**UPPÁTÆKJASAMUR** Herra 109 er mikið í því að klifra upp um alla íbúð og fela sig.



**FÉLAGAR AÐ LEIK** Kristinn og herra 109 eru duglegir að leika og horfa einnig á sjónvarpið saman.

„Við höfum verið ótrúlega óheppnir með meiðsli. Níu leikmenn meiddust hjá okkur og flestir í langan tíma. Þetta var með hreinum ólíkindum,“ segir Kristinn, sem er fyrsti atvinnumaðurinn í liðinu.

„Það er mjög gaman. Fólk í þessum 5.800 manna bæ veit vel hver ég er og mér er heilsað hvert sem ég fer. Ég kann vel við mig hér. Það er alltaf fullt á leikjum hjá okkur og mikil stemning þó svo að við værum að tapa öllum leikjum,“ segir Kristinn Björgúlfsson.

henry@frettabladid.is



512 5100 | STOD2SPORT.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

★★★★★

# „MEISTARAVERK!“ – EMPIRE




## 14 ÁRA GAMLIR GERÐU ÞEIR SAMNING UM ROKKA SAMAN AÐ EILÍFU
## ÞEIM VAR FULL ALVARA!

★★★★★

„ÉG BUGTA MIG OG BEYGI FYRIR ANVIL!“
- KEANU REEVES

„BESTA MYND SEM GERÐ HEFUR VERIÐ UM ROKK OG RÓL!“
- UNCUT

„BESTA HEIMILDARMYND SEM ÉG HEF SÉÐ Í ÁRARAÐIR!“
- MICHAEL MOORE

Fumsýnd 11. desember
**í Háskólabíói**

Græna ljósið er á
**Facebook.com/graenaljosid**

græna ljósið

Helgar
FRÉTTABLAÐIÐ
blað
alla laugardaga

Helgarblaðið:

Lífið og tilveran.
- Þráinn Bertelsson í helgarviðtali

Vill færa klassíska heiminn og poppheiminn nær hvorum öðrum.
- Ólafur Arnalds í helgarviðtali

Sjö bílar í einum.
- Fjölskyldufaðir lengdi fjölskyldujeppann þegar fimmta barnið var á leiðinni.

Hverjar eru bestu bækur áratugarins?

Menning:

Forheimskunarland Spámannsins.
- Síðara bindið af skáldfræðisögu Péturs Gunnarssonar um Þórberg Þórðarson komið út

Allt sem þú þarft
FRÉTTABLAÐIÐ

HK-menn unnu öruggan tíu marka sigur á Gróttu og komust upp í 4. sætið:

# Verðum að vera svolítið geðbilaðir

**HANDBOLTI** HK-menn unnu öruggan tíu marka sigur á Gróttu, 32-22, í leik liðanna í 9. umferð N1 deildar karla í handbolta í Digranesi í gær. HK gerði út um leikinn í kringum hálfleikinn og eftir það var aldrei spurning um hvernig myndi fara.

„Þetta var frábær leikur hjá okkur. Við vorum aðeins lengi í gang og þá sérstaklega varnarlega. Síðustu 40 mínúturnar voru hinsvegar frábærar og ég var þá mjög ánægður með liðsheildina. Vörnin var frábær og Bubbi var magnaður fyrir aftan í markinu,“ sagði Gunnar Magnússon, þjálfari HK. „Við erum að þjappa okkur saman sem sterkari liðsheild og það eru fleiri menn að taka ábyrgð og annað. Þetta var mikilvægur sigur því þetta var spurning um að vera þremur stigum á eftir Gróttu eða einu stigi á undan.”

HK-menn tóku frumkvæðið í lok fyrri hálfleiks og voru fjórum mörkum yfir í hálfleik, 16-12.



**HK-MÚRINN** Bjarki Már (2) og Vilhelm Gauti (33) verjast skoti Antons Rúnarssonar í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

HK byrjaði síðan seinni hálfleikinn af sama krafti og náði strax sjö marka forustu með því að skora þrjú fyrstu mörk seinni hálfleiksins. Eftir það var sigurinn nánast í höfn því Gróttumenn áttu fá svör.

HK-vörnin var í mjög góðum gír þar sem Vilhelm Gauti Bergsveinsson og Bjarki Már Gunnarsson hleyptu fáu í gegn og flest allt sem slapp fram hjá þeim varði Sveinbjörn í markinu. „Það eru allir leikmenn í liðinu með hlutverk, bæði í sókn og vörn. Okkar hlutverk er að vera svolítið geðbilaðir í vörninni, svolítið ýktir til þess að fá menn með okkur,“ sagði Vilhelm en hann og Bjarki vörðu saman tíu skot í HK-vörninni í gær. „Við vorum lengi í gang varnarlega. Eftir að við smullum varnarlega í gang þá held ég að þetta hafi aldrei verið spurning.“

„Við vorum alls ekki á réttu róli og við vorum ekki tilbúnir. Sóknarlega vorum við slakir og við áttum mörg slök og illa ígrunduð skot á markið,“ sagði Halldór Ingólfsson, þjálfari Gróttu sem gat ekki verið með vegna meiðsla. „Kannski sat Víkingsleikurinn í mönnum. Það var tvíframlengdur leikur og það er stutt á milli leikja. Við höfum ekki neina svakalega mikla breidd og þetta var því erfitt.“ - óój

# Fegnir þegar flautað var af

**Haukar lögðu grunninn að öruggum sigri gegn Akureyri með frábærum fyrri hálfleik í gær. Þjálfari Akureyrar segir leikinn hafa verið eins og meistaraflokk gegn fjórða flokki. Haukar verða á toppnum í jólafríinu.**

**HANDBOLTI** Haukar unnu öruggan sigur á Akureyri í N-1 deild karla í handbolta í gær. Með sigri hefði Akureyri ekki bara sent skýr skilaboð til annarra liða með því að komast á topp deildarinnar, heldur gefið sjálfstraustinu góðan byr líka. Liðið kolféll aftur á móti undir pressu sem hlýtur að vera áhyggjuefni fyrir liðið. Sigur Hauka var aldrei í hættu.

Þrátt fyrir pakkfullt hús og góða stemningu í stúkunni í Höllinni var stemningin innan vallar hjá Haukum. Þeir gáfu strax tóninn og komust í 0-3. Vörn gestanna var frábær og Birkir Ívar góður í markinu.

Á sama tíma var sókn Akureyrar slök og hugmyndasnauð. Þeir fóru illa með fín færi, meðal annars tvö víti, og gekk hreinlega ekkert að skora. Sjö mörk liðsins í fyrri hálfleik segja alla söguna. Á meðan voru Haukar skynsamir í sókninni, spiluðu langar sóknir, en vörn Akureyrar gleymdi sér oft. Markvarsla liðsins var ágæt. Staðan var 7-15 í hálfleik.

Haukar komust mest tíu mörkum yfir í seinni hálfleik en slökuðu mikið á klónni undir lokin. Sigurinn var þó aldrei í hættu. Slakir dómarar leiksins hjálpuðu Akureyri ekki með mörgum dómum sem féllu gegn þeim. Liðið eyddi þó of mikilli orku í að pirra sig á dómurunum en það var aldrei spurning hvorum megin sigurinn lenti.

Það er þó óþarfi að leggjast ítarlega yfir af hverju Akureyri tapaði, Haukar eru einfaldlega með betra lið. Akureyri gafst ekki upp en reynsla Haukanna vegur þungt. Liðið kann ekki bara að spila vel heldur líka að pirra andstæðingana á lúmskan hátt. Þeir verða einir á toppnum í jólafríinu eftir sigurinn,




**EINAR ÖRN JÓNSSON** Fer hér fram hjá varnarmönnum Akureyrar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

lokatölur 20-24 fyrir Íslandsmeisturunum.

„Það sem er efst í huga mínum er lélegur handbolti. Við vorum með allar kjöraðstæður til að spila frábæran handboltaleik, en sýningin var alveg ömurleg,“ sagði hreinskilinn Rúnar Sigtryggsson, þjálfari Akureyrar.

„Menn bjuggu til pressu á sjálfan sig fyrir leikinn en við bara stóðumst það ekki. Við þorum bara ekki á toppinn. Ekki vorum við líklegir, vorum aldrei nálægt því í dag. Það þarf þá bara að vinna í því. Það sást á öllum sviðum í dag að Haukarnir eru betri, hugarfarslega og líkamlega. Þetta var eins og meistaraflokkur gegn fjórða flokki. Það þýðir þó ekkert að gráta þetta lengur, þetta er búið og gert og maður var bara feginn þegar það var flautað til leiksloka.“

Haukarnir voru aftur á móti brosmildir en Aron Kristjánsson bjóst við meiru frá Akureyri. „Ég verð að segja að ég bjóst við þeim sterkari. Þeir eru með flott lið og hafa verið að spila vel en við áttum ágætis leik í dag. Mér fannst við spila frábæran varnarleik og Birkir var frábær í markinu. Við fengum mikið af hraðaupphlaupum og það lagði grunninn að sigrinum. Elías Már var stórkostlegur í fyrri hálfleik og gerir það að verkum að við erum með mikið rými. Sigurbergur náði sér engan veginn á strik en samt sem áður erum við að spila frábæran sóknarleik í fyrri hálfleik. Í seinni hálfleik hleypum við þessu upp í smá vitleysu undir lokin, við ætluðum að gefa mönnum tækifæri til að sanna sig og því miður fór sem fór. Við erum samt sem áður gríðarlega ánægðir með fjögurra marka sigur hér fyrir norðan,“ sagði Aron. - hþh

## ÚRSLIT

**Akureyri - Haukar** **20-24 (7-15)**

**Mörk Akureyrar (skot)**: Oddur Grétarsson 7/3 (10/4), Jónatan Magnússon 4 (10/2), Geir Guðmundsson 2 (4), Heimir Örn Árnason 2 (6), Árni Þór Sigtryggsson 2 (8), Guðlaugur Arnarsson 1 (2), Andri Snær Stefánsson 1 (4), Guðmundur H. Helgason 1 (8).
**Varin skot**: Hafþór Einarsson 11 (17) 65%, Hörður Flóki Ólafsson 8 (26) 31%.
**Hraðaupphlaup**: 2 (Oddur 2 ).
**Fiskuð víti**: 6 (Oddur 2, Heimir, Árni, Andri, Hörður )
**Utan vallar**: 2 mínútur.
**Mörk Hauka**: Elías Már Halldórsson 7 (9), Björgvin Hólmgeirsson 6 (16), Einar Örn Jónsson 2 (2), Freyr Brynjarsson 2 (4), Pétur Pálsson 2 (6), Heimir Óli Heimisson 1 (1), Stefán Rafn Sigurmannsson 1 (2), Guðmundur Árni Ólafsson 1 (4), Sigurbergur Sveinsson 1/1 (7).
**Varin skot**: Birkir Í. Guðmundss. 22/2 (42) 52%
**Hraðaupphlaup**: 4 (Elías 2, Freyr 2).
**Fiskuð víti**: 1 (Pétur)
**Utan vallar**: 6 mínútur.

**HK - Grótta** **32-22 (16-12)**

**Mörk HK (skot)**: Valdimar Þórsson 7/2 (11/2), Jón B. Pétursson 6 (7), Ragnar Hjaltested 6/1 (9/2), Ólafur V. Ólafsson 5/1 (8/2), Vilhelm G. Bergsveinsson 3 (4), Atli Ingólfsson 2 (3), Hákon Bridde 2 (4), Bjarki Elíss. 1 (2), Hlynur Magnúss. (3), Bjarki Gunnarss. (1), Halldór Haraldss. (1).
**Varin skot**: Sveinbjörn Pétursson 18 (af 38/1), Lárus Helgi Ólafsson 5 (af 7)
**Hraðaupphlaupsmörk**: 7 (Jón Björgvin 3, Hákon 2, Bjarki, Ragnar)
**Fiskuð víti**: Ragnar 3, Atli 3, Jón Björgvin.
**Utan vallar**: 2 mínútur
**Mörk Gróttu (skot)**: Anton Rúnarsson 7/1 (21/1), Hjalti Pálmason 6 (16), Atli Rúnar Steinþórsson 2 (2), Arnar Freyr Theodorsson 2 (5), Jón Karl Björnsson 2 (5/1), Finnur Ingi Stefánsson 2 (6), Árni Benedikt Árnason 1 (5)
**Varin skot**: Gísli Guðm. 7 (af 22/3), Magnús Sigmundss. 5/1 (af 18/2), Einar Ingimarss. 1 (af 5).
**Hraðaupphlaupsmörk**: 2 (Jón Karl, Finnur)
**Fiskuð víti**: Anton, Hjalti.
**Utan vallar**: 6 mínútur

### STAÐAN

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Haukar** | **8** | **6** | **2** | **0** | **203-178** | **14** |
| Valur | 8 | 5 | 1 | 2 | 203-187 | 11 |
| **Akureyri** | **9** | **5** | **1** | **3** | **220-215** | **11** |
| HK | 8 | 4 | 1 | 3 | 208-201 | 9 |
| **FH** | **8** | **4** | **1** | **3** | **227-218** | **9** |
| Grótta | 9 | 4 | 0 | 5 | 229-237 | 8 |
| **Fram** | **8** | **1** | **0** | **7** | **201-222** | **2** |
| Stjarnan | 8 | 1 | 0 | 7 | 172-205 | 2 |

### NÆSTU LEIKIR Í N1-DEILD KARLA

| | |
|---|---|
| **Valur - FH** | **Á morgun kl. 16.00** |
| Fram - Stjarnan | Sunnudag kl. 16.00 |
| **HK - Valur** | **Mánudag kl. 19.30** |

*Eftir þessa leiki verður gert hlé á deildinni vegna Evrópumeistaramótsins í Austurríki.*

### NÆSTU LEIKIR Í N1-DEILD KVENNA

| | |
|---|---|
| **Valur - HK** | **Á morgun kl. 14.00** |
| Fylkir - KA/Þór | Á morgun kl. 16.00 |
| **Fram - Víkingur** | **Sunnudag kl. 14.00** |
| Haukar - KA/Þór | Sunnudag kl. 16.00 |

# ÁNÆGÐUSTU VIÐSKIPTAVINIRNIR 10 ÁR Í RÖÐ!

**Okkur er það mikill heiður að viðskiptavinir sparisjóðanna skuli vera þeir ánægðustu hjá íslenskum fjármálafyrirtækjum.**

**Við þökkum fyrir okkur!**
**Starfsfólk sparisjóðanna.**



## Áfram ánægja um allt land!

**Viðskiptavinir okkar eru þeir ánægðustu** hjá íslenskum fjármálafyrirtækjum tíunda árið í röð. **Persónuleg þjónusta** sem setur fjölskylduna og heimilin í landinu í öndvegi er okkar framlag til uppbyggingar á Íslandi. Um fjórðungur þjóðarinnar nýtur ánægjunnar af viðskiptum við sinn sparisjóð. Við teljum það skyldu okkar að gæta hagsmuna viðskiptavina okkar.*

SPARISJÓÐIRNIR Á ÍSLANDI

*– áfram fyrir þig og þína*

**Við erum eru hér, fyrir þig og þína, 12 sparisjóðir með 625 starfsmenn um allt land.**

**Byr sparisjóður** - Akureyri - Garðabær - Hafnarfjörður - Kópavogur - Reykjavík **Sparisjóður Bolungarvíkur** - Bolungarvík - Suðureyri **Sparisjóður Höfðhverfinga** - Grenivík **Sparisjóðurinn í Keflavík** - Keflavík - Vogar - Sandgerði - Njarðvík - Garður - Grindavík - Hvammstangi - Þingeyri - Ísafjörður - Flateyri - Súðavík - Patreksfjörður - Króksfjarðarnes - Bíldudalur - Tálknafjörður - **AFL sparisjóður** - Siglufjörður - Sauðárkrókur **Sparisjóður Norðfjarðar** - Neskaupstaður - Reyðarfjörður **Sparisjóður Ólafsfjarðar** - Ólafsfjörður **Sparisjóður Strandamanna** - Hólmavík - Norðurfjörður **Sparisjóður Suður-Þingeyinga** - Laugar - Húsavík - Reykjahlíð - Fosshóll **Sparisjóður Svarfdæla** - Dalvík - Hrísey **Sparisjóður Vestmannaeyja** - Vestmannaeyjar - Selfoss - Hveragerði - Hornafjörður - Djúpivogur - Breiðdalsvík **Sparisjóður Þórshafnar og nágrennis** - Þórshöfn - Kópasker - Raufarhöfn.

*Skv. mælingum Íslensku ánægjuvogarinnar (2. nóv. - 11. des. 2008).

DYNAMO REYKJAVÍK

## > Jackie Chan

„Mig langaði aldrei til þess að verða næsti Bruce Lee. Ég ætlaði að verða fyrsti Jackie Chan.“

***Chan fer með annað aðalhlutverkið í kvikmyndinni Around the World in 80 Days sem Skjár einn sýnir í kvöld kl. 20.10.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ MAGNÚS TEITSSON SKEMMTI SÉR VEL YFIR GÓÐU MÁLEFNI

# *Rauðnefjaðir skemmtikraftar í barnahjálp*

Fyrir sléttri viku var hátíðlegur dagur í sjónvarpinu. Þá var dagskrá á Stöð 2 í tilefni af Degi rauða nefsins, en þá sameinast skemmtikraftar og aðrir sjálfboðaliðar um það góða málefni að afla fjár til starfsemi Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna, UNICEF. Hátíðlegur dagur, skrifa ég. Þótt skemmtiefnið hafi langt í frá verið í uppskrúfaðri kantinum (Sveppi fékk til dæmis að drekka vatn úr klósetti, eins og við var að búast) verður andrúmsloftið kringum atburði af þessum toga nefnilega eins og á stórhátíðum þegar fólk sameinast um hið jákvæða.

Samkvæmt venju voru heitustu nöfnin fengin til að stjórna samkomunni og nú voru það leikararnir Ilmur Kristjánsdóttir og Björn Thors, svífandi vængjum þöndum eftir stórsigra í Ástríði og Fangavaktinni. Þau töfsuðu ögn í byrjun en duttu svo í karakter og stóðu sig í heildina vel. Hins vegar vil ég leyfa mér að segja að það hafi komið skemmtilega á óvart hversu fjölbreytt og góð atriði voru í boði í þessari löngu dagskrá. Ungir og hressir grínarar Mið-Íslands stigu á svið, Kenneth Máni framdi glæpsamlegt góðverk í Kaupmannahöfn, trúðarnir í Jesú litla fluttu sinn einlæga boðskap og vissum hápunkti var náð þegar ofurleikkonurnar Helga Braga Jónsdóttir og Katla Margrét Þorgeirsdóttir færðu okkur einþáttung um tilgerðarlegar frúr sem misstu sig í kúk og piss húmor og aftur til baka í snobbið. Skemmtiatriðin voru flest afbragð og fleiri en svo að ég muni þau öll í svipinn.



En nú er heil vika liðin. Af hverju er þá verið að fjalla um Dag rauða nefsins núna, þegar fennt hefur í spor skemmtunarinnar? Jú, málefnið sem allt snerist um er það sama. Víða um heim búa börn við aðstæður sem eru ekki fólki bjóðandi. Með því að styrkja Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna getur þú hjálpað þeim til betra lífs. Skráðu þig sem heimsforeldri á www.unicef.is eða hafðu samband í síma 552-6300. Það skiptir máli.

## FÖSTUDAGUR



▶ **18.15 Fréttir** SKJÁR EINN



▶ **18.30 Modern Toss** STÖÐ 2 EXTRA



▶ **20.00 The Shark Shootout, beint** STÖÐ 2 SPORT



▶ **20.15 Marteinn** SJÓNVARPIÐ



▶ **21.10 Logi í beinni** STÖÐ 2

## SJÓNVARPIÐ

**15.10 Leiðarljós** (e)

**15.50 Leiðarljós** (e)

**16.35 Táknmálsfréttir**

**16.45 Bjargvætturinn** (18:26)

**17.10 Tóta trúður** (5:26)

**17.35 Galdrakrakkar** (3:13)

**18.00 Nýsköpun - Íslensk vísindi** (e)

**18.35 Jóladagatalið - Klængur sniðugi** (e)

**18.45 Jóladagatalið - Klængur sniðugi**

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veðurfréttir**

**19.35 Kastljós**

▶**20.15 Marteinn** (6:8) Íslensk gamanþáttaröð. Aðalhlutverk: Jóhannes Haukur Jóhannesson, Kjartan Guðjónsson og Edda Björg Eyjólfsdóttir.

**20.50 Draugahúsið II** (Bride Of Boogedy) Bandarísk fjölskyldumynd frá 1987. Draugur ásækir prakkarana í Davis-fjölskyldunni. Aðalhlutverk: Richard Masur, Mimi Kennedy, Tammy Lauren og David Faustino.

**22.25 Varg Veum - Þyrnirós** (Varg Veum: Tornerose: Þyrnirós) Norsk spennumynd frá 2008. Einkaspæjaranum Varg Veum er falið að finna Lisu sem er 16 ára og Peter kærasta hennar sem struku að heiman. Aðalhlutverk: Bjørn Floberg, Trond Espen Seim, Endre Hellestveit, Kathrine Fagerland og Ågot Sendstad.

**00.00 Fyrir handan** (Auf der anderen Seite) Tyrknesk/þýsk bíómynd frá 2007. Tyrkneskur maður fer til Istanbúl að finna dóttur fyrrverandi kærustu pabba síns. (e)

**02.00 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 Murderball**

**10.00 Bigger Than the Sky**

**12.00 The Murder of Princess**

**14.00 Murderball**

**16.00 Bigger Than the Sky**

**18.00 The Murder of Princess Diana**

**20.00 From Russia with Love** Sean Connery fer með hlutverk James Bond.

**22.00 The French Connection**

**00.00 Bachelor Party**

**02.00 Hellraiser: Inferno**

**04.00 The French Connection**

**06.00 Goldfinger**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Flintstone krakkarnir, Gulla og grænjaxlarnir, Lalli og Kalli litli kanína og vinir.

**08.15 Oprah** Skemmtilegur þáttur með vinsælustu spjallþáttadrottningu heims.

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 The Doctors**

**10.15 The Apprentice** (6:14)

**11.05 America's Got Talent** (11:20)

**12.35 Nágrannar**

**13.00 La Fea Más Bella** (88:300)

**13.45 La Fea Más Bella** (89:300)

**14.30 La Fea Más Bella** (90:300)

**15.15 Identity** (6:12)

**16.00 Barnatími Stöðvar 2** Camp Lazlo, Kalli litli kanína og vinir, Gulla og grænjaxlarnir og Lalli.

**17.03 Bold and the Beautiful**

**17.28 Nágrannar** Fylgjumst nú með lífinu í Ramsey-götu en þar þurfa íbúar að takast á við ýmis stór mál.

**17.58 Friends** Fylgstu með Ross, Rachel, Joey, Phoebe, Monicu og Chandler í fullu fjöri, fjóra daga vikunnar.

**18.23 Veður**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.52 Íþróttir**

**18.59 Ísland í dag**

**19.16 Veður**

**19.25 Auddi og Sveppi** Auddi og Sveppi eru mættir aftur hressari og uppátektarsamari en nokkru sinni fyrr í gamanþætti þar sem allt er leyfilegt.

**20.05 Wipeout - Ísland** Bráðfjörugur skemmtiþáttur fyrir alla fjölskylduna.

▶**21.15 Logi í beinni** Skemmtiþáttur í umsjón Loga Bergmanns en hann hefur einstakt lag á að fá vel valda og landsþekkta viðmælendur sína til að sleppa fram af sér beislinu og sýna á sér skemmtilegu hliðina.

**22.05 Planes, Trains and Automobiles** Gamanmynd með Steve Martin og John Candy í aðalhlutverkum. Fjölskyldufaðir lendir í hremmingum þegar hann reynir að komast heim fyrir þakkargjörðardaginn. Verst þykir honum að sitja upp með ferðafélaga sem er honum ekki að skapi.

**23.40 Trapped in Paradise**

**01.30 Shottas**

**03.05 Planet of the Apes**

**04.55 Wipeout - Ísland**

**05.50 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**16.50 Gillette World Sport 2009** Fjölbreyttur íþróttaþáttur þar sem farið er yfir það helsta sem er að gerast í íþróttunum úti í heimi og skyggnst á bak við tjöldin.

**17.20 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin** Endursýndur leikur úr Meistaradeild Evrópu í knattspyrnu.

**19.00 Meistaradeild Evrópu: Fréttaþáttur** Skyggnst á bak við tjöldin og viðtöl tekin við leikmenn og þjálfara.

**19.30 La Liga Report** Hitað upp fyrir leiki helgarinnar í spænska boltanum.

▶**20.00 The Shark Shootout** Bein útsending frá móti sem Greg Norman heldur. Hér mæta til leiks margir af bestu kylfingum heims en þeim er raðað niður í 12 tveggja manna teymi.

**23.00 Ultimate Fighter - Season 1** Margir af bestu bardagamönnum heims mæta til leiks.

**23.45 UFC 107 Countdown** Hitað upp fyrir UFC 107 en þangað mæta margir af sterkustu bardagamönnum heims.

**00.40 World Series of Poker 2009** Sýnt frá World Series of Poker 2009 en þangað voru mættir til leiks allir bestu og snjöllustu pókerspilarar heims.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**17.00 Blackburn - Liverpool** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**18.40 West Ham - Man. Utd.** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**20.20 Coca Cola mörkin** Sýnt frá öllum leikjunum í Coca-Cola deildinni. Öll flottustu mörkin og tilþrifin á einum stað.

**20.50 Premier League World** Enska úrvalsdeildin skoðuð frá ýmsum hliðum.

**21.20 Premier League Preview** Hitað upp fyrir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni.

**21.50 PL Classic Matches** Liverpool - Arsenal, 2001.

**22.20 PL Classic Matches** Arsenal - Liverpool, 2003.

**22.50 Premier League Preview** Hitað upp fyrir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni.

**23.20 Aston Villa - Hull** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**

**07.30 Game Tíví** (13:14) (e)

**08.00 Dynasty** (26:29) (e)

**08.50 Pepsi MAX tónlist**

**12.00 Game Tíví** (13:14) (e)

**12.30 Pepsi MAX tónlist**

**16.30 What I Like About You** (e)

**16.55 Innlit/ Útlit** (7:10) (e)

**17.25 Dynasty** (27:29)

▶**18.15 Fréttir** Fréttir og veður frá fréttastofu Morgunblaðsins.

**18.30 Still Standing** (3:20) (e)

**19.00 America's Funniest Home Videos** (18:50)

**19.30 Fréttir** (e)

**19.45 King of Queens** (16:25) (e)

**20.10 Around the World in 80 Days** Þetta er ný og fjörug útgáfa af sígildri sögu eftir Jules Verne. Uppfinninga- og ævintýramaðurinn Phileas Fogg veðjar við félaga sína í karlaklúbbi um að hann geti ferðast í kringum heiminn á aðeins 80 dögum með þeim ferðamáta sem 19. öldin býður upp á. Aðalhlutverk: Steve Coogan og Jackie Chan.

**22.10 30 Rock** (10:22) Liz kemst að því að nágranni hennar er gullfallegur læknir og er staðráðin í að næla í hann. (e)

**22.40 Lipstick Jungle** (8:13) (e)

**23.30 Law & Order. Special Victims Unit** (13:19) (e)

**00.20 King of Queens** (16:25) (e)

**00.45 World Cup of Pool 2008** (28:31) Bestu pool-spilarar heims sýna snilldartakta.

**01.35 The Jay Leno Show** (e)

**02.20 The Jay Leno Show** (e)

**03.05 Pepsi MAX tónlist**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Heimastjórn ÍNN, Jón Kristinn Snæhólm, Hallur Hallsson og Guðlaugur Þór Þórðarson ræða um það sem er efst á baugi í íslenskum stjórnmálunum.

**21.00 Segðu mér frá bókinni** Þáttur þar sem rithöfundar kynna nýútkomnar bækur sínar og lesa úr þeim.

**21.30 Anna og útlitið - NÝTT** Anna Gunnarsdóttir og félagar taka venjulega Íslendinga og flikka svo upp á útlitið.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




## Í KVÖLD

**STÖÐ 2 KL. 19.25**

### Wipeout - Ísland



Hér er á ferðinni bráðfjörugur skemmtiþáttur fyrir alla fjölskylduna. Þátttakendur fara í gegnum sérstaklega útfærða þraut á sem stystum tíma og reynir ekki aðeins á líkamlegan styrk heldur einnig kænsku, jafnvægi, snerpu og ekki síst heppni. Meðal þátttakenda sem spreyta sig á rauðu boltunum í kvöld eru Haffi Haff, 49 ára gömul amma, núverandi Íslandsmeistari í 10 dönsum og Hildur Magnúsdóttir, önnur HARA systirin úr X Factor.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### Anna og útlitið

**INN kl. 21.30**

Nýr þáttur, Anna og útlitið hefur göngu sína á sjónvarpsstöðinni ÍNN í kvöld. Þar aðstoða útlitsráðgjafarnir Anna F. Gunnarsdóttir og Jenný Ásmundsdóttir, venjulegt fólk við breytingar á útliti og fatastíl. Þær ræða við íslenska hönnuði um það sem er á döfinni og gefa konum og körlum góð ráð um breytt útlit og bætta ímynd.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**06.50** Bæn
**07.03** Vítt og breitt
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.11** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Óskastundin
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Sagnaslóð
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**13.00** Á réttri hillu
**14.03** Straumar
**15.03** Útvarpssagan: Ástarflótti
**15.25** Án ábyrgðar
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Fimm fjórðu
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**18.53** Dánarfregnir
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Söngvarar blárrar sveiflu
**21.10** Hringsól
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Litla flugan
**23.00** Kvöldgestir
**00.07** Næturtónar

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 | XA-Radíó | FM 96,3 | FM Suðurland | FM 90,1 | Rás 2 |
| FM 90,9 | Gullbylgjan | FM 96,7 | Létt Bylgjan | FM 102,2 | Útvarp Latibær |
| FM 91,9 | Kaninn | FM 97,7 | X-ið | FM 102,9 | Lindin |
| FM 93,5 | Rás 1 | FM 98,9 | Bylgjan | FM 105,5 | Útvarp Boðun |
| FM 95,7 | FM957 | FM 99,4 | Útvarp Saga | | |

## 2 EXTRA

**17.00 The Doctors**
**17.45 Supernanny** (10:20)
▶ **18.30 Modern Toss** (4:6) Gráglettnir breskir þættir í teiknimyndastíl sem byggðir eru á karakterum úr samnefndum teiknimyndasögum eftir Mick Bunnage og Jon Link.
**19.00 The Doctors**
**19.45 Supernanny** (10:20)
**20.30 Ástríður** (5:12) Móðir Ástríðar kemur í heimsókn í tilefni af því að Bjarni frændi er að ferma dóttur sína. Fjölskyldan kemur saman í góðu yfirlæti en fljótlega fara ástamál móðurinnar að ganga fram af Ástríði.
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**22.00 NCIS** (18:19) Spennuþáttaröð um sérsveit lögreglumanna sem starfar í Washington og rannsakar glæpi tengda hernum eða hermönnum á einn eða annan hátt.
**22.45 Fringe** (3:22) Önnur þáttaröðin um Oliviu Dunham, sérfræðing FBI í málum sem grunur leikur á um að eigi sér yfirnáttúrulegar skýringar. Henni til aðstoðar eru hinn umdeildi vísindamaður Dr. Walter Bishop og sonur hans Peter.
**23.30 Identity** (10:12) Frumlegur skemmtiþáttur með grínistanum Penn Jillette þar sem þátttakendur reyna að tengja tólf ókunnugar manneskjur við lista með auðkennum þeirra.
**00.15 Blade** (10:13)
**01.00 Ástríður** (5:12)
**01.30 Auddi og Sveppi**
**02.05 Logi í beinni**
**02.50 Modern Toss** (4:6)
**03.20 Fréttir Stöðvar 2**
**04.20 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**12.05** Blackadder the Third **12.35** Absolutely Fabulous **13.05** Absolutely Fabulous **13.35** After You've Gone **14.05** After You've Gone **14.35** My Hero **15.05** The Weakest Link **15.50** Monarch of the Glen **16.40** Monarch of the Glen **17.30** Robin Hood **18.15** Robin Hood **19.00** Lead Balloon **19.30** The Mighty Boosh **20.00** This Is Dom Joly **20.30** The Catherine Tate Show **21.00** The Jonathan Ross Show **21.50** Lead Balloon **22.20** Lead Balloon **22.50** Robin Hood **23.35** Only Fools and Horses

## DR 1

**12.00** Aftenshowet med Vejret **12.30** Nær naturen **12.45** Danskernes Krønike **13.10** Seinfeld **13.35** Seinfeld **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Boogie Mix **15.00** Boogie Listen **16.00** Tagkammerater **16.15** Den lille Julemand **16.30** Julefandango **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **18.00** Disney Sjov **18.30** Pagten **19.00** Cirkusrevyen 2007 **20.00** TV Avisen **20.30** Zorro - Den maskerede hævner **22.45** Evolution

## NRK 1

**10.00** NRK nyheter **10.05** V-cup skiskyting **12.00** NRK nyheter **13.00** NRK nyheter **13.05** V-cup skiskyting **14.30** V-cup alpint **15.00** NRK nyheter **15.10** Dynastiet **16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat - nyheter på samisk **16.25** Kokkekamp **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Jul i Svingen **17.20** Øisteins juleblyant **17.25** Sauen Shaun **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.35** Nobels fredspriskonsert 2009 - vorspiel **19.00** Nobels fredspriskonsert 2009 **19.55** Nytt på nytt **20.25** Skavlan **21.25** Nobels fredspriskonsert 2009 **22.40** Kveldsnytt **22.55** Life on Mars **23.55** Tracey Ullmans USA

## SVT 1

**12.35** Hemliga svenska rum **12.50** Alpint. Världscupen Val d'Isère **14.00** Fashion **14.30** Fashion **15.00** Rapport **15.05** Simning. EM **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **17.45** Julkalendern. Superhjältejul **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** På spåret **20.00** Skavlan **21.00** Nobelpriset 2009 - fredspriskonserten **23.00** Kulturnyheterna **23.15** Playa del Sol **23.45** Wolf




## BESTI BITINN Í BÆNUM



*„Mér finnst Gleym-mér-ei borgarinn á Vitabar vera besti bitinn í bænum.“*

Þrándur Þórarinsson listmálari.

# Skemmtileg mynd um krónuna í bígerð

„Við ætlum að forvitnast um þetta fyrirbæri, íslensku krónuna. Þetta er minnsti gjaldmiðill í heimi. Disney-dollarinn er stærri en íslenska krónan,“ segir leikstjórinn og hagfræðingurinn Garðar Stefánsson.

Garðar vinnur að heimildarmynd um íslensku krónuna ásamt Atla Bollasyni, bókmenntafræðingi og hljómborðsleikara Sprengjuhallarinnar. Félagarnir fengu á dögunum styrk frá Kvikmyndasjóði Íslands og stefna á að klára handritið í febrúar á næsta ári og hefja tökur í kjölfarið.

„Hugmyndin er að fjalla um hagfræðina á bak við íslensku krónuna og gjaldmiðla, peningastefnu og stýrivexti og allt það – allt sem er í fréttunum allan sólarhringinn – á skemmtilegan og aðgengilegan hátt,“ segir Garðar. „Þetta er nokkurs konar Jamie Oliver-pæling. Hann segir í þáttunum sínum að allir geti eldað flóknar máltíðir. Við ætlum að segja að allir geti skilið hagfræði. Það er gert með þeim hætti að einfalda dæmið aðeins, útskýra hugtökin og nota skemmtilega grafík.“

Seðlabankinn lækkaði stýrivexti sína í gær úr 11% niður 10%. Garðar og Atli hyggjast útskýra hvaða þýðingu slík lækkun hefur fyrir fólkið í landinu. „Hvað gerir Seðlabankinn? Stýrivextir er skammtímalán sem eru lánuð til viðskiptabankanna. Þá sýnum við myndrænt hvernig þetta ferli á sér stað og hvernig 1% stýrivaxtalækkun skilar sér í veski hins almenna borgara. Hvaða áhrif það hefur á launin þín,“ útskýrir Garðar fyrir blaðamanni, sem skilur hvorki upp né niður og bíður því spenntur eftir myndinni, sem þeir stefna á að frumsýna næsta haust. **- afb**



FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**ÚTSKÝRA HAGFRÆÐI** Atli og Garðar ætla að útskýra flókin hugtök á skemmtilegan hátt.



**LÁRÉTT**
**2.** fræ, **6.** belti, **8.** farvegur, **9.** hjör, **11.** guð, **12.** tjón, **14.** gróðabrall, **16.** tímabil, **17.** þörungur, **18.** skarð, **20.** gelt, **21.** málmur.

**LÓÐRÉTT**
**1.** íþrótt, **3.** tveir eins, **4.** verkfæri, **5.** rjúka, **7.** glæpur, **10.** meiðsli, **13.** loft, **15.** gróft orð, **16.** tímabils, **19.** hljóta.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** fríó, **6.** ól, **8.** rás, **9.** löm, **11.** ra, **12.** ógagn, **14.** brask, **16.** ár, **17.** söl, **18.** rof, **20.** gá, **21.** stál.
**LÓÐRÉTT: 1.** póló, **3.** rr, **4.** járnsög, **5.** ósa, **7.** lögbrot, **10.** mar, **13.** gas, **15.** klám, **16.** árs, **19.** fá.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á bls. 8

1. Erla Sólveig Óskarsdóttir
2. Húsið er fjörtíu ára
3. George Papandreou

Gefðu vatn
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

PÁLL ÓSKAR HJÁLMTÝSSON: VONAR AÐ FÓLK FLYKKIST Í PLÖTUBÚÐIR

# Fjarvera Páls Óskars heggur skarð í plötusölu

„Það eru ekki sambærilegir titlar á markaðinum í ár, eins og í fyrra þegar Páll Óskar var til dæmis að selja gríðarlega vel,“ segir Ásmundur Jónsson, formaður Félags hljómplötuframleiðenda.

Páll Óskar Hjálmtýsson er ekki með í jólaplötuflóðinu í ár, eins og síðustu ár. Páll hefur selt plöturnar Allt fyrir ástina og Silfursafnið í meira en 32.000 eintökum síðustu tvö ár og í fyrra voru plötur hans þrjú prósent af öllum seldum plötum. Fjarvera hans ætti því að skila sér í dræmari plötusölu en ella, þó að það megi ekki gera lítið úr áhrifum kreppunnar.

Ásmundur telur að salan í ár fari almennt seinna í gang en oft áður. „En ég hef þá trú að hún eflist mjög mikið síðustu þrjár vikurnar fyrir jól. Mér finnst þunginn hafa stigmagnast að undanförnu,“ segir hann. „Það á að fara að veita Hjálmum gullplötu, þannig að íslenskar plötur eru enn þá að seljast í ágætis magni.“

Páll Óskar var að vonum hissa og hrærður yfir áhrifamætti tónlistar sinnar í samtali við Fréttablaðið.

„Ég vona svo sannarlega að fólk flykkist í plötubúðir og splæsi í plötur í jólagjöf – þetta eru hinar bestu gjafir,“ segir hann og bendir sérstaklega á nýjar plötur hljómsveitanna Hjaltalín og Bloodgroup. Þá segist hann búast við að Vinalagaplata Friðriks Ómars og Jógvans seljist vel, þar sem hún höfðar til fjölbreytts hóps. Það stendur heima, platan er ein söluhæsta á árinu og gæti endað á toppnum yfir árið.

Spurður hvort hann ætli að demba sér aftur í slaginn á næsta ári og gefa út plötu segist Páll Óskar vona það. „Auðvitað væri algjör draumur að geta gefið út plötu í fullri lengd, en ég ætla samt ekki að stressa mig á því,“ segir hann. „Ég ætla frekar að gefa út smáskífur með myndböndum og sjá svo til hvort það sé komið nóg af efni til að taka þátt í jólaslagnum 2010. Mér liggur ekkert á. Ég vil ekki að næsta plata komi út fyrr en hún verður orðin góð og þar verð ég að treysta eigin dómgreind.“

**atlifannar@frettabladid.is**





FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

**PALLI VINSÆLASTUR**

Páll Óskar hefur selt meira en 32 þúsund plötur frá árinu 2007 en er ekki með nýja plötu í ár og það sést, plötusala fer hægar af stað í ár en fyrri ár. Ásmundur Jónsson, formaður Félags hljómplötuframleiðenda, býst þó við að salan eflist mjög mikið fyrir jól.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Spennan magnast fyrir kvikmyndinni Bjarnfreðarson, sem verður lokakaflinn í sögunni um hina sárþjáðu **Georg**, Daníel og Ólaf Ragnar. Leikstjórinn Ragnar Bragason hefur dvalið í Lundúnum síðustu daga og lagt lokahönd á myndina og var svo væntanlegur til landsins í gær með fyrsta sýningareintakið. Æstir aðdáendur þremenninganna verða þó að bíða til 26. desember þegar myndin verður frumsýnd.



Bubbi Morthens hefur átt lög í öllum þáttaröðunum þremur, Nætur-, Dag- og Fangavaktinni. Nú velta menn því fyrir sér hvort og þá hvaða Bubbalag verði í Bjarnfreðarsyni. Annars samdi sjálfur **Pétur Ben** tónlistina í myndinni, en hann hlaut mikið lof fyrir tónlist sína í myndunum Börn og Foreldrar, en þeim var einnig leikstýrt af Ragnari Bragasyni.



Og sagt var frá því í þessum dálki í gær að rithöfundurinn Auður Haralds væri á bak við hina stórskemmtilegu auglýsingatexta í bæklingum frá versluninni Tiger. Það er ekki rétt, Auður hætti því fyrir skömmu og við pennanum tók Harpa Hlín Haraldsdóttir, starfsmaður auglýsingastofunnar Pipar/TBWA. Þar starfar hún meðal annars með **Birni Jörundi** og Sævari Sigurgeirssyni úr Ljótu hálfvitunum, en hann vinnur núna að því að skrifa áramótaskaupið ásamt fleirum. **- afb**



Humar 2.000 kr/kg
Skatan er komin!
Vestfirsk Hnoðmör
Stór, pilluð Eldeyjar-rækja
Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • sími 587 7755

# Þorvaldur er Stebbi psycho

Þorvaldur Davíð Kristjánsson leikur Stebba psycho, aðalhlutverkið í kvikmyndinni Svartur á leik, sem gerð er eftir bók Stefáns Mána. Þorvaldur er sem kunnugt er í námi við Julliard-skólann í New York og því veltur nokkuð mikið á að samræma stundaskrá hans og kvikmyndarinnar. Þorvaldur lék síðast í kvikmyndinni Reykjavik Whale Watching Massacre og þótti standa sig nokkuð vel með aflitaða hárið. Framleiðslufyrirtækin ZikZak og Filmus standa að gerð myndarinnar en leikstjóri er Óskar Axel Óskarsson.

Hann skrifar handritið að myndinni ásamt Stefáni Mána en ætlað er að tökur hefjist í byrjun næsta árs. Arnar Knútsson, framleiðandi hjá Filmus, staðfestir í samtali við Fréttablaðið að góður gangur sé nú á verkefninu, fjármögnun hennar sé í réttum farvegi og því hylli nú undir að tökuvélarnar byrji að rúlla. Filmus og ZikZak keyptu kvikmyndaréttinn að bókinni árið 2005 en hún kom út fyrir fimm árum.

„Þetta er búið að taka sinn tíma,“ viðurkennir Arnar en bókin vakti mikla athygli á sínum tíma og skaut Stefáni upp á stjörnuhimininn. Stefán, sem á miðvikudaginn skrifaði undir samning við Saga Film vegna kvikmyndaréttar að Ódáðahrauns, var að vonum ánægður með að þetta verkefni skuli loks verða að veruleika. „Og það sem er merkilegt er að ég sá alltaf Þorvald Davíð fyrir mér sem Stebba.“ **- fgg**



**FYRSTI KOSTUR** Þorvaldur Davíð var fyrsti kostur Stefáns Mána sem Stebbi Psycho, aðalpersónan í Svartur á leik.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# JÓLA MARKAÐURINN
## Í FULLUM GANGI
## OKKAR VERÐ

| DÖMU OG HERRAFÖT | |
|---|---|
| SKYRTUR | 2990,- |
| BUXUR | 3990,- |
| VESTI | 5990,- |
| FLÍSPEYSUR | 3990,- |
| SOFTSHELL | 5490,- |
| ISOTEX JAKKAR | 7990,- |
| ISOTEX BUXUR | 5990,- |
| ÚLPUR | 8990,- |
| SNJÓBUXUR | 8990,- |
| FLÍS UNDIRFATASETT | 3990,- |
| SMÁVARA OFL. OFL. | |

| BARNAFÖT | |
|---|---|
| FLÍSPEYSUR | 2990,- |
| SOFTSHELL | 5490,- |
| REGNBUXUR | 1490,- |
| SNJÓBUXUR | 7990,- |
| BARNAGALLI | 5990,- |
| ÚLPUR | 7490,- |
| FLÍS UNDIRFATASETT | 3490,- |
| SMÁVARA OFL. OFL. | |

Regatta GREAT OUTDOORS™

**Hjá okkur má skila og skipta**

**OPIÐ**
VIRKA DAGA 10 – 18
LAUGARD. 11 – 16
SUNNUD. 13 – 16

ÚTIVIST & SPORT
verslun
heildverslun

**Reykjavík** *Faxafen 12 S. 533-1550.*

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 | VISIR.IS

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst húsið

**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



Jogastudio.org

JÓGA Stúdíó


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Flaug á hausinn

Stífar æfingar standa yfir þessa dagana fyrir leikritið Faust sem verður frumsýnt í Borgarleikhúsinu um miðjan janúar. **Nína Dögg Filippusdóttir** fer með eitt aðalhlutverkanna en ekki vildi betur til á æfingu á þriðjudag en að hún fékk gat á hausinn þegar verið var að kenna henni að fljúga fyrir eitt af áhættuatriðum leikritsins. Hún var flutt á sjúkrahús í snarhasti þar sem saumuð voru þrjú spor í höfuð hennar. Henni til halds og trausts á slysastofunni var eiginmaður hennar, Gísli Örn Garðarsson, sem einnig er leikstjóri Faust.



\- fb

### Ef og sé og mundi ...

Már Guðmundsson seðlabankastjóri sló á létta strengi í svari við fyrirspurn Ásgeirs Jónssonar hagfræðings á kynningu Seðlabankans á ákvörðun peningastefnunefndar um vexti í gær. Ásgeir spurði hvort Seðlabankinn hefði ekki gefið því gaum að lækka fremur vexti hratt og nýta þannig tímann í skjóli gjaldeyrishafta og hækka kannski síðar ef aðstæður væru þannig og tíð hefði mögulega batnað. Már kvaðst svara eins og gert sé fyrir norðan og sagði: „Ef og sé og mundi, nú er skott á hundi!“



### Bræðingur yfir ráðherrann

Eitthvað virðist hafa farið aflaga á næturvakt Útvarpsins aðfaranótt fimmtudags að því er ferðalangur nokkur og hlustandi greindi frá á Facebook-síðu sinni. Hann var í bíl sínum á leið milli Selfoss og Reykjavíkur og rak sig á að í miðju viðtali við Gylfa Magnússon viðskiptaráðherra brast á með djassbræðingslagi frá Mezzoforte. Lagið var að auki síendurtekið og ofan í heyrðust prufutónar. Ástand þetta varði allt frá Kambabrún að Litlu kaffistofunni.



## Mest lesið VÍSIR.IS

1. Heildarkröfur Bjarna rúmir fjórir milljarðar
2. Baneitrað gas lak út í þvottahúsi Landspítalans
3. Dularfullt ljós yfir Noregi
4. Hæstiréttur þyngir dóm yfir Jafeti - sektaður um milljón
5. Óttast 100 ára barnaníðing


habitat

OPIÐ TIL KL. 22 FRAM AÐ JÓLUM

YUTO gjafasett
20% afsláttur
NOKKRAR GERÐIR

YUTO sake-sett
2.900 kr.



Skelltu þér á ring.is eða í sölubása okkar í Kringlunni og Smáralind og gakktu frá kaupunum




HUAWEI U1251

Útborgun

0kr.

1.000 kr. afborgun á mánuði í 12 mánuði.*

**1.000 kr. inneign á mán. í 12 mán. fylgir.**

Staðgreiðsluverð: 12.000 kr.

*Greiðsludreifingargjald 250 kr. á mánuði.

Fullkominn og ótrúlega nettur 3G sími

Ódýrasti 3G síminn með öllu sem þú þarft. Styður m.a. 3G langdrægt kerfi.

- 3G og 3G langdrægt
- Íslenskt valmynd & innsláttur
- 2 megapixla myndavél
- Flýtihnappur fyrir Facebook og netið



**HUAWEI U1251**
Tveir litir eru í boði.

ENNEMM / SÍA / NM40193

3G sími á 12 þúsund,
12 þúsund í inneign,
160 þúsund vinir.

**Skráðu þig á ring.is, fylltu á fyrir 1.990 kr. á mánuði og þá eignastu 160 þúsund vini innan GSM kerfis Símans og færð 990 kr. til að ringja í fólk í öðrum kerfum.**

Síminn

Ring er ný farsímaþjónusta á vegum Símans. Fyrir 1.990 kr. áfyllingu á mánuði færðu 1500 mín/SMS á mánuði til að hafa samband við 160 þúsund vini innan GSM kerfis Símans og 990 kr. inneign til að ringja í fólk í öðrum kerfum.

Stærsti vinahópur á Íslandi

ring